


# Strandsvæðisskipulag Vestfirða 2022

Umsagnir og athugasemdir



**Vestfirðir**  
STRANDEVÆDIS-  
SKIPULAG



Október 2022

# Efnisyfirlit

Athugasemdir vegna strandsvæðisskipulags Vestfjarða.....	3
A) Aðliggjandi sveitarfélög og hafnarstjórnir.....	5
B) Fulltrúar í samráðshópi.....	20
C) Ráðgefandi aðilar.....	21
D) Aðrir hagsmunaaðilar	
1. Eigendur innviða.....	68
2. Fyrirtæki eða stofnanir.....	75
3. Hagsmuna- eða félagasamtök.....	126
4. Landeigendur.....	146
5. Einstaklingar.....	181



# Athugasemdir vegna strandsvæðisskipulags Vestfjarða

Í upphafi sumars samþykkti svæðisráð Vestfjarða að auglýsa tillögu að strandsvæðisskipulagi fyrir Vestfirði. Kynningartími tillögunnar stóð frá 15. júní - 15. september.

Skipulagstillagan ásamt fylgigögnum var birt á vef Skipulagsstofnunar. Þá var tillagan auglýst í Bændablaðinu, Fréttablaðinu, Lögbirtingarblaðinu, Morgunblaðinu og á öðrum staðbundnum miðlum á Vestfjörðum sem og á vefjum aðliggjandi sveitarfélaga.

Þrír opnir kynningarfundirnir voru haldnir á Vestfjörðum um tillöguna í júní. Að auki var haldinn sameiginlegur kynningarfundur fyrir tillögur að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða og Austfjarða í Reykjavík í ágúst og var fundinum streymt.

Á kynningartímanum bárust 124 athugasemdir við tillögu að strandsvæðisskipulagi á Vestfjörðum. Framkomnar athugasemdir við skipulagstillögunni eru settar fram hér í þessu skjali.

Svæðisráð Vestfjarða vinnur að úrvinnslu athugasemda og er gert ráð fyrir að viðbrögð við þeim liggi fyrir að liðnum 12 vikna úrvinnslutíma.

Eftirfarandi samantekt dregur fram hvaða aðilar hafa sent umsagnir eða athugasemdir vegna tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.

## A) Aðliggjandi sveitarfélög og hafnarstjórnir (6)

Umsagnir bárust frá Bolungarvík, Ísafjarðarbæ, Strandabyggð, Súðavíkurbreppi, Tálknafjarðarhreppi og Vesturbyggð.

## B) Fulltrúar í samráðshópi (0)

Engin fulltrúi í samráðshópi skilaði inn athugasemd.

## C) Ráðgefandi aðilar (13)

Þrettán umsagnir hafa borist frá ellefu ráðgefandi aðilum; Hafrannsóknarstofnun, Landgræðslunni, Landhelgisgæslunni, Matvælastofnun, Minjastofnun, Náttúrufræðistofnun, Orkustofnun, Samgöngustofu, Umhverfisstofnun, Veðurstofunni og Vegagerðinni.

## D) Aðrir hagsmunaaðilar (105).

Þessum aðilum eru skipt niður í eftirfarandi flokka til einföldunar:

### 1. Eigendur innviða (3)

Umsögn hefur borist frá Landsneti og tvær umsagnir hafa borist frá Orkubúi Vestfjarða.

### 2. Fyrirtæki eða stofnanir (8)

Átta athugasemdir hafa borist frá Arctic Fish, Arnarlax, Bláma, Breiðafjarðarnefnd, Háfelli, Hábrún, Háskólasetri Vestfjarða og Vistum.

### 3. Hagsmuna- eða félagasamtök (5)

Fimm athugasemdir hafa borist frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, Skelrækt, Vitafélaginu og Æðarræktarfélagi Íslands.


#### **4. Landeigendur (8)**

Átta athugasemdir hafa borist frá Felicity Aston, Gísla Jónssyni, Gunnari Haukssyni, Marínó Thorlacius, Pétri G. Þorsteinssyni, tvær frá Sigurði Hreinssyni og ein sameiginleg frá Felicity Aston og Gísla Jónssyni.

#### **5. Einstaklingar (81)**

81 einstaklingar hafa sent inn athugasemd. Eftirfarandi sendu; Adam Nixon, Alexandra Gaffikin, Alicia Colson, Andreas Beutelspacher, Anna Hugadóttir, Anne Carayon, Audrey Padgett, Axel Mueller, Ágústa Harðardóttir, Ásta Sigríður Arnardóttir, Belen Garcia Ovide, Bjarni Brynjólfsson, Björgvin Hilmarsson, Björn J. Gunnarsson, Chris Harrelson, Chris Mills, Craig Zeltsar, David Kampfner, David Milesi-Gaches, Dee Hill, Derek Parrott, Kate Parrott, Diana Lukas-Nülle, Emil Tumi, Fran Biggs, Geoffrey Porter, Giuseppe Siciliano, Gordon Emmerson, Gunnar Atli Fríðuson, Hafsteinn Hafliðason, Hermann Helguson, Hildur Helga Sigurðardóttir, Hjördís Jóhannsdóttir, Hjörleifur Finnsson, Hrafnhildur Pétursdóttir, Hugo Van Craenenbroeck, Iago, Ingrid, Jackie Holden, James Dodds, James Mayer, Jenny, Jenny Dean, John, Joonas Kinni, Karen Rau, Karen Webb, Kristbjörg Sveinbjörnsdóttir, Kristín Baldursdóttir, Kristján Ingólfsson, Kull, Larissa Weidler, Laura Lehtola, Leah Shamlan, LEE, Lisa Shamlan, Magnea Magnúsdóttir, Mary Moore, Michael Shelton, nafnlaust, Neil Emery, Ragna Björt Einarsdóttir, Ragnheiður Gróa Hafsteinsdóttir, Ric, Rodrigo A. Martínez Catalán, Rósa Björk Gunnarsdóttir, Ruth Storm, Sandra Petrowitz, Sarah North, Sigurður Halldórsson, Skúli Jóhannesson, Snorri Hrafnkelsson, Stígur Berg Sophusson, Susannah Shamlan, Sveinn Guðmundsson, Thomas Grove, Tom Bean, Valgerður, Vibeke Svála Kristinsdóttir, Zofia Burr, Þórey Arna Árnadóttir.

## A) Aðliggjandi sveitarfélög og hafnarstjórnir





## BOLUNGARVÍK

Bolungarvík, 15. september 2022

Skipulagsstofnun  
B.t. Hrafnkell Ásólfur Proppé  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

### Efni: Umsögn Bæjarráðs Bolungarvíkur um tillögu vegna strandsvæðisskipulags Vestfjarða

Almennt lýsir bæjarráð Bolungarvíkur yfir ánægju með gerð strandsvæðisskipulags og telur það vera mikilvægt tæki í að móta framtíðarsýn fyrir Vestfirði og skilgreina tækifæri til að sækja fram með nýtingu strandsvæðana við Vestfirði.

Bæjarráð Bolungarvíkur lýsir yfir mikilli ánægju með stærstan hluta þeirrar tillagna eins og þær eru kynntar í skipulaginu og er þar marg vel sett fram og skýrt.

Hinsvegar gerir bæjarráð Bolungarvíkur athugasemdir við skipulagið sem hér segir:


### Jökulfirðir og Aðalvík – reitir UN19 og UN20

Bæjarráð Bolungarvíkur tekur ekki undir flokkun svæðisráðs á fyrrnefndum reitum. Bæjarráð telur mikilvægt að útiloka ekki fiskeldi í Jökulfjörðum með því að vinna burðarþol og áhættumat á svæðinu.

Bæjarráð tekur hinsvegar undir það sjónarmið sem kemur fram í skipulaginu að svæðið sé mikilvægt svæði fyrir ferðabjónustu og vinsælt til útivistar og ferðamennsku. Það er hinsvegar skoðun bæjarráðs að ekki hafi verið skoðað nægilega ítarlega hvernig fiskeldi geti samrýmst þessu mikilvæga hlutverki Jökulfjarða. Ekkert í skipulaginu bendir til þess að ekki sé hægt að vinna að markmiðum þessara þátta samhliða þannig að hagsmunir samfélagsins og umhverfis fá að njóta vafans á sama tíma.

Það er mikilvægt að Strandsvæðaskipulag Vestfjarða nái fram þeim markmiðum sem sett eru fram í tillögunni að „nýting og vernd strandsvæðis Vestfjarða styðji aðliggjandi byggðarlög með tækifærum til fjölbreyttrar starfsemi og nýsköpunar“.

Fiskeldi er mikilvægt í uppbyggingu samfélagsins á Vestfjörðum og áriðandi að útiloka ekki fiskeldissvæði án þess að skoða alla möguleika til að vinna að framgangi byggðar, í sátt við umhverfi og náttúru.

  
F.h. Bæjarráðs Bolungarvíkur  
Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri



ÍSAFJARÐARBÆR

Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 Reykjavík

hafskipulag@skipulag.is

## Umsögn bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um tillögu svæðisráðs um strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði

### Almennt

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar fagnar framkominni tillögu svæðisráðs um strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði, þó gerðar séu þó nokkrar athugasemdir til úrbóta.

Strandsvæðaskipulag er mikilvægt stjórnþæki til að móta heildstæða áætlun um nýtingu strandlengjunnar og getur nýst sem verkfæri til að ná breiðri samstöðu ólíkra hagsmunaaðila. Fjölbreytt nýting strandlengju Vestfjarða kallar á skipulag sem tekur tillit til samspils auðlinda-nýtingar, náttúruverndar og samfélags, með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vernd umhverfisins að leiðarljósi.

Gerð strandsvæðaskipulags hefur verið hagsmunamál bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar og annarra sveitarfélaga á Vestfjörðum um allnokkurt skeið til að ná utan um aukna aðsókn og fjölbreyttari nýtingu strandlengju Vestfjarða, eða allt frá því að nýtingaráætlun fyrir Arnarfjörð var gerð á árunum 2010-2014.

Strandsvæðaskipulagið sem hér er til umræðu er það fyrsta sem hefur verið gert hér á landi (utan Austfjarða), og fylgir því ákveðin lærdómur. Bæjarstjórn telur að tillaga að strandsvæðaskipulagi sé greinargóð kortlagning á núverandi stöðu.

Bæjarstjórn gerir athugasemdir við vinnuferil skipulagsins sem snýr að aðkomu íbúa. Heppilegra hefði verið ef íbúar hefðu fengið aðkomu fyrr að gerð skipulagsins með opnum fundum á fyrstu stigum vinnunnar eins og jafnan er gert við skipulagsvinnu sveitarfélaga.

Bæjarstjórn leggur til að strandsvæðaskipulagið hafi gildistíma líkt og aðalskipulag, þannig tryggt sé að skipulagið sé endurskoðað og fái umfjöllun með reglubundnum hætti.

### Siglingar skemmtiferðaskipa

Í greinargerðinni segir: „Í strandsvæðisskipulagi, í tengslum við verndaráform, er tilefni til að taka afstöðu til þess hvort takmarka þurfi umferð skemmtiferðaskipa á viðkvæmum svæðum eins og við fuglabjörg.“

Tekið er undir að tilefni er til að fjalla um umferð skemmtiferðaskipa í greinargerðinni og skipulaginu, en það er ekki gert.

## **Staðbundin nýting**

Ein tegund reita er kölluð „staðbundin nýting“ og falla undir hana meðal annars fiskeldi, skeldýrarækt, efnistaka og ræktun og sláttur sjávargróðurs. Af þessum nýtingaflokkum er óhætt að segja að fiskeldi sé umdeildast; þar eru bæði sjónarmið um ofauðgun, úrgang, erfðablöndun og sjónmengun, ekki bara af kvíum heldur ljósum. Annað sem fellur undir þennan flokk er ósamstæðar tegundir nýtingar sem í mörgum tilvikum væri saklaust og skynsamlegt að leyfa á svæðum sem ekki er talið ásættanlegt að leyfa fiskeldi á. Sérstaklega geta firðir í Ísafjarðardjúpi hentað til margskonar nýtingar sem hefur lítil umhverfis- eða útlitsáhrif, þó að fiskeldi eigi þar ekki heima. Þá er til þess að líta að fiskeldi í lokuðum kerfum, verði það talið fýsilegt í framtíðinni, gæti hentað á stöðum sem fiskeldi í opnum kvíum hentar síður.

Lagt er til að flokknum *Staðbundin nýting* verði annaðhvort skipt upp þannig að reitir fyrir eldi fiska í opnum kvíum séu skilgreindir sérstaklega og önnur staðbundin nýting leyfð víðar (að uppfylltum þeim skilyrðum sem fjalla um hvern nýtingarflokk fyrir sig), eða að friðanir verði endurskoðaðar með ákvæðum um að fiskeldi verði þó ekki leyft. Sjá einnig umfjöllun neðar um UN14.

## **Myrkurgæði**

Ekki er fjallað um myrkurgæði eða ljósmengun í skipulaginu. Einkum á það við þau svæði sem leyfa staðbundna nýtingu. Skoða þarf hvort hægt sé að stuðla að því að ekki logi ljós umfram það sem þarf við vinnu og til að viðhalda öryggi.

## **Stærð og fjöldi fiskeldissvæða**

Leyfilegt hámarksmagn þess fisks sem heimilt er að ala í Djúpinu er skilgreint með burðarþolsmati. Áhættumat erfðablöndunar tekur til eldis á frjóum laxi. Hvort tveggja mun taka breytingum í framtíðinni, til dæmis með bættri tækni í að ala aðrar tegundir fisks, eldi í lokuðum kerfum og aðferðum við að varna því að eldisfiskur gangi upp í þær tvær laxveiðiár sem eru í Djúpinu. Þau svæði sem sett eru undir staðbundna nýtingu eru þau svæði þar sem nú eru gildandi leyfi eða umsóknir um leyfi. Þar sem skipulag af þessu tagi er hugsað sem langtíma-stefnumótun, er lagt til að svæði undir er eðlilegt að bæði séu svæði stækkuð (einkum SN28, SN29 og SN30) og ný svæði teiknuð inn sem yrðu næst tekin til notkunar ef forsendur breytast til þess að leyfa aukið eða breytt fiskeldi. Áfram þyrfti eldi að uppfylla skilyrði burðarþols og áhættumats erfðablöndunar, auk annarra krafna.

## Um einstaka reiti

### **Jökulfirðir og Aðalvík – reitir UN19 og UN20**

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar tekur undir flokkun svæðisráðs á fyrrnefndum reitum. Bæjarstjórn leggur ríka áherslu á að samfella verði skipulagi lands og sjávar og þar sem meirihluti strandlínu reita UN19 og UN20 er friðlýst svæði Hornstranda telur bæjarstjórn það ekki samræmast að heimila uppbyggingu á hafsaeknum iðnaði í Jökulfjörðum. Þá ber einnig að geta þess að sá hluti strandlínu Jökulfjarða sem er utan friðlands, þ.e. strandlínan frá Bjarnarnúpi og inn í botn Hrafnfjarðar er hverfisverndarsvæði í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar og á náttúruminjasrá Umhverfisstofnunar.

Bæjarstjórn telur mikilvægt að haldið verði í og hlúð að þeirri óbyggðaupplifun sem kostur gefst á í Jökulfjörðum og Hornstrandafriðlandinu og sér bæjarstjórn mikil sóknarfæri í hófsamri og umhverfisvænni ferðamennsku á svæðinu.

Þar sem Ísafjarðarbær er eina aðliggjandi sveitarfélag reita UN19 og UN20, er lögð mikil áhersla á að sjónarmið Ísafjarðarbæjar verði leiðandi í ákvörðunum um reitina. Sú áhersla beinist einnig að mögulegum breytingum á skipulaginu í framtíðinni en í lögum um skipulag haf- og strandsvæða segir í 14. gr. um breytingar á strandsvæðaskipulagi að Skipulagsstofnun eða aðliggjandi sveitarfélag geti óskað eftir því við ráðherra að gerð verði breyting á skipulaginu. Ekki verður hjá því komist að líta á það svo að Ísafjarðarbær sé eina sveitarfélagið sem getur óskað eftir breytingum á reitum UN19 og UN20 í ljósi þess Ísafjarðarbær er eina aðliggjandi sveitarfélag skipulagsreitanna.

### **Reitur SN23 og siglingaleiðir séu tryggðar**

Huga þarf að siglingaleiðum í gegnum eða meðfram reit SN23, þar sem nú er skilgreindur reitur til fiskeldis. Bæjarstjórn beinir því svæðisráðs að ræða við hagsmunaaðila í fiskeldi og þeirra sem stunda siglingar í Ísafjarðardjúpi til að skilgreina hagkvæma og örugga siglingaleið sem horfir til hagsmuna beggja atvinnugreina.

### **UN13 Pollurinn í Skutulsfirði**

Eins og fram kemur í greinargerð með strandsvæðaskipulaginu er svæði á náttúruminjaskrá aðliggjandi og inn á UN13, auk þess að svæðið nýtur hverfisverndar skv. Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Leirurnar njóta einnig verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Lagt er til að þar sem þar sem verndarmarkmiðum er náð með ofangreindum stefnum verði reitur UN13 endurskilgreindur sem A-reitur undir almenna nýtingu.

### **Reitur UN14 – Hestfjörður og Skötufjörður**

Bæjarstjórn telur flokkun reitsins að hluta til standa á veikum grunni þar sem einungis hluti strandlínunnar nýtur verndar samkvæmt annars vegar hverfisvernd Aðalskipulags Súðavíkurhrepps og hins vegar samkvæmt náttúruminjaskrá. Í tilfalli Skötufjarðar nýtur strandlínan engrar sérstakrar verndar fyrir utan hverfisverndarákvæða við Hvítanes. Það sem vakir fyrir bæjarstjórn er að benda á að hugmyndir hafa lengi verið um hófsama nýtingu í fjörðunum, eins og t.d. að mynda kræklingarækt. Bæjarstjórn bendir einnig á að nú þegar eru í gildi tvö leyfi til kræklingaræktunar í Skötufirði á svæðum sem falla undir reit UN14.

### **Reitur UN16 – Vatnsnes að Ósi við mynni Ísafjarðar**

Líkt og í athugasemd um reit UN14 telur bæjarstjórn að flokkun reitsins standi á veikum grunni, sérstaklega með tilliti til stærðar hans. Bæjarstjórn tekur undir friðunarákvæði í Mjóafirði, við Borgarey, Reykjanes og við Vatnsfjarðarnes en sér ekki rök fyrir að girða fyrir hófsama starfsemi í Ísafirði.

Í texta segir að Borgarey sé innan skipulagsreitsins, þá er vitnað í að innan hans sé friðlýst æðarvarp, það getur varla staðist því Borgarey og Vatnsfjarðarnes eru innan Aðalskipulags Súðavíkurhrepps 2018-2030. Svona misræmi er víða í greinargerðinni þar sem verið er að fjalla um svæði sem eru innan aðalskipulags sveitarfélagana.

Á bls. 27 segir; „Innan reita sem skilgreindir eru fyrir **Siglingar** er ekki gert ráð fyrir mannvirkjum eða staðbundinni starfsemi/nýtingu sem hindrar för skipa eða hefur áhrif á siglingaöryggi svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, efnistöku, ræktun eða slætti sjávargróðurs, orkuframleiðslu, akkerislægjum eða vegum sem þvera firði.” Þetta getur verið hamlandi ef efnistaka þarf að fara fram á þessum svæðum, t.a.m. ef dýpka þarf siglingaleið. Lagt er til að efnistaka verði heimiluð á siglingaleiðum.



Borgarfjörður er merktur sem UN7 vegna selaláturs, það er nokkuð vel í lagt að merkja allan fjörðinn undir umhverfi og náttúru eingöngu vegna selaláturs, hægt er að minnka svæðið til að ná sömu markmiðum.

Hafa ber í huga að í tillögu til strandsvæðaskipulags er tekið á þáttum eins og leirur, æðarvarp og fjörur sem er innan skipulagsvalds sveitarfélaga.

Samþykkt á 497. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, þann 1. september 2022

Arna Lára Jónsdóttir

Arna Lára Jónsdóttir, Bæjarstjóri





## FS: Ályktun sveitarstjórnar vegna strandsvæðaskipulags

**Til** : Guðrún Jensdóttir - SLS <gudrun.jensdottir@skipulag.is>  
**Frá** : Ester Anna Ármannsdóttir <ester.armannsdottir@irn.is>  
**CC** : thorgeir@strandir.is <thorgeir@strandir.is>  
**Heiti** : FS: Ályktun sveitarstjórnar vegna strandsvæðaskipulags  
**Málsnúmer** : 201902032  
**Málsaðili** : Skipulagsstofnun  
**Skráð dags** : 25.08.2022 12:13:29  
**Höfundur** : Ester Anna Ármannsdóttir <ester.armannsdottir@irn.is>  
**Viðhengi** [image001.jpg](#)

Sæl Guðrún,

Ertu til í að koma þessari bókun í réttan farveg með öðrum ábendingum sem berast.

Kveðja,

Ester

**Ester Anna Ármannsdóttir, sérfræðingur**  
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure  
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 8200  
<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

---

**Frá:** Þorgeir Pálsson  
**Sent:** fimmtudagur, 25. ágúst 2022 10:00  
**Til:** Ester Anna Ármannsdóttir  
**Efni:** Ályktun sveitarstjórnar vegna strandsvæðaskipulags

Sæl Ester Anna,

Mér skilst að þetta sé kannski ekki lengur á þinni könnu, en, gætir þú beint þessu í réttan farveg fyrir mig, takk. Sveitarstjórn Strandabyggðar tók tillögu um strandsvæðaskipulag Vestfjarða fyrir á fundi þann 9., Ágúst s.l. og hér er bókunin:

**„10. Skipulagsstofnun, beiðni um umsögn Strandabyggðar v. strandsvæðisskipulags Vestfjarða.**

Lögð fram tillaga að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða og óskað ábendinga frá sveitarstjórn fyrir 15. september 2022. Um er að ræða vinnugagn og handbók sem lítur að hluta Ísafjarðardjúps sem tilheyrir Strandabyggð. Íbúar og aðrir áhugasamir geta kynnt sér skipulagið á vef Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn hefur engar beinar athugasemdir og fagnar þessari vinnu.“

Ég kom þessu ekki í farveg strax en hér er bókunin og ég vona að hún skili sér á réttan stað.

Kveðja

Þorgeir

**Með góðri kveðju**

**Þorgeir Pálsson**

**Oddviti / sveitarstjóri Strandabyggðar**

**570806-0410**

**Hafnarbraut 25**

**510 Hólmavík**

**S:451-3510**



**SILFURVOTTUN 2020**

Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa hlotið silfurvottun frá umhverfisvottunarsamtökunum EARTHCHECK

Allar upplýsingarnar sem fram koma í þessum tölvupósti eru trúnaðarmál og kunna að falla undir ákvæði um þagnarskyldu. Þær eru eingöngu ætlaðar skráðum viðtakanda eða viðtakendum. Öllum öðrum er óheimill aðgangur að þessum tölvupósti. Ef þú ert ekki sá aðili sem tölvupósturinn er ætlaður er þér óheimilt að upplýsa um hann, afrita hann, dreifa honum eða framkvæma einhverjar aðgerðir eða láta vera að framkvæma einhverjar aðgerðir á grundvelli hans og slíkt kann að vera ólöglegt.

The information in this email is confidential and may be legally privileged. It is intended solely for the addressee. Access to this email by anyone else is unauthorized. If you are not the intended recipient, any disclosure, copying, distribution or any action taken or omitted to be taken in reliance on it, is prohibited and may be unlawful.

## Umsögn Súðavíkurrepps vegna strandsvæðaskipulags Vestsfjarða 2022.

**Til** : Guðrún Jensdóttir - SLS <gudrun.jensdottir@skipulag.is>  
**Frá** : Bragi Þór Thoroddsen <bragi.thor.thoroddsen@sudavik.is>  
**Heiti** : Umsögn Súðavíkurrepps vegna strandsvæðaskipulags Vestsfjarða 2022.  
**Málsnúmer** : 201902032  
**Málsaðili** : Skipulagsstofnun  
**Skráð dags** : 20.09.2022 14:38:13  
**Höfundur** : Bragi Þór Thoroddsen <bragi.thor.thoroddsen@sudavik.is>  
**Viðhengi** [28. fundur skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 9.8.2022.pdf](#)  
[2. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurrepps 2022-2026 12.8.2022 fundargerð.pdf](#)  
[image002.gif](#)

Góðan daginn Guðrún,

Eftirfarandi er umsögn Súðavíkurrepps vegna strandsvæðaskipulags Vestsfjarða.

Á 28. Fundi skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar Súðavíkurrepps þann 9. ágúst 2022 var eftirfarandi bókað, undir lið 12. Fundargerðin hefur verið staðfest af sveitarstjórn á 2. fundi sveitarstjórnar Súðavíkurrepps 2022-2026 (undir lið 2 þar sem fundargerðin er ranglega númeruð nr. 1). Fundur sveitarstjórnar var haldinn þann 12. ágúst 2022:

12. Ósk um umsögn um strandsvæðaskipulag Vestsfjarða – 2207002

Tekinn fyrir tölvupóstir frá Hrafinkel Á Proppé sviðstjóra hjá Skipulagsstofnu þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á strandsvæðaskipulagi Vestsfjarða.

*Skipulags-,bygginga-,umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að skipulagsreitir UN14, UN15 og UN16 sem ná frá Vigur inn allan Hestfjörð (UN14), Ögur og Ögurnes (UN15) og Ísafjörður (UN16) eru um 50 ferkílómetrar. Hluta þess svæðis hefur Náttúrufræðistofnun lagt til að fari á B-hluta náttúruminjasrár vegna sela. Án frekari rannsókna finnst nefndinni svæðið allt of stórt. Sem dæmi telur nefndin að leyfa mætti ræktun kræklings, þörungarækt og umhverfisvæna framleiðslu. Þá telur nefndin mikilvægt að auðvelt verði að breyta skipulaginu og að lína sem afmörkuð er utan við Æðey vegna áhættumats erfðablöndunar verði fjarlægð úr skipulaginu svo fljótt sem auðið er verð áhættumati breytt.*

*Samþykkt.*

Fundargerðirnar eru báðar í viðhengi.

Með kveðju,  
Bragi Þór

---

Súðavíkurreppur

Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri

Grundarstræti 3  
420 Súðavík

Sími: 450 5904 / Tel: +354 450 5904

Netfang / E-mail: [bragi.thor.thoroddsen@sudavik.is](mailto:bragi.thor.thoroddsen@sudavik.is)

Vefsíða / Homepage: [www.sudavik.is](http://www.sudavik.is)





Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur - Kt. 640269-6779 - Strandgötu 38, 460 Tálknafjörður - sími: 450-2500 - talknafjordur@talknafjordur.is

Skipulagsstofnun  
b/t Hrafnkels Á. Proppé  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Tálknafjörður, 14. september 2022

Efni: **Umsögn um tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.**

Með bréfi dagsettu 05.07.2022 óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Tálknafjarðarhrepps um tillögu að strandsvæðaskipulagi Vestfjarða. Eftir umfjöllun í sveitarstjórn og fagnefndum Tálknafjarðarhrepps var eftirfarandi umsögn samþykkt samhljóða á 597. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 13.09.2022:

*Bent er á að á svæðum LV4 og LV5 er tekið sérstaklega fram að ekki sé gert ráð fyrir vegþverun fjarðarins. Tálknafjarðarhreppur telur eðlilegt að halda þeim möguleika opnum í skipulaginu að heimilt sé að þvera fjörðinn.*

*Vakin er athygli á nauðsyn vöktunar og eftirfylgni með framkvæmd skipulagsins og þá sér í lagi þar sem skörun er á milli staðbundinnar nýtingar SN3 og SN4 við umhverfi og náttúru UN3. Einnig bendir Tálknafjarðarhreppur á mikilvægi frekari rannsókna á skipulagssvæðinu þannig að tryggt sé að nýjustu upplýsingar séu ávallt tiltækar.*

*Að öðru leyti fagnar sveitarfélagið framkominni tillögu og nauðsyn þess að vandað sé til verka við skipulag strandsvæðanna.*

*Ef óskað er frekari upplýsinga þá er Tálknafjarðarhreppur reiðubúin til samtals sé eftir því óskað.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

  
Ólafur Þór Ólafsson  
sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps





# Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Skipulagsstofnun

Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Vesturbyggð, 23. September 2022  
2203081 ESK

## Efni: Strandsvæðaskipulag Vestfjarða – Umsögn

Visað er til tölvupósts Skipulagsstofnunar, dags. 5. júlí 2022, þar sem óskað er umsagnar um tillögu að Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða. Tillagan var unnin á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.

Umsagnarbeiðnin var tekin fyrir á 946. fundi bæjarráðs Vesturbyggðar þann 13. september sl. og bærarstjóra falið að leggja tillögu að umsögn fyrir fund bærarstjórnar þann 21. september. Byggingarfulltrúa var falið á 98. fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 19. september sl. að koma tillögum að umsögn ráðsins til bærarstjóra í samráði við formann ráðsins. Þá var hafnarstjóra falið á 42. fundi hafna- og atvinnumálaráðs þann 19. September sl. að koma tillögum að umsögn ráðsins til bærarstjóra í samráði við formann ráðsins. Á 374. fundi bærarstjórnar sem haldinn var 21. september sl. var bærarstjóra falið að leggja lokahönd á umsögn Vesturbyggðar og senda fyrir hönd Vesturbyggðar.

Eftirfarandi eru ábendingar/athugasemdir Vesturbyggðar við skipulagstillöguna:

### 1. Ankerislægi, siglingaleiðir og sæstrengir við Bíldudal.

Í tillögunni skarast siglingaleiðir, ankerislægi og sæstrengir við Bíldudalsvog. Hér þarf að hliðra til og endurskoða legu sæstrengja. Landtaka á fyrirhuguðum streng Landnets þyrfti að vera yst á Haganesi. Þá er gerð athugasemd við sæstreng Orkubús Vestfjarða sem nýtur sérstakrar verndar skv. tillögunni, samkvæmt upplýsingum Vesturbyggðar er strengurinn ekki í notkun og ónothæfur. Með tilkomu sæstrengs Landsnets ætti þessi sæstrengur að vera óþarfur með öllu og ætti að fjarlægja því hann hefur bæði áhrif á ankerislægi sem og aðra nýtingu í firðinum, s.s. varðandi eldisstöð við Steinanes.

### 2. Umhverfi og Náttúra. UN-svæði

Ekki kemur nægilega skýrt fram í tillögunni hvort skipum sé heimilt að sigla innan UN-svæðanna, hvort t.d. skemmtiferðaskipum sé heimilt að sigla inn á Dynjandisvog og setja út farþega innan svæðisins. Vesturbyggð telur mikilvægt að þetta sé skýrt í tillögunni.

Eldissvæði liggja víða nærri UN svæðum í tillögunni, á vissum svæðum er ekki möguleiki á landtengningum fóðurpramma við rafmagn svo keyra þarf ljósavélar um borð í þrómmum. Í



# Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

almennum skipulagsákvæðum kafla 4.2.1. Umhverfi og náttúra (UN) segir „*Stuðla skal að verndun umhverfis og náttúru á svæðinu. Ferðaþjónusta og útivist á svæðinu skal taka mið af gildi náttúru, landslags, sögu og menningar þess. Í því felst að raska sem minnst ró dýra, vistkerfum og menningarmínum auk þess að rýra ekki gæði strandsjávar.*“ Leiða þarf líkum að því að ljósavélar á fódurprömmum og önnur starfsemi sem til staðar er muni skapa eitthvað ónæði á stundum og liggja nærri og jafnvel innan UN-svæða. Vesturbyggð telur ástæðu til að tekið sé tillit til þess við skilgreiningu UN svæða.

Skilgreining víkjandi reita er óljós og ber að skýra betur svo ljóst sé hvað víkjandi reitur beri með sér fyrir þá starfsemi sem fyrir er, s.s. SN reitir við Ketildali í Arnarfirði sem liggja að UN5. Merkir það að gert sé ráð fyrir að fiskeldi sé víkjandi a reitnum og að endurnýjun leyfa til fiskeldis samræmist ekki nýtingu svæðisins að ekki verði veitt heimild til fiskeldis á reitnum eftir að núverandi leyfi rennur út? Ef svo er þarfnast skilgreining reitsins endurskoðunar, enda hafi núverandi leyfi verið veitt í samræmi við núverandi umsóknarferli. Vesturbyggð telur eðlilegt að litið sé til ólíkra sjónarmiða við gerð skipulagsins og hagsmunir sveitarfélaganna séu höfð til hliðsjónar.

### 3. Sjónræn áhrif

Í strandsvæðaskipulaginu er tíðrætt um að við ákvörðun um leyfisveitingar skuli tekin afstaða til sjónrænna áhrifa af starfseminni. Vesturbyggð bendir á að í þararækt, kræklingarækt, fiskeldi og nýtingu annarra auðlinda sjálfar er iðulega um einhver sjónræn áhrif að ræða, þau eru þó alla jafna ekki varanleg og afturkræf. Mat á sjónrænum áhrifum ætti því jafnframt að líta til þess hvort um varanleg sjónræn áhrif er að ræða eða ekki.

### 4. UN2 - Örlygshöfn

Á skipulagsuppdrætti er nýtingarflokkurinn Umhverfi og náttúra(UN2) skilgreindur við Örlygshöfn í Patreksfirði. Í *hafnarreglugerð 989/2005 fyrir hafnir Vesturbyggðar* og Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035 er höfnin í Örlygshöfn skilgreind. Hafnarmannvirkin voru uppbyggð m.a. á árunum 1969 -1973 og 1982-1986 með framlögum frá ríki og fyrrum Rauðasandshrepps. Við sameiningu Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Patrekshrepps og Bíldudalshrepps í Vestur- Barðastrandarsýslu árið 1994 varð Vesturbyggð eigandi hafnarmannvirkja í Örlygshöfn.

Hér þarf að endurskoða skilgreiningu reitsins og gera ráð fyrir hafnarmannvirkjum í Örlygshöfn með tilheyrandi siglingaleiðum o.s.frv.

### 5. Staðbundin nýting (SN)

Svæði sem skilgreind eru á uppdrætti undir SN-nýtingu byggja á útgefnum leyfum, við útgáfu fyrstu eldisleyfanna voru svæðin mun smærri en nýrri leyfi sem gefin hafa verið út. Endurskoða þarf reitina og gera ráð fyrir stærri reitum til staðbundinnar nýtingar og samræma stærðir, m.a. til að hefta ekki hreyfanleika kvía innan reita. Svo ekki verði tafir eða seinagangur ef bregðast þarf fljótt við aðstæðum sem upp kunna að koma, s.s. breytingar sem snúa að dýravelferð, hitastigi sjávar o.s.frv.

Þá er endurskoðun reita til staðbundinnar nýtingar talin mikilvæg svo fyrirtækjum og rekstraraðilum sé gefið svigrúm til að vaxa og eflast og rekstraróvissa verði lágmarkuð, vísast hér aftur til skilgreiningar á að fiskeldi sé víkjandi á tilgreindum reitum.





## Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Þá vantar inn í skipulagið hvernig nýjar atvinnugreinar gætu komið inn svo sem þörung- og skelrækt sem gætu dregið úr umhverfisáhrifum til framtíðar.

### 6. Reitir sem ekki eru merktir inn á kort

Vesturbyggð bendir á að á skipulagið vantar reiti sem þegar hafa verið veitt leyfi til fiskeldis á og starfsemi hefur verið hafin á, m.a. í Patreksfirði og Trostansfirði.

### 7. Stjórnsýsla í tengslum við skipulagið.

Hvorki í skipulaginu sjálfu né í *Lögum um skipulag haf- og strandsvæða nr.88/2018* er gildistími skipulagsins skilgreindur og ekki eru sett skilyrði um endurskoðun skipulagsins. Lagt er til að settur verði gildistími fyrir skipulagið líkt og gert er með aðalskipulög sveitarfélaga. Rætt er um að strandsvæðaskipulag sé lifandi plagg, en áhyggjur eru á að erfitt verði að gera breytingar á skipulaginu í samræmi við vilja sveitarfélaganna.

Ekki er skilgreindur afgreiðslufrestur erinda sem berast vegna breytinga á skipulaginu, hér þarf að skilgreina ramma til að auka skilvirkni og gagnsæi skipulagsins. Þá er ekki skilgreindur kærufrestur ef koma upp hagsmunaárekstrar, né hver kæruleið niðurstöðu svæðisráðs sé.


Undirbúningur að strandsvæðaskipulagi Vestfjarða hefur bæði verið gagnlegt og árangursríkt ferli, sem hefur skapað farveg fyrir löngu tímabært samtal um skipulag þeirra gæða sem strandbyggðir og samfélög í sjávarbyggðum hafa við sínar bæjardyr, ef svo má að orði komast. Skipulaginu er ætlað að auka skilvirkni og bæta yfirsýn yfir nýtingarmöguleika til framtíðar og mun verða afar mikilvægt fyrir samfélögin á svæðinu. Rétt er þó að ítreka að umgjörð og utanumhald skipulagsins má ekki verða heftandi fyrir atvinnu uppbyggingu og sjálfbærni samfélaganna til framtíðar, því er m.a. nauðsynlegt að skilgreina betur hvernig stjórnsýsla varðandi afgreiðslu þess og framtíðarnotkun verður háttáð.

Sveitarfélögin hafa enn fremur lagt áherslu á það að aðkoma þeirra verði tryggð og er því rétt að ítreka að Vesturbyggð telur nauðsynlegt að öll þau sveitarfélög sem eiga aðliggjandi hafsvæði að skipulaginu hafi hvert sinn fulltrúa í svæðisráði.


Fyrir hönd Vesturbyggðar,

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarstjóri

## B) Fulltrúar í samráðshópi



## C) Ráðgefandi aðilar



Skipulagsstofnun  
Hrafnkell Ásólfur Proppé  
Ester Anna Ármannsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 20.09.2022  
MFRI: 2022-07-0456

### **Efni: Tillaga að strandsvæðaskipulagi Vestfjarða**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna strandsvæðaskipulags Vestfjarða. Erindi Skipulagsstofnunar var sent á allar fagstofnanir sem fara með málaflokka er varða nýtingu og vernd á haf- og strandsvæðum sbr. 6. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.

Svæðisráð, skipað af Umhverfis- og auðlindaráðherra, ber ábyrgð á gerð strandsvæðaskipulagsins. Skipulagstillagan fyrir strandsvæðisskipulag á Vestfjörðum er auglýst af svæðisráði og er í henni sett fram stefna um framtíðarnýtingu svæðisins. Svæðið sem skipulagið nær yfir eru firðir og flóar frá Bjargtöngum í suðri að Straumnesi í norðri.

Hafrannsóknastofnun hefur farið yfir erindið og gerir nokkrar athugasemdir.

Í kafla 4 er fjallað um *vernd umhverfis og náttúru* og þar kemur fram að „stuðlað verði að markvissri vöktun umhverfis, svo sem sjávarstöðubreytinga, breytinga á hitastigi og súrnun sjávar og breytinga á lífríki sjávar“. Hafrannsóknastofnun bendir á að skv. lögum um stjórn vatnamála (nr. 36/2011) skuli vakta vistfræðilega gæðapætti (blaðgræna *a*, botndýr í seti, þörungur á hörðum botni og næringarefni að vetri til) í strandsjávarvatnshlotum og að eðlilegt sé að við leyfisveitingar vegna starfsemi sem hefur áhrif á lífríki sjávar sé gerð krafa um vöktun þar á. Einnig er bent á að fyrir liggur skilgreining eða afmörkun á vatnshlotum í strandsjó og að við mat á vistfræðilegu ástandi þeirra skal horfa til alls álags á hvert vatnshlot. Því væri gagnlegt að afmörkun vatnshlota kæmi fram í þeirri vefsíðu sem verður notuð vegna strandsvæðaskipulags. Þá bendir Hafrannsóknastofnun á að samkvæmt reglugerð um fiskeldi er sett lágmarksfjarlægð milli sjókvíaeldisstöðva óskyldra rekstraraðila og staðsetningar sjókvíaeldisstöðva frá árósum og getur það falið í sér takmarkanir á nýtingu margra skipulagsreita í flokknum staðbundin nýting.

F.h. Hafrannsóknastofnunar



Rakel Guðmundsdóttir



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Gunnarsholti, 14. september 2022

### Ósk um umsögn: Tillaga að strandsvæðaskipulagi Vestfjarða

Landgræðslunni barst til kynningar tillaga að strandsvæðaskipulagi Vestfjarða. Landgræðslan hefur kynnt sér drögin og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að því að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Landgræðslan gerir ekki athugasemdir við tillögu að strandsvæðaskipulagi Vestfjarða en reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, vernd og endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,  
f. h. Landgræðslunnar,

Davíð Arnar Stefánsson,  
Sérfræðingur



Skipulagsstofnun fh. svæðisráðs  
Borgartún 7b  
150 Reykjavík

Reykjavík 15. september 2022  
*Tilvísun: 2209023/0.7.2*

### **Efni: Umsögn um tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða 2022**

Við er til erindis Skipulagsstofnunar fh. svæðisráðs til Landhelgisgæslu Íslands, dags. 5. júlí 2022, þar sem stofnunin er upplýst um að fyrir liggja tillaga að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða, sem unnin var á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 og óskað eftir umsögn stofnunarinnar um tillöguna.

Landhelgisgæslan telur nauðsynlegt að skýr stefna sé sett fram varðandi framtíðarmýtingu svæðisins.

Að mati Landhelgisgæslunnar hafa svæðisráð og Skipulagsstofnun unnið mikið og gott starf við vinnslu tillögunnar.

Þó telur Landhelgisgæslan mikilvægt að tekið sé tillit til neðangreindra ábendinga og athugasemda stofnunarinnar áður en strandsvæðisskipulagið er samþykkt.

### **Tillaga að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða**

Landhelgisgæsla Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.

#### **1. Almenn**

Meðal hlutverka Landhelgisgæslunnar er að sinna öryggisgæslu, leit og björgun á hafinu og sinnir stofnunin fjölbreyttum verkefnum, meðal þeirra má nefna eftirlit á hafi, björgunarþjónustu og aðstoð við almannavarnir. Öryggi siglinga við landið er stofnuninni sem og öllum sjófarendum afar mikilvægt en færa má rök fyrir því að vegið hafi verið að öryggi siglingaleiða innan skipulagssvæðisins við uppbyggingu atvinnureksturs á svæðinu undanfarin ár.

Landhelgisgæslan bendir á að með strandsvæðisskipulagi gefst einstakt tækifæri til að tryggja öryggi siglingaleiða með skipulagi svæðisins og að afar mikilvægt er að leita álits staðkunnugra sjófarenda á hverju svæði fyrir sig með tilliti til sértækra aðstæðna sem taka þarf sérstaklega tillit til við gerð strandsvæðisskipulagsins.

Mikilvægt er að hafa í huga að siglingaleiðir hafa ekki verið skilgreindar sérstaklega í skipulagi áður og meginreglan sú að sjófarendur hafa mátt telja allt hafið til siglingasvæðis. Siglingasvæði hafa nú verið afmörkuð sérstaklega í tillögu að strandsvæðisskipulagi svæðisins en Landhelgisgæslan telur að öryggi siglinga sé ekki nægilega vel tryggt samkvæmt þeim afmörkunum.

Landhelgisgæslan telur einnig rétt að benda á að Samgöngustofu hefur með lögum verið falið að kveða á um skipulag umferðar á sjó og hefur Samgöngustofa tilkynnt um áform um ákvörðun siglingaleiða á innsævi við Ísland sbr. 4. gr. laga nr. 119/2012 og boðið Landhelgisgæslunni að taka þátt í starfshóp í tengslum við þá vinnu. Mikilvægt er að strandsvæðisskipulag svæðisins samræmist fyrirhugaðri ákvörðun Samgöngustofu um siglingaleiðir.

## 2. Almannaöryggi

Öruggar siglingarleiðir eru þáttur í almannaöryggi, en þær eru ekki aðeins mikilvægar sjófarendum heldur einnig almenningi og viðbragðsaðilum líkt og Landhelgisgæslunni.

### 2.1 Aðgengi að höfnum

Mikilvægt er að tryggður sé öruggur og greiður aðgangur til og frá öllum höfnum, ekki aðeins stærri höfnum. Með því væri hægt að bregðast við í kjölfar náttúruhamfara eða annars ófyrirséðs neyðarástands þar sem viðbrögð við hættuástandi gætu falið í sér aðkomu viðbragðsaðila, nauðsynlegan flutning íbúa og/eða búnaðar með skipum. Taka þarf tillit til þess að slíkt hættuástand getur skapast á svæðum þar sem almennt er ekki mikil skipaumferð.

Telja verður það ágalla að siglingasvæði virðast í tillögunni aðallega miðuð við þyngstu umferð skipa eins og hún er í dag (byggt á ferilvöktunargögnum, AIS) en ekki raunverulegri þörf á að tryggja öruggar siglingaleiðir til og frá öllum höfnum.

Einnig verður að telja það ágalla að því leyti að atvinnurekstur á svæðinu hefur í einhverjum tilfellum þrengt verulega að siglingaleiðum og ferilvöktunargögn sýna því ekki endilega bestu eða öruggustu siglingaleiðirnar.

Landhelgisgæslan hvetur því svæðisráð og Skipulagsstofnun til þess að leggja heildstætt mat á siglingasvæði í strandsvæðisskipulagi svæðisins, ekki aðeins út frá mestu umferð skipa eins og hún er í dag, heldur út frá almannaöryggi og hvernig það verður best tryggt.

### 2.2 Siglingaleiðir

Mikilvægt er að hafa í huga að umferð á sjó og landi er eðlisólik og að gera þarf ráð fyrir öryggissvæði við siglingaleiðir sem markar nægilegt rými til að tryggja örugga siglingu við allar aðstæður. Þegar rætt er um fjarlægð frá siglingaleið þarf að vera hægt að merkja með skýrum hætti hvar mörk siglingaleiða liggja.

Landhelgisgæslan bendir á að ekki er til skilgreining á því hvað teljast *siglingaleiðir* að frátöldum afmörkuðum siglingaleiðum fyrir Suðvesturlandi sbr. reglugerð nr. 524/2008.

Taka þarf tillit til þess að sjófarendur líta svo á að allt hafið geti talist til siglingasvæðis. Almennit líta sjófarendur svo á að það svæði sem helgað er með hvítum ljósgeira vita og leiðarljósa í sjónarlengd þeirra, ásamt ljósduflum og sjó- og leiðarmerkjum marki siglingaleiðir til og frá höfnum landsins. Einnig hefur verið stuðst við gögn sem sýna skipaferla og þéttleika þeirra til glöggvunar á þeim svæðum þar sem umferð er hvað mest. Hér ber þó að hafa í huga, líkt og nefnt er að ofan, að tryggja þarf örugga siglingu til og frá höfnum sem alla jafna er lítil umferð um, en geta gegnt lykilhlutverki ef til almannavarnarviðburðar kemur sem kallar á aðkomu viðbragðsaðila eða flutning fólks eða búnaðar á sjó.

Vert er að benda á að í lögum nr. 132/1999 um vitamál segi í 1. mgr. 4. gr. að *óheimilt er að byggja hús eða mannvirki sem skyggt gætu á leiðarmerki frá sjónum á þeim boga sjóndeildarhringsins þar sem því*



er ætlað að þjóna sjófarendum, og hæfilega langt til beggja handa. Landhelgisgæslan lítur svo á að framangreint ákvæði eigi einnig við um hvers kyns mannvirkja í sjó, m.a. sjókvíar.

Landhelgisgæslan telur afar mikilvægt að tryggja hæfilega fjarlægð mannvirkja í sjó frá siglingaleiðum. Í 35. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi er kveðið á um að óheimilt er að stunda veiðar nær jaðri sjókvíaeldisstöðvar en 150 m eða sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðvar en 50 m. Í tillögu að strandsvæðisskipulagi svæðisins er í einhverjum tilvikum gert ráð fyrir því að þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur að hvítum ljósgeira vitaljósa skuli leyfissvæði fiskeldis ekki vera nær mörkum ljósgeirans en 50 m.

Að mati Landhelgisgæslunnar eru 50 m hins vegar ekki nægt svigrúm til að tryggja öryggi á siglingaleiðum og þá sérstaklega siglingaleiðum stærri skipa. Mikilvægt sé að tryggja að leyfissvæði fiskeldis og mannvirkja á sjó séu ekki heimiluð innan skipulagssvæðis þar sem hætta getur skapast fyrir sjófarendur.

Landhelgisgæslan hefur áhyggjur af því að umferð sjófara sé of þröngur stakkur sniðinn í tillögu að strandsvæðisskipulagi svæðisins. Svæði afmarkað fyrir skipaumferð ætti ekki að vera afmarkað út frá því lágmarkssvæði sem skip þarf til að geta athafnað sig við bestu mögulegu aðstæður heldur þarf að gera ráð fyrir því svæði sem nauðsynlegt gæti reynst skipum til að athafna sig í við þær verstu, enda verður öryggi sjófarenda ekki tryggt á annan máta.

Sem dæmi má nefna að ef skip siglir á 10 hnúta hraða siglir það um 18520 m á klukkustund. Það siglir því 309 m á einni mínútu. Það gera 5,1 m á hverri sekúndu. Það tekur því skipið innan við 10 sekúndur að sigla þessa 50 metra. Það er afar stuttur viðbragðstími ef eitthvað fer úrskaiðis.

Að mati Landhelgisgæslunnar er rík ástæða til að stækka öryggisvæði siglingaleiða fjórfalt, úr 50 m í a.m.k. 200 m, til þess að gefa sjófarendum nauðsynlegan viðbragðstíma, t.d. til stefnubreytingar eða til að koma út akkeri.

Samkvæmt tölum úr alþjóðlegum leitar- og björgunarhandbókum má ætla að meðalstór fiskiskip og flutningaskip sem verða aflvana reki undan vindi með 1 hnúta hraða þegar vindur hefur náð 20 hnútum eða sem svarar um 10 m/s. Það gæti því tekið skip um 100 sekúndur að reka 50 m eða innan við tvær mínútur. Við slíkar aðstæður gefst lítil tími til að bregðast við.

Landhelgisgæslan leggur því til að í strandsvæðisskipulaginu sé ávallt gert ráð fyrir því að leyfissvæði fiskeldis og mannvirkja í sjó, skuli ekki vera nær siglingaleiðum stærri skipa en 200 metra og að við ákvörðun um leyfisveitingar skuli leita umsagnar Landhelgisgæslunnar og Samgöngustofu um staðsetningu leyfissvæða fiskeldis, þar á meðal staðsetningu sjókvía og festinga innan leyfissvæðisins.

### 3. Áform Samgöngustofu um ákvörðun siglingaleiða

Samgöngustofa fer með stjórnslu samgöngumála og annast m.a. stjórnslu og eftirlit er lýtur að hafnamálum, málum sem varða sjóvarnir og siglingamál sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnslustofnun samgöngumála. Meðal hlutverka Samgöngustofu er að kveða á um skipulag umferðar- og leiðsögukerfa í lofti og á láði og legi sbr. 3. mgr. 4. gr. sömu laga.

Landhelgisgæslan áréttar að Samgöngustofu hefur með lögum verið falið að kveða á um skipulag umferðar á sjó og að Samgöngustofa hefur tilkynnt um fyrirhuguð áform um ákvörðun siglingaleiða á innsævi við Ísland sbr. 4. gr. laga nr. 119/2012. Fyrirhuguð ákvörðun Samgöngustofu um siglingaleiðir getur haft veruleg áhrif á skipulag strandsvæða og notkun þeirra.



Samgöngustofa hefur boðið Landhelgisgæslunni að taka þátt í starfshóp tengdum fyrirhuguðum áformum stofnunarinnar um ákvörðun siglingaleiða á innsævi við Ísland. Landhelgisgæslan telur rétt að benda á að stofnunin hyggt taka þátt í því samstarfi.

Mikilvægt er að mati Landhelgisgæslunnar að strandsvæðisskipulag sé í samræmi við og taki fullt tillit til niðurstöðu fyrirhugaðrar ákvörðunar Samgöngustofu um siglingaleiðir á innsævi við Ísland.

#### 4. Áhættumat siglinga

Unnið er að áhættumati siglinga í Seyðisfirði í tengslum við tillögu að strandsvæðisskipulagi Austfjarða 2022. Umrætt áhættumat liggur ekki fyrir við ritun þessarar umsagnar en það hefði verið ákjósanlegt að mati stofnunarinnar.

Þrátt fyrir að umrætt áhættumat sé unnið fyrir Seyðisfjörð sem fellur ekki undir tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða má gera ráð fyrir að tekið verði tillit til ýmissa þátta í áhættumati siglinga í Seyðisfirði sem reynst gætu fordæmisgefandi við áhættumat í öðrum fjörðum um allt land.


#### 5. Lokaorð

Landhelgisgæslan hvetur svæðisráð og Skipulagsstofnun til þess að gera raunverulegt og raunhæft hagsmunamat við gerð strandsvæðisskipulagsins sem tekur tillit til almannaöryggis og samgönguöryggis. Að mati stofnunarinnar krefjast almannahagsmunir þess að öryggi siglingaleiða sé sett ofarlega í forgangs röðun við skipulag svæðisins.

Með tillögunni er að mati Landhelgisgæslunnar stigið skref í rétta átt og að það er afar jákvætt að komin sé mynd á heildstætt strandsvæðisskipulag fyrir Vestfirði, þó telur stofnunin mikilvægt að tekið sé tillit til athugasemda stofnunarinnar áður en strandsvæðisskipulagið er samþykkt.

Sé þess óskað eru fulltrúar stofnunarinnar reiðubúnir að koma á fund Skipulagsstofnunar og svæðisráðs og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllt,



Sigríður Skaftadóttir  
lögfræðingur

Hrafnkell Ásólfur Proppé  
Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Selfoss, 2. september 2022  
Tilvísun: 2207140

## Efni: Umsögn Matvælastofnunar um strandsvæðisskipulag Vestfjarða 2022

Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn, dagsett 5. júlí 2022, vegna strandsvæðisskipulags Vestfjarða 2022.

Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög um fiskeldi, nr. 71/2008, og reglugerð um fiskeldi, nr. 540/2020, auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Í strandsvæðisskipulaginu kemur fram að Hrísdalur (SN8), sem kallast í rekstrarleyfi Hvestudalur, Skútabjörg (SN14), sem kallast í rekstraleyfi Lækjarsbót, séu í umsóknarferli en rétt er að rekstrarleyfi á þeim stöðum var útgefið í mars 2022. Einnig kemur fram að eldissvæðið á Skarðshlíð (SN27) sé í umsóknarferli en rekstrarleyfið var útgefið í júní 2021. Inn í skipulagið vantar eldissvæði Arctic Sea Farm í Önundarfirði, en Matvælastofnun vinnur að að endurnýjun rekstrarleyfis. Einnig vantar eldissvæðið Sandoddi sem Arnarlax hefur rekstrarleyfi fyrir í Patreksfirði. Tvö ræktunarleyfi til skeldýraræktar vantar inn í strandssvæðisskipulagið en það eru ræktunarleyfi RS-1024 í Tálknafirði sem nær inn á reit LV4 og RS-1111 í Skötufirði sem nær yfir reiti LV18 og UN14.

Í nokkrum stöðum í skipulaginu kemur fram að við ákvörðun um leyfisveitingar skuli leita umsagnar Landhelgisgæslunnar og Samgöngustofu um staðsetningu sjókvíeldisstöðvar og festingar. Matvælastofnun telur heppilegra að slíkt samráð komi fyrir fyrir í ferlinu, þ.e.a.s. þegar framkvæmdin er skoðuð m.t.t. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Slíkt myndi leiða til þess að hægt sé að bregðast við athugasemdum um staðsetningu og festingar á viðtækari hátt.

Í skipulaginu kemur fram að við leyfisveitingu skuli stofnunin taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af stafsemi fiskeldisins. Matvælastofnun telur slíkt óraunhæft nema matskvarðar séu til staðar til viðmiðunar.

Virðingarfyllst  
f.h. Matvælastofnunar

*Erna Karen Óskarsdóttir*

Erna Karen Óskarsdóttir  
Fagsviðsstjóri fiskeldis



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Skipulagsstofnun  
Hrafnkell Ásólfur Proppé  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík

Stykkishólmur, 29. ágúst 2022  
MÍ202208-0100/ 6.03 / M.A.S.

Minjavörður Vesturlands  
Hafnargata 3 340  
Stykkishólmur (354) 570 13  
12 (354) 895 18 80  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

## Efni: Skipulagsstofnun. Strandsvæðisskipulag Vestfjarða

Til kynningar er tillaga að strandsvæðisskipulags Vestfjarða sem unnin á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018. Óskað var eftir umsögn frá Minjastofnun Íslands

Skipulagssvæðið nær frá Bjargtöngum í suðri og að Straumnesi í norðri. Svæðið afmarkast við svæðið frá netlögum (115m út frá stórstraumsfjöruborði) að þeirri viðmiðunarlínu sem tilgreind er í 5. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997. Á skipulagssvæðinu er stunduð ýmis starfsemi, svo sem fiskeldi, fiskveiðar, efnistaka og ferðaþjónusta ásamt ferjusiglingum millilandaferju og vöruflutningum. Skipulagsgerð á strandsvæðum er ætlað að stuðla að vernd og viðhaldi vistkerfa, veita grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu, draga úr árekstrum ólíkrar starfsemi og stuðla að betri og upplýstari ákvarðanatöku um framkvæmdir og starfsemi.

Minjastofnun Íslands vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Á Íslandi eru í gildi lög um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun Íslands annast framkvæmd minjavörslunnar samkvæmt þeim lögum en stofnunin tekur ákvarðanir og veitir leyfi varðandi jarðfastar menningarminjar þ.e. fornleifar, mannvirki, hús, menningarlandslag og sögustaði auk minja í sjó út að aðlæga beltinu.

Samkvæmt 1. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða kemur fram að skipulagið veitir grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu auðlinda haf- og strandssvæða sem byggja á heildarsýn sem einnig tekur til vernd náttúru- og menningarminja. Í 7. gr. fyrrnefndra laga segir enn fremur:

Í strandsvæðisskipulagi skal m.a. lýsa umhverfi og aðstæðum á skipulagssvæðinu og forsendum þeirrar stefnu sem það felur í sér og gera grein fyrir áhrifum þess og einstakra stefnumiða á umhverfið með umhverfismati, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma.

Einnig kemur fram í 10. gr. laganna að taka beri mið af stjórnvaldsfyrirmælum, öðrum lögum og lögbundnum ákvörðunum

**Magnús A Sigurðsson**  
Minjavörður  
magnus@minjastofnun.is



um nýtingu og vernd haf- og strandsvæða þar sem tiltekin starfsemi er t.d. takmörkuð eða bönnuð.

Til að hægt sé að stuðla að vernd menningarminja þarf að skrá þær. Slík vinna er hluti af því að lýsa umhverfi og aðstæðum á skipulagssvæðinu og er nauðsynleg til að hægt sé að gera grein fyrir áhrifum skipulags á menningarminjar. Slík skráning er einnig forsenda þess að hægt sé að bregðast við til verndar menningarminja. Heildarskráning minja liggur ekki fyrir en víða hafa skráningar farið fram í tengslum við önnur skipulagsverkefni auk þess að við strendur landsins er einnig að finna friðlýstar fornleifar sem eru þekktar. Í lýsingunni er gert grein fyrir hvaða efnisþáttum er áformað að afla upplýsinga um til að fá yfirsýn yfir núverandi stöðu, styrkleika, áskoranir og tækifæri á skipulagssvæðinu. Ekki verður aðeins aflað gagna á fyrirhuguðu skipulagssvæði heldur einnig á jaðarsvæðum, 250m upp á land frá strandlínu og 1 sjómílu út fyrir ytri mörk skipulagssvæðisins. Slík gagnaöflum er mikilvæg, þar sem fornleifar við ströndina geta verið hluti af stærri heild sem teygir sig jafnvel upp á land og þá er í slíkum tilfellum nauðsynlegt að skrá þær sem heild, enda getur gildi og mikilvægi einstakra minja ráðist af þeirri minjaheild sem þær tilheyra. Í þingsályktun nr. 19/145 um landsskipulagsstefnu 2015-2016 segir í gr. 4.3.1. um svæðisbundna skipulagsgerð:

Þannig verði tekið saman landfræðilegt yfirlit og mörkuð stefna um svæðisnýtingu til sjávareldis, orkuvinnslu, frístunda og ferðaþjónustu, efnistöku, samgangna og veitna og vernd náttúru- og menningarminja

Samkvæmt skipuriti sem kynnt er í lýsingunni er gert ráð fyrir samspili á milli strandsvæðisskipulags og aðal- og svæðisskipulags. Einnig er tekið fram að áformað er að afla upplýsing um menningarminjar sem forsendu fyrir mótun skipulagsins til að fá yfirsýn yfir núverandi stöðu, styrkleika, áskoranir og tækifæri.

Við gerð strandsvæðaskipulags á Vestfjörðum verður umhverfismati beitt til að tryggja að strandsvæðisskipulagið stuðli að sjálfbærri þróun og dragi úr neikvæðum áhrifum þess á umhverfið. Þar verður lagt mat á ólíka valkosti með því að bera þá saman við valin umhverfissjónarmið. Þar á meðal er fjallað um menningarminjar. Til að hægt sé að leggja mat á áhrif skipulagsins á menningarminjar er skráning minja innan svæðisins nauðsynleg.

*Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.*

Hér er um að ræða stefnumótandi skipulag og því gerir Minjastofnun sömu kröfur við gerð þessa skipulags eins og við aðalskipulagsgerð. Í 3. gr. um reglur um skráningu jarðfastra minja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019 þar sem fjallað er um skráningu í tengslum við aðalskipulagsgerð kemur fram að fornleifar, hús og mannvirki í þéttbýli og á svæðum þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir sem valda jarðraski á skipulagstímanum skulu skráðar á vettvangi. Þar kemur einnig fram að þetta eigi við framkvæmdir í sjó og vötnum. Slík skráning er nauðsynleg til að hægt sé að vinna strandsvæðisskipulagið eins og lagt er til í lögum um haf- og strandsvæði. Líkt og kemur fram hér að ofan er það forsenda þess að hægt sé að vernda þær menningarminjar sem eru innan svæðisins og innan þess svæðis sem heimildaröflun mun ná til. Með slíkri skráningu gefst einnig möguleiki á að lýsa umhverfi svæðisins og mun skráning nýtast þegar ítarlegra skipulag verður unnið innan þess, hvort sem um er að ræða deiliskipulag eða leyfi til framkvæmda. Líkt og kemur fram í reglum um skráningu jarðfastra menningarminja skal afmörkun svæðis til skráningar vera unnin í samráði við minjavörð viðkomandi minjasvæðis.

Við gerð strandsvæðisskipulags Vestfjarða er horft til þeirrar stefnu sem liggur fyrir í öðrum áætlunum stjórnvalda sem varða nýtingu og vernd á strandsvæðum og nágrenni þeirra. Engin þeirra snýr að menningarminjum. Minjastofnun vill benda á að verið er að vinna stefnumótun fyrir málaflokkinn. Einnig liggur fyrir skrá um friðlýstar fornleifar. Minjastofnun vill einnig koma þeirri ábendingu á framfæri að það er misjafnt hvaða stjórnvald fer með ábyrgð á skipulagi haf- og strandsvæða og leyfisveitingar til framkvæmda á þeim en ríkið fer t.d. með lögsögu utan netlaga. Mikilvægt er að öll framkvæmdamál komi inn til umsagnar Minjastofnunar, óháð því hvort að um sé að ræða framkvæmdir innan eða utan netalaga.

Undirritaður er tilbúin að fara yfir þau skráningarmál sem ráðast þarf í vegna afgreiðslu þessa skipulags með fulltrúm verkefnisins.

Virðingarfyllst,

Magnús A. Sigurðsson  
Minjavörður Vesturlands



Afrit sent í tölvupósti:

Hrafnkell Ásólfur Proppé ([Hrafnkell.proppe@skipulag.is](mailto:Hrafnkell.proppe@skipulag.is))

Hafskipulag ([hafskipulag@skipulag.is](mailto:hafskipulag@skipulag.is))

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.



Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 15.9.2022  
Málsnúmer: 202207-0002  
SS/SKV

### **Efni: Umsögn um tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.**

Vísað er í bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 5. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagstillögu að strandsvæðisskipulagi á Vestfjarða.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagstillöguna og meðfylgjandi uppdrátt og umhverfisskýrslu og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Um er að ræða aðra af fyrstu tveimur strandsvæðisskipulagsáætlunum sem unnar eru á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018, en hin áætlunin er strandsvæðisskipulag Austfjarða og eru báðar áætlanirnar kynntar samhliða. Náttúrufræðistofnun veitir einnig umsögn um tillögu að strandsvæðisskipulagi Austfjarða.

Í ljósi þess að verið er að vinna strandsvæðisskipulagsáætlanir í fyrsta sinn er ýmislegt nýstárlegt við verklag og framsetningu sem er ólíkt öðrum skipulagsáætlunum og einnig standa lykilmál misjafnlega enda staða þekkingar ólík. Það á ekki síst við um þekkingu um náttúrufer og áhrif áforma sem skipulagið fjallar um á ýmsa umhverfisþætti, eins og vikið verður að síðar. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti því að stíga varlega til jarðar við að nýta þær heimildir sem skipulagið felur í sér er varða nýtingu innan skipulagssvæðisins, ekki síst í þeim tilfellum þegar áhrif á umhverfi og náttúru eru óvissu háð að einhverju leyti. Heilt yfir telur Náttúrufræðistofnun að almennt séu í tillögunni veittar miklar heimildir fyrir nýtingu og starfsemi sem í sumum tilfellum ekki er vitað nægjanlega vel hvaða áhrif munu hafa. Náttúrufræðistofnun mælir með meiri varfærni við gerð skipulagsins og vísar þar til meginregla laga um náttúruvernd nr. 60/2013, um vísindalegan grundvöll ákvarðanatöku og varúðarreglu.

Það má segja áhersla á að skipulagið sé í góðri sátt við náttúru og umhverfi sé leiðandi stef í stefnu strandsvæðisskipulagsins eins og henni er lýst í texta greinargerðar, t.d. áherslan á vistkerfisnálgun sem leiðarljós skipulagsins. Það er mjög jákvætt og eins og stefnunni er lýst má segja að almennt sé sett fram ábyrg sýn á mikilvægi þess að ákvarðanir séu teknar á grundvelli vísindalegrar vitneskju, markmiðum um sjálfbærni og skynsamlegu jafnvægi nýtingar og verndar.

Í því ljósi er mjög ánægjulegt að sjá að gögn og upplýsingar frá Náttúrufræðistofnun Íslands um verndargildi tiltekinna svæða innan skipulagssvæðisins hafa verið innleidd á markvissan hátt í skipulagið. Þetta á sérstaklega við um tillögur Náttúrufræðistofnunar fyrir B-hluta náttúru-minjaskrár er varða fugla, seli og fjöruvistgerðir en þau svæði eru öll flokkuð í nýtingarflokkinn „Umhverfi og náttúra“ þar sem ekki er gert ráð fyrir auðlindanýtingu sem felur í sér mikið inngríp og rask svo sem fiskeldi, efnistaka, skeldýrarækt o.fl. með örfáum undantekningum þar sem lítils háttar skörun er við fiskeldi. Það sama á við um mikilvæg fuglasvæði sem Náttúrufræðistofnun hefur kortlagt þótt mörk þeirra nái fyrst og fremst yfir



varpbyggðir en ekki alltaf t.d. mikilvæg fæðuöflunarsvæði. Þess ber að geta að hvorki mikilvægu fuglasvæðin né B-hluta tillögurnar teljast formleg verndarsvæði og því ánægjulegt að vægi þeirra sé samt mikið. Til viðbótar eru friðlýst svæði og svæði á C-hluta náttúruminjaskrár flokkuð í þennan nýtingarflokk. Niðurstaðan er að mörg svæði teljast til nýtingarflokksins og er það mikilvægt og nauðsynlegt skref til að tryggja verndun þess lífríkis sem þar er að finna.

Ef beita á vistkerfisnálgun verður þó að tryggja að það sé gert á nægjanlega ítarlegan og heildstæðan hátt og tekið sé tillit til allra helstu vistfræðilegu þátta sem málið varðar, ekki einungis sumra. Þar liggur grundvallarvandi strandsvæðisskipulagsins eins og það er framsett, sem er sá að ákvarðanir um ólík skipulagsákvæði eru byggð á þekkingargrunni sem er ekki fullnægjandi að mati Náttúrufræðistofnunar. Það vantar nefnilega sambærilegt mat á verndargildi svæða með tilliti til vistgerða og tegunda á grunnsævi og er til staðar fyrir mikilvæg fugla-, sela- og fjöruvistgerðasvæði. Vistgerðir grunnsævis hafa ekki verið kortlagðar á Íslandi á sams konar hátt og vistgerðir í fjörum og á landi og þær hafa ekki verið metnar með tilliti til verndargildis eða verndarstöðu. Þó má fullyrða að margar þeirra hafa hátt verndargildi m.a. vegna mikilvægis sem búsvæði fyrir fjölmargar lífverutegundir, fyrir framleiðni næringarefna, kolefnisbindingu, temprun öldu og þar með flóða og landbrots o.fl. Þar má sérstaklega nefna þaraskóga en einnig botnvistgerðir þar sem finnast fjölbreytt og sérstök samfélög þörungna og dýra.

Að sama skapi þarf að skilgreina og kortleggja mikilvæg búsvæði fyrir tegundir ýmissa sjávarlífvera svo sem fiska og sjávarhryggleysingja, þ.m.t. nytjastofna en þekkt er að t.d. uppeldisstöðvar ýmissa fiskitegunda finnast í fjörðum Ísafjarðardjúps sem og víðar á skipulagssvæðinu. Fæðuöflunarsvæði hvala þyrfti einnig að kortleggja. Allar þessar upplýsingar þyrftu að vera til staðar og framsettar með landupplýsingagögnum til að geta skilgreint á fullnægjandi hátt svæði þar sem verndun náttúru ætti að vera í öndvegi og ekki ætti að heimila nýtingu sem veldur raski.

Einnig mætti nefna jarðminjar í hafi, svo sem ummerki jöklunar, ýmsar setmyndanir o.fl., sem hafa verndargildi. Þörf er á rannsóknum og kortlagningu á þeim og mati á verndarþörf. Í greinargerð skipulagsins kemur fram að upplýsingar um menningarminjar á hafsbotni séu ófullnægjandi. Sama ætti að segja um jarðminjar og þessa lífríkisþætti sem nefndir voru hér á undan.

Afleiðingin af þessu er að ákvarðanir um nýtingu á einstökum svæðum í skipulaginu eru teknar án þess að í öllum tilfellum hafi verið lagt fullnægjandi mat á sérkenni og þar með verndargildi svæðanna. Sökum þessa ætti að mati Náttúrufræðistofnunar að sýna meiri varfærni við ákvörðun um þess háttar nýtingu sem getur valdið raski eða álagi á náttúru svæðisins, en gert er í skipulaginu.

Náttúrufræðistofnun telur t.d. að of miklar heimildir séu veittar fyrir fiskeldi í sjókvíum í strandsvæðisskipulaginu. Sérstaklega ætti ekki að veita heimildir fyrir fiskeldi þar sem leyfi hefur ekki enn verið veitt og þar sem umhverfismati er ekki lokið fyrir framkvæmd þess. Alls eru tíu fiskeldissvæði þar sem leyfi liggja ekki enn fyrir samkvæmt því sem fram kemur í greinargerðinni, flest í Ísafjarðardjúpi.

Þá mætti horfa betur til þess í strandsvæðisskipulaginu að nýta það sem vettvang fyrir heildstætt mat á sammögnun umhverfisáhrifa þeirra mörgu nýtingaráforma sem fjallað er um. Slíkt er alla jafna ekki framkvæmt nægjanlega vel í umhverfismati einstakra framkvæmda og því dýrmætt tækifæri að gera það á þessum vettvangi. Á það bæði við um sammögnun vegna nýtingar á strandsvæðum sem og sammögnun við starfsemi á landi þar sem áhrif eru til sjávar. Fjallað er um þetta stuttlega í greinargerðinni en tilefni væri til að útfæra það betur en gert er í umhverfisskýrslunni. Þá er mikilvægt að fjalla um alla umhverfisþætti sem skipta máli. Varðandi fiskeldi skiptir burðarþolsmat fjarða hverju sinni höfuðmáli til að leggja mat á sammögnunaráhrif frá öllu fiskeldi innan þeirra, en það mat er takmarkað og undanskilur sammögnunaráhrif á aðra umhverfisþætti, t.d. áhrif á viðkvæm búsvæði lífvera, hættu á erfðablöndun við villta fiskistofna, truflun fyrir dýralíf t.d. fugla og sjávarspendýr, ljós- og hljóðmengun frá sjókvíum og aukinni skipaumferð og ekki síst ásýndaráhrif á landslag. Um þessa umhverfisþætti og áhrif á þá mætti fjalla mun betur í strandsvæðisskipulaginu og einnig hvernig skilgreina og útfæra skal ábyrgð á að vakta þessi sammögnunaráhrif, og bregðast við þeim ef þörf þykir á, enda geta margir aðilar komið þar við sögu.

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að benda á að vöktun á áhrifum nýtingar á náttúru og umhverfi er ekki ein og sér nægjanleg aðgerð til að koma í veg fyrir eða bæta upp neikvæð áhrif. Skipulagið gæti fjallað ítarlegar um hvers konar aðgerðir nauðsynlegt væri að fara í ef neikvæð áhrif teljast óásættanleg, t.d. að hætta starfsemi tímabundið eða alveg, flytja hana til eða breyta aðferðafræði við nýtingu. Einnig geta mótvægisáðgerðir falið í sér að styrkja verndun annarra svæða í staðinn umfram það sem þegar hefur verið mælt með.

Í umfjöllun um áhrif skipulagsins á loftslagsmál er ekki fjallað um möguleikann til kolefnisbindingar sem felst í því að vernda gróskumikil vistkerfi á grunnsævi eins og þaraskóga. Þörf er á að rannsaka betur hvaða tækifæri felast í þessu á Íslandi yfir höfuð.

Í umhverfisskýrslu eru ýmsir valkostir reifaðir. Í það heila virðist sem valkostir sem fela í sér meiri nýtingu en minni séu frekar valdir í endanlegu tillögum með nokkrum undantekningum (t.d. er varðar Jökulfirði). Eins og áður segir telur Náttúrufræðistofnun að meiri varfærni hefði mátt sýna og færri nýtingaráform fest í sessi í skipulaginu. Náttúrufræðistofnun er því fylgjandi þeim valkostum sem fela í sér minni sértæka nýtingu og stærri svæði í nýtingarflokknum „Umhverfi og náttúra“. Jákvætt er að valkostur um að hlífa Jökulfjörðum alveg við sértækri nýtingu eins og fiskeldi eða efnistöku hafi orðið fyrir valinu. Annað væri ekki í anda friðlýsingar Hornstrandafriðlands að mati Náttúrufræðistofnunar.

Að lokum tekur Náttúrufræðistofnun ekki undir þá niðurstöðu umhverfismats strandsvæðisskipulagstillögunnar að áhrif á umhverfi og náttúru séu í heild jákvæð. Þótt mjög jákvætt sé að mörg og í sumum tilfellum stór svæði séu skilgreind sem svæði þar sem sértæk nýting á ekki að eiga sér stað, eru þau ekki eiginleg verndarsvæði sem slík og ýmis önnur starfsemi getur enn haft neikvæð áhrif ef ekki er varlega farið, t.d. ferðaþjónusta, hefðbundnar veiðar og þangtaka. Þá vega þau fjölmörgu sértæku nýtingarform á öllu skipulagssvæðinu þungt og ljóst að stór svæði á Vestfjörðum verða undir miklu álagi ef að öllum þeim áformum verður. Rökstyðja mætti að ef til vill ætti niðurstaðan að vera óveruleg eða jafnvel neikvæð áhrif skipulagsins á umhverfi og náttúru en ef til vill er skynsamlegasta niðurstaðan sú að vegna



skorts á þekkingu á mikilvægum náttúrufarsþáttum ætti að meta áhrifin sem óljós á sambærilegan hátt og gert er fyrir menningarminjar.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, reading "Snorri Sigurðsson". The script is cursive and fluid, with the first name "Snorri" and the last name "Sigurðsson" clearly distinguishable.

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. október 2022  
Tilvísun: OS2022070005/22.12  
Verknúmer: 3340300

### **Efni: Tillaga að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 5. júlí 2022, þar sem óskað er eftir ábendingum Orkustofnunar um auglýsta tillögu fyrir strandsvæðisskipulag á Vestfjörðum.

Líkt og rakið er í greinargerð skipulagstillögunnar fer Orkustofnun með margvíslegt leyfisveitingarvald tengt orkumálum og auðlindanýtingu skv. lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990 (hér eftir hafsbotnslög), og raforkulögum, nr. 65/2003, innan skipulagssvæðisins. Auk þess fer stofnunin með umsjón varðandi eignarhald íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, sbr. skilgreiningu þar á í hafsbotnslögum.

Í því sambandi bendir Orkustofnun á að öllu jöfnu er gnægð lausra jarðefna í fjörðum landsins, hvort sem það eru hjallar ofan sjávarmáls sem bera vitni um hærri sjávarstöðu í lok síðustu ísaldar, ársset, jökulættað set ýmiskonar, sjávarset við núverandi strandlínur ellegar á hafsbotni. Hins vegar er ekki hægt að fullyrða um að á hverjum stað sé að finna hinar mismunandi setgerðir, þ.m.t. með tilliti til kornastærðar, kornastærðardreifingar, berggerðar og annarra efniseiginleika sem afmarka hina mismunandi notkunarmöguleika efnis. Þá er vinnsla lausra jarðefna á landi víða annmörkum háð vegna ásýndar eða annarra umhverfisáhrifa.

Það er því mikilvægt að sveitarfélög og framkvæmdaraðilar geti nýtt auðlindir hafsbotnsins til þróunar hafna, uppbyggingar í sveitarfélaginu og fyrir atvinnustarfsemi eftir því sem við á hverju sinni, að teknu tilliti til annarra hagsmuna, þ.á m. í ljósi umhverfissjónarmiða. Kortlagning hafsbotnsins umhverfis Ísland er stutt komin og því liggja ekki fyrir upplýsingar um laus jarðefni við strendur landsins. Því er ekki mögulegt að tilgreina þau svæði þar sem nýtanleg jarðefni er að finna eða um eiginleika efnis, sbr. og umfjöllun í bréfi Orkustofnunar, dags. 20. september 2020, varðandi undirbúning að gerð svæðisskipulagsins.

Með vísan til þessa telur stofnunin nauðsynlegt að við skipulag haf- og strandsvæða verði ekki lokað á efnistöku án frekari greiningar líkt og tillaga verkefnisstjórnar ber með sér, vísast til nánari umfjöllunar um afmarkaða nýtingarflokka skipulagstillögunnar aftar í þessari umsögn.

Með vísan til 1. og 2. töluliðar 3. gr. laga um haf- og strandsvæðaskipulag, nr. 88/2018, nær skipulagssvæðið til hafsvæðis utan netlaga við sjó, þ.e. 115 m út frá stórstraumsfjöruborði landareigna.

Á fyrri stigum verkefnisins hefur Orkustofnun bent á þá óvissu sem ríkir um legu stórstraumsfjöru víða við land. Vísar stofnunin jafnframt til ábendinga Landhelgisgæslu Íslands hvað þetta varðar. Svo virðist sem við verkefnið sé þrátt fyrir það ranglega stuðst við strandlínu meðalsjávarmáls sem viðmiðun við afmörkun netlaga og leiðir það af sér að skipulagsákvæði fara á nokkrum svæðum út fyrir framangreint gildissvið laganna og skarast á við skipulagsvald sveitarfélaga, sbr. skipulagslög nr. 123/2010.

Þessi óvissa um afmörkun netlaga leiðir jafnframt af sér óvissu um stjórnsýsluleg mörk margvíslegra leyfisveitinga sem vikið er að í skipulagstillögunni. Ítrekar stofnunin fyrri ábendingar um mikilvægi þess að ráðist verði í heildstæða kortlagningu á stórstraumsfjöru umhverfis landið.

Í því efni vísar Orkustofnun til umfjöllunar í umsögn um skipulagstillögu fyrir Austfirði þar sem svæði UN 14 er að stórum hluta innan netlaga, þ.m.t. allt svæðið fyrir innan Meleyri og Meleyrin sjálf við Breiðdalsvík, enda er svæðið tilgreint í aðalskipulagi Fjarðabyggðar (svæði ST-60). Sama á við um svæði UN 12 í botni Fáskrúðsfjarðar sem ekki verður betur séð en að sé allt ofan stórstraumsfjöru, sbr. meðfylgjandi skjáskot af vefkorti Loftmynda ehf. (svæði ST-40 í aðalskipulagi Fjarðabyggðar):



Sambærilega óvissu má og greina á svæði UN 10, í skipulagi fyrir Vestfirði þar sem miklar leirur og sandrif koma upp á fjöru í Öfundarfirði en óljóst er hvar mörkin liggja, sbr. meðfylgjandi skjáskot:



Verður ekki betur séð en að allnokkur hluti svæðisins falli innan netlaga og því utan afmörkunar skipulagsins.

Með vísan til framanritaðs bendir stofnunin jafnframt á að skýringarmynd á bls. 6 í greinargerð með skipulaginu er ónákvæm og villandi þar sem munur er á strandlínu (meðalsjávarmál) og stórstraumsfjöru. Þá má benda á að með lögum nr. 58/2017 var lögum um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, breytt á þann hátt að utan við landhelgi er nú skilgreint 12 sml breitt aðlægt belti. Það skortir á umræddri mynd.

Orkustofnun telur enn fremur mikilvægt að vekja athygli á tilgreindum atriðum í almennum ákvæðum um nokkra nýtingarflokka í skipulagstillögunni, ekki síst í ljósi þess að hér er um að ræða fyrstu málsmeðferð þessa eðlis og gera má ráð fyrir því að hún verði fordæmisgefandi fyrir önnur svæði:

#### *Siglingar (SI)*

Orkustofnun gerir athugasemdir við að ekki sé opnað fyrir möguleika á efnistöku innan reita sem skilgreindir eru fyrir siglingar. Vísar stofnunin til framanritaðrar umfjöllunar um gildi jarðefna á hafsbotni fyrir sveitarfélög og atvinnulíf. Ekki eru gerðar athugasemdir við að siglingar hafi forgang innan viðkomandi svæða en stofnunin telur mikilvægt að möguleiki verði til að heimila efnistöku ef hentugt efni er þar að finna. Þekkt eru dæmi um slíkt, t.a.m. leyfi til efnistöku austur af Engey í Kollafirði, sbr. leyfi nr. OS-2021-L009-01, þar sem megin siglingarleið til Sundahafnar liggur um hluta efnistökusvæðis og gerðu Faxaflóahafnir ekki athugasemdir við þá tilhögun sem þar er tilgreind. Þar er tilgreint (í 4. mgr. 5. gr. leyfis) að leyfishafi skuli virða rétt skipa á skilgreindri innsiglingarleið til og frá Sundahöfn og gæta þess við efnistöku að ekki sé trufluð sigling nokkurs skips á siglingu til og frá hafnar. Vísar Orkustofnun jafnframt til þess að réttur skipa á siglingu eftir afmarkaðri siglingaleið er ótvíræður gagnvart efnistöskupi. Sömuleiðis vísar stofnunin til þess að dýpkunarframkvæmdir falla undir efnistöku og getur það því verið hamlandi fyrir þróun hafna og siglingaleiða ef ekki er heimil efnistaka innan SI svæða.

Leggur Orkustofnun því til að skilmálum SI nýtingarflokks verði breytt með vísan til framanritaðra málsraka.

#### *Staðbundin nýting (SN)*

Skv. almennu skipulagsákvæði er ekki gert ráð fyrir orkuvinnslu innan SN skipulagsreita. Orkustofnun gerir í sjálfu sér ekki athugasemdir við þá skipan miðað við núverandi stöðu, en bendir á að þegar betri upplýsingar liggja fyrir um hagkvæmni mismunandi orkuvinnsluáðferða geti sú staða komið upp að slíkir kostir þyki hagkvæmir innan tilgreindra SN reita. Verður að mati Orkustofnunar að liggja fyrir möguleiki á hagkvæmnigreiningu þannig að nýting hafsvæðisins sé til þjóðhagslegrar hagkvæmni. Orkustofnun teldi a.m.k. skynsamlegt að opna á þann möguleika.

#### *Umhverfi og náttúra (UN)*

Orkustofnun bendir á að víða geta verið verðmæt jarðefni sem hagar er að nýta, sbr. umfjöllun hér framar. Tryggja ber að skipulagsákvæði þessa nýtingarflokks takmarki ekki um aðgengi sveitarfélaga til efnistöku af hafsbotni. Stofnunin telur mikilvægt að ekki séu sett óþarfa höft á möguleika sveitarfélaga til þróunar og framkvæmda. Ekki eru gerðar athugasemdir við að á skilgreindum UN svæðum sé gætt aukinnar varúðar, eftir því sem við á hverju sinni. Hér má m.a. tilgreina að mörg verðmæt fuglasvæði (fuglabjörg) eru einungis viðkvæm hluta úr ári og ef þannig skipast mál er t.a.m. hægt að afmarka starfsemi, t.d. efnistöku, til þess hluta árs sem áhrif eru takmörkuð. Sama á við um svæði sem NÍ hefur lagt til að fari í B hluta Náttúruminjaskrár, en mikilvægi sumra þeirra svæða er tímabundið og ekki verður séð að efnistaka muni fortakalaust valda rýrnum umhverfisgæða eða vistgerða.



Í því sambandi bendir Orkustofnun og á að tilnefning Náttúrufræðistofnunar til svæða á B-hluta Náttúruminjaskrár hefur ekkert sérstakt lögformlegt gildi enda hefur hún ekki hlotið viðeigandi umfjöllun né staðfestingu, sbr. 13., 15. og 33. gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013. Orkustofnun telur því of geyst farið að veita (a.m.k. hluta) þeirra svæða þá vernd sem tilgreind er í framlagðri skipulagstillögu. Í gildi er Náttúruminjaskrá frá 1995, sbr. auglýsing nr. 63/1995 með síðari breytingum, enda er ítrekað vísað til hennar í texta skjalsins. Eðlilegt er að stuðst sé við þá skipan í skipulagstillögunni.

Virðingarfyllt,  
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson  
verkefnastjóri



Marta Rós Karlsdóttir  
sviðsstjóri

Skipulagsstofnun

Laugavegi 166  
105 Reykjavík

Reykjavík, 14. september 2022  
Tilv.:2207447 / HZ

### **Efni: Skipulagsmál - umsagnir um strandsvæðisskipulag Vestfjarða**

Fyrir liggja drög að strandsvæðisskipulagi Austfjarða og Vestfjarða. Er um að ræða þarfa og afbragðs góða vinnu sem unnin hefur verið af Skipulagsstofnun, undir stjórn viðkomandi svæðisráða. Talið var brýnt að hefja skipulagsgerð sem fyrst á þessum svæðum vegna mikillar eftirspurnar og fyrirsjáanlegra hagsmunaárekstra. Samgöngustofa hefur rýnt tillögurnar m.t.t siglingaöryggis og gerir þær athugasemdir sem hér fara á eftir.

Í drögunum eru lagðar út siglingaleiðir auk þess sem önnur starfsemi í fjörðum og flóum er einnig skipulögð. Á ýmsum stöðum í drögunum rekast siglingaöryggi og skipulögð eldisstarfsemi á. Má þar nefna Seyðisfjörð, Reyðarfjörð og Ísafjarðardjúp en á þessum stöðum hafa svæði undir fiskeldi verið skipulögð þannig að þau eru hindrun fyrir siglingar eftir hefðbundnum leiðum.

Vaxandi ásókn er í notkun strandsvæða við Ísland á sama tíma og umferð stórra skipa til hafna landsins hefur aukist. Óhjákvæmilegt er að hagsmunir rekist á þegar notkun hafsvæða þrengir að hefðbundnum siglingaleiðum, jafnvel þannig að siglingaöryggi sé ógnað.

Sérstakar siglingaleiðir hafa hingað til ekki verið ákvarðaðar við Ísland, fyrir utan aðskildar siglingaleiðir við Reykjanes en öruggar leiðir hafa verið markaðar með sjómerkjum. Rétt er að hafa í huga að ekki hefur verið talin þörf á skilgreiningu sérstakra siglingaleiða víðast hvar en nú þegar sífellt meira pláss fjarða er nýtt fyrir ýmsa starfsemi, s.s. fiskeldi, er orðið ljóst að þörf er á ákvörðun siglingaleiða á ýmsum svæðum til að tryggja öryggi siglinga.


Áformað er að skilgreina siglingaleiðir, þar sem þess er þörf. Á grundvelli 4. gr. laga um Samgöngustofu segir m.a.: „*Samgöngustofa ákveður kröfur um öryggi samgöngumannvirkja ásamt því að kveða á um skipulag umferðar- og leiðsögukerfa í lofti og á láði og legi.*“ Íslensk stjórnvöld geta ákvarðað slíkar siglingaleiðir og fyrirkomulag umferðar á innsævinu, þ.e.a.s innan grunnlína, skv. lögum nr. 41/1979 um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, án aðkomu alþjóðastofnana.

Stofnunin telur að vinna þurfi frekar að ákvörðun siglingaleiða, þar sem þess er þörf, ásamt því um leið að skilgreina aðferðir sem beitt er við slíka ákvörðun. Stofnunin hefur því fengið til liðs við sig sérfræðinga úr ýmsum áttum til að vinna að þessu verkefni, auk þess sem

stuðst er við efni erlendis frá. Ljóst er að sú vinna mun taka einhvern tíma en ráðgert er að hraða henni eins og kostur er. Í kjölfarið þarf að ákveða siglingaleiðir, þar sem þess er þörf og hvernig sjómerkjum verður hagað til að tryggja öryggi siglinga.

Samgöngustofa vill einnig minna á að Ísland hefur í reglugerð 614/2014 um útnefningu skipaafdrepa á Íslandi skilgreint ákveðin svæði sem skipaafdrepp og þarf því að vera til athafnasvæði í fjörðum fyrir þau.

Virðingarfyllt



Halldór Ó. Zoëga

Deildarstjóri siglinga- og hafnaeftirlits



Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir

Deildarstjóri lögfræðideildar

Skipulagsstofnun

Laugavegi 166  
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. Október 2022  
Tilv.:2207447 / HZ

### **Efni: Skipulagsmál - umsagnir um strandsvæðisskipulag Austfjarða**

Vegagerðin og Samgöngustofa hafa rýnt frekar fram komnar tillögur að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða og Austfjarða með siglingaöryggi að leiðarljósi og telja mjög brýnt að koma að frekari athugasemdum vegna tillagnanna, umfram þær sem áður höfðu verið sendar inn.

Telja stofnanirnar mjög brýnt að veittur verði frekari frestur til þess að skoða þau svæði sem tilgreind eru hér neðar í þessu bréfi með tilliti til siglingaöryggis en ljóst er að öryggi siglinga hefur á tilteknum svæðum í tillögunum verið vikið til hliðar fyrir svæði fyrir staðbundna nýtingu undir eldissvæði. Sum eldissvæðin hafa í tillögunum verið merkt í hvítum ljósgeirum vita, en fortakslaust er að sigling í hvítum geira á að vera hindranalaus og örugg. Eins hafa nokkur eldissvæði verið merkt ofan í hefðbundnar, almennar siglingaleiðir. Að mati Samgöngustofu ber siglingaöryggi að hafa afgerandi forgang við skipulagsgerð.

Samkvæmt Alþjóðasamningi um öryggi mannlífa á hafinu, svokallaðri SOLAS samþykkt, skal, skv. 2. mgr. 13 gr. í V. kafla, taka mið af alþjóðlegum tilmælum og viðmiðunarreglum þegar sett eru upp sjómerki til að sjófarendur upplifi kerfið sem einsleitt og það virki á sama hátt á alþjóðavísu. Ísland hefur fullgilt samninginn og hefur hann haft gildi hér frá 16. október 1983. Þannig ber að fylgja tilmælum og viðmiðunarreglum alþjóðavitasamtakanna IALA, sem tilgreina í viðmiðunarreglu IALA G1041<sup>1</sup> um geiraljós, að **hvítur geiri merki örugga leið (e. white sector indicates safe passage)**.

Vegagerðin og Samgöngustofa eru þær stofnanir sem fara með framkvæmd laga um vitamál nr. 132/1999. Sé óskað eftir því að setja upp leiðarmerki fyrir sjófarendur skal gerð þess og staðsetning ákveðin í samráði við Vegagerðina og merkið má ekki taka í notkun fyrr en úttekt hefur farið fram af hálfu Samgöngustofu, sem sér þá um að merkið verði auglýst.

Rekstraraðilum eldiskvía ber að merkja kvíar með sjómerkjum, eins og tilgreint er í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 og viðhalda merkjum. S kv. lögum um vitamál nr. 132/1999 ber þeim

---

<sup>1</sup> <https://www.iala-aism.org/product/g1041/?download=true>



að vera í samráði við Vegagerðina um gerð og staðsetningu slíkra merkja og fá heimild Samgöngustofu fyrir að taka sjómerkið í notkun. Það hefur ekki verið gert.

Langflest slys á sjó verða vegna mannlegra mistaka<sup>2</sup> og er þörfin fyrir hæfilega fjarlægð kvía frá siglingaleiðum og hvítum geira ljósvita því raunveruleg.

Bent hefur verið á að almennt er ekki heppilegt að hafa eldissvæði í mikilli nálægt við höfða, þar sem þeir skaga út í sjó frá landi og þannig getur hent að fljótandi mannvirki, eins og eldiskvíar, sjáist ekki fyrr en komið er fyrir höfðann, sem skapað getur mikla hættu fyrir sjófarendur.

Verið er að vinna með markvissum hætti að ákvörðun siglingaleiða við Ísland, þar sem þess gerist þörf en Íslensk stjórnvöld geta ákvarðað slíkar siglingaleiðir og fyrirkomulag umferðar á innsævinu, þ.e.a.s innan grunnlína, skv. lögum nr. 41/1979 um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, án aðkomu alþjóðastofnana. Er vinnan unnin með aðkomu Landhelgisgæslunnar og fleiri hagaðila og miðar þeirri vinnu vel áfram.

Hér á eftir eru listuð upp þau eldissvæði í skipulagstillögunum sem á einhvern hátt ógna öryggi siglinga. Þau svæði er ekki hægt að taka í notkun, miðað við núverandi aðstæður og þarf að breyta drögunum eða leggja til viðunandi mótvægisáðgerðir áður en hægt er að skipuleggja svæðin fyrir eldi.

## **VESTFIRÐIR**

Ísafjarðardjúp.

SN21 er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Arnarnesi. Þar hefur skipulögð siglingaleið verið sveigð frá landi, frá viðtekinni siglingaleið.

SN23 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð fjær landi. Útlit svæðis er ekki heppilegt m.t.t. fyrirsjáanleika þegar siglt er meðfram kvínni þar sem hún er ekki samhverf og hún skagar í átt að siglingaleið meira á annan veginn en hinn þegar siglt er inn til Súðavíkur.

SN26 Er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Arnarnesi.

SN31 er í hvítum ljósgeira frá vitanum í Æðey.

SN32 er í hvítum ljósgeira frá vitanum í Æðey.

Álftafjörður/Súðavík

Skipulagt svæði SN24 þrengir verulega að siglingaleið og þröngvar skipum upp á grynningar austan í firðinum.

---

<sup>2</sup> [HUMAN ERROR-THE MAIN FACTOR IN MARINE ACCIDENTS](#)

### Önundarfjörður

SN19 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð fjær landi.

SN20 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð fjær landi.

Í firðinum sunnanverðum eru nú þegar svæði í notkun. Skipulag gerir ráð fyrir stækkun svæðanna með SN19 en einnig er lagt til að norðan í firðinum verði sett svæðið SN20. Þetta getur hugsanlega þrengt að siglingum inn fjörðinn. Hefðbundnar siglingaleiðir hafa verið færðar nær miðjum firðinum vegna svæðanna SN 19 og SN20.

### Dýrafjörður

SN15 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð í miðju fjarðarins.

SN18 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð í miðju fjarðarins.

Svæðin SN15 og SN18 valda því að hefðbundnar siglingaleiðir leggjast af og verða að fara nær miðjum firðinum.

### Arnarfjörður

SN6 er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Langanesi.

SN7 er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Langanesi.

SN8 er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Langanesi.

SN12 með leyfi fyrir efnistöku á kalkþörungaseti er mjög nálægt sjólögnum og gæti efnistakan valdið skemmdum á þeim.

### Tálknafjörður

SN5 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð í miðju fjarðarins.

### Patreksfjörður

SN1 er innan hvíta geirans frá Ólafsvita og er sett í hefðbundna siglingaleið og þrengir hugsanlega að siglingu inn til Patreksfjarðar.

## AUSTFIRÐIR

### Seyðisfjörður.

SN1 nær inn í hvítan ljósgeira frá Brimnesvita.

SN2 er mjög nálægt hvítum ljósgeira Brimnesvita.

Skipulögð siglingaleið inn Seyðisfjörð er mjó, um 500 metra breið.

Mjóifjörður.

SN4 er sett ofan á stað sem merktur er í sjókort sem sæstrengur.

Reyðarfjörður

SN5 hefur verið settur á hefðbundna siglingaleið inn fjörðinn og því ætlast til að umferð fari nær miðju en hefðbundið er.

SN6 er að hluta innan hvíts geira Vattarnesvita og þar með í siglingaleið.

SN7 er að hluta innan hvíts geira Vattarnesvita og þar með í siglingaleið.

SN8 er að hluta innan hvíts geira Vattarnesvita og þar með í siglingaleið.

SN10 er að hluta innan hvíts geira Vattarnesvita og þar með í siglingaleið.

SN11 er að hluta innan hvíts geira Vattarnesvita og þar með í siglingaleið.

Almennt gildir um Reyðarfjörð að svæði skipulögð fyrir fiskeldi þrengja að siglingaleið, sem færð hefur verið frá hefðbundinni leið í miðju fjarðar.

Fáskrúðsfjörður

S12 er að fullu innan hvíts ljósgeira Hafnarnesvita.

SN13 er að hluta innan ljósgeira Hafnarnesvita og hefur verið settur í hefðbundna siglingaleið og hún þá færð nær miðju fjarðarins.

SN14 er að fullu innan hvíts ljósgeira Hafnarnesvita.

Berufjörður.

SN16 er að hluta innan hvíts ljósgeira Karlstaðartangavita og er settur í hefðbundna siglingaleið, sem þá hefur verið færð nær miðju fjarðarins.

Virðingarfyllst

Halldór Ó. Zoëga

Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir

Deildarstjóri siglinga- og hafnaeftirlits

Deildarstjóri lögfræðideildar

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. september 2022  
UST202207-060/A.B.  
10.04.01

## Efni: Tillaga – Strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði og Vestfirði – Skipulagsstofnun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 5. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu fyrir strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði og Vestfirði.

Í greinargerð kemur fram að strandsvæðisskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði í fjörðum og flóum (utan netlaga) þar sem sett er fram stefna um framtíðarnýtingu og vernd svæðisins. Auk þess kemur fram að strandsvæðisskipulag getur þannig m.a. falið í sér stefnu um nýtingu svæða til eldis nytjastofna, efnistöku eða ferðaþjónustu, verndun eða samgönguleiðir.

Umhverfisstofnun fagnar því að loks sé strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði og Vestfirði að verða að veruleika.

Umhverfisstofnun minnir á umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða dags. 22. júní 2017.<sup>1</sup>

Í þessari umsögn er fjallað um strandsvæðisskipulagið í einni umsögn þar sem að ábendingar stofnunarinnar eiga almennt við um báðar tillögurnar nema annað sé tekið fram. Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðubúnir að koma á fund Skipulagsstofnunar og svæðisráðs og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

### 1. Vatn

#### *Stjórn vatnamála*

Í kafla 1.3 í greinargerð sem nefnist *Tengsl við aðrar áætlanir og áhrif á leyfisveitingar og aðra starfsemi* vantar að tengja strandsvæðisskipulagið við nýútgefna vatnaáætlun sem staðfest var af ráðherra í apríl sl. Vatnaáætlun er unnin á grunni laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn, þ.e. strandsjó, stöðuvötn, árósarvötn og straumvatn) og vistkerfi þess. Auk þess er markmiðið að hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Samkvæmt 28. gr. laganna

<sup>1</sup><https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Adrar-umsagnir/Frumvarp%20til%20laga%20um%20skipulag%20haf-%20og%20strandsv%20a6%20b0a%20-%20408%20m%20a11.pdf>

skulu opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og *samgangna*, vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Jafnframt segir í sömu grein að við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Rúm 2.400 yfirborðsvatnshlot og rúm 300 grunnvatnshlot hafa verið afmörkuð á Íslandi og er hvert þeirra með eigin umhverfismarkmið. Samkvæmt vatnaáætlun Íslands eiga öll yfirborðsvatnshlot að ná umhverfismarkmiðum sínum um að vera í að minnsta kosti góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Er þar átt við ákveðna líffræðilega, efna- og eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðapætti. Um 90% allra yfirborðsvatnshlota á Íslandi hafa verið metin í mjög góðu vistfræðilegu ástandi. Þessi vatnshlot hafa lítið eða ekkert þekkt álag, en sú flokkun gæti þó í einhverjum tilfellum breyst eftir því sem gögn um álag verða nákvæmari, eða ef álag kemur til með að aukast. Markmið laganna eru þau að hindra frekari rýrnun vatnsgæða og skal tryggja að ástand yfirborðsvatnshlota versni ekki. Það þýðir að vatnshlot má ekki falla niður um ástandsflokk. Þannig má vatnshlot sem er í *mjög góðu* vistfræðilegu ástandi ekki fara niður í ástandsflokkinn *gott* vistfræðilegt ástand. Komi til þess að ástand vatnshlots rýrni eða falli um ástandsflokk þarf sá sem ber ábyrgð á álaginu (rekstraraðili, sveitarfélag eða aðrir) að setja fram aðgerðir til að draga úr álaginu á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið og koma því aftur í sama horf.

Um 10% yfirborðsvatnahlota á Íslandi eru enn óflokkuð m.t.t. vistfræðilegs ástands en þetta eru vatnshlot sem hafa skráð álag vegna margskonar starfsemi t.d. vegna fiskeldis eða fráveitu. Í tilfelli þessara vatnshlota er mikilvægt að mælingar, vöktun og/eða rannsóknir leiði í ljós raunverulegt ástand. Það er hlutverk og ábyrgð þeirra aðila sem valda álaginu að sýna fram á að þeirra starfsemi sé ekki að valda rýrnun á vistfræðilegu eða efnafræðilegu ástandi vatnshlota sem nýtt eru t.d. sem viðtaki mengunar. Það getur verið bæði mun tímafrekara og kostnaðarsamara að bæta ástand vatnshlota þegar ástandið er orðið slæmt en að gera ráðstafanir til að viðhalda góðu ástandi. Um vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun fer samkvæmt ákvæðum starfsleyfis.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í köflum um *Takmarkaðar upplýsingar* að efla þurfi áframhaldandi rannsóknir og vöktun og þær upplýsingar nýttar í tengslum við núverandi nýtingu. Í dag er enn sem komið er ástand strandsjávvarhlotta ekki að fullu ljóst sér í lagi þeirra sem eru undir álagi en með vatnaáætlun er komið á afar skilvirku vöktunarkerfi (samræmt yfir allt landið í samræmi við þær kröfur sem hafa verið innleiddar í öðrum Evrópulöndum).

Í almennum skipulagsákvæðum fyrir reiti sem skilgreindir eru í nýtingarflokknum *Umhverfi og náttúra* segir að stuðla eigi að verndun umhverfis og náttúru á svæðinu en í því felst meðal annars að rýra ekki gæði strandsjávvar. Í umfjöllun um einstaka reiti í nýtingarflokknum *Lagnir og vegir* kemur fram þegar strengir liggja um svæði sem skilgreint er sem skipulagsreitur í nýtingarflokknum *Umhverfi og náttúra* að ekki eigi að rýra gæði strandsjávvar. Umhverfisstofnun bendir á að hér er hægt að túlka textann þannig

að í lagi sé að rýra gæði strandsjávar utan svæða sem eru í nýtingarflokknum *Umhverfi og náttúra*. Umhverfisstofnun bendir á að krafan um a.m.k. gott ástand vatnshlota gildir um öll vatnshlot, óháð landnotkunarflokki.

### ***Umhverfismat***

Í umhverfismati skipulagstillagnanna á bls. 9 er sýnd tafla fyrir umhverfisþætti, en undir kafla um strandsjó er gert ráð fyrir að skipulagið hafi óveruleg áhrif á strandsjó. Umhverfisstofnun bendir á það sem kemur fram hér að ofan að enn vantar gögn um ástand vatnshlota í strandsjó til að hægt sé að segja til um hvert er raunverulegt ástand þeirra. Leggja þarf mat á það hver áhrifin eru á vatnshlotin ef öll sú nýting sem ráðgerð er fer af stað.

Í kafla um *Heilbrigði og öryggi* vill Umhverfisstofnun koma því á framfæri að hreinsun á fráveituvatni er skammt á veg komin í þéttbýlum á Vestfjörðum og Austfjörðum og uppfylla færstar þeirra kröfur um hreinsun fráveituvatns og lagnir útrása. Fráveita er ekki aðeins losun lífrænna efna og næringarefna heldur einnig töluvert mikið magn af úrgangi bæði frá fólki sem hendir hlutum í salernin og með ofanvatni. Tölur sýna að magn rusls sé um hálf kg á hvern íbúa á ári. Slíkt hefur neikvæð áhrif á lífríki hafins sem og atvinnurekstur sem byggir á afurðum sem eiga að koma úr hreinu íslensku umhverfi. Ljóst er að hér þurfa sveitarfélög að fara í töluverðar úrbætur og þó að fráveitan sé allra jafnan innan netlaga þá getur áhrif frá fráveitu gætt lengra út í vatnshlotin.

Í kafla um *Strandsjó* vill Umhverfisstofnun benda á að álagsgreining vegna fyrstu vatnaáætlunar fór fram árið 2013 og síðar árið 2019 var bætt við álagi vegna fráveitu og fiskeldis. Sú greining byggir á gögnum frá ýmsum aðilum um álag á vatn. Vöktun í vatnshlotum sem eru notuð til viðmiðunar á góðu náttúrulegu ástandi er sett fram í vöktunaráætlun vatnaáætlunar. Eins og fram kemur hér að ofan þá fer vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun samkvæmt ákvæðum starfsleyfis. Samkvæmt aðgerðaáætlun vatnaáætlunar munu vatnshlot vera álagsgreind að nýju árin 2024-2025 sem hluti af vinnu við næstu vatnaáætlun Íslands (2028-2033). Á gildistíma fyrstu vatnaáætlunar verður unnið í aðgerðum vegna endurskoðunar starfsleyfa og vöktunaráætlana mengandi reksturs m.t.t. þeirra krafna sem lög um stjórn vatnamála setur.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem segir í umhverfismati þar sem fjallað er um samlegðaráhrif mismunandi áhrifaþátta, t.d. varðandi *Eldi og ræktun*, að þar sem svæðin liggja að annarri nýtingu þurfi að gæta sérstaklega að samlegðaráhrifum og hugsanlegum árekstrum í leyfisveitingum og vöktunaráætlunum. Einnig þarf að huga að samlegðaráhrifum með starfsemi á landi.

### ***Fráveita frá Ísafjarðarbæ (UN13)***

Í kafla 4 um líffræðilegan fjölbreytileika og ástand sjávar er vísað til krafna vatnaáætlunar en Umhverfisstofnun leggur til eftirfarandi viðbætur við textann til frekar skýringar:

Árið 2013 var unnið að álagsgreiningu fyrir vatnshlotin og var niðurstaðan að vatnshlotið Skutulsfjörður innri (101-1282-C) var metið í óvissu um að ná

umhverfismarkmiðum þar sem helsti álagsþáttur var óhreinsað fráveituvatn, sú óvissa stendur enn. Til þess að skera úr um óvissu í hlotinu þarf að fara fram vöktun á líffræðilegum gæðapáttum en slíkt hefur ekki verið gert í þeim tilgangi að aflétta óvissunni um ástand vatnshlotsins. Mælingar á forgangsefnum voru gerðar í vatnshlotinu árið 2019-2020 á mánaðarfresti og leiddu þær mælingar í ljós að efnafræðilegt ástand Skutulsfjarðar innri væri gott. Þær mælingar skera þó ekki úr um þá óvissu sem vatnshlotið er í vegna fráveituvatns (næringarefna).

Í greinargerð fyrir strandsvæðisskipulag Vestfjarða (bls. 36) er vísað til samfélagsáttmála sveitarfélaga á Vestfjörðum um sameiginlega hagsmunagæslu í fiskeldi og tengdum atvinnugreinum. Þá skal hafa sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi sem í felst að efla þekkingu á fiskeldi og umhverfisþáttum. Umhverfisstofnun vill því vekja athygli á mikilvægi þess að rekstraraðilar sem valda álagi á vatnsauðlindina ásamt sveitarfélögum hlutist til um vöktun á ástandi strandsjávar í samræmi við kröfur stjórnar vatnamála til að tryggja framtíð bæði atvinnugreina í sjávarútvegi sem og vatnsauðlindarinnar. Lög um stjórn vatnamála kveða á um að sá sem veldur álagi skal vakta ástand vatnshlotsins og draga úr álagi þar sem þess er þörf. Þar sem um fleiri en einn rekstraraðila er að ræða á einu svæði væri hægt að vinna að sameiginlegri vöktun í viðtaka eða vatnshloti. Mikill hagur væri af slíku samstarfi.

### ***Losun efnis í hafið***

Varðandi *Strandsvæðisskipulag fyrir Vestfirði*, vekur Umhverfisstofnun athygli á að á skipulagsuppdrættinum eru svæði í Ísafjarðardjúpi merkt A15 og A16 en ættu að vera merkt sem A14 og A15 samkvæmt lýsingu á bls. 49 í greinargerð.

Í lýsingu á svæði A15, Utanvert Ísafjarðardjúp, segir m.a. í greinargerð að utan við Bolungarvík sé leyfi til losunar efnis í hafið. Ekki kemur nánar fram til hvaða leyfis er vísað. Umhverfisstofnun veitti með bréfi dags. 15. september 2021 leyfi til að varpað yrði í hafið austan við Bolungarvíkurhöfn allt að 16.000 m<sup>3</sup> af sandi úr höfninni vegna viðhaldsdýpkunar. Leyfið er afmarkast við þessa tilteknu framkvæmd.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur veitt Íslenska kalkþörungafélaginu leyfi til varps í hafið út af Kópanesi í Arnarfirði. Það kemur hins vegar ekki fram í umfjöllun um svæði A4 í greinargerðinni. Núgildandi leyfi var veitt árið 2020 fyrir ákveðnu magni af efni og hægt er að nálgast staðsetningu varpsstaðar hjá stofnuninni.

Í umfjöllun um almenn skipulagsákvæði vegna skipulagsreita í nýtingarflokknum *Siglingar* kemur meðal annars fram að „*almennt er ekki gert ráð fyrir haugsetningu innan reita fyrir siglingar en mögulegt er að veita slík leyfi að undangenginni umsögn hafnaryfirvalda þar sem ekki er mælt gegn slíkri nýtingu.*“ Umhverfisstofnun vekur athygli á að allt varp efna og hluta í hafið er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Notkun efnis í opna landfyllingu telst vera varp í hafið og er leyfisskyld, sbr. leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.



### ***Svæðisskipulag Austfjarða - El Grillo***

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að við skipulag nýtingar innan Seyðisfjarðar verði tekið tillit til þeirrar mengunarhættu sem stafar af skipinu El Grillo. Í umhverfismatsskýrslu fyrir strandsvæðisskipulag Austfjarða segir meðal annars: „*Olía hefur lekið úr skipinu og ekki tekist að koma í veg fyrir frekari leka.*“ Þar segir einnig: „*Olíuleki úr skipsflakinu El Grillo getur haft áhrif á útfærslu valkostar hvað varðar verndun, staðbundna nýtingu, veiðar og aðra þætti s.s. ferðaþjónustu og útivist.*“

Umhverfisstofnun bendir á að gripið hefur verið til aðgerða til að stöðva leka frá skipsflakinu, samanber aðgerðir sem Landhelgisgæsla Íslands sá um árin 2020 og 2022 þar sem steipt var í tanka sem olía lak frá. Báðar aðgerðirnar tókust vel. Mengunarhætta er þó ennþá til staðar þar sem töluverð olía er enn um borð í skipinu. Því er fyrirhugað að Landhelgisgæsla Íslands kanni árlega ástand skipsins og að til staðar verði mengunarvarnabúnaður hjá Seyðisfjarðarhöfn til að bregðast við ef mengunar verður vart. Nauðsynlegt er að tryggja gott aðgengi að skipsflakinu vegna þessa og öruggar siglingaleiðir, ásamt því að taka tillit til þessa við nýtingar svæðisins.

### ***Siglingaleiðir***

Í greinargerðum með svæðisskipulagstillögunum segir meðal annars: „*Í strandsvæðisskipulagi, í tengslum við verndaráform, er tilefni til að taka afstöðu til þess hvort takmarka þurfi umferð skemmtiferðaskipa á viðkvæmum svæðum eins og við fuglabjörg.*“ Þrátt fyrir það er í skipulaginu ekki að finna neina stefnumörkun þar að lútandi. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að mörkuð verði stefna um aðgang skemmtiferðaskipa að svæðum utan hafnarsvæða. Jafnframt þarf að setja reglur um umferð léttbáta og skipabáta og landtöku farþega skipanna utan hafnarsvæða. Skoða þarf hvort skilgreina á tiltekna áfangastaði fyrir skemmtiferðaskip og hvaða svæði henta fyrir móttöku farþega frá stærri skipum og innviðaupbyggingu í því sambandi. Einnig þarf að huga að loftmengun, siglingum við fuglabjörg út frá verndun fugla og brádamengunarhættu. Umhverfisstofnun vekur enn fremur athygli á að auk siglinga skemmtiferðaskipanna sjálfra færast í vöxt að í þeim séu kafbátar sem ætlaðir eru til siglinga með farþega. Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á að stofnunin ásamt Samgöngustofu og Landhelgisgæslu Íslands gaf út árið 2019 leiðbeiningarit fyrir stjórnendur farþegaskipa sem koma til Íslands. Í ritinu er samantekt á þeim lögum, reglum og tilmælum er varða siglingar farþegaskipa hér við land. Leiðbeiningaritið var uppfært og endurútgefið árið 2022.

Samkvæmt lýsingum á svæðum í greiningerð með *Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða* eru þess dæmi að svæði fyrir staðbundna nýtingu hafi áhrif á siglingar/siglingaleiðir, sbr. til dæmis umfjöllun um SN15, SN18, SN20 og SN21, en í lýsingu á síðastnefnda svæðinu segir:

„*Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 fer töluverð umferð skipa um reitinn, jafnt minni sem stærri skipa á bilinu 50.000 til 99.999 tonn. Siglingaleið mun því færast nær miðju Ísafjarðardjúps. Aðliggjandi er skipulagsreitur fyrir Siglingar, SI6.*“



*Reiturinn er að hluta innan siglingageira Arnarnesvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.“*

Í greinargerð með *Strandsvæðisskipulagi Austfjarða* er einnig dæmi þess að gert sé ráð fyrir að umferð skipa færist vegna reita fyrir staðbundna nýtingu og að reitur sé að hluta innan ljósgeira vitaljósa.

Umhverfisstofnun telur að ef sú starfsemi sem skilgreind er innan reita fyrir staðbundna nýtingu eigi að hafa forgang fram yfir aðra nýtingu þá verði að meta hvaða áhrif breyttar siglingaleiðir og nálægð við starfsemina hafi, bæði á siglingaöryggi og mögulega mengunarhættu. Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í greinargerðum skipulagstillagnanna að í strandsvæðisskipulagi sé mikilvægt að skilgreina hindrunarlaus svæði sem ætluð eru til siglinga til þess að tryggja örugga og greiða leið í og úr höfn.

## **2. Fiskeldi**

### ***Almenn nýting og fiskeldi***

Í greinargerðunum, þar sem fjallað er um skipulagsreiti í nýtingarflokknum *Almenn nýting (A)*, kemur fram að heimilt sé að vera með staðbundna auðlindanýtingu, svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, efnistöku og ræktun, slátt sjávargróðurs og sambærilega nýtingu innan þeirra reita að teknu tilliti til hagsmuna almennrar nýtingar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fiskeldi sé innan skipulagsreitsins *Staðbundin nýting (SN)*. Með því sé fyrirsjáanleiki og skýrleiki aukinn.

### ***Afmörkun fiskeldissvæða***

Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfum fyrir fiskeldi í sjó eru leyfileg eldissvæði afmörkuð með hnitum. Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að reitir í *Staðbundin nýting* séu rétt staðsettir og hnitsettir svo hægt sé að ganga úr skugga um að eldissvæði í starfsleyfum séu innan reita, sé ætlunin að fiskeldi sé einungis staðsett innan *Staðbundin nýting* reita.

Auk þess bendir stofnunin að mikilvægt sé að yfirfara uppdrátt að því marki að hann sé í samræmi við nágildandi leyfi nema ætlunin sé að fiskeldið sem er nú þegar þar til staðar víki fyrir annarri nýtingu.

### ***Víkjandi starfsemi***

Í skipulagstillögunum er gert ráð fyrir að fiskeldi sé á nokkrum stöðum víkjandi og að ekki verði um endurnýjun eða útgáfu á nýju leyfi. Ástæða þess er m.a. að fiskeldið getur valdið tjóni á fjarskiptastrengjum og að talið er að starfsemin samræmist ekki nýtingu svæðis.

Starfsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út gilda almennt í 16 ár í samræmi við 1. málsl. 2. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 15. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 skal allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir að vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum og lögum um

skipulag hafsvæða. Þar sem starfsleyfi eru gefin út til tiltekins tíma er Umhverfisstofnun heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef breytingar verða á skipulagi, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Starfsleyfi geta jafnframt verið endurskoðuð og þeim breytt ef breytingar verða til að mynda á mengunarvörnum, umfangi eða eldisbúnaði í fiskeldi.

Umhverfisstofnun bendir á að í lögum nr. 7/1998 er ekki mælt fyrir um endurnýjun starfsleyfis heldur endurskoðun. Þá er af 6. gr. laganna ljóst að gerður er greinarmunur á því hvort um ræði útgáfu nýs starfsleyfis, sbr. 1. mgr. eða endurskoðun og breytingu gildandi starfsleyfis, sbr. 2. mgr., einnig 14. og 15. gr. laganna. Útgáfa nýs starfsleyfis getur einungis átt sér stað þegar umsóknaraðili hefur ekki gilt starfsleyfi fyrir þeirri starfsemi sem hann sækir leyfi fyrir, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 43/2021 (Eldsneytisbirgðastöð). Rekstraraðilar sem eru með gildandi starfsleyfi fá því ekki gefin út ný leyfi heldur eru þau almennt endurskoðuð.

Verði tillagan óbreytt gæti það leitt til þess að fiskeldið muni ekki víkja á sumum stöðum fyrr en eftir mörg ár eða allt að 16 árum sem mætti segja að fari gegn markmiðinu, þ.e. að vernda fjarskiptastrengi. Þá er það óskýrt hvenær um endurnýjun sé að ræða þar sem lögin gera ráð fyrir endurskoðun starfsleyfis. Þó er mikilvægt að taka fram að ekki er æskilegt að breyta orðalaginu með því að segja að ekki verði um endurskoðun leyfa þar sem endurskoðun getur falið í sér breytingu á mengunarvörnum, umfangi, kennitölu eða eldisbúnaði en slíkar breytingar eru tíðar í starfsleyfum fyrir fiskeldi. Þá gæti það haft letjandi áhrif á að rekstraraðilar að skipta yfir í umhverfisvænni lausnir, t.d. búnað.

Stofnunin leggur til að setja fram tímamörk í skipulaginu sem felst í því að fyrir þann tíma skuli starfsemin víkja. Samkvæmt 40. gr. laga nr. 7/1998 skulu rekstraraðilar atvinnurekstrar, sbr. viðauka I-IV, tryggja að starfsemi þeirra sé rekin í samræmi við ákvæði laganna, reglugerða settum samkvæmt þeim og starfsleyfisskilyrðum. Ef frávik verða er þeim fylgt eftir í eftirliti og eftir atvikum með þvingunarúrræðum eða viðurlögum. Loks má benda á að mikilvægt er að gæta jafnræðis og tryggja að fyrirkomulagið verði skýrt og fyrirsjáanlegt.

### ***Umhverfismat framkvæmda***

Afmörkun reita fyrir staðbundna nýtingu þar sem ekki liggur fyrir leyfi til fiskeldis kunna að stangast á við áherslur í náttúruvernd, sbr. til dæmis reit SN26 fyrir strandsvæðisskipulag Vestfjarða sem er inni á svæði sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár en þar nærri er eyjan Vigur sem er vinsæll viðkomustaður ferðamanna.

B-hluti náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Tillögur að svæðum á B-hluta náttúruminjaskrár hafa verið birtar á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við

sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila áður en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila. Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar til hliðsjónar við skipulagsgerð.

Í greinargerð kemur fram að taka þurfi afstöðu til þátta, líkt og t.d. ásýndar eða fuglalífs, á hverju svæði fyrir sig við útgáfu starfsleyfa fyrir fiskeldi. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þetta þar sem að stofnunin tekur nú þegar afstöðu á grundvelli umhverfismats framkvæmda til þátta líkt og ásýndar, fugla- og dýralífs, lífríkis og vöktunar á því.

### ***Staðbundin nýting***

Í greinargerð strandsvæðisskipulags Vestfjarða kemur fram að á reitum SN3, SN8, SN14, SN21, SN23, SN25, SN26, SN27 og SN32 liggja fyrir umsókn um leyfi til fiskeldis, auk umsóknar til viðbótar við nógildandi leyfi innan reitar SN33. Hið rétta er að nú þegar eru í gildi starfsleyfi til fiskeldis á reitum SN3, SN8, SN14, SN25 og SN27 en umsóknir liggja fyrir um leyfi til fiskeldis á reitum SN21, SN23, SN26, SN32, sem og SN33.

Í greinargerðinni kemur einnig fram að tvö leyfi til fiskeldis séu innan reitar SN19. Einungis eitt starfsleyfi er í gildi innan reitar SN19.

Fram kemur í sérákvæðum vegna skipulagsreitar SN20 að áform séu um að sækja um leyfi til fiskeldis. Umhverfisstofnun bendir á að ekki liggja fyrir umsókn um fiskeldi á svæðinu, sem hafi uppfyllt þau skilyrði sem sett voru í bráðabirgðaákvæði laga nr. 71/2008 um fiskeldi, sbr. 24. gr. b. laga nr. 101/2019. Því skal Hafrannsóknarstofnun ákveða skiptingu fjarða eða hafsvæða í eldissvæði sbr. 1. mgr. 4. gr. a. og ráðherra úthluta eldissvæðum sbr. 2. mgr. 4. gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

### ***Hlutverk Skipulagsstofnunar***

Í greinargerðum áætlananna kemur fram að ef vafi leiki á, leiðbeini Skipulagsstofnun um samræmi framkvæmda og starfsemi við strandsvæðisskipulagið. Mikilvægt sé að leyfisveitendur leiti umsagnar Skipulagsstofnunar um samræmi við strandsvæðisskipulagið þegar fjallað er um leyfisumsóknir. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreint ferli en telur að mikilvægt sé að skipulagsáætlanirnar séu skýrar um hvort leita skuli umsagnar Skipulagsstofnunar við allar leyfisveitingar vegna starfsemi á skipulagssvæðunum eða einungis þegar vafi leiki á um samræmi við skipulagið. Einnig má vera skýrara hvað átt er við með umfjöllun leyfisumsókna.

### ***Hafnarreglugerðir***

Umhverfisstofnun bendir á að rétt er að hafa í huga að í sumum hafnarreglugerðum er allur fjörðurinn undir, t.d. hafnarreglugerð fyrir Súðavík nr. 788/2015. Reglugerðirnar ná þá utan netlaga og sveitarfélagsmarka og inn á strandsvæðisskipulagið. Þá segir til að mynda í 3. gr. reglugerðar nr. 788/2015 að hafnarstjórn veitir leyfi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelda eðlileg hafnarstarfsemi.

### 3. Friðlýsingar, náttúruminjasrá og náttúruvernd

#### *Jökulfirðir*

Í skipulagstillögunni fyrir Vestfirði eru Jökulfirðir (UN19) skilgreindur sem reitur í nýtingarflokknum umhverfi og náttúra. Umhverfisstofnun tekur undir afmörkunina og eru að mati Umhverfisstofnunar vel skilgreind rök fyrir afmörkuninni í greinargerðinni.

Umhverfisstofnun bendir á að allt land umhverfis Jökulfirðina er á náttúruminjasrá og hluti þess er friðlýstur: þ.e. friðlandið á Hornströndum.

Umhverfisstofnun bendir á að leiðarljós fyrir friðlandið á Hornströndum er að vernda víðfeðmt svæði með einstakri náttúru og dýralífi þar sem kyrrð ríkir og innviðir eru ekki áberandi. Á svæðinu skulu náttúrulegir ferlar vera ríkjandi án afskipta manna, með það að leiðarljósi að komandi kynslóðir hafi tækifæri til að njóta þess að upplifa slík svæði.<sup>2</sup> Unnið er með svæðið sem óbyggð víðerni og öllum vélknúnum hávaða haldið í algjöru lágmarki. Strendur Jökulfjarða eru mjög hreinar og náttúran öll óspillt. Í heiminum eru orðin fá svæði sem ná að uppfylla þessi skilyrði og eru á sama tíma jafn aðgengileg gestum og raun ber vitni. Mikilvægt að varðveita fyrir komandi kynslóðir og fyrir vöxt ferðaþjónustu á svæðinu.

Áhrifin af iðnaði í Jökulfjörðum yrðu mun meiri í þessu umhverfi en í umhverfi sem nú þegar er manngerðara, með vélknúinni umferð, byggingum, vegum og áhrifum af lýsingu.

#### *Dynjandisvogur og Borgarfjörður*

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að skilgreina stærra hafsvæði sem náttúruverndarsvæði í þessum hluta Arnarfjarðar (af hverjum Dynjandisvogur og Borgarfjörður ganga inn af). Á svæðinu eru merkir staðir í bæði náttúruvafars- og menningarsögulegu tilliti og þangað leggur fjölmargt ferðafólk leið sína ár hvert. Ákjósanlegt er að allt hafsvæði innan línu sem dregin er frá Langanesi og norður yfir fjörðinn verði skilgreint sem náttúruverndarsvæði en bæði Dynjandi og Hrafnseyri eru innan auglýstra marka þjóðgarðs á Vestfjörðum sem áformað var að stofna árið 2021. Ef af þjóðgarði verður mun hann að líkindum auka enn á aðdráttarafl svæðisins.

Dynjandi er í hugum margra táknmynd fyrir Vestfirði og svæðið er fjölsóttasti áfangastaður ferðamanna utan þéttbýla á Vestfjörðum. Fegurðargildi fossins og umhverfis hans er hátt en frá gönguleiðinni meðfram Dynjandisá og frá Dynjanda sjálfum er stórfenglegt útsýni yfir fjörðinn og mikilvægt að ekki sé dregið úr upplifun gesta af óspilltri náttúru með nýtingu sem er framandi í þessu umhverfi.

Hrafnseyri er fæðingarstaður Jóns Sigurðssonar og þar er starfrækt sýning sem helguð er minningu hans og kaffihús á sumrin. Staðurinn hefur því mikið aðdráttarafl fyrir gesti.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að huga þarf að stefnu um umferð og landtökur skemmtiferðaskipa um voginn. Skortur er á gögnum um tíðni umferðar

<sup>2</sup> Sjá leiðarljós á bls. 6 í stjórnumar- og verndaráætlun friðlandsins á Hornströndum.

skemmtiferðaskipa og landtöku, stærð skipa, athafnir farþega og fleira. Enn fremur skortir rannsóknir á áhrifum þessarar umferðar á loftgæði og lífríki í fjörunni sem og fuglalíf.

### ***Framkvæmdir utan friðlýstra svæða***

Í skipulagstillögunum er fjallað um hvort framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif inn á friðlýstu svæðin. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þarf að leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt ef framkvæmdir geta haft áhrif á verndargildi svæðanna, eins og segir í greininni; „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*

### ***Verndarsvæði í hafi***

Í greinargerð með strandsvæðisskipulaginu segir meðal annars (bls. 16): „*Rannsókn hefur staðið yfir á neðansjávarminjum við Ísland síðan 2010 og er markmið hennar meðal annars að fá yfirlit yfir fjölda, eðli og ástand neðansjávarminja við landið. Í rannsókninni er lögð áhersla á skipsflök og minjar við verslunarstaði og hvalveiðistöðvar.*“ Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að ekki kemur nánar fram um hvaða rannsókn er að ræða né heldur hvenær niðurstaðna er að vænta.

Umhverfisstofnun bendir á að Ísland er aðildarríki að samningi um líffræðilega fjölbreytni. Aðildarríki samningsins samþykktu 20 heimsmarkmið árið 2010, sem kallast Aichi-markmiðin, meðal annars er kveðið á um að vernda eigi að minnsta kosti 10% hafsvæða fyrir árið 2020.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur umsjón með framkvæmd samningsins hér á landi. Ríkjum ber að setja ýmis ákvæði samningsins inn í lög landsins og er það að stórum hluta gert í lögum um náttúruvernd, lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og nokkrum öðrum lögum.

Umhverfisstofnun leggur til að við vinnslu skipulagsins verði metið hvort tilefni er til að skilgreina frekar verndarsvæði í hafi.

### ***Afmörkun náttúruminja***

Á uppdrætti eru á reitum sem skilgreindir eru í nýtingarflokknum *Umhverfi og náttúra (UN)* gert ráð fyrir verndun sérkenna viðkomandi svæðis vegna landslags eða náttúrulegs, sögulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um formlega friðun sé að ræða.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í Strandsvæðisskipulagi Austfjarða liggur reitur SN7 að friðlandi Gerpissvæðisins. Umhverfisstofnun telur æskilegt að Gerpissvæðið fái UN flokkun þar sem að svæðið er verndað vegna landslags.<sup>3</sup>

<sup>3</sup> <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/friðlyst-svaedi/austurland/gerpissvaedid/>

### ***Sérstök vernd náttúruverndarlaga***

Í umhverfisskýrslum er fjallað um vistgerðir sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun bendir á eðlilegra er að tala um vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Umhverfisstofnun bendir á að m.a. njóta leirur sérstakrar verndar. Leirur eru austan Sandodda innst í Patreksfirði og í botni Tálknafjarðar. Auk þess eru leirur í botni Hamarsfjarðar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skoðað sé hvort að tilefni sé til að skilgreina öll leirusvæði sem UN svæði.

## **4. Aðrir þættir**

### ***Almenn nýting***

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að fjalla þarf nánar um hvort skotveiði falli undir hefðbundnar nytjar eða útivist á reitum *SI* og *A* í skipulagstillögunum en þar segir: „...*gert ráð fyrir almennri nýtingu strandsvæða, svo sem til atvinnuveiða, ferðaþjónustu og útivistar ásamt hefðbundnum nytjum til einkanota, og skal aðstæðum til almennrar nýtingar viðhaldið.*“

### ***Umhverfismat***

Í umhverfismati kemur fram að í tillögunni segi að spáð sé hækkun sjávarborðs og aukinni úrkomuákefð. Auk þess kemur fram að hækkað hitastig sjávar geti valdið breytingum á lífríki og haft áhrif á nýtingu strandsvæða, staðbundna nýtingu og atvinnuveiðar.

Í greinargerð kemur fram að áhrif tillögunnar vegna loftslags séu metin óveruleg. Umhverfisstofnun telur ekki tilefni til að segja að umhverfisáhrif á loftslag séu óveruleg í ljósi þeirrar óvissu sem ríki og ætti því að skilgreina sem óviss áhrif. Stofnunin bendir t.a.m. á að reikna má með losun gróðurhúsalofttegunda þegar seyra er losuð í sjó, annars vegar vegna losunar metans í loftfirrðum aðstæðum og hins vegar vegna losunar á N<sub>2</sub>O.<sup>4</sup>

### ***Umhverfisviðmið***

Umhverfisstofnun bendir á að endurskoða mætti töflu 2.1 í umhverfismatinu þar sem að mati stofnunarinnar vantar ýmis atriði. Til að mynda mætti undir umhverfisþættinum *auðlindir* tiltaka umhverfisvísinn *mengandi starfsemi* eins og er gert undir umhverfisþættinum *strandsjór*. Einnig ætti að fella umhverfisvísinn *efnistaka og haugsetning* undir *strandsjó* eins og er gert undir *auðlindir*. Þá vantar tilvísun í lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til dæmis undir kaflanum *heilbrigði og öryggi*, en löggin eru stoð fyrir reglugerðum sem fjalla nánar um fráveitur og loftgæði. Undir kaflanum loftslagsbreytingar vantar tilvísun í lög nr. 70/2012 um loftslagsmál en aðgerðaáætlun stjórnvalda og stefna stjórnvalda er gerð á grundvelli þeirra laga.

---

<sup>44</sup><https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Greinarger%c3%b0%20um%20aukna%20s%c3%b6fnun%20seyru%20og%20losun%20GHL%20jan2022.pdf>

***Gildistími***

Umhverfisstofnun telur skýrara ef skipulagið hefur tiltekinn gildistíma, eins og skipulagsáætlanir hafa almennt, sérstaklega að teknu tilliti til svæða þar sem í sérákvæðum er tilgreind víkjandi starfsemi.

Virðingarfyllst,

Sigrún Ágústsdóttir,  
*forstjóri*

Hulda Soffía Jónasdóttir,  
*sérfræðingur*



Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík  
hafskipulag@skipulag.is  
Bt.

Dags. 15. 09. 2022  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2022-0138

Með erindi dags. 6. júlí 2022 sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands vegna strandsvæðisskipulags Vestfjarða.

Mikil og metnaðarfull vinna hefur verið lögð í þetta ferli.

Umsögn Veðurstofunnar er eftirfarandi:

Rétt er að leggja áherslu á ofanflóðahættuna í strandsvæðisskipulaginu, en í 16. gr. í reglugerðar 505/2000 segir:

*Ef gildandi svæðis- og/eða aðalskipulag er ekki í samræmi við gert hættumat skal endurskoða skipulagið þannig að það verði í samræmi við hættumatið. Hættumati skal skila inn sem fylgiskjali með tillögu að svæðis- og aðalskipulagi þar sem það á við. Skipulagsáætlanir fyrir svæði utan þéttbýlis skulu ætíð samþykktar og/eða staðfestar með fyrirvara um hugsanlega ofanflóðahættu sem ljós kann að verða við hættumat á einstökum svæðum, sbr. 1. mgr. 8. gr.*

*Taka skal fullt tillit til hættumats við alla skipulagsgerð. Við endurskoðun aðalskipulags skal sveitarstjórn meta hvort ástæða sé til að endurskoða hættumat.*

*Óheimilt er að skipuleggja íbúðabyggð, frístundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfsemi á áður óbyggðum svæðum nema tryggt sé að áhætta fólks m.t.t. ofanflóða verði ásættanleg, sbr. 11. gr.*

Einnig bendir Veðurstofan á að sviðsmyndirnar sem lýst er í viðauka 3: sviðsmyndagreining taka ekki tillit til tímaramma og því er óraunhæft að gefa einkunn út frá loftslagsbreytingu. Það er villandi að tala um að áhættan sé óveruleg í umhverfismatinu en benda svo á í strandsvæðisskipulaginu að “Fyrirsjáanlegt er að umhverfisbreytingar af völdum loftslagsbreytinga muni hafa áhrif á umhverfi og vistkerfi sjávar á skipulagssvæðinu með hlýnun og súrnun sjávar og hækkun sjávarborðs” (bls. 12 í strandsvæðisskipulagi).

Hvað einstaka þætti varðar leggur Veðurstofan til að:

- Í Umhverfismatinu tafla 2.1 undir liðnum Heilbrigði og öryggi bæta við: “lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.”
- Í Umhverfismatinu tafla 2.1 undir liðnum Loftslagsbreytingar er lagt til að bæta við upplýsingum um aðlögun í umhverfisviðmið og bæta við í umhverfisvísa :“Möguleg aukning á ofanflóðahættu”
- Í Strandsvæðaskipulaginu kafla 2.1 bls. 12 bæta við í næst síðustu málsgreininga: “Einnig geta loftslagsbreytingar haft í för með sér aukna ofanflóðahættu.”

- Í kafla 7.2 í síðustu málsgrein má bæta við í setninguna: “Þetta getur t.d. varðað *ofanflóðahættu, sjávarflóð, sjávarstöðubreytingar ...*”
- Bæta þarf upplýsingagjöf um aðlögun vegna loftlagsbreytinga í strandsvæðisskipulaginu og umhverfismatinu.
- Endurskoða einkunnagjöf um loftslagsbreytingar.

Virðingarfyllt,



Árni Snorrason

Forstjóri Veðurstofu Íslands



## Hrafnkell Ásólfur Proppé

Sviðsstjóri, svið stefnumótunar og miðlunar

Skipulagsstofnun

Borgartún 7b, 105 Reykjavík

[Hrafnkell.proppe@skipulag.is](mailto:Hrafnkell.proppe@skipulag.is)

[hafskipulag@skipulag.is](mailto:hafskipulag@skipulag.is)

## Tillaga að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða

Vegagerðin hefur yfirfarið tillögu svæðisráðs að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða, dagsettu í júní 2022 og gerir eftirfarandi athugasemdir.

### Efnistaka

Hér er gert ráð fyrir að efnistaka falli undir nýtingarflokkinn *Staðbundin nýting (SN)*. Í töflu 4 eru tilgreindir efnistökurreitir fyrir efnistöku kalkþörungasetts. Hins vegar er ekki tilgreind efnistaka við Hatteyri úr Álftafirði sem notuð hefur verið til að afla steypuefnis fyrir steypustöðina á Ísafirði. Þessar upplýsingar koma hins vegar fram í umfjöllun um nýtingarflokkinn *Almenn nýting (A)* í töflu 5.

### Merkingar sjókvíaeldisstöðva

Vegagerðin hefur það hlutverk að byggja upp, viðhalda og reka samgöngukerfi ríkisins m.a. með rekstri og viðhaldi vita og sjómerkja. Þannig er í lögum um vitamál nr. 132/1999 kveðið á um skyldu Vegagerðarinnar til að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis í siglingum við Íslandsstrendur. Til slíkra leiðbeininga teljast m.a. vitar og önnur föst merki á landi sem og fljótandi leiðarmerki, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna,

Vegagerðin lítur svo á að merkingar á sjókvíaeldum falli þarna undir, enda þjóni þau sama tilgangi og önnur merki sem talin eru upp í dæmaskyni í lögum um vitamál, enda er merkingum á sjókvíaeldum ætlað sama hlutverk, þ.e. að sjá sjófarendum fyrir leiðbeiningum vegna öryggis í siglingum.

Þannig getur Vegagerðin, skv. 8. mgr. 3. gr. sömu laga, kafið viðkomandi hafnarstjórn um að setja upp vita og önnur leiðarmerki sem Vegagerðin telur nauðsynleg til öryggis siglinga um viðkomandi hafnar svæði og skal gerð og staðsetning allra leiðarmerkja fyrir sjófarendur ákveðin í samráði við Vegagerðina sbr. 5. mgr. 3. gr. laga um vitamál. Skv. því ber þeim sem fengið hefur leyfi fyrir eldiskví að merkja svæðið í samráði við Vegagerðina, bæði hvað varðar gerð og staðsetningu sjómerkja og ber þeim að tilkynna Vegagerðinni um allar breytingar og bilanir á þeim enda skal Vegagerðin hlutast til um útgáfu upplýsinga um þau leiðbeiningakerfi (leiðarmerki) sem fyrir hendi eru og stuðla að útgáfu korta sem innihalda nauðsynlegar upplýsingar til sjófarenda svo þeir geti notað áður nefnd hjálpartæki.

Bent er á að í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020, sem sett er með stöð í lögum um fiskeldi nr. 71/2008, er einnig fjallað um merkingar sjókvíaeldisstöðva og skal af því tilefni bent á að samkvæmt almennum lögskýringarreglum ganga sett lög frammar reglugerðum sé efni þeirra ósamrýmanlegt og ganga lög um vitamál nr. 132/1999 þannig frammar ákvæðum um merkingar í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 og getur reglugerðin ekki leyst aðila undan skyldu skv. lögum um vitamál nr. 132/1999.

Í töflu 4, reitir í nýtingarflokki Staðbundin nýting (SN), kemur fram að þar sem leyfissvæði fiskeldis liggja að hvítum ljósgeira skuli eldistöð ekki vera nær mörkum en 50 metra.

Eins og fram kemur í kafla 5. Innviðir og orka, 5.1. Siglingar, liggja ekki fyrir skýr viðmið um afmörkun siglingaleiða í fjörðum fyrir aðrar en þær sem eru merktar með leiðarvitum sem merkja öruggar siglingaleiðir í hvítu ljósi, rauðu með hættusvæði fyrir siglingar og grænu með hættusvæði eða svæði sem er óæskilegt til siglinga, t.d. skipalægi.

Vegagerðin bendir er á að hægt er að endurskilgreina áður merktar siglingaleiðir (með leiðarvitum) miðað við breyttar forsendur með því að hnika til geirum vita, en þannig að siglingaleiðir séu ávallt öruggar og fullnægjandi fyrir þær siglingar sem leiðirnar eiga að þjóna, enda er það hlutverk Vegagerðar skv. lögum nr. 132/1999 að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis á siglingaleiðum við strendur landsins og sjá til þess að þessar siglingaleiðir séu rétt merktar og fullnægjandi.

Rétt er því að Vegagerðin sé umsagnaraðili við leyfisveitingar til að yfirfara merkingar sem áætlað er að setja upp.

Einnig þarf að fara fram áhættumat þegar merkingar eru settar upp til að meta umfang merkinga sem þurfa að vera til staðar miðað við þá áhættu sem er til staðar og þéttleika og tegund siglinga. Þær kröfur geta verið meiri eða minni en talið er upp í reglugerð 540/2020.

### **Akkerislægi**

Í kafla 4.2.1 kemur fram að á reitum sem skilgreindir eru í nýtingarflokk *Umhverfi og náttúra (UN)* geti akkerislægi átt við að teknu tilliti til verndarhagsmuna á viðkomandi reit.

Í kafla 5.2.1 kemur fram að á reitum sem skilgreindir eru í nýtingarflokki *Siglingar (SI)* sé ekki gert ráð fyrir akkerislægjum.

Í kafla 6.2.1 kemur fram að á reitum sem skilgreindir eru í nýtingarflokki *Staðbundin nýting (SN)* sé ekki gert ráð fyrir akkerislægjum.

Í kafla 6.2.2 kemur fram að akkerislægi geti verið á reitum fyrir *Almenna nýtingu (A)*. Enginn slíkur reitur er skilgreindur í töflu 5.

Á uppdráttum eru merktir **akkerisstaðir**, en í greinargerðinni er notað orðið **akkerislægi**. Betra væri að nota sama orðið um fyrirbærið í greinargerð og á uppdráttum.

Akkerisstaðir eru merktir á uppdráttum við Patreksfjörð, tveir staðir, við Bíldudal og við Ísafjörð. Þarna er ósamræmi milli greinargerðar og uppdráttar. Allir þessir akkerisstaðir/akkerislægi, nema innri staðurinn við Patreksfjörð, eru á uppdráttum merktir á reiti í nýtingarflokki *Siglingar*, en í *Almennum skipulagsákvæðum* fyrir þann nýtingarflokk kemur fram að þar sé ekki gert ráð fyrir akkerislægjum. Aftur er þarna ósamræmi.

### Skippaafdrepp

Skippaafdrepps er ekki getið í greinargerðinni.

Á uppdráttum er **skippaafdrepp utan hafnar** merkt undir Grænuhlíð í Ísfjarðardjúpi.

### Varp efna í hafið

Varp efna í hafið, einnig kallað losun efnis í hafið, er skilgreint undir flokknum *Almenn nýting (A)*.

Í töflu 5 er eitt slíkt skilgreint í lið A15 utan við Bolungarvík.

Vegagerðin hefur upplýsingar um að fengin hafi verið leyfi fyrir losun efna í hafið vegna dýpkunarframkvæmda í höfninni á Patreksfirði, en þess er ekki getið undir lið A2.

### Afmörkun svæða til siglinga

Í kafla 5.1 er fjallað um afmörkun á svæðum til siglinga og vitnað til reglna frá Kystverket í Noregi:

Samkvæmt leiðbeiningum Kystverket skulu afmörkuð svæði til siglinga almennt vera 1 km að breidd til að tryggja öruggar og greiðar leiðir, en taka þarf mið af aðstæðum á hverjum stað. Þar kemur einnig fram að í ákveðnum tilvikum sé tilefni til að skilgreina breiðara svæði fyrir siglingar en 1 km. Á það meðal annars við um umferð skipa sem eru stærri en 235 metrar á lengd eða 32 metrar á breidd, sérstaklega ef um er að ræða stór skemmtiferða- og flutningaskip. Sambærileg viðmið hafa ekki verið skilgreind af stjórnvöldum hér á landi og því er hér horft til framangreindra viðmiða Kystverket. Aðstæður í flestum fjörðum á Austfjörðum eru þannig að ekki er hægt að skilgreina svæði til siglinga sem eru 1 km á breidd. Er það annaðhvort vegna þess að þar er fyrir staðbundin starfsemi eða að landfræðilegar aðstæður bjóða ekki upp á svo breitt svæði til siglinga.

Vegagerðin vill benda á að það sem átt er við með afmörkun svæða til siglinga er að á þeim svæðum hefur Kystverket einhvers konar forsjá, Kystverket þarf að samþykkja starfsemi sem fer inn á svæðið. Reglurnar kveða hins vegar skýrt á um að ákvörðun á breidd siglingarelna skuli byggja á viðmiðunum sem settar eru fram af PIANC Working Group 49 í *Harbour Approach Channels – Design Guidelines*. Þær viðmiðanir byggja á að hönnunarskip sé valið fyrir

siglingaleiðina byggt á áætluðum siglingum. Breidd innsiglingar er síðan reiknuð út frá breidd hönnunarskips, hraða þess og stjórnhæfni, umhverfisaðstæðum, botngerð, siglingamerkingum og því hvort gert sé ráð fyrir að skip mætist.

### Siglingar

Undir nýtingarflokknum Siglinga (SI) er í reit SI6 kemur fram að í Vigur sé lítil höfn og áætlunarferðir þangað yfir sumartímann. Vegagerðin spyr hvort ekki sé ástæða til að nefna að nefna svipaða aðstöðu í Æðey undir liðnum UN18.

### Samráðs- og umsagnaraðilar

Vegagerðin vill koma því á framfæri hvort ekki sé ástæða til að samráð sé haft við eða a.m.k. leitað umsagnar hjá Hafnasambandi Íslands við gerð strandsvæðaskipulaganna tveggja sem nú eru í vinnslu, sérstaklega þar sem slíkt skipulag er nýtt hér við land og því verða þau fyrirmynd annara slíkra skipulaga. Þannig ættu það ekki bara að vera hafnir á viðkomandi svæðum sem koma að þessu heldur Hafnasambandið fyrir hönd allra hafna.

### Útrásir og sjötökulagnir

Líklega falla útrásir undir veitulagnir og mögulega líka sjötökulagnir. Veitulagna er víða getið í skilgreiningu nýtingarflokka og í Almennum skipulagsákvæðum.

Í töflu 3 eru skilgreindir reitir fyrir nýtingarflokkinn *Lagnir og vegir (LV)*. Engar útrásir eða sjötökulagnir eru skilgreindar þar.

Vegagerðinni er kunnugt um að verið er að leggja sjötökulögn frá Bolungarvíkurhöfn og út á um 30 metra dýpi.

Sveitarfélög á svæðinu verða að gefa upplýsingar um útrásir.

Síða 4/4

Vegagerðin

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar

Sigurður Sigurðarson  
Strandverkfræðingur

Greipur Gísli Sigurðsson  
Verkfræðingur

Erna Bára Hreinsdóttir  
forstöðumaður Skipulagsdeildar

**Skipulagsstofnun****Svæðisráð**

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Reykjavík 6. október 2022

**Efni: Athugasemdir við tillögur að skipulagi haf- og strandsvæða á Austfjörðum og Vestfjörðum.**

Vegagerðin hefur ásamt Samgöngustofu rýnt fram komnar tillögur að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða og Austfjarða með siglingaöryggi að leiðarljósi og telja mjög brýnt að koma að frekari athugasemdum vegna tillagnanna en áður höfðu verið sendar inn.

Síða 1/4

Telur stofnunin mjög brýnt að veittur verði frekari frestur til þess að skoða þau svæði sem tilgreind eru hér neðar í þessu bréfi með tilliti til siglingaöryggis en ljóst er að öryggi siglinga hefur á tilteknum svæðum í tillögunum verið vikið til hliðar fyrir svæði fyrir staðbundna nýtingu undir eldissvæði. Sum eldissvæðin hafa í tillögunum verið merkt í hvítum ljósgeirum vita, en fortakslaust er að sigling í hvítum geira á að vera hindranalaus og örugg. Eins hafa nokkur eldissvæði verið merkt ofan í hefðbundnar, almennar siglingaleiðir. Að mati stofnananna ber siglingaöryggi að hafa afgerandi forgang við skipulagsgerð.

Samkvæmt Alþjóðasamningi um öryggi mannlífa á hafinu, svokallaðri SOLAS<sup>1</sup> samþykkt, skal, skv. 2. mgr. 13 gr. í V. kafla, taka mið af alþjóðlegum tilmælum og viðmiðunarreglum þegar sett eru upp sjómerki til að sjófarendur upplifi kerfið sem einsleitt og það virki á sama hátt á alþjóðavísu. Ísland hefur fullgilt samninginn og hefur hann haft gildi hér frá 16. október 1983. Þannig ber að fylgja tilmælum og viðmiðunarreglum alþjóðavitasamtakanna IALA, sem tilgreina í viðmiðunarreglu IALA G1041<sup>2</sup> um geiraljós, að **hvítur geiri merki örugga leið (e. white sector indicates safe passage)**.

**Vegagerðin**  
Borgartún 5-7  
105 Reykjavík  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Vegagerðin og Samgöngustofa eru þær stofnanir sem fara með framkvæmd laga um vitamál nr. 132/1999. Sé óskað eftir því að setja upp leiðarmerki fyrir sjófarendur skal gerð þess og staðsetning ákveðin í samráði við

<sup>1</sup> <https://www.samgongustofa.is/media/english/SOLAS-Consolidated-Edition-2018.docx.pdf>

<sup>2</sup> <https://www.iala-aism.org/product/g1041/?download=true>



Vegagerðina og merkið má ekki taka í notkun fyrr en úttekt hefur farið fram af hálfu Samgöngustofu, sem sér þá um að merkið verði auglýst.

Rekstraraðilum eldiskvía ber að merkja kvíar með sjómerkjum, eins og tilgreint er í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 og viðhalda merkjum. Skv. lögum um vitamál nr. 132/1999 ber þeim að vera í samráði við Vegagerðina um gerð og staðsetningu slíkra merkja og fá heimild Samgöngustofu fyrir að taka sjómerkið í notkun. Það hefur ekki verið gert.

Langflest slys á sjó verða vegna mannlegra mistaka<sup>3</sup> og er þörfin fyrir hæfilega fjarlægð kvía frá siglingaleiðum og hvítum geira ljósvita því raunveruleg.

Vegagerðin vill benda á að almennt er ekki heppilegt að hafa eldissvæði í mikilli nálægt við höfða, þar sem þeir skaga út í sjó frá landi. Í og þannig geta fljótandi mannvirki, eins og eldiskvíar, sem ekki sjást fyrr en komið er fyrir höfðann skapað mikla hættu fyrir sjófarendur.

Síða 2/4

Hér á eftir eru listuð upp þau eldissvæði í skipulagstillögunum sem á einhvern hátt ógna öryggi siglinga. Þau svæði er ekki hægt að taka í notkun, miðað við núverandi aðstæður og þarf að breyta drögunum eða leggja til viðunandi mótvægisáðgerðir áður en hægt er að skipuleggja svæðin fyrir eldi.

## VESTFIRÐIR

Ísafjarðardjúp.

SN21 er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Arnarnesi. Þar hefur skipulögð siglingaleið verið sveigð frá landi, frá viðtekinni siglingaleið.

SN23 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð fjær landi.

Útlit svæðis er ekki heppilegt m.t.t. fyrrsjáanleika þegar siglt er meðfram kvínni þar sem hún er ekki samhverf og hún skagar í átt að siglingaleið meira á annan veginn en hinn þegar siglt er inn til Súðavíkur.

SN26 Er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Arnarnesi.

SN31 er í hvítum ljósgeira frá vitanum í Æðey.

SN32 er í hvítum ljósgeira frá vitanum í Æðey.

Álftafjörður/Súðavík

Skipulagt svæði SN24 þrengir verulega að siglingaleið og þröngvar skipum upp á grynningar austan í firðinum.

Önundarfjörður

SN19 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð fjær landi.

SN20 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð fjær landi.

Vegagerðin

<sup>3</sup> [HUMAN ERROR-THE MAIN FACTOR IN MARINE ACCIDENTS](#)

Í firðinum sunnanverðum eru nú þegar svæði í notkun. Skipulag gerir ráð fyrir stækkun svæðanna með SN19 en einnig er lagt til að norðan í firðinum verði sett svæðið SN20. Þetta getur hugsanlega þrengrt að siglingum inn fjörðinn. Hefðbundnar siglingaleiðir hafa verið færðar nær miðjum firðinum vegna svæðanna SN 19 og SN20.

#### Dýrafjörður

SN15 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð í miðju fjarðarins.

SN18 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð í miðju fjarðarins.

Svæðin SN15 og SN18 valda því að hefðbundnar siglingaleiðir leggjast af og verða að fara nær miðjum firðinum.

#### Arnarfjörður

SN6 er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Langanesi.

SN7 er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Langanesi.

SN8 er í hvítum ljósgeira frá vitanum á Langanesi.

SN12 með leyfi fyrir efnistöku á kalkþörungaseti er mjög nálægt sjólögnum og gæti efnistakan valdið skemmdum á þeim.

#### Tálknafjörður

SN5 er á hefðbundinni siglingaleið, sem þá hefur verið skipulögð í miðju fjarðarins.

#### Patreksfjörður

SN1 er innan hvíta geirans frá Ólafsvita og er sett í hefðbundna siglingaleið og þrengrir hugsanlega að siglingu inn til Patreksfjarðar.

### AUSTFIRÐIR

#### Seyðisfjörður.

SN1 nær inn í hvítan ljósgeira frá Brimnesvita.

SN2 er mjög nálægt hvítum ljósgeira Brimnesvita.

Skipulögð siglingaleið inn Seyðisfjörð er mjó, um 500 metra breið.

#### Mjóifjörður.

SN4 er sett ofan á stað sem merktur er í sjókort sem sæstrengur.

#### Reyðarfjörður

SN5 hefur verið settur á hefðbundna siglingaleið inn fjörðinn og því ætlast til að umferð fari nær miðju en hefðbundið er.

SN6 er að hluta innan hvíts geira Vattarnesvita og þar með í siglingaleið.

SN7 er að hluta innan hvíts geira Vattarnesvita og þar með í siglingaleið.

SN8 er að hluta innan hvíts geira Vattarnesvita og þar með í siglingaleið.

SN10 er að hluta innan hvíts geira Vattarnesvita og þar með í siglingaleið.  
SN11 er að hluta innan hvíts geira Vattarnesvita og þar með í siglingaleið.  
Almennt gildir um Reyðarfjörð að svæði skipulögð fyrir fiskeldi þrengja að siglingaleið, sem færð hefur verið frá hefðbundinni leið í miðju fjarðar.

#### Fáskrúðsfjörður

S12 er að fullu innan hvíts ljósgeira Hafnarnesvita.

SN13 er að hluta innan ljósgeira Hafnarnesvita og hefur verið settur í hefðbundna siglingaleið og hún þá færð nær miðju fjarðarins.

SN14 er að fullu innan hvíts ljósgeira Hafnarnesvita.

#### Berufjörður.

SN16 er að hluta innan hvíts ljósgeira Karlstaðartangavita og er settur í hefðbundna siglingaleið, sem þá hefur verið færð nær miðju fjarðarins.


Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar.  
Bergþóra Kristinsdóttir  
frkv.stjóri þjónustusviðs

Undirskrift



## D) Aðrir hagsmunaaðilar

### 1. EIGENDUR INNVIÐA



Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

26.09.2022  
2022-07-17/0.11.2

## Efni: Umsögn Landsnets um tillögu að strandsvæðaskipulagi Vestfjarða

Fyrir liggur tillaga að strandsvæðaskipulagi Vestfjarða og í erindi Skipulagsstofnunar dags. 6. júlí 2022 var óskað eftir ábendingum Landsnets um tillöguna.

Landsnet hefur kynnt sér efni skipulagstillögunnar. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Í kafla 5.2.2. í greinargerð skipulagstillögunnar er fjallað um lagnir og vegi og greint frá skipulagsákvæðum sem eiga við á skipulagsreitum í nýtingarflokknum „Lagnir og veitur“.

Þar kemur m.a. fram að á reitnum skuli stuðla að öruggum raforkuflutningi eða starfsemi ekki heimiluð sem hafi áhrif á öryggi veitulagna, svo sem fiskeldi, efnistöku, akkerislægjum eða með veiðarfærum sem fest eru við botn eða dregin eftir honum.

Eins og fram kemur í umfjöllun um skipulagsreit LV6 áætla Landsnet að leggja nýjan raforkustreng, sem muni taka land í Auðkúlu. Framkvæmdin er á Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 og er þar á framkvæmdaáætlun 2021-2023, var samþykkt af Orkustofnun og fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin sé ekki matsskyld, dags. 26. júlí 2021

Í upphaflegum áætlunum var gert ráð fyrir landtöku í landi Auðkúlu. Við frekari skoðun á mögulegum landtökustöðum kom í ljós að vel hentar að sæstrengurinn komi að landi í landi og strandsvæði Hrafnseyrar, sem er í jaðri skipulagsreits LV6. Sú landtaka fer út fyrir æðaravarpssvæði við Auðkúlu og hefur ekki áhrif á land í einkaeigu. Innan skamms mun Ísafjarðarbær auglýsa breytingu á aðalskipulagi sínu í samræmi við framangreinda landtöku. Meðfylgjandi er uppdráttur sem sýnir breytingu á landtöku sæstrengsins við Hrafnseyri.

Virðingarfyllt

---


Einar S. Einarsson  
framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs

Einar Snorri Einarsson



Undirritað af:  
Einar Snorri Einarsson  
3101723759  
Dags: 26.09.2022  
Tími: 14:15:55  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 4831b902-  
9736-4494-b626-  
c19095a6899f





Súðavíkurhreppur



Amarfjörður

Ísafjarðarbær

Borgarfjörður

Hringisdalur

Hringisdalur

Hringisdalur

Blidudalsfjall

Blidudalur

Otrardalsfjall

Otrardalur

Sléttafjall

Dufanisdalur

Dufanisdalshreppur

Fossfjörður

Reykjafjörður

Reykjafjarðarhreppur

Sunnfjall

Sunnfjall

Sunnfjall

Tálknafjarðarhlina

Laugaból

Mesdalur

Hokinsdalur

Hokinsdalur

Krossseyri

Sperðlahlið

Norðfjall

Norðdalur

Vesturbyggð

Trostandsfjörður

Norðdalur

Sunnfjall


Sunnfjall

Sunnfjall

Sunnfjall

Sunnfjall

- Tengivirki
  - Núverandi sæstrengur OV
  - Nýr 66 kV jarðstrengur Landsnets
  - - - Nýr 66 kV sæstrengur Landsnets
  - ⚡ Háspennulínur
  - Mörk sveitarfélaga
- 0 1 2 3 4 5 km



Heimildir:  
Landmælingar Íslands (2012)  
Sjómælingar (2013)





## Athugasemd frá Hafskipulagi

**Til** : hafskipulag - SLS <hafskipulag@skipulag.is>  
**Frá** : no-reply@eplica.is <no-reply@eplica.is>  
**Heiti** : Athugasemd frá Hafskipulagi  
**Málsnúmer** : 201902032  
**Málsaðili** : Skipulagsstofnun  
**Skráð dags** : 25.08.2022 09:06:13  
**Höfundur** : no-reply@eplica.is <no-reply@eplica.is>

Netfang: hm@ov.is

Skjal sem gert er athugasemd við: Strandsvæðaskipulag Vestfjarða 2022, kafli 5.2.2. Vegir og lagnir

Fyrirspurn:

Góðan daginn.

Sendi hérna nokkrar athugasemdir / leiðréttingu við kafla 5.2.2. í tillögu að strandsvæðaskipulagi.

Í upptalningu vantar nokkrar lagnir í raforkukerfinu.

Tafla 3 Reitir í nýtingarflokknum Lagnir og vegir (LV)

LV8 Brekkuháls

Um skipulagsreitinn liggja bæði fjarskipta- og raforkustrengir milli Brekkuháls og Höfðaodda. Á hluta reitsins er leyfi til fiskeldis.

LV9 Dýrafjörður Vestfjarðavegur

Meðfram veginum liggur háspennuraflína og raforkustrengur.

LV20 Mjóifjörður-Djúpvegur

Um skipulagsreitinn liggur Djúpvegur sem þverar Mjóafjörð, en brú er á milli Hróteyjar og Skersins. Meðfram veginum liggur bæði fjarskipta- og raforkustrengur.

LV21 Tagl

Um skipulagsreitinn liggur bæði fjarskipta- og raforkustrengur yfir Mjóafjörð frá Tagli að Hörgshlíð.

LV22 Reykjanes

Um skipulagsreitinn liggur Djúpvegur sem þverar Reykjafjörð, en brú er yfir lítinn hluta. Meðfram veginum liggur bæði fjarskipta- og raforkustrengur.

Ísafirði 25. ágúst

Halldór V Magnússon

Framkvæmdastjóri Veitusviðs Orkubús Vestfjarða

-----

Sent af vef hafskipulags - [www.hafskipulag.is](http://www.hafskipulag.is)

## Athugasemd frá Hafskipulagi

**Til** : hafskipulag - SLS <hafskipulag@skipulag.is>  
**Frá** : no-reply@eplica.is <no-reply@eplica.is>  
**Heiti** : Athugasemd frá Hafskipulagi  
**Málsnúmer** : 201902032  
**Málsaðili** : Skipulagsstofnun  
**Skráð dags** : 14.09.2022 09:40:02  
**Höfundur** : no-reply@eplica.is <no-reply@eplica.is>

Netfang: edv@ov.is

Skjal sem gert er athugasemd við: Strandsvæðaskipulag Vestfjarða

Fyrirspurn:

Orkubú Vestfjarða gerir athugasemd við þann hluta reits UN7 sem liggur í Borgarfirði og leggur til að hann verði endurskipulagður sem A-reitur undir almenna nýtingu.

Samhliða athugasemd hefur Orkubú vestfjarða sent inn umsögn á hafskipulag@hafskipulag.is þann 14.09.2022.

-----

Sent af vef hafskipulags - [www.hafskipulag.is](http://www.hafskipulag.is)

Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 Reykjavík

[hafskipulag@hafskipulag.is](mailto:hafskipulag@hafskipulag.is)

Ísafjörður 14.09.2022

## Umsögn Orkubús Vestfjarða um strandsvæðaskipulag fyrir Vestfjarða

Orkubú Vestfjarða vill hér koma á framfæri athugasemdum við tillögu svæðisráðs um strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði.

Orkubú Vestfjarða tekur undir þær athugasemdir frá Ísafjarðarbæ sem snúa að gildistíma strandsvæðaskipulagsins til að tryggja að skipulagið sé endurskoðað með reglubundnum hætti. Einnig það að íbúa/landeigendur á svæðinu hefðu mátt hafa aðkomu að málinu fyrir í ferlinu.

### Borgarfjörður í Arnarfirði – reitur UN7

Orkubú Vestfjarða starfrækir Mjólkárverkjun í botni Borgarfjarðar í Arnarfirði og er landeigandi beggja vegna fjarðarins. Verkjunin ásamt sterkri tengingu við landskerfið bíður uppá mestu aflúttekt á vestanverðum kjálkanum. Meginflutningskerfi Landsnets, 132 kV spennustig, endar við Mjólkárverkjun.

Við Mjólkárverkjun er skilgreint iðnaðarsvæði og fyrir hendi, í Borgarfirði, er lítil bryggja sem er of lítil fyrir núverandi starfsemi. Orkubúið vill hafa þann möguleika að geta endurbætt og stækkað bryggjuna ekki síst með afhendingu á rafeldsneyti í huga. Nú þegar er komin af stað skipulagsvinna fyrir afgreiðsluplan orku fyrir landsamgöngur við Mjólkárverkjun en þar er þeim möguleika haldið opnum að einnig megi afgreiða orku til farartækja á sjó. Orkubú Vestfjarða telur afar mikilvægt að sá möguleiki sé opinn og ekki takmarkaður af strandsvæðaskipulagi.

Sem eini landeigandinn í Borgarfirði áréttar Orkubú Vestfjarða að sá hluti reits UN7 sem liggur í Borgarfirði verði endurskilgreindur sem A-reitur undir almenna nýtingu.

Virðingafyllst,

f.h. Orkubús Vestfjarða


Elena D. Víðisdóttir

Elena Dís Víðisdóttir

Orkusvið

## D) Aðrir hagsmunaaðilar

### 2. FYRIRTÆKI EÐA STOFNANIR



Ísafjörður 14. September 2022

## Umsögn: Arctic Fish ehf um Strandsvæðaskipulag Vestfjarða

Nýtt Strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði var auglýst í júní s.l. og er það nú í kynningu. Arctic Fish vill koma eftirfarandi athugasemdum að.

1. Arctic Fish er aðili að Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) sem mun skila inn umsögn um skipulagið. Arctic Fish tekur undir þau sjónarmið sem þar eru sett fram.
2. Arctic Fish er með leyfi til fiskeldis á reit SN33 – Snæfjallaströnd og með frekara eldi í umsóknarferli á reitunum SN26 - Kirkjusund og SN23 – Arnarnes. Félagið er einnig með eldisleyfi í Arnarfirði, Dýrafirði, Tálknafirði, Patreksfirði og Öndarfirði.
3. Félagið áréttar mikilvægi þess að hafa til umræða í stærri fjarðakerfum a.m.k. þrjár eldisstaðsetningar, sbr. Ísafjarðardjúp og Arnarfjörð. Það auðveldar kynslóðabundið eldi og minnkar samhliða umhverfisáhrif.
4. Vegna umræðu um siglingaleiðir í nálægð við fiskeldissvæði sbr. t.d. umsögn Ísafjarðarbæjar um skipulagið vill félagið áréttta að umræddir skipulagsreitir eru skilgreindir töluvert stærri en fyrirhuguð kvíastæði eru. Reynsla félagsins frá öðrum eldissvæðum er sú að mögulegt er með samráði aðila að haga legu kvía þannig að það hindri ekki skipaumferð að verulegu leiti. Fyrirtækið lýsir sig reiðubúið í slíkt samráð á eldissvæðum sínum. Þannig ætti t.d. umferð farþegabáta frá Ísafirði (Skutulsfirði) inn í Ísafjarðardjúp og við Vigur, ekki að verða fyrir verulegri röskun. Lenging siglingaleiða ætti að teljast í sekúndum eða örfáum mínútum.
5. Sú staðsetning sem félagið hefur sótt um leyfi til eldis á við Arnarnes, reitur SN23 er niðurstaða samráðs í umhverfismatsferli. Ísafjarðarbær óskaði eftir því að upphafleg staðsetning yrði færð vegna umferðar skemmtiferðaskipa inn Skutulsfjörð. Niðurstaðan var að færa staðsetninguna á þann reit sem nú er skilgreindur sem SN23. Svipaða sögu er að segja með reit SN26 – Kirkjusund.



Ekki var sótt um þá staðsetningu upphaflega en í umhverfismatsferlinu var staðsetningin flutt á umræddan reit sem talin var henta betur til eldis.

6. Félagið vill einnig draga fram að ferðapjónusta og fiskeldi eru að mati félagsins ekki andstæður. Báðar þessar atvinnugreinar geta notið góðs hvor af annarri. Víða hefur skapast ferðapjónusta á eldissvæðum og erlendis er boðið upp á ferðir fyrir ferðamenn út í eldiskvíar. Mörgum ferðamönnum finnst áhugavert að skoða eldiskvíar og þá sjálfbæru starfsemi sem þar fer fram og ýtt er undir í skilmálum og forsendum skipulagsins.
7. Í því samhengi mætti skipulagið í meira mæli heimila fjölbreyttari notkun innan skipulagsreita að mati fyrirtækisins.
8. Félagið bendir jafnframt á að ekki er gert ráð fyrir reit undir fiskeldi í Trostansfirði. Þar hefur félagið sótt um að fá að stunda eldi og lokið Umhverfismati á þeirri framkvæmd. Félagið óskar eftir því að reit undir fiskeldi verði bætt við í Trostansfirði á þeim stað sem félagið hefur sótt um. Ef nýta á allt burðarþol Arnarfjarðar er mikilvægt að skipuleggja frekari svæði undir eldi í Arnarfirði en nú er gert ráð fyrir í skipulaginu.
9. Félagið hvetur einnig svæðissráðið til að huga betur að framtíðar stækkun eldis í fjörðum Vestfjarðar. Hvort sem að það verður gert í þessu skipulagi eða við endurskoðun á því.

F.h. Arctic Fish ehf.

Daníel Jakobsson,  
framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

14.09 2022

Sent á : hafskipulag@skipulag.is

**Efni: Athugasemdir Arnarlax við tillögur svæðisráðs að Strandsvæðaskipulagi Vestfjarðar 2022 – Greinargerð Rorum um líffræðilegar forsendur tillögu**

Arnarlax vísar til tillagna svæðisráðs að Strandsvæðaskipulagi Vestfjarðar 2022, sem liggja frammi til kynningar samkvæmt 12. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018. Frestur til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri er til 15. september 2022 og skal skila athugasemdum bréflaga til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík, með tölvupósti á netfangið hafskipulag@skipulag.is eða um athugasemdagátt á [www.hafskipulag.is](http://www.hafskipulag.is)

Arnarlax vísar jafnframt til þess að samkvæmt 8. gr. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða verða leyfi fyrir framkvæmdum og annarri starfsemi að samræmast gildandi strandsvæðisskipulagi. Því varðar miklu að skýrt sé hvaða svæði njóti verndar fyrir staðbundinni nýtingu og hver séu áhrif friðunar á aðliggjandi nýtingarreiti. Jafnframt er mikilvægt að við afmörkun nýtingarflokka í strandsvæðisskipulagi sé gætt jafnvægis milli nýtingar- og verndarsjónarmiða um leið og tryggður sé hæfilegur sveigjanleiki svo ná megi þeim markmiðum sem stefnt er að með lögum um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018, þ.e. að skipulagið tryggi „grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu auðlinda haf- og strandsvæða sem byggist á heildarsýn á málefni hafsins, vistkerfisnálgun og vernd náttúru og menningarminja, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.“

Greinargerð Rorum um líffræðilegar forsendur fyrir tillögu að Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða 2022, sem unnin var að beiðni Arnarlax, skal skoða sem hluta athugasemda Arnarlax vegna framkominna tillagna svæðisráðs. Sama á við um umsögn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) vegna sama erindis.

Eftirfarandi eru helstu athugasemdir Arnarlax við tillögur svæðisráðs.

**1. Greinargerð Rorum um líffræðilegar forsendur tillögu að strandsvæðaskipulagi Vestfjarða 2022.**

Arnarlax óskaði eftir afstöðu Rorum til framkominna tillagna svæðisráðs. Í greinargerð Rorum, sem er meðfylgjandi sem fylgiskjal I., er farið yfir líffræðilegar forsendur framkominna tillagna og úttekt gerð á tilgangi friðunar og vísindalegum rökum sem lögð hafa verið til grundvallar skipulagstillögunni.

Rorum kemst að þeirri niðurstöðu að víða er mjög langt gengið í friðun og mun lengra en eðlilegt gæti talist miðað við vísindaleg rök, eins og nánar er gerð grein fyrir í meðfylgjandi greinargerð. Í greinargerðinni er tekið fram að tillögurnar um skipulagssvæði utan netlaga takmarka ýmsa starfsemi á Vestfjörðum. Þessar takmarkanir geta haft umtalsverð eða afgerandi áhrif á starfsemi Arnarlax.

Á það er bent í greinargerð Rorum að Skipulagsstofnun vísi gjarnan til þess að friða skuli ákveðin svæði vegna þess að Náttúrufræðistofnun Íslands hafi lagt fram tillögu um að svæðin skuli vera á B-hluta náttúruuminjaskrár. Rorum bendir á að „...hér er einungis um tillögur að ræða sem ekki hafa hlotið þann sess í stjórnsýslunni að friða megi stór landssvæði



*vegna þeirra. Ekki verður annað séð en að Skipulagsstofnun veiti þessum tillögum of mikið vægi í gerð Strandsvæðisskipulags Vestfjarða.“*

Á það er bent í greinargerðinni að tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands um svæði sem vilji stendur til að séu á B-hluta náttúruminjaskrár byggjast oft á tilvísunum um mikilvæg fuglasvæði eða valista fugla. Rorum kemst að þeirri niðurstöðu að ólíklegt verði að teljast að fiskeldi í grennd við Tálkna (UN3, SN3, SN4) muni hafa neikvæð áhrif á varp fýls og hvítmáfs eins og byggt er á í tillögum svæðisráðs. Jafnframt megi telja líklegt að sama gildi fyrir Jökulfirði (UN19), þ.e. fýla- og hvítmáfsbyggðir í Vébjarnarnúpi, og fýlabbyggð í Grænuhlíð, muni ekki verða fyrir áhrifum af starfsemi Arnarlax í Jökulfjörðum ef til kemur. Enn fremur virðist ljóst að víðtæk friðun á strandsvæði í Jökulfjörðum vegna straumandar skili ekki árangri, eins og rökstudd er í greinargerðinni. Sama megi segja um fleiri fuglategundir og því sé óþarft að setja stór svæði í friðunarflokk, vegna æðarfugls, hvítmáfs, lunda og teistu eins og ítarlega er fjallað í greinargerðinni.

Rorum vekur jafnframt athygli á því í greinargerð sinni að tillögur svæðisráðs leggja til friðun Suðurstrandar Arnarfjarðar að Hvestu (UN5) fyrir nýtingu til fiskeldis. Rorum vekur athygli á því að engin rök eru færð fyrir tillögunni, en þessi í stað er í tillögunni m.a. sagt að þar séu „*fallegar skeljasandsfjörur með auðugu fuglalífi*“. Ekki sé gerð tilraun til að útskýra hvernig höfundar tillögunnar ákvarða hvað er „*auðugt fuglalíf*“ enda virðist hér um huglægt mat að ræða. Það sama á við þegar talað er um „*fallegar skeljasandsfjörur*“.

## **2. Ónógur rökstuðningur tillagna svæðisráðs – Óskýr og villandi uppdráttur**

### **Ónógur rökstuðningur – Neikvæð áhrif**

Arnarlax gerir athugasemdir við takmarkaðan rökstuðning tillagna svæðisráðs. Hér er sérstakleg átt við tillögur að reitum í nýtingarflokknum „*Umhverfi og Náttúru*“ í sumum tilvikum felur rökstuðningur tillagna einungis í sér tilvísun í samráð við gerð strandsvæðisskipulagsins. Iðulega er vísað til afstöðu Náttúrufræðistofnunar Íslands og sagt að fyrir liggja tillaga stofnunarinnar um friðun. Dæmi um þetta er rökstuðningur vegna reits UN3–Tálkni, þar sem vísað er til þess að Náttúrufræðistofnun hafi lagt til að svæðið fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Þessi afstaða stofnunarinnar er ekki rökstudd frekar eða studd gögnum í tillögnum t.d. um áhrif nýtingar á fuglalíf svæðisins. Sömu rök eiga við um tillögu UN19–Jökulfirði þar sem gert er ráð fyrir friðun fjarðarins. Svo virðist sem lagnareiturinn LV1–Sandoddi–Púfnaeyri skarist við eldisvæði Arnarlax við Eyri í Patreksfirði en engar frekari skýringar eru gefnar um afleiðingar fyrir fiskeldi á eldissvæðinu. Núverandi eldissvæði Arnarlax á Sandodda í Patreksfirði er heldur ekki tilgreint í tillögum.

Í þessu sambandi vill Arnarlax vísa til í greinargerðar Rorum en þar er á það bent að Skipulagsstofnun vísi gjarnan til þess að friða skuli ákveðin svæði vegna þess að Náttúrufræðistofnun Íslands hafi lagt fram tillögu um að svæðin skuli vera á B-hluta náttúruminjaskrár. Rorum bendir á að einungis er um tillögur að ræða sem ekki hafa hlotið þann sess í stjórnáslunni að friða megi stór landssvæði vegna þeirra. Rorum vísar því þess að ekki verður annað séð en að Skipulagsstofnun veiti þessum tillögum of mikið vægi í gerð Strandsvæðisskipulags Vestfjarða.

Jafnframt vill Arnarlax ítreka það sem fram kemur í greinargerð Rorum um ónógan rökstuðning vegna tillögur svæðisráðs um friðun Suðurstrandar Arnarfjarðar að Hvestu (UN5). Rorum vekur athygli á því að engin rök eru færð fyrir tillögunni, en í stað þess er m.a. sagt að þar séu „*fallegar skeljasandsfjörur með auðugu fuglalífi*“. Ekki sé gerð tilraun til að útskýra hvernig höfundar tillögunnar ákvarða hvað er „*auðugt fuglalíf*“ enda virðist hér um huglægt mat að ræða. Það sama á um þegar talað er um „*fallegar skeljasandsfjörur*“.



Arnarlax óskaði eftir frekari upplýsingum um staðsetningu friðunarsvæða vegna „Umhverfi og Náttúru“ en fékk þau svör frá Skipulagsstofnun að stofnunin hafi „..... ákveðið [að] dreifa ekki landupplýsingagögnum í tengslum við strandsvæðisskipulagið í ljósi þess að þetta eru vinnslutillögur sem geta tekið breytingum áður en þær verða samþykktar. Við viljum því síður hafa þau í umferð.“ Stofnunin benti á þann möguleika að slá inn tiltekin hnit og þannig finna út nákvæmari staðsetningu. Arnarlax telur þessa framsetningu tillagna óviðunandi enda eru framkomnar tillögur grundvöllur athugasemda hagsmunaaðila og þurfa því að vera það skýrar að hægt sé að átta sig á útfærslu og afleiðingum tillagnanna t.d. fyrir aðliggjandi svæði, en það er ekki er hægt að gera skv. framkomnum tillögum.

Tillögur svæðisráðs eru jafnframt almennt óljósar hvað varðar áhrif og framkvæmd tillagnanna gagnvart öðrum flokkum nýtingar. Fyrir liggur að fiskeldisstarfsemi fellur undir nýtingarflokkinn „staðbundin nýting“. Samkvæmt 11. gr. a, reglugerðar nr. 330/2020, um gerð strandsvæðisskipulags er nýtingarflokkurinn „Umhverfi og Náttúra“ skilgreindur á eftirfarandi hátt:

“Svæði þar sem gert er ráð fyrir verndun sérkenna viðkomandi svæðis vegna landslags eða náttúrulegs, sögulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um formlega friðun sé að ræða. Ferðaþjónusta og útivist geta samrýmst skilgreiningu svæða í þessum nýtingarflokki. Veitulagnir, akkerislægi og sambærileg nýting geta einnig átt við á þessum svæðum, að teknu tilliti til verndar-hagsmuna á viðkomandi svæði. Sama á við um atvinnuveiðar.”

Með gagnályktun frá 11. gr. reglugerðarinnar má ráða að fiskeldi verði ekki heimilt á svæðum sem skilgreind eru í verndarflokknum „Umhverfi og Náttúru“ í tillögunum segir jafnframt í kafla 4.2.1. um almenn skipulagsákvæði að „Til þess að viðhalda náttúrulegum aðstæðum er ekki gert ráð fyrir starfsemi á svæðinu sem hefur **neikvæð áhrif á náttúru og umhverfi** þess svo sem fiskeldi,....“ [Leturbreyting Arnarlax]. Ekki er fjallað frekar hvað átt er við með neikvæðum áhrifum á náttúru og umhverfi. Enga útskýringu er að finna í tillögunum hversu mikil neikvæði áhrif þurfi að vera svo staðbundin nýting verði útilokuð á friðunarsvæðum eða við þau. Gera verður þá kröfu til framlagðra tillagna að „neikvæð áhrif“ verði nánar útlistuð í tillögunum. Þetta er mikilvægt í ljósi þess að tillögurnar gera ráð fyrir útilokun nýtingar sem felur í sér atvinnutækifæri og uppbyggingu byggðarlaga sem er eitt helsta leiðarljós og stefnumið Strandsvæðaskipulags skv. tillögunum. Þetta er meðal annars orðað svo í tillögunum. „Nýting og vernd strandsvæðis Vestfjarða styðji aðliggjandi byggðarlög með tækifærum til fjölbreyttrar starfsemi og nýsköpunar.“ og „Stuðlað verði að öruggum og tryggum innviðum fyrir íbúa og atvinnulíf sem hafi viðnámsþrótt gagnvart umhverfisbreytingum.“ Jafnframt er vísað til byggðaáætlunar 2018-2023 en þar eru sett fram markmið um sjálfbæra þróun byggða um allt land og öfluga byggðakjarna. Helsta viðfangsefni áætlunarinnar er að takast á við fækkun íbúa, einhæft atvinnulíf, breytingar vegna tækniþróunar og aðlögun að loftslagsbreytingum. Jafnframt er vísað til Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024 en þar eru sett fram markmið um að auka verðmætasköpun með fjölgun fyrirtækja og starfa með menntuðu starfsfólki og að samfélagið byggist á mannauði, aukinni velferð og bættri lýðheilsu.

Mikilvægi þess að „neikvæð áhrif“ nýtingar á umhverfi verði skilgreind með skýrum hætti í tillögunum verður enn ljósar þegar til þess er horft að heimiluð nýting vegna fiskeldis hefur farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum skv. lögum og verið heimiluð vegna staðbundinna og afturkræfra áhrifa á umhverfið. Jafnframt er framleiðsla Arnarlax á eldissvæðum fyrirtækisins ASC vottuð sem felur í sér umhverfisvöktun á eldissvæðum, velferð fisks og heilsu, samfélagsmálum og þáttum er varða mannauðinn. Í dag eru öll svæði Arnarlax með vottun fyrir utan eitt sem er í vottunarferli. ASC er ein strangasta umhverfisvottun vegna fiskeldis og er almennt viðurkennd.



Í tillögum svæðisráðs er vísað til þess að fiskeldi verði víkjandi á tilteknum reitum. Þannig segir um friðunarreitinn UN5-Suðurströnd Arnarfjarðar að Hvestu og lagnarreitinn LV6-Bíldudalur-Tjaldanes en í tillögunni segir að ekki verði um endurnýjun leyfa eða útgáfu nýrra leyfa til fiskeldis að ræða innan þessara svæða þar sem fiskeldi samræmist ekki nýtingu svæðisins eða þar sem búnaður til fiskeldis getur valdið tjóni á fjarskiptastrengjum. Engin frekari rökstuðningur liggur fyrir hvers vegna útiloka þurfi nýtingu á þessum aðliggjandi reitum. Eðlilegt hefði verið að útilokun fiskeldis í nálægð við fjarskiptakapal á Tjaldanesi hefði verið rökstudd frekar þar sem fiskeldi hefur verið stundað yfir og við kapalinn frá árinu 2015 án vandræða. Ekkert er fjallað um samspil fiskeldis og friðunar á reitnum UN3-Tálkni en þar liggja eldissvæði innan verndarsvæðisins eða við það. Ekki er jafnframt ljóst hvað það þýðir fyrir staðbundna nýtingu á svæði ef það svæði fer á B-hluta náttúruinjasráðs eins og ýjað er að víðsvegar í tillögunum.

Ráðherra staðfestir tillögur svæðisráðs. Ráðherra er stjórnvald og þarf að rökstyðja ákvarðanir sínar með fullnægjandi hætti í samræmi við stjórnáskilslög nr. 37/1993. Um slíkar ákvarðanir gildir þannig rannsóknarreglan sem er að finna í 10 gr. stjórnáskilslaga og segir að „Stjórnvald skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.“ Ljóst er að tillögur svæðisráðs þurfa að uppfylla stjórnáskilslög nr. 37/1993 hvað rökstuðningur varðar. Í flestum tilvikum þarf að liggja fyrir rannsóknir um ástand og þörf friðunar. Slíkar rannsóknir þurfa í mörgum tilvikum að byggja á vöktun á svæðinu. Slík gögn liggja ekki fyrir heldur byggja framkomnar tillögur í mörgum tilvikum á staðhæfingum án rökstuðnings. Þetta á sérstaklega við þar sem tillögur svæðisráðs um vernd styðjast ekki við friðlýsingu landsvæða skv. lögum nr. 60/2013, um náttúruvernd.

#### **Óskýr og villandi uppráttur tillögu**

Fyrir liggur að staðsetning og lega margra eldissvæða Arnarlax eins og þau eru sýnd á uppráttum vegna strandsvæðaskipulags Vestfjarða eru rangar. Þannig er ástatt um eldissvæðin við Hringisdal, Haganes og Tjaldanes í Arnarfirði, Eyri og Sandodda í Patreksfirði og eldissvæðið við Laugardal í Tálknafirði. Þetta mismunandi er mismikil eftir eldissvæðum. Mismunandi má sjá nánar á fylgiskjali II. Afleiðingar þessa eru þær að tillögur svæðisráðs verða misvísandi og villandi og sýna ekki rétta mynd af núverandi áhrifum nýtingar á nánasta umhverfi eða samspili hina ýmsu umhverfisþátta. Vegna þessa óskaði Arnarlax eftir frekari upplýsingum um staðsetningu nýtingareita svo sem friðunarsvæða en fékk þau svör frá Skipulagsstofnun að stofnunin hafi „..... ákveðið dreifa ekki landupplýsingagögnum í tengslum við strandsvæðisskipulagið í ljósi þess að þetta eru vinnslutillögur sem geta tekið breytingum áður en þær verða samþykktar. Við viljum því síður hafa þau í umferð.“ Stofnunin benti á þann möguleika að slá inn tiltekin hnit og þannig finna út nákvæmari staðsetningu.

Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 330/2020, um gerð strandsvæðisskipulags skal setja fram Strandsvæðisskipulag í skipulagsgreinargerð og á skipulagsuppráttum og eftir atvikum á þemauppráttum. Nákvæmni slíkra skipulagsuppráttar skal að jafnaði miða við mælikvarða 1:50.000. Á uppráttum skal samhengi við næsta nágrenni koma skýrt fram. Ekki liggur fyrir samkvæmt framkomnum uppráttum við hvað skekkjumörk, ef einhver eru, er miðað við á uppráttum svæðisráðs. Slíkt þarf að liggja fyrir þannig að engin vafi leiki á staðsetningu og/eða legu þegar mismunandi nýtingareitir eru bornir saman og samspil aðliggjandi reita metið. Arnarlax bendir á, í þessu sambandi, að skv. 11. gr. reglugerðar um gerð strandsvæðisskipulags skal á skipulagsuppráttum samhengi við næsta nágrenni koma skýrt fram. Þessu er ekki til að dreifa í framkomnum tillögum eða uppráttum svæðisráðs.

#### **Auglýsa þarf endurbættar tillögur svæðisráðs að nýju í samræmi við lög 88/2018**



Tillögur svæðisráðs eru í mörgum tilvikum íþyngjandi fyrir fyrirtæki sem starfrækja sjókvíaeldi á svæðinu. Þannig er ástætt þegar tiltekin nýting er sögð víkjandi og starfsemi rekstraraðila er takmörkuð eða útilokuð með öllu. Ljós er að um mjög mikla hagsmuni er að ræða fyrir fyrirtæki og byggðarlög enda geta tillögur haft áhrif á rekstur sjókvíaeldis. Gera þarf ríkar kröfur um skýrleika slíkra íþyngjandi stjórnvaldsákvæðana.

Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 330/2020, um gerð strandsvæðisskipulags skal setja fram Strandsvæðisskipulag í skipulagsgreinargerð og á skipulagsupprætti. Á skipulagsuppráttum skal samhengi við næsta nágreppi koma skýrt fram. Ekki liggur fyrir skv. tillögum svæðisráðs samhengi hinna mismunandi nýtingareita eins og skylt er að útlísta á skipulagsupprætti. Gera verður þá kröfu að tillögur svæðisráðs útlísta þetta samspil og samhengi með fullnægjandi hætti í tillögum sínum þannig að öllum vafa sé eytt um afleiðingar tillagnanna gagnvart hagsmunaraðilum og hagsmunaraðilar standi ekki frammi fyrir nýjum veruleika þegar skipulagsupprættir líta dagsins ljós.

Vegna óskýrleika tillagna svæðisráðs og villandi uppráttar sem á að sýna tillögu að Strandsvæðaskipulagi Vestfjarðar 2022 vakna spurningar hvort fulltrúar svæðisráðsins myndu hafa sett fram annars konar tillögur að Strandsvæðaskipulagi Vestfjarðar 2022 ef tillögur hefðu verið skýrar og betur rökstuddar og settar fram með réttum upprætti. Allan vafa um slíkt bera að túlka hagsmunaraðilum í hag ef ekki bætt úr og annmarkar tillagna lagfærðir og tillögur auglýstar að nýju.

Í ljósi framangreindra athugasemda telur Arnarlax að ekki sé hægt að taka afstöðu til framkominna tillagna vegna ónógs rökstuðnings þeirra eða óskýrleika um afleiðingar fyrir nýtingu svæða t.d. sjókvíaeldi. Enda þótt um sé að ræða „*vinnslutillögur*“ eins og Skipulagsstofnun kallar tillögurnar eru þær grundvöllur athugasemda hagsmunaaðila. Tillögurnar geta þannig varðað réttindi og skyldur aðila og þurfa að vera nægjanlega skýrar svo taka megj afstöðu til þeirra. Arnarlax telur framangreinda annmarka vera verulega og svæðisráð þurfi að breyta tillögu að strandsvæðisskipulagi í grundvallaratriðum sem felur í sér að svæðisráð þurfi að breyta tillögu sinni og auglýsa á nýjan leik skv. 12. gr. sbr. 13. gr. laga nr. 88/2018, um skipulag haf og strandsvæða. Arnarlax telur að stjórnvaldsákvörðun ráðherra byggð á framkomnum tillögum brjóta gegn ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um rökstuðning stjórnvaldsákvæðana.

### 3. Afmörkun friðunarsvæða – Meðalhófsreglan

Reitir í nýtingarflokknum „*Umhverfi og náttúra (UN)*“ eru settir fram í mörgum tilvikum sem víðfem svæði. Þannig eru settar fram tillögur að friðun heilu strandlengjanna og fjarða á Vestfjörðum. Sem dæmi um þetta má taka reitina UN3-Tálkni og UN5-Suðurströnd Arnarfjarðar að Hvestu og UN19-Jökulfirðir.

Arnarlax telur að rökstyðja þurfi nánar hvers vegna markmið friðunar náist ekki með afmörkun minni svæða. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnsýslulaga nr. 37/1993 skal stjórnvald „*því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til*“. Ákvarðanir sem fara gegn meðalhófsreglu stjórnsýslulaga eru ógildanlegar.

Í greinargerð Rorum þar sem úttekt er gerð á tilgangi friðunar og vísindalegum rökum sem lögð hafa verið til grundvallar skipulagstillögunni er tekið undir þessi sjónarmið Arnarlax. Rorum kemst að þeirri niðurstöðu að víða er mjög langt gengið í friðun og mun lengra en eðlilegt gæti talist miðað við vísindaleg rök. Þannig er á það bent í greinargerð Rorum að Skipulagsstofnun vísi gjarnan til þess að friða skuli ákveðin svæði vegna þess að Náttúrufræðistofnun Íslands hafi lagt





fram tillögu um að svæðin skuli vera á B hluta náttúruminjaskrár. Rorum bendir á tillögur stofnunarinnar um svæði á B-hluta náttúruminjaskrár hafi ekki þá stjórnslulega stöðu að friða megi stór landssvæði vegna þeirra. Að mati Rorum verður ekki annað séð en að Skipulagsstofnun veiti þessum tillögum of mikið vægi í gerð Strandsvæðisskipulags Vestfjarða.

#### 4. Réttmætar væntingar Arnarlax til nýtingar núverandi eldissvæða

Arnarlax hefur nú gild rekstrar- og starfsleyfi fyrir eldi á laxi í sjókvíum annars vegar í Arnarfirði og Fossfirði og hins vegar í Patreks- og Tálknafirði. Umrædd leyfi heimila tiltekin eldissvæði þar sem heimilt er að staðsetja sjókvíar og eru eldissvæðin tilgreind í rekstrar- og starfsleyfum. Eldisáætlun fyrirtækisins sem lögð er fram þegar sótt er leyfi gerir ráð fyrir tilteknum eldissvæðum og tilteknum fjölda þeirra enda um kynslóða skipt eldi að ræða, þar sem tiltekin svæði eru hvíld milli eldislota.

Núverandi staðsetning eldissvæða byggir á reynslu Arnarlax eftir nokkurra ára eldisstarfsemi í umræddum fjörðum<sup>1</sup> og hefur þessum eldissvæðum í sumum tilvikum verið breytt til að betrumbæta eldisaðstæður og þá um leið dýravelferð. eða minnka áhrif á umhverfi. Hér ræður mestu möguleiki á legu eldiskvía þvert á straumstefnu, dýpi undir kvíum, tegund botnlags og veðurfar (öldulag) við staðsetningu. Ljóst má vera vegna þessa að einungis tilteknar staðsetningar eldissvæða henta fyrir eldisstarfsemi eða eru betri en aðrar. Nægjanlegur fjöldi viðunandi eldissvæða miðað við framangreindar forsendur ræður þannig því hvort leyfishafi geti nýtt þann lífmassa sem heimilt er að nýta samkvæmt rekstrar- og starfsleyfi.

Í ljósi framangreindra umfjöllunar eru leyfileg eldissvæði mjög mikilvæg fyrir eldisstarfsemi Arnarlax. Tillögur svæðisráðs um að notkun tiltekinna eldissvæða verði óheimil þegar gildistíma leyfa líkur er því mjög alvarlegt inngríp í rekstur Arnarlax. Þannig gera tillögurnar ráð fyrir að fiskeldi verði víkjandi á reitnum UN5-Suðurströnd Arnarfjarðar að Hvestu en í tillögunni segir „...og að ekki verði um endurnýjun leyfa eða útgáfu nýrra leyfa til fiskeldis að ræða innan þess þar sem fiskeldi samræmist ekki nýtingu svæðis.“ og sama á við um reitinn LV6-Bíldudalur-Tjaldanes þar sem gert er ráð fyrir að „...fiskeldi sé víkjandi innan reitsins og að ekki verði um endurnýjun leyfa eða útgáfu nýrra leyfa til fiskeldis að ræða innan hans þar sem búnaður til fiskeldis getur valdið tjóni á fjarskiptastrengjum.“ Einnig liggja fyrir tillögur svæðisráðs um friðunarsvæði UN3 –Tálkni vegna fuglalíf og lagnareitur LV-1 Sandoddi-Þúfnaeyri sem felur í sér akmörkun, útilokun á nýtingu við endurnýjun aðliggjandi eldissvæða. Arnarlax mótmælir framangreindum tillögu svæðisráðs sem banna notkun tiltekinna eldissvæða eða takmarka mögulega nýtingu þeirra. Arnarlax telur að núverandi rekstrar- og starfsleyfi sem tilgreini leyfileg eldissvæði hafi gefið fyrirtækinu réttmætar væntingar til áframhaldandi nýtingar leyfa fyrirtækisins en núverandi eldissvæði skv. leyfum er forsenda fyrir nýtingu þess hámarkslífmassa sem heimilaður er í rekstrarleyfum fyrirtækisins. Hafa verður í huga að umsóknir um leyfi og mat á umhverfisáhrifum byggja á umræddum leyfilegum eldissvæðum og eru eldissvæðin því forsenda fyrir gildandi leyfum og eldisáætlunum fyrirtækisins.

Tillaga svæðisráðs gerir ráð fyrir að ekki verði um endurnýjun leyfa eða útgáfu nýrra leyfa til fiskeldis að ræða innan umræddra friðunarsvæða. Hvað átt er með við með „endurnýjun leyfa“ innan svæði er óljóst enda takmarkast rekstrar-

<sup>1</sup> Fyrir liggur áralöng reynsla af sjókvíaeldi í Arnarfirði, Patreks- og Tálknafirði. Fullyrðing í tillögum svæðisráðs um að ekki liggja fyrir upplýsingar um hvaða svæði eru hentug til fiskeldis verður að teljast hæpin hvað suðurfirði Vestfjarðar varðar enda liggja fyrir upplýsingar um hentug eldissvæði í Arnarfirði, Patreks- og Tálknafirði.



og starfsleyfi ekki við umrætt friðunarsvæði. Arnarlax bendir á að í 3. mgr. 7 gr. laga um fiskeldi nr.71/2008 er skýrt kveðið á um heimild til handa leyfisveitanda Matvælastofnunar að úthluta eldissvæðum að nýju til hlutaðeigandi leyfishafa við lok gildistíma rekstrarleyfis. Þar segir jafnframt að ef um endurúthlutun sé að ræða skuli Matvælastofnun endurmeta hvort umsækjandi uppfylli kröfur sem gerðar eru til rekstursins skv. 2. mgr. Í athugasemdum við umrædda grein í frumvarpi því er varð að lögum nr. 101/2019 og breyttu lögum um fiskeldi segir um þessa lagabreytingu:

*„Samkvæmt b-lið er Matvælastofnun skylt, við endurnýjun á rekstrarleyfi, að endurmeta hvort rekstrarleyfishafi uppfylli kröfur laga um heilbrigði dýra og afurða auk krafna um velferð dýra. Þá er einnig tekið fram að við lok gildistíma rekstrarleyfis sé heimilt, að framkominni umsókn, að úthluta eldissvæðum að nýju til hlutaðeigandi, það er þáverandi leyfishafa, að framkominni umsókn. Til þessa getur einnig komið ef rekstrarleyfi er breytt þannig að gefa þarf út nýtt leyfi, þótt ekki þygi ástæða til að orða það í frumvarpsgreininni. **Rétt þykir að hafa skýr fyrirmæli um þetta til að tryggja fiskeldisfyrirtækjum eðlilegan fyrirsjáanleika um starfsemi sína. Ekki kemur því til opinberrar auglýsingar við slíka endurnýjun.** [Leturbreyting Arnarlax] Nefna má einnig að komi til breyttar reglur um inntak rekstrarleyfa leiðir af almennum lagaskilareglum að byggt yrði á þeim, þ.e. gildandi ákvæðum laga um inntak rekstrarleyfa hverju sinni.“*

Samkvæmt lögum er þannig gert ráð fyrir að rekstrarleyfi verði endurnýjuð að öllu óbreyttu að loknum gildistíma og ekki gert ráð fyrir t.d. mati á umhverfisáhrifum við endurnýjun leyfa. Arnarlax telur að strandsvæðaskipulag beri að taka tilliti til sérlaga eins og laga nr. 71/2008, um fiskeldi, sem gangi framur lögum nr. 88/2018, um skipulag haf og strandsvæða í þessu tilliti. Þannig beri að taka tillit til lögverndaðrar nýtingar. Þessu til stuðnings má vísa til 10. gr. laga nr. 88/2018 sem segir að við gerð strandsvæðisskipulags skuli gætt samræmis við og taka mið af stjórnvaldsfyrirmælum, öðrum lögum og lögbundnum ákvörðunum um nýtingu.

## 5. Ekkert svigrúm til breytinga á nýtingarreitum í tillögum svæðisráðs

Í kafla 6.1 í tillögum svæðisráðs sem ber yfirskriftina „Vaxandi fiskeldi“ segir „Áskoranir skipulagsins felast meðal annars í því að afmarka ákveðna reiti sem ætlaðir eru til staðbundinnar nýtingar eins og fiskeldis en að veita jafnframt ákveðinn sveigjanleika til breytinga og þróunar með hagsmuni annarrar starfsemi að leiðarljósi.“ Ekki er fjallað frekar um þann sveigjanleika sem veita á vegna breytinga til framtíðar eða framtíðaráform á skipulagsvæðinu. Svo virðist í raun sem markmið skipulagsvinnunnar sé að takmarka staðbundna nýtingu vegna fiskeldis á strandsvæðum Vestfjarða enda slíkt talið „áskoranir“ skipulagsvinnunnar. Þetta orðalag er í samræmi framkomnar tillögurnar svæðisráðs sem gera í mörgum tilvikum ráð fyrir útilokun nýtingar þegar kemur að samspili aðliggjandi reita sem fela í sér annars vegar vernd umhverfis og hins vegar nýtingu vegna fiskeldis. Arnarlax ítrekar að þessi afstaða sem kemur fram í tillögum svæðisráðs skýtur skökku við þar sem heimiluð nýting vegna fiskeldis hefur farið annars vegar í gegnum mat á umhverfisáhrifum skv. lögum og verið heimiluð þrátt fyrir staðbundin og afturkræf áhrif á umhverfið og felur hins vegar í sér atvinnuuppbyggingu, sem er eitt af stefnumiðum Strandsvæðaskipulags Vestfjarða 2022.

Núverandi tillögur svæðisráðs sem lúta að staðbundinni nýtingu vegna sjókvíaldis ná einungis til núverandi eldissvæða Arnarlax skv. leyfum og í sumum tilvikum ná þær alls ekki yfir núverandi eldissvæði eins og lýst er hér að framan. Framkomnar tillögur gera þannig ekki ráð fyrir möguleika á breyttri legu eldissvæða eða rýmri eldissvæði. Framkomnar tillögur þrengja þannig að núverandi starfsemi og möguleikum leyfishafa til breytinga. Hafa verður í huga að leyfishafar þar á meðal Arnarlax hafa, í mörgum tilvikum, fengið samþykki leyfisveitanda fyrir breyttri legu eða stækkun eldissvæða eftir útgáfu leyfa. Markmiði slíkra breytingar er að bæta eldisskilyrði og þar með dýravelferð eða minnka áhrif á umhverfi. Með slíkum breytingu gefst rekstraraðila jafnframt kostur á sveigjanleika í starfseminni með fleiri valkostum



á staðsetningu sjókvía innan eldissvæðisins sem aftur leiðir til minna álags á nánasta umhverfi. Arnarlax vekur athygli á því að eldissvæðum sem hefur verið breytt vegna reynslu eru í flestum tilvikum stærri að umfangi en óbreytt svæði. Hér þarf að vera svigrúm til breytinga vegna eldissvæða sem mögulega verður breytt hvað varðar legu og umfang. Síauknar kröfur um sjálfbærar og umhverfisvænar framleiðsluaðferðir knýja á um mótvægisáðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar. Til að mynda eru bundnar vonir við að í framtíðinni verði hægt að ala ófrjóan eða kynlausan lax sem útilokar erfðablöndunaráhættu við villta laxastofna. Þá er sífellt verið að þróa tækni og aðferðir sem bæta fóðurnýtingu og draga úr uppsöfnun lífrænna efna. Ekki er útilokað að slíkar nýjar kröfur geti kallað á breytta legu eldissvæða.

Arnarlax er með í umsóknarferli breytingu á lögun eldissvæða í Arnarfirði. Um er að ræða eldissvæðin Hlaðsbót, Hringisdalur, Kirkjuból og Tjaldanes. Arnarlax telur að rétt sé að taka tillit til umsókna, sem eru í ferli hjá Skipulagsstofnunar sem snýr að breytingum á eldissvæðum í Arnarfirði með sama hætti og strandsvæðaskipulag gerir með umsóknir í Seyðisfirði fyrir Austurlandi og umsóknir í Ísafjarðardjúpi. (sjá græna ramma á fylgiskjali II) þannig að jafnræðis sé gætt milli leyfishafa. Fyrirhuguð er umsókn um breytingu á lögun eldissvæðisins í Fossfirði í Arnarfirði. (sjá fjólubláan ramma á fylgiskjali II). Arnarlax telur að rétt sé að taka tillit til þeirrar umsóknar sem vænta má á næsta ári, svo ekki þurfi að fara í breytingar á strandsvæðaskipulagi skömmu eftir að það tekur gildi.

Arnarlax vekur jafnframt athygli á þeirri staðreynd að tillögur svæðaráðs gera ekki ráð fyrir rafmagnstengingum úr landi vegna fóðurpramma eða mögulegra bryggjuframkvæmda á friðunarreitum. Þetta er mjög bagalegt þar sem friðunarreitir ná yfir heilu strandlengjurnar.

Jafnframt gera tillögur svæðisráðs vegna Strandsvæðaskipulags á Vestfjörðum 2022 ekki ráð fyrir nýjum eldissvæðum sem yfirvöld geta mögulega boðið út skv. lögum nr. 71/2008, um fiskeldi.

Að lokum má benda á að ekki er búið að burðarþols- og áhættumeta öll þau svæði sem ætla má að henti undir fiskeldi í sjó. Ef stjórnvöld hyggjast nýta þau verðmæti sem sjókvíeldi býður upp á væri skynsamlegt að burðarþolsmeta- og áhættumeta sem flest svæði þannig að unnt sé að eiga málefnalega og upplýsta umræðu um niðurstöður slíkrar vinnu. Eins geta fyrirliggjandi burðarþols- og áhættumöt tekið breytingum samhliða því sem reynsla fæst af eldi á viðkomandi svæði og nýjar mótvægisáðgerðir koma til sögunnar.

Ef breyta á staðfestu Strandsvæðaskipulagi er um að ræða umfangsmikið og tímafrekt ferli skv. lögum nr. 88/2018 sem er óhentugt ef nauðsynlegt reynist að breyta legu eða rýmka eldissvæði. Arnarlax telur því mikilvægt að í strandsvæðaskipulag felist svigrúm vegna mögulegra breytinga á legu eldissvæða í framtíðinni sem hafa það markmið að bæta eldisaðstæður.

## 6. Niðurlag

Arnarlax telur að ekki sé hægt að taka afstöðu til framkominna tillagna vegna Strandsvæðaskipulags Vestfjarðar 2022 vegna ónógs rökstuðnings. Hér er aðallega um að ræða reiti í nýtingarflokknum „Umhverfi og Náttúru“. Jafnframt er um að ræða óskýrleika tillagna um afleiðingar fyrir staðbundna nýtingu á friðunarreitum eða við þá t. d. vegna sjókvíaeldis. Uppdráttur byggður á tillögum svæðisráðs er jafnframt rangur og ónákvæmur hvað varðar staðsetningu eldissvæða Arnarlax. Ekki liggur fyrir hvað átt er við með „neikvæðum áhrifum“ nýtingar á umhverfi. Arnarlax mótmælir því að fiskeldi verði víkjandi og útiloka eigi nýtingu vegna fiskeldis á reitunum UN5-Suðurströnd Arnarfjarðar að Hvestu og LV6-



Bíldudalur-Tjaldanes án frekari rökstuðnings fyrir því hvers vegna samspil mismunandi nýtingaflokka er útilokað. Rorum vekur jafnframt athygli á því að tillögur svæðisráðs leggja til friðun Suðurstrandar Arnarfjarðar að Hvestu (UN5) m.a. fyrir nýtingu Arnarlax til fiskeldis. Rorum vekur athygli á því að engin rök eru færð fyrir tillögunni, en í stað þess er m.a. sagt að þar séu „*fallegar skeljasandsfjörur með auðugu fuglalífi*“. Ekki sé gerð tilraun til að útskýra hvernig höfundar tillögunnar ákvarða hvað er „*auðugt fuglalíf*“ enda virðist hér um huglægt mat að ræða. Það sama á um þegar talað er um „*fallegar skeljasandsfjörur*“

Arnarlax telur framangreinda annmarka á tillögunum vera verulega og svæðisráð þurfi að breyta tillögu að Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða 2022 í grundvallaratriðum sem felur í sér að svæðisráð þarf að breyta framkomnum tillögu sínum og auglýsa á nýjan leik skv. 12. gr. sbr. 13. gr. laga nr. 88/2018, um skipulag haf og strandsvæða.

Framkomnar tillögur svæðisráðs að friðun eru víðfemar þar sem heilu strandlengjurnar og firðir á Vestfjörðum eru útilokaður frá staðbundni nýtingu eins og fiskeldi. Sem dæmi um þetta má taka friðunarreitina UN3-Tálkni og UN5-Suðurströnd Arnarfjarðar að Hvestu og UN19-Jökulfirðir. Arnarlax gerir athugasemdir við þessa nálgun svæðisráðs og telur að rökstyðja þurfi nánar hvers vegna markmið friðunar náist ekki með afmörkun minni svæða. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnslulaga nr. 37/1993 skal stjórnvald því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til. Ákvarðanir stjórnvalda sem fara gegn meðalhófsreglu stjórnslulaga eru ógildanlegar.

Arnarlax telur að gæta þurfi jafnvægis milli nýtingar- og verndarsjónarmiða um leið og tryggður sé hæfilegur sveigjanleiki svo ná megi þeim markmiðum sem stefnt er að með lögunum, þ.e. að skipulagið tryggi „*grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu auðlinda haf- og strandsvæða sem byggist á heildarsýn á málefni hafsins, vistkerfisnálgun og vernd náttúru og menningarminja, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.*“

Arnarlax telur að núverandi rekstrar- og starfsleyfi sem tilgreini leyfileg eldissvæði hafi gefið fyrirtækinu réttamætar væntingar til áframhaldandi nýtingar núgildandi leyfa fyrirtækisins en núverandi eldissvæði skv. leyfum er forsenda fyrir nýtingu þess hámarkslífmassa sem heimilaður er í rekstrarleyfum fyrirtækisins. Hafa verður í huga að umsóknir um leyfi og mat á umhverfisáhrifum byggja á umræddum leyfilegum eldissvæðum og eru eldissvæðin því forsenda fyrir gildandi leyfum og eldisáætlunum fyrirtækisins. Arnarlax bendir á að í 3. mgr. 7 gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 er skýrt kveðið á um heimild til handa leyfisveitanda Matvælastofnunar að úthluta eldissvæðum að nýju til hlutaðeigandi leyfihafa við lok gildistíma rekstrarleyfis. Í athugasemdum með lögum sem breyttu lögum nr. 71/2008, um fiskeldi segir að „*Rétt þykir að hafa skýr fyrirmæli um þetta til að tryggja fiskeldisfyrirtækjum eðlilegan fyrirsjáanleika um starfsemi sína. Ekki kemur því til opinberrar auglýsingar við slíka endurnýjun.*“. Arnarlax hefur því réttmætar væntingar til áframhaldandi óbreytts rekstrar við endurnýjun leyfa. Arnarlax mótmælir því framkomnum tillögum svæðisráðs sem banna notkun tiltekinna eldissvæða eða takmarka mögulega nýtingu þeirra skv. núverandi leyfum.

Tillögur svæðisráðs sem fjalla um staðbundna nýtingu vegna sjókvíaldis ná einungis til núverandi eldissvæða skv. leyfum. Framkomnar tillögur gera þannig ekki ráð fyrir möguleika á breyttri legu eldissvæða eða rýmri eldissvæði. Ekki er gert ráð fyrir annarri framþróun atvinnurekstrar svo sem vegna rafvæðingar eða bryggjuframkvæmda á friðunarsvæðum. Framkomnar tillögur þrengja að núverandi starfsemi og möguleikum leyfishafa eða annarra aðila til breytinga. Arnarlax telur því mikilvægt að í strandsvæðaskipulag felist svigrúm vegna mögulegra breytinga á almennu starfsumhverfi fiskeldis eða legu eldissvæða í framtíðinni sem hafa það markmið að bæta meðal annars eldisaðstæður



og draga úr umhverfisáhrifum. Arnarlax ítrekar að reitir ætlaðir til fiskeldis séu of litlir og takmarkandi miðað við útgefin leyfi að ekki sé möguleiki til að breyta þeim lítilega án þess að endurskoða þurfi strandsvæðaskipulagið í heild sinni. Þannig þurfi að gæta jafnvægis milli nýtingar- og verndarsjónarmiða um leið og tryggður sé hæfilegur sveigjanleiki svo ná megi þeim markmiðum sem stefnt er að með lögum nr. 88/2018, um skipulag haf og strandsvæða. Þ.e. að skipulagið tryggi „grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu auðlinda haf- og strandsvæða sem byggist á heildarsýn á málefni hafsins, vistkerfisnálgun og vernd náttúru og menningarminja, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.“

Greinargerð Rorum um líffræðilegar forsendur fyrir tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða, sem unnin var að beiðni Arnarlax, skal skoða sem hluta athugasemda Arnarlax vegna framkominna tillagna svæðisráðs. Sama á við um umsögn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) vegna sama erindis. Rorum kemst að þeirri niðurstöðu að víða er mjög langt gengið í friðun og mun lengra en eðlilegt gæti talist miðað við vísindaleg rök, eins og nánar er gerð grein fyrir í greinargerðinni. Í greinargerðinni er tekið fram að tillögurnar um skipulagssvæði takmarka ýmsa starfsemi á Vestfjörðum. Þessar takmarkanir geta haft umtalsverð eða afgerandi áhrif á starfsemi Arnarlax. Á það er bent í greinargerð Rorum að Skipulagsstofnun vísi gjarnan til þess að friða skuli ákveðin svæði vegna þess að Náttúrufræðistofnun Íslands hafi lagt fram tillögu um að svæðin skuli vera á B hluta náttúruminjasráðs. Á það er bent að hér sé einungis um tillögur að ræða sem ekki hafa hlotið þann sess í stjórnáráðslunni að friða megi stór landsvæði vegna þeirra. Ekki verður annað séð en að Skipulagsstofnun veiti þessum tillögum of mikið vægi í gerð Strandsvæðisskipulags Vestfjarða. Jafnframt er á það bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands um svæði sem vilji stendur til að séu á B-hluta náttúruminjasráðs byggjast síðan oft á tilvísunum um mikilvæg fuglasvæði eða válista fugla. Rorum kemst að þeirri niðurstöðu að ólíklegt verði að teljast að fiskeldi í grennd við Tálkna (UN3, SN3, SN4) muni hafa neikvæð áhrif á varp fýls og hvítmáfs eins og byggt er á í tillögum svæðisráðs. Jafnframt megi telja líklegt að sama gildi fyrir Jökulfirði (UN19), þ.e. fýla- og hvítmáfsbyggðir í Vébjarnarnúpi, og fýlabbyggð í Grænuhlíð, muni ekki verða fyrir áhrifum af starfsemi Arnarlax.

Arnarlax áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum, gerist þess þörf.

Virðingarfyllst  
F.h. Arnarlax ehf.



12. september 2022

Dr. Kristján Lilliendahl  
Dr. Þorleifur Eiríksson  
Dr. Þorleifur Ágústsson

## **Athugasemdir varðandi líffræðilegar forsendur fyrir tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.**

### **Inngangur:**

Strandsvæðisskipulag Vestfjarða er nú til kynningar á vefsíðu hjá Skipulagsstofnun. Skipulagið er á ábyrgð Svæðisráðs en Skipulagsstofnun vinnur skipulagið í umboði ráðsins. Svæðið sem er skipulagt er utan netlaga (meira en 115 m frá landi) og nær út fyrir ystu nes (Skipulagsstofnun 2022a, b).

Í skipulaginu er gert ráð fyrir umfangsmiklum friðunum á svæðinu sem í sumum tilfellum hefur áhrif á fiskeldi. Áformað er að nokkrar núverandi staðsetningar fiskeldis verði lagðar niður og girt verður fyrir ýmsar hugmyndir um staðsetningu eldis í framtíðinni.

Til stuðnings friðunar vísar Skipulagsstofnun stundum til líffræðilegra sjónarmiða. Þess vegna hafði Arnarlax, tengiliður Hjörtur Methúsalemsson, samband við Rorum og óskaði eftir úttekt á tilgangi friðunar og vísindalegum rökum sem lögð voru til grundvallar skipulagstillögunni.

Skipulagsstofnun (Skipulagsstofnun 2022a) vísar gjarnan til þess að friða skuli ákveðin svæði vegna þess að Náttúrufræðistofnun Íslands hafi lagt fram tillögu um að svæðin skuli vera á B-hluta náttúruminjaskrár (Náttúrufræðistofnun Íslands 2020). Hér er einungis um tillögur að ræða sem ekki hafa hlotið þann sess í stjórnslunni að friða megi stór landssvæði vegna þeirra. Ekki verður annað séð en að Skipulagsstofnun veiti þessum tillögum of mikið vægi í gerð Strandsvæðisskipulags Vestfjarða (Skipulagsstofnun 2022a, Náttúrufræðistofnun Íslands 2020).

Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands um svæði til að vera á B-hluta náttúruminjaskrár byggjast síðan oft á tilvísunum í a) mikilvæg fuglasvæði á Íslandi, b) vásti, fuglar og c) vásti spendýra (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2016, Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a, b).



**Greinargerð:**

Fýlastofninn (*Fulmarus glacialis*) er næst stærsti stofn sjófugls á Íslandi með um 1,3 milljónir verpandi para (Arnþór Garðarsson o.fl. 2019). Á síðustu öld og alveg fram undir aldamótin er almennt talið að fýl hafi fjölgað hér á landi en hafi eftir það farið fækkandi (Arnþór Garðarsson o.fl. 2011 og heimildir þar í). Fækkunin virðist hafa haldið áfram undanfarin ár og því er tegundin talin í hættu á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a.) Nokkrar allstórar fýlabyggðir eru á Vestfjörðum og eru þær skilgreindar sem mikilvæg fuglasvæði ef fjöldi para í varpi fer yfir 10.000 (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2016). Þetta fjöldaviðmið virðist eiga uppruna sinn erlendis og tekur ekki tillit til þess einkennis á íslenskri fuglafánu að fjöldi tegunda er lítil en einstaklingar innan tegunda eru oft mjög margir.

Fýlabyggðir í Tálkna (UN3, SN3 og SN4, samkvæmt Skipulagsstofnun), Sauðanesi (UN 11), Skeggja (SN 14), Barða (SN 19), Hrafnaskálarnúp (SN 19), Vébjarnarnúp (UN 19) og Grænuhlíð (UN 19) tengjast svæðum þar sem fiskeldi er nú þegar eða er fyrirhugað (Skipulagsstofnun 2022a, b). Ef vernda á fýlabyggðir þarf bæði að vernda byggðirnar og jaðar umhverfis þær. Náttúrufræðistofnun gengur út frá því að jaðarinn þurfi að vera 100 m til landsins en 1 km til sjávar. Þetta misræmi á stærð jaðra er ekki rökstutt (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a). Engin vísindaleg rök eru sýnileg fyrir því að jaðar til sjávar þurfi að vera stærri en sá til landsins. Fýlar nýta strandsvæðin lítið því fullorðnir fuglar sækja fæðu sína á haf út (Arnþór Garðarsson o.fl. 2019) og ungarnir leita líka frá landi eftir varp. Ekki er vitað til þess að möguleg áhrif fiskeldis á stærð fýlabyggða í grenndinni hafi verið rannsökuð.

Stofnstærð straumandar (*Histrionicus histrionicus*) að vetrarlagi við Ísland er talin vera um 14.000 fuglar. Fuglarnir eru oft í litlum hópum og halda sig í fjöruborðinu við klettóttar strendur. Þeir eru ekki innfjarða og ekki undan opnum malarströndum (Arnþór Garðarsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2003 og heimildir þar í). Vetrarfuglatalningar Náttúrufræðistofnunar benda ekki til breytinga á stofnstærð og því er tegundin ekki talin vera í hættu á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a). Veturseta straumanda er ein ástæða þess að Skipulagsstofnun leggur til friðun á Jökulfjörðum (UN 19) sem að hluta til af sömu ástæðu er einnig að finna á B-hluta náttúruminjasrár (Náttúrufræðistofnun Íslands 2020). Í apríl 2000 fundust úr flugvél 339 straumendur á strandlengjunni frá botni Ísafjarðar að Straumnesi. Flestar (138) voru á milli Staðarhlíðar og Leirufjarðar en einnig fannst talsvert í Grunnavík, við Æðey, í Aðalvík og í utanverðum Veiðileysufirði (Arnþór Garðarsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2003). Gögnin sýna blettótta útbreiðslu straumanda að vetri og tiltaka þrjú svæði innan Jökulfjarða sem mikilvæg fyrir tegundina. Friðun allra Jökulfjarða út frá þessum niðurstöðum virðist þó hæpin. Hvað varðar fiskeldi sérstaklega þá skarast athafnasvæði þess ekki við útbreiðslu straumanda því endurnar eru á grynna vatni en eldið. Þá er ekki vitað til þess að rannsóknir hafi verið gerðar á samspili fiskeldis og útbreiðslu straumanda að vetri.

Fjöldi æðarfugls (*Somateria mollissima*) hér við land að vetri er talinn vera um 850.000 fuglar (Arnþór Garðarsson 2009). Yfirleitt er fæðan botnlægir hryggleysingar sem teknir eru á grunnsævi en stundum geta myndast stórir hópar af fuglum í loðnuáti (*Mallotus villosus*) á vorin. Æðarfugli hefur fækkað frá aldamótunum síðustu samkvæmt talningum á vetrarfuglum og er tegundin talin vera í nokkurri hættu á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a).

Samkvæmt Skipulagsstofnun skarast útbreiðsla æðarfugls og fiskeldis all víða. Stofnunin telur að við leyfisveitingar sé nauðsynlegt að vakta fuglalíf vegna nálægðar við æðarvörp í þremur eyjum í Ísafjarðardjúpi, þ.e. Vigur (UN 14, SN 26 og 27), Borgarey (UN 16, SN 29 og 30) og Æðey (UN 18, SN 30 og 31). Einnig þarf að vakta fuglalíf í Arnarfirði (SN 9), Dýrafirði (SN 17) og í minni Mjóafjarðar (SN 28), en auk þess er æðardúnn nýttur í Önundarfirði (A 8, UN 10, Skipulagsstofnun 2022a, b). Ekki er að finna neina sérstaka ástæðu fyrir því að æðarfugl og fiskeldi geti ekki farið saman. Í sumum tilfellum virðist þó sem hugmyndir Náttúrufræðistofnunar um 1 km breiðan jaðar umhverfis sjófuglabyggðir sé undirrótin (Náttúrufræðistofnun Íslands 2020). Löng hefð er fyrir því á Íslandi að net skuli ekki lögð í sjó nær æðarvarpi en 250 m (skv. reglugerð nr. 252/1996) og virðist eðlilegt að miða við þá fjarlægð fyrir fiskeldi. Æðarfuglar nýta ekki svæði sem eru eins djúpt og fiskeldi.

Stofnstærð hvítmáfs (*Larus hyperboreus*) er talin vera 2.400 pör en talið er að fækkað hafi í stofninum undanfarið og því er tegundin talin vera í hættu á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a). Miðað við þessa stofnstærð þá er talsvert varp í Tálkna (SN 3 og 4), í Barða og Hrafnaskálarnúp (SN 19) og Vébjarnarnúp (UN 19, Skipulagsstofnun 2022a, b). Hvítmáfur nýtir lítið grunnsævi en aflar fæðu fyrst og fremst í fjöru og sem afræningi á æðarfugl sem einnig aflar fæðu mjög grunnt. Fiskeldi er því ólíklegt til að hafa áhrif á hvítmáf.

Lundi (*Fratercula arctica*) er algengasti fugl á Íslandi. Stofninn er metinn um tvær milljónir para (Erpur Snær Hansen o.fl. í undirbúningi). Talið er lunda hafi fækkað undanfarin ár og er tegundin talin vera í bráðri hættu á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a). Lundinn verpur umhverfis landið, oftast í eyjum eða hólum. Lang stærsta lundabyggðin, um 800.000 pör, er í Vestmannaeyjum. Á Vestfjörðum er lundinn einnig algengur í þremur eyjum í Ísafjarðardjúpi og er fiskeldi í grennd við eyjarnar. Skipulagsstofnun telur að við leyfisveitingar sé nauðsynlegt að vakta fuglalíf vegna nálægðar við lundavörp í eyjunum þremur í Ísafjarðardjúpi, þ.e. Vigur (UN 14, SN 26 og 27), Borgarey (UN 16, SN 29 og 30) og Æðey (UN 18, SN 30 og 31, Skipulagsstofnun 2022a, b). Utan varptíma er lundinn úti á rúmsjó en yfirleitt má sjá fljúgandi lunda inn og út eftir Ísafjarðardjúpi á varptíma. Það bendir til þess að helstu fæðusvæði lunda sem verpa þar séu utanvert Ísafjarðardjúp eða enn utar. Lundinn er þó tækifærissinni í fæðuvali og aflar fæðu innanvert í djúpinu ef það stendur til boða (Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson 2004). Oft myndast hópar af lunda grunnt undan lundavörpum á varptíma þar sem fuglarnir virðast vera í hvíld. Þessi svæði eru þó yfirleitt á grynna vatni en fiskeldi og því frekar ólíklegt að eldi trufla fuglana.

Fjöldi teistu (*Cephus grylle*) er á bilinu 10 til 15.000 pör en hefur farið minnkandi að undanfögnu og því er tegundin í hættu á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a). Yfirleitt verpir tegundin dreift en á sumum stöðum má þó tala um teistubyggðir. Sú er raunin bæði í Vigur með um 200 pör og í Æðey með um 500 pör (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2016). Því telur Skipulagsstofnun, vegna leyfisveitinga fyrir fiskeldi, nauðsynlegt að vakta fuglalíf vegna nálægðar við teistuvörp í Vigur (UN 14, SN 26 og 27) og Æðey (UN 18, SN 30 og 31, Skipulagsstofnun 2022a, b). Þessi fuglategund dvelur að mestu leyti á grunnsævi allan ársins hring og því skarast útbreiðslusvæði teistu og fiskeldis yfirleitt ekki.

**Niðurstöður:**

Eins og fram hefur komið, takmarka tillögur um skipulagssvæði utan netlaga ýmsa starfsemi á Vestfjörðum. Þessar takmarkanir geta haft umtalsverð eða afgerandi áhrif á starfsemi Arnarlax.

Að beiðni Arnarlax skoðaði RORUM tillögurnar og komst að þeirri niðurstöðu að víða væri mjög langt gengið í friðun og mun lengra en eðlilegt gæti talist miðað við vísindaleg rök, eins og tíundað hefur verið hér að framan.

Ólíklegt verður að teljast að fiskeldi í grennd við Tálkna (UN3, SN3, SN4) muni hafa neikvæð áhrif á varp fýls og hvítmáfs.

Ennfremur má telja líklegt að sama gildi fyrir Jökulfirði (UN19), þ.e. fýla- og hvítmáfsbyggðir í Vébjarnarnúpi, og fýlabyggð í Grænuhlíð, muni ekki verða fyrir áhrifum af starfsemi Arnarlax.

Ennfremur virðist ljóst að víðtæk friðun á strandsvæði í Jökulfjörðum vegna straumandar skili ekki árangri, eins og fram kemur hér að framan.

Sama má segja um fleiri fuglategundir, að setja stór svæði í flokkinn UN, er óþarft vegna æðarfugls, hvítmáfs, lunda og teistu eins og ítarlega er fjallað um hér að framan.

Suðurströnd Arnarfjarðar að Hvestu (UN5) er ennfremur til umfjöllunar. Þar er lögð til verndun svæðisins, m.a. fyrir nýtingu Arnarlax til fiskeldis. Engin rök eru færð fyrir tillögunni, en í stað þess er m.a. sagt að þar séu „fallegar skeljasandsfjörur með auðugu fuglalífi“. Ekki gerð tilraun til að útskýra hvernig höfundar tillögunnar ákvarða hvað er „auðugt fuglalíf“ enda virðist hér um huglægt mat að ræða. Það sama á um þegar talað er um „fallegar skeljasandsfjörur“. Vísað er til umræðu um fugla hér að framan og sama ályktun dregin.

**Heimildir:**

Arnþór Garðarsson 2009. Fjöldi æðarfugls, hávellu, toppandar og stökkandar á grunnsævi að vetri. Bliki 30: 49-54.

Arnþór Garðarsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2003. Útbreiðsla og fjöldi straumandar á Íslandi að vetrarlagi. Bliki 23: 5-20.

Arnþór Garðarsson, Guðmundur A. Guðmundsson og Kristján Lilliendahl 2011. Fýlabyggðir fyrr og nú. Bliki 31: 1-10.

Arnþór Garðarsson, Kristján Lilliendahl og Guðmundur A. Guðmundsson 2019. Fýlabyggðir á Íslandi 2013-2015. Bliki 33: 1-14.

Erpur Snær Hansen, Kristján Lilliendahl, Þorkell Lindberg Þórarinsson og Arnþór Garðarsson í undirbúningi. Lundatal Íslands.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage 2016. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 55. 295 bls.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a. Válisti, fuglar. Á:

<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>. Skoðað 9. 9. 2022.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2018b. Válisti spendýra. Á:

<https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/valistar/spendyr/valisti-spendyra>. Skoðað 9. 9. 2022.


Náttúrufræðistofnun Íslands 2020. Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands að svæðum á B-hluta náttúru-minjaskrár. Á: <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra>. Skoðað 9. 9. 2022.

Skipulagsstofnun 2022a. <https://www.hafskipulag.is/media/pdf-skjol/Strandsvaedisskipulag-Vestfiridir-greinargerð.pdf>. Skoðað 9. 9. 2022.

Skipulagsstofnun 2022b. <https://www.hafskipulag.is/media/pdf-skjol/Strandsvaedisskipulag-Vestfiridir-uppdraettir.pdf>. Skoðað 9. 9. 2022.


Porleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson 2004. Vettvangsathugun á fuglalífi í Hrútey í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi júlí 2004. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 11-04.

**Fylgiskjal II - Myndir af Strandsvæðaskipulagi í samanburði við núgildandi og fyrirhuguð eldissvæði Arnarlax.**



*Mynd 1: Yfirlitsmynd af Arnarfirði.*

*Rautt = Eldissvæði skv. Strandsvæðaskipulagi, Blátt = Eldissvæði í gildi, Grænt = Umsókn um breytingu á eldissvæðum, Grátt = Fjarskiptastrengur, Fjólubleikt = Fyrirhuguð umsókn um breytingu á eldissvæði*



Mynd 2: Yfirlitsmynd yfir Patreks- og Tálknafjörð  
Rautt = Eldissvæði skv. Strandsvæðaskipulagi, Blátt = Eldissvæði í gildi, Grátt = Fjarskiptastrengur





Mynd 3: Yfirlitsmynd af Ísafjarðardjúpi  
Rautt = Eldissvæði skv. Strandsvæðaskipulagi, Grænt = Umsókn um eldissvæði

**Efni: Umsögn vegna tillögu svæðisráðs að Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða**

Vísað er til tillögu svæðisráðs um Strandsvæðaskipulag á Vestfjörðum sem er til kynningar samkvæmt 12. gr. laga um skipulag haf og strandsvæða nr. 88/2018. Í tillögunni er gert ráð fyrir að ákveðin svæði njóti verndar fyrir staðbundinni nýtingu.

Rafvæðing fóðurpramma í fiskeldisstarfsemi er þegar hafin en þá er lagður rafstrengur frá landi og út að eldissvæðum. Með þeim aðgerðum má draga verulega úr notkun jarðefnaeldsneytis auk þess sem líkur á umhverfisóhöppum verða minni.

Mikilvægt er að verndun svæða komi ekki í veg fyrir að hægt sé að koma fyrir búnaði í landi og leggja rafstreng að skilgreindum sjókvíaeldissvæðum. Einnig þarf að tryggja að verndun svæða komi ekki í veg fyrir aðgengi að vistvænni orku.

Þorsteinn Másson. Framkvæmdastjóri Bláma





## BREIÐAFJARÐARNEFND

Breiðafjarðarnefnd er sammála að skipulagsstefna Svæðisráðs Vestfjarða fjalli ekki um þann hluta Breiðafjarðar sem tilheyrir Vesturbyggð. Verndarsvæði Breiðafjarðar hefur sérstöðu meðal allra verndarsvæða á Íslandi þar sem það er eina verndarsvæðið á landinu sem tekur til land- og hafsvæða. Nefndin undirstrikar að best sé að skipuleggja Breiðafjörðinn sem eina heild.

Virðingarfyllt,

Fh. Breiðafjarðarnefndar

Erla Friðriksdóttir,  
formaður Breiðafjarðarnefndar

# Strandsvæðaskipulag fyrir Ísafjarðardjúp


## Athugasemdir og ábendingar Háafells

### 1. Inngangur

Háafell er fiskeldisfyrirtæki í Ísafjarðardjúpi með starfs- og rekstraleyfis til eldis á laxi og regnbogasilungi allt að 6.800 tonna hámarks lífsmassa á 10 staðsetningum í Ísafjarðardjúpi (mynd 1). Leyfin gilda til ársins 2037.<sup>1 2</sup> Háafell var í 10 ára umsóknarferli, á árunum 2011-2021 en á þeim tíma fóru fram miklar rannsóknir, tvö umhverfismöt og víðtækt samráð. Almennings og hagaðilar hafa því haft mörg tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri um staðsetningar Háafells síðustu 10 ár og var eftir fremsta megni reynt að mæta þeim athugasemdum sem bárust. Í umhverfismatsskýrslum má skoða þennan feril.

Háafell fagnar gerð strandsvæðaskipulagsins en vill koma nokkrum sjónarmiðum á framfæri. Háafell er meðlimur í SFS og þar koma meginsjónarmið fram sem Háafell gerir að sínum. Ennfremur eru hér sett fram nokkur sjónarmið er varða Ísafjarðardjúp sérstaklega.

Mynd 1. Eldissvæði Háafells í Ísafjarðardjúpi.



<sup>1</sup> <https://www.mast.is/static/files/leyfisveiting/haafell/endurutgafa/haafell-fe-1171a.pdf>

<sup>2</sup> <https://www.mast.is/static/files/leyfisveiting/haafell/endurutgafa/haafell-fe-1171b.pdf>



## 2. Verndarsvæði


Náttúrfræðistofnun Íslands hefur lagt til að stór svæði fari á náttúruminjaskrá í Ísafjarðardjúpi (mynd 1).<sup>3</sup> Val Náttúrfræðistofnunar er rökstutt með því að innri hluti Ísafjarðardjúps séu mikilvæg búsvæði landsela.<sup>4</sup>



Mynd 2. Verndarsvæði í Ísafjarðardjúpi sem lögð eru til í Náttúruminjaskrá.

Hér er rétt að benda á að tillögur Náttúrfræðistofnunar Íslands eru vinnugögn sem ekki hafa farið í gegnum formlegt ferli til friðunar. Því er sett spurningarkerki við því að taka slíkar tillögur svo beint upp án nánari skoðunar. Verndarsvæðin virðast mjög stór og til þess fallin að takmarka framtíðarnot fyrir firðina, sérstaklega er varðar tækniframþróun í greininni.

Eldissvæðið Skötufjörður er mjög mikilvægt svæði fyrir Háafell sem gerir það mögulegt fyrir félagið að vera með eldi á frjóum laxi á tveimur árgangasvæðum þar sem áhættumat erfðablöndunar gerir ráð fyrir að eingöngu verði heimilt að vera með eldi á frjóum laxi utan við Æðey. Háafell gerði breytingu á sínu eldisfyrirkomulagi í umhverfismatsferlinu og færði varasvæði sitt úr Skötufirði inn á innstu svæði félagsins í Ísafjarðardjúpi þannig að hægt væri að vera með tvö árgangasvæði fyrir eldi á fróum laxi.<sup>5</sup> Hér er jafnframt um að ræða gott eldissvæði, góður straumur, gott skjól og landtenging fyrir rafmagn. Þriggja árganga skipting, þar sem Skötufjörður myndar einn árgang, er nauðsynleg til þess að tryggja að eldissvæðin nái að hvílast vel á milli kynslóða.



Mynd 3. Drög af strandsvæðaskipulagi fyrir Vestfirði skv. Vefsjá Skipulagsstofnunar.

Framtíðarsýn Háafells fyrir innstu svæðin í Ísafjarðardjúpi er að nota aðeins eldissvæðið Hamar og stækka það aðeins en fella niður svæðin Vatnfjarðarnes og Biskupavík á móti.

<sup>3</sup> <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/isafjardardjup>

<sup>4</sup> <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/isafjardardjup>

<sup>5</sup> <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagnunnur-umhverfismats/alit-skipulagsstofnunar/nr/855#alut>



### 3. Fjarlægðarmörk milli ótengdra aðila


Á mynd 3 eru drög að tillögum að strandsvæðaskipulagi fyrir Ísafjarðardjúp eins og staðan er núna.<sup>6</sup> Bent er á að skynsamlegt getur verið að halda opnum þeim möguleika að vera með lokaðar kvíar eða aðra nýja tækni á skjólbetri svæðum innanlega í innfjörðum Ísafjarðardjúps.

Í miðju Ísafjarðardjúpi er gert ráð fyrir mikilli framleiðslu og eldissvæði ótengdra aðila liggja þétt saman (mynd 4). Í þessu samhengi er bent á að eldissvæðin, Arnarnes og Kirkjusund eru í minna en 5 km fjarlægð við næstu eldissvæði Háafells. Í reglugerð nr. 540/2020<sup>7</sup> er meginviðmiði að eigi sé styttri en 5 km við útmörk hvernar fiskeldisstöðvar ótengdra aðila.

Það að fjarlægðarmörk séu minna en 5 km á milli ótengdra aðila er mjög óheppilegt m.t.t. flutnings/rek sjúkdómsvalda á milli eldissvæða. Háafell hefur gert athugasemd við fjarlægðarmörk í umhverfismati Arctic Fish<sup>8</sup> vegna fyrirhugaðs laxeldis fyrirtækisins í Ísafjarðardjúpi. Staðsetningar eldissvæða Arctic Fish; Arnarnes og Kirkjusund gerir það að verkum að erfitt verður að skipuleggja eldið, samræma útsetningar einstaka árganga og þannig lágmarka umhverfisáhrif vegna laxalúsar.

### 4. Umhverfisáhrifin

Eitt af markmiðum laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða er „að skipulag veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu auðlinda haf- og strandsvæða sem byggist á heildarsýn á málefni hafsins, vistkerfisnálgun og vernd náttúru og menningarminja, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi....“<sup>9</sup>



Mynd 3. Staðsetning eldissvæða Háafells og fjarlægð við eldissvæði ótengdra aðila.

Á vefnum hafskipulag.is kemur fram „Við gerð strandsvæðisskipulags eru umhverfisáhrif metin og niðurstöður umhverfismatsins nýttar við mótnun skipulagstillögunnar“.<sup>10</sup>

Í umhverfismatsskýrslu strandsvæðaskipulagsins er ekki nægilega vel tekið fyrir umhverfisáhrif fyrirhugaðs laxeldis í Ísafjarðardjúpi, neikvæðum áhrifum laxalúsar eða sjúkdóma ef núverandi áform ganga eftir. Með tilliti til skipulags þá er:

- Of stutt á milli eldissvæða.
- Of mikil framleiðsla á afmörkuðu svæði

<sup>6</sup> <https://luk.skipulag.is/portal/apps/experiencebuilder/experience/?id=47fd5a7e682743fc8af535f940435dff>

<sup>7</sup> <https://www.reglugerdir.is/reglugerdir/efir-raduneytum/atvinnuvega--og-nvskopunar-raduneyti/nr/0540-2020>

<sup>8</sup> <https://www.skiplag.is/media/attachments/Umhverfismat/1619/201809025-Matssk%C3%BDrsla%20ASF%20%C3%BDsafjar%C3%B0ardi%C3%BAp.pdf>

<sup>9</sup> <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2018088.html>

<sup>10</sup> <https://www.hafskipulag.is/um/skiplag-haf-og-strandsvaeda/>

Rétt er að benda á að gæta þarf að samlegðaráhrifum þegar nýtingarsvæði ótengdra aðila liggja þétt saman.

Eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslu strandsvæðaskipulagsins þá eru leyfisveitingar til fiskeldis m.a. byggt á burðarþolsmati og áhættumati Hafrannsóknarstofnunar. Þau mót taka á lífrænu álagi og erfðablöndun en ekki á umhverfisáhrifum laxalúsar á villta laxfiskastofna sem er í raun stærsta viðfangsefnið m.t.t. umhverfisáhrifa laxeldis í Ísafjarðardjúpi.

Til að halda umhverfisáhrifum af laxalús og sjúkdóma í lágmarki þá er mikilvægt að horfa á Ísafjarðardjúp heilstætt og skilgreina árgangasvæði. Þessa dagana er í gangi vinna á vegum stjórnvalda við að endurskoða regluverk í sambandi við sjúkdómavarnir. Í slíkri vinnu gætu komið fram breytingar á fyrirhuguðu eldisskipulagi í Ísafjarðardjúpi og mikilvægt að strandsvæðaskipulagið taki mið af því. Með þeirra atriða sem verða skoðuð í þeirri vinnu er m.a.

- a) Svæði þar sem samræmd útsetning óskyldra aðila fer fram.
- b) Svæði þar sem hæfileg fjarlægð er á milli til að lágmark rek laxalúsaliirfa og sjúkdóma á milli svæða.

## Viðauki 1. Leiðréttingar

Óskað er eftir eftirfarandi leiðréttingum á vefsíðu strandsvæðaskipulagsins:<sup>11</sup>

### SN23 - Arnarnes

*Lýsing:* „Innan skipulagsreitsins liggja fyrir umsóknir um leyfi til fiskeldis“.

*Leiðrétting:* Það er búið að úthluta leyfi til Háafells á þessu svæði.<sup>12</sup> Aftur á móti er umsókn frá Arctic Fish ennþá í umsóknarferli.

### SN25 - Kamsnes

*Lýsing:* „Innan skipulagsreitsins liggur fyrir umsókn um leyfi til fiskeldis“.

*Leiðrétting:* Það er búið að úthluta leyfi til Háafells fyrir þetta svæði.<sup>13</sup>

### SN27 - Skarðshlíð

*Lýsing:* „Innan skipulagsreitsins liggur fyrir umsókn um leyfi til fiskeldis“.

*Leiðrétting:* Það er búið að úthluta leyfi til Háafells fyrir þetta svæði.<sup>14</sup>

---

<sup>11</sup> <https://luk.skipulag.is/portal/apps/experiencebuilder/experience/?id=47fd5a7e682743fc8af535f940435dff>

<sup>12</sup> <https://www.mast.is/static/files/leyfisveiting/haafell/endurutgafa/haafell-fe-1171a.pdf>

<sup>13</sup> <https://www.mast.is/static/files/leyfisveiting/haafell/endurutgafa/haafell-fe-1171a.pdf>

<sup>14</sup> <https://www.mast.is/static/files/leyfisveiting/haafell/endurutgafa/haafell-fe-1171a.pdf>

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

Reykjavík

Sent á netefnið: [hafskipulag@skipulag.is](mailto:hafskipulag@skipulag.is)

Reykjavík, 15. september 2022

### **Efni: Umsögn um tillögu svæðisráðs að strandsvæðisskipulagi fyrir Vestfirði**

Með erindi þessu leggur fyrirtækið Hábrún hf. fram umsögn um tillögu svæðisráðs að strandsvæðisskipulagi fyrir Vestfirði, sem lagt var fram til kynningar í júní sl. Hábrún telur fyrirbyggjandi tillögu haldna verulegum ágöllum sem nauðsynlegt er að bæta úr áður en endanlega útgáfa skipulagsins tekur gildi.

Hábrún er fiskeldisfyrirtæki, með aðsetur í Hnífsdal, sem stofnað var af heimamönnum og hefur verið í samfelldum rekstri í áratugi. Félagið hefur um langt skeið ræktað regnbogasilung í Skutulsfirði í sjókvíum. Félagið hefur einnig um skeið unnið að umsókn um auknar framleiðsluheimildir og ný eldissvæði í Ísafjarðardjúpi, en umhverfismat vegna umsóknar félagsins um heimild til eldis 11.500 tonna af regnbogasilungi er nú í ferli hjá Skipulagsstofnun. Strandsvæðisskipulag fyrir Ísafjarðardjúp hefur því verulega þýðingu fyrir félagið, og möguleika félagsins til þess að þróa áfram starfsemi sína.

Strandsvæðisskipulag er unnið og framkvæmt samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018. Í 1. gr. laganna eru skilgreind markmið laganna, sem strandsvæðisskipulagi ber að taka mið af, sbr. 9. gr. laganna. Þar er m.a. mælt fyrir um að skipulag eigi að leggja grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu auðlinda haf- og strandsvæða, tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála, og tryggja samráð við hagsmunaaðila. Að mati Hábrúnar hafa þessi lögbundnu markmið ekki náð fram að ganga hjá svæðisráði við útfærslu skipulagsins í Ísafjarðardjúpi.

#### *Eldissvæði Hábrúnar afskrifuð – brotið gegn jafnræðisreglu*

Hábrún hefur stundað fiskeldi í Skutulsfirði í yfir 20 ár, eins og fyrr var nefnt. Sjókvíaeldisstöð fyrirtækisins í Skutulsfirði er í tillögu að strandsvæðisskipulagi merkt SN22. Þá hefur umsókn félagsins um eldissvæði í Hnífsdalsvík verið til umfjöllunar hjá Skipulagsstofnun frá árinu 2018. Í fyrstu hafnaði skipulagstofnun, eftir gildistöku lagabreytinga árið 2019, að ljúka meðferð málsins. En með úrskurði Úrskurðarnefndar um umhverfismál í máli nr. 102/2021 liggur fyrir að ljúka ber ferlinu og umhverfismati vegna umsóknarinnar. Þess vegna vekur sérstaka furðu að ekkert tillit sé í skipulagstillögu strandsvæðisráðs til eldissvæða Hábrúnar, á meðan sambærileg eldissvæði annarra fyrirtækja fá stöðu í skipulagstillögunni sem svæði skilgreind fyrir nýtingu. Þó er í öllum tilvikum um að ræða svæði sem umsóknir um rekstrarleyfi lúta að og hafa sömu stöðu í lagalegu tilliti, þ.e. um er að ræða umsóknir en ekki útgefin leyfi.

Með umsögn þessari fylgir kafli úr matsáætlun Hábrúnar vegna fyrirhugaðrar framleiðslu 11.500 tonna af regnbogasilungi Ísafjarðardjúpi, sem afhent var Skipulagsstofnun í maí 2019. Í þessum kafla matsáætlunar, kafla 3, er finna yfirlit yfir fyrirhuguð eldissvæði Hábrúnar. Svæðin eiga sammerkt að svæðisráð hefur við gerð tillögu að strandsvæðisskipulag algerlega litið fram hjá umsókn Hábrúnar, en hins vegar tekið mið af eldissvæðum sambærilegra umsókna annarra rekstraraðila.

Farist hefur fyrir að merkja inn svæði fyrirtækisins í Hnífsdalsvík sem þó er hluti af áætlun fyrirtækisins um 11.500 tonna framleiðslu af regnbogasilungi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi. Í matsáætlun Hábrúnar er skýrt tekið fram og sýnt á uppdrætti hvar fyrirhugað eldi er áætlað, en staðsetningin liggur við Hnífsdalsvík.

Ekki eru færð nein rök í greinargerð strandsvæðisskipulags fyrir því hvers vegna svæðið er ekki tilgreint. Vekur þetta furðu af tveimur meginástæðum.

Í fyrsta lagi er bent á að eldissvæði sem umsókn fyrirtækisins Arnarlax beinist að, er tiltekið sem svæði fyrir sértæka nýtingu, merkt SN21. Fyrirtækin eru þó í sömu stöðu hvað svæðin varðar, bæði hafa lagt fram umsóknir um að fiskeldi verði hafið á þessum tilteknu svæðum, en rekstrarleyfi hafa ekki verið afgreidd. Þessi málsmeðferð hlýtur að teljast brot gegn jafnræðisreglu stjórnisýsluréttar, enda koma hvergi fram í greinargerð strandsvæðisskipulagsins málefnaleg rök fyrir því að þessi greinarmunur sé gerður í þessu tilviki.

Í annan stað er horft fram hjá því að staðsetning svæðisins sem Hábrún hf. hefur sótt um til nýtingar fyrir fiskeldi er vel skilgreint og hafa verið gerðar rannsóknir á lífríki botns af vísindamönnum RORUM. Niðurstöður RORUM sýna að botn er „leðju borinn sandbotn“ og „harður sandbotn“ sem þýðir að sjór er á mikilli hreyfingu og uppsöfnun lífrænna efna er lítil. Þessar aðstæður eru mjög heppilegar til fiskeldis og því fráleitt tilgreina svæðið ekki meðal sértækra nýtingarsvæða þar sem fiskeldi er heimilað.

Sama gildir um tvö eldissvæði við Snæfjallaströnd, sem eru einnig hluti af matsáætlun Hábrúnar, þ.e. Naustavík og Drangsvík. Ekki er fjallað um þessi svæði í greinargerð með skipulagstillögu eða tilraun gerð til þess að útskýra hvers vegna hagsmunir Hábrúnar séu fyrir borð bornir. Inn í skipulagið eru á sömu slóðum felld inn eldissvæði sem fyrirtækin Arctic Fish og Arnarlax hafa sótt um, sem í skipulagstillögunni er merkt SN33 og SN32. Þessi augljósa mismunur er hvorki útskýrð né rökstudd í skipulagstillögunni.

Þá lítur matsáætlun Hábrúnar að eldissvæði í Hestfirði, en Hestfjörður er í skipulagstillögunni í heild sinni settur í verndarflokkinn „Umhverfi og náttúra“. Eins og rakið verður í eftirfarandi hluta þessarar umsagnar, *Takmarkanir í Ísjarðardjúpi*, er sú niðurstaða ekki studd fullnægjandi efnislegum rökum.

Þá hefur í skipulagstillögunni láðst að taka tilliti til eldissvæðis sem Fjarðaeldi, dótturfélag Hábrúnar, hefur haft heimild til að nýta í Skutulsfirði. Starfsleyfi var fyrst gefið út í febrúar 2012 og er enn í fullu gildi. Tilgreind staðsetning í leyfi er 66°06,382'N-23°05,492'V, og er því aðeins utar í Skutulsfirði en svæði það sem er merkt SN22.

Eins og hér hefur verið rakið hefur svæðisráð hunsað lögmæta hagsmuni Hábrúnar við gerð skipulagstillögu sinnar og mun óbreytt tillaga setja í uppnám möguleika fyrirtækisins til þess að þróa starfsemi sína og rekstur í samræmi við umsóknir og áætlanir sem til umfjöllunar eru í stjórnkerfinu. Á sama tíma hefur ríkt tillit verið tekið til sambærilegra hagsmuna annarra rekstraraðila, með þeim hætti að eldissvæði sem tilheyra þeirra umsóknum eru teiknaðar inn í skipulagstillöguna sem sérstök nýtingarsvæði með heimild til fiskeldis. Þessi mismunun er ekki rökstudd sérstaklega af svæðisráði. Að mati Hábrúnar er um að ræða skýrt brot gegn jafnræðisreglu stjórnsýsluréttar

Þess er krafist af hálfu Hábrúnar að svæðisráð endurskoði skipulagstillöguna í ljósi þessa og bæti úr þeirri handvömm sem orðið hefur við gerð skipulagstillögunnar.

### *Takmarkanir í Ísafjarðardjúpi*

Tillögur svæðisráðs fela í sér meiriháttar takmarkanir á möguleikum til atvinnustarfsemi í Ísafjarðardjúpi. Gert er ráð fyrir umfangsmiklum friðunum á svæðinu, sem veruleg áhrif hafa á framtíðartækifæri til fiskeldis og sambærilegrar starfsemi. Stórum svæðum er skipað í flokkinn „Umhverfi og náttúra“ (UN), þar sem ráðgert er að fiskeldi og sambærileg starfsemi verði bönnuð. Verulegur hluti Djúpsins fellur þarna undir m.a. Hestfjörður, Skötufjörður, Mjóifjörður, Reykjafjörður og Ísafjörður. Ljóst er að tillagan tekur ekkert tillit til framtíðarstöðu fiskeldis í Ísafjarðardjúpi heldur er eingöngu horft á stöðuna eins og hún er núna.

Í greinargerð skipulagsins er vísað til þess að tiltekin svæði falli undir tillögur Náttúrufræðistofnunar um friðun svæða í B-deild náttúruminjaskrár, og virðist byggt á því sem meginrökstuðningi fyrir friðun eða skilgreiningu svæða í flokkinn „Umhverfi og náttúra“. Sá rökstuðningur er afar villandi því tillögur Náttúrustofnunar hafa enga lagalega þýðingu, þar sem þær hafa ekki fengið þá lögformlegu meðferð sem mælt er fyrir um í VI. kafla laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Alþingi Íslendinga hefur ekki fjallað um tillögurnar, sem er forsenda þess að þær taki gildi. Tillögurnar hafa því að ekkert lögformlegt gildi, og eru ekki bindandi við gerð skipulags.

Þar sem tillögur Náttúrufræðistofnunar eru ekki bindandi fyrir skipulagið bar svæðisráðinu, til þess að uppfylla rannsóknarskyldu sínu í málinu, að leggja málefnalegt mat á þær líffræðilegu forsendur sem liggja til grundvallar þeirri ákvörðun að friða svo umfangsmikil svæði í Ísafjarðardjúpi. Til þess að meta forsendur þær sem greinargerð með skipulaginu tilgreinir, óskaði Hábrún eftir álitni sérfræðinga. Með umsögn þessari fylgir álit dr. Þorleifs Eiríkssonar, dr. Kristjáns Lillendahl og dr. Þorleifs Ágústsson, en niðurstaða þeirra er sú að hin stórtæka friðun sem lagt er upp með í tillögum svæðisráðsins, styðjist ekki við gild líffræðileg rök og að vægari úrræði dugi til þess að ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

Í álitinu er bent á að meginröksemdin fyrir friðun innfjarða Djúpsins sé sú að tryggja selum vernd í látrum og nærliggjandi grunnsævi og virðist þá forsendan sú að sjókvíar og starfsemi sem þeim tengist valdi truflun og geti verið skadleg velferð sela á svæðinu. Vandinn er hins vegar sá að vísindaleg rök styðja ekki við þessa forsendu. Þvert á móti er ekkert sem bendir til þess „að selir hræðist eða forðist tímabundin mannvirki í sjó svo sem fiskeldiskvíar og þörungarækt“. Af þeim sökum er ályktað að tillaga svæðisráðsins muni í besta falli „engu máli skipta varðandi afkomu sela“.

Jafnframt er í álitinu bent á að tillagan geti haft neikvæð áhrif ef hún stuðlar að aukinni umferð ferðamanna á hinum friðuðu svæðum. Þar er vísað í rannsóknir sem sýna að truflun af völdum ferðamanna sé ógn við landsel í látrum. Tillaga svæðisráðsins getur því reynd haft þveröfug áhrif en að er stefnt.

Í álitinu er jafnframt bent á að skynsamlegri leið sé að takmarka aðgengi að svæðum næst sellátrum, t.d. með því að draga hringi með 150-250 m radíus umhverfis látrin og banna alla umferð þar nema með leyfi.

Þá er enn fremur raktar í álitinu þær röksemdir sem snúa að verndun fuglalífs í Ísafjarðardjúpi. Samantekið er bent á að skipulagstillaga svæðaráðsins muni ekki hafa nein áhrif sem bæta mun afkomu þeirra fuglategunda sem um er fjallað, þ.e. teistu, lunda og æðarfugl. [meðfylgjandi greinargerð RORUM 2022]

Í umhverfismati sem unnið var af VSÓ vegna strandsvæðisskipulags er að finna valkostagreiningu fyrir Seyðisfjörð, Hestfjörð og Skötufjörð á bls. 40-41. Athygli vekur að endanleg skipulagstillaga svæðisráðs fellir enn stærri svæði undir „Umhverfi og náttúra“ en ráð er fyrir gert í valkostagreiningu VSÓ. Ekkert í valkostagreiningu leggur sérstakar stóðir undir þessa róttæku nálgun svæðisráðs, og eins að framan er rakið er, er tilvísun til ráðstafana til verndar selum og fuglum ekki byggð á haldbærum líffræðilegum rökum. Í umhverfismati VSÓ er að finna valkostagreiningu fyrir Skötufjörð, kost B, þar sem hluti Skötufjarðar væri opinn fyrir fiskeldi. Hábrún hefur í matsáætlun vegna 11.500 tonna regnbogasilungselldi lagt fram valkost um eldissvæði sem mundi samræmast tillögu B fyrir Skötufjörð. Einnig hefur Hábrún lagt fram valkost um eldissvæði í Mjóafirði.

Samkvæmt framangreindu styðjast tillögur svæðisráðsins ekki við gild vísindaleg rök, og hinar stórtæku friðanir, sem ráðgerðar eru í skipulagstillögunni, hafa enga raunverulega þýðingu fyrir afkomu þeirra dýrategunda sem um er fjallað og tillögunum er ætlað að vernda. Tillögurnar brjóta því í bága við tvær grundvallareglur í stjórnsýslurétti, rannsóknaregluna og meðalshófsregluna. Skipulagstillagan styðst ekki við fullnægjandi greiningu á vísindalegum staðreyndum, samræmist ekki uppleggi umhverfismats og gengur miklu lengra en nauðsyn ber til. Fyllsta ástæða er til þess að efast um lögmæti tillögunnar.

### *Friðun Jökulfjarða*

Skipulagstillaga svæðisráðs gerir ráð fyrir að Jökulfirðir verði í heild sinni settir í flokkinn „Umhverfi og náttúra“, sem hefur í för með sér að fiskeldi og sambærileg starfsemi verður óleyfileg á svæðinu.

Tillagan er aðallega rökstudd með tilvísun til tillagna Náttúrufræðistofnunar um B-hluta náttúruminjasráðs, en eins og áður var rakið, hafa þær tillögur ekkert lagalegt gildi og eru óbindandi fyrir svæðisráðið. Svæðisráðinu ber því skylda til þess að leggja rök bundið, málefnalegt mat á það hvort forsendur séu fyrir friðun svæðisins.

Í umhverfismati VSÓ er að finna valkostagreiningu fyrir Jökulfirði. Þar eru bornir saman tveir kostir, annars vegar kostur A, sem orðið hefur fyrir valinu og felur í sér að allir Jökulfirðir séu settir í verndarflokkinn „Umhverfi og náttúra“, og hins vegar kostur B sem opnar á fiskeldi og skylda starfsemi á svæðum sem ekki eru inn á verndarsvæði sem markað



er við strandlengju fjarðarins alls. Í greiningunni er bent á að kostur B samræmist núverandi nýtingu auðlinda, ferðþjónustu, siglingum og veiði, og að sá kostur styðji við atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Auk þess er bent á að verndarsvæði sem afmarkað er meðferð ströndinni hafi jákvæð áhrif fyrir útivist og heilbrigt umhverfi.

Samkvæmt þessu virðist kostur B fela í sér sambætt rök og sjónarmið, þar sem tillit er tekið til ólíkra hagsmuna, sem auk þess samræmist þeim markmiðum sem lagt er upp með í lögum um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 þar sem í 1. gr. mælt er fyrir um að hafa skuli menningarlegar, félagslegar og *efnahagslegar* forsendur að leiðarljósi. Lögin gera ekki ráð fyrir að náttúruvernd og útivist trompi önnur sjónarmið.

Í þessu samhengi er er ástæða til þess að benda á að skipulagssvæðið í Jökulfjörðum sem um er að ræða fellur að mestu utan friðlands Hornstranda, og er því svæðisráðið óbundið af lagareglum þar að lútandi. Svæðisráðinu er því skylt að móta skipulagið í samræmi markmið laga nr. 88/2018, og leggja sjálfstætt og rökstutt mat á forsendur og hagsmuni þá sem í húfi eru.

Í greinargerð með skipulagstillögunni er vísað til þess að vernda þurfi fuglalíf á svæðinu, en í áliti Rorum sem lagt er fram með umsögn þessari, er rakið að vísindaleg þekking sem til staðar er um fuglalíf á svæðinu styðji ekki við þá ályktun að svo stórtæk friðun sé nauðsynleg eða muni yfir höfuð hafa nokkra þýðingu.

Þá er að finna í greinargerðinni almennar yfirlýsingar varðandi útivist og ferðamennsku, og að svæðið sé þekkt fyrir „óbyggðaupplifun“. Þó hefur ekki komið fram að sérstök úttekt hafi verið á því gerð hvort alger friðun Jökulfjarða væri nauðsynleg af þessum ástæðum, þvert á móti bendir valkostur B í umhverfismati eindregið til þess að sá kostur sé tækur, og samræmist markmiðum laga, að nýting og vernd séu samtvinnuð í Jökulfjörðum.

Ekki er gerð athugasemd við það tillit sé tekið til hagsmuna ferðþjónustu og ferðamanna í nýju strandsvæðaskipulagi, en því er mótmælt að þeir hafi algeran forgang fram yfir aðra atvinnustarfsemi án sérstakra röksemda eða greiningar. Ekki verður séð að tilraun hafi verið gerð til þess að greina kosti þess og galla að fiskeldi eða sambærileg starfsemi yrði heimiluð að hluta í Jökulfjörðum, t.d. á út af Grunnavík eða í samræmi við kost B í valkostagreiningu VSÓ í umhverfismati.

Í ljósi alls framangreinds er það afstaða Hábrúnar að alger friðun Jökulfjarða styðjist við ófullnægjandi rökstuðning og brýn nauðsyn standi til þess að svæðisráðið fari betur yfir tillögur sínar og fresti gildistöku skipulagsins hvað Jökulfirði varðar.


F.h. Hábrúnar hf.



Halldór Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri

Fylgiskjöl:

1. Eldissvæði Hábrúnar, kafli úr matsáætlun Hábrúnar frá 2019.
2. Álit RORUM, dags. 12. september 2022




Mynd 6.

### 3 Umhverfi

#### 3.1 Eldissvæðin

Fyrirhuguð sjókvíaeldissvæði fyrir sjókvíaeldisstöð er við Hnífsdal í mynni Skutulsfjarðar í Ísafjarðardjúpi í um 580 m frá landi og á 10 – 30 m dýpi (mynd 2).




Mynd 7. Yfirlitskort er sýnir Hnífsdal í Ísafjarðardjúpi og nágrenni.

Hestfjörður (mynd 3) er einn innfjarða Ísafjarðardjúps austan við Seyðisfjörð og sameinast Skötufirði við utanverðan fjörðinn við Hvítanes og við utanverða firðina er eyjan Vigur.

Fjörðurinn er um 1 km breiður í fjarðarmynni við Hvítanes og mjókkar hægt inn fjörðinn. Alls er fjörðurinn um 13 km langur og um 12 km<sup>2</sup> að stærð. Dýpi er mikið í öllum firðinum en mesta dýpi er um 100 metrar. Á mynd 5 má sjá kort af firðinum. Undirlendi er lítið í firðinum. Nokkrar ár renna í fjörðinn og er Hestfjarðará þeirra vatnmest.


Þröskuldur er í firðinum töluvert innar en Hvítanes þar sem fyrirhugað sjókvíaeldi verður staðsett.




Mynd 8. Yfirlitskort er sýnir Hestfjörð í Ísafjarðardjúpi og nágrenni.

Fyrirhugaðar eru tvær sjókvíaeldisstöðvar víð Snæfjallaströnd, í Naustavík og Drangsvík (mynd 4). Snæfjallaströnd tilheyrir nú Ísafjarðarbæ en var áður í Snæfjallahreppi sem náði frá Kaldalóni að Jökulfjörðum og er hreppurinn allur á Náttúruminjaskrá (324) ásamt Kaldalóni (323). Svæðið er á Náttúruminjaskrá vegna “Fjölbreytt og mikilfenglegt landslag með hrikalegum fjöllum, ýmsum berggerðum, jökulgörðum og óshólmum. Fjölskrúðugur gróður og dýralíf“. Engin byggð er nú á svæðinu.





Mynd 9. Yfirlitskort er sýnir Naustavík á Snæfjallaströnd í Ísafjarðardjúpi og nágrenni



Mynd 10. Yfirlitskort er sýnir Drangsvík á Snæfjallaströnd í Ísafjarðardjúpi og nágrenni.



12. september 2022

## Tillaga um nýtt strandsvæðisskipulag. Möguleg áhrif á seli og fugla við innanvert Ísafjarðardjúp.

Dr. Þorleifur Eiríksson  
Dr. Kristján Lilliendahl  
Dr. Þorleifur Ágústsson

Í ný auglýstu strandsvæðisskipulagi (Skipulag, júní 2022) eru stór svæði í Ísafjarðardjúpi sett í skipulagsflokkinn „Umhverfi og náttúra“ (UN). Það vekur athygli í tillögunni að firðir í innanverðu Ísafjarðardjúpi eru settir í þennan flokk, þ.e. Hestfjörður, Skötufjörður, Mjóifjörður, Reykjafjörður og Ísafjörður vegna landsels.

### Inngangur

Strandsvæðisskipulag Vestfjarða er nú til kynningar á vefsíðu hjá Skipulagsstofnun. Skipulagið er á ábyrgð Svæðisráðs en Skipulagsstofnun vinnur skipulagið í umboði ráðsins. Svæðið sem er skipulagt er utan netlaga (meira en 115 m frá landi) og nær út fyrir ystu nes (Skipulagsstofnun 2022a, b).

Í skipulaginu er gert ráð fyrir umfangsmiklum friðunum á svæðinu sem í sumum tilfellum hefur áhrif á fiskeldi. Áformað er að nokkrar núverandi staðsetningar fiskeldis verði lagðar niður og girt verður fyrir ýmsar hugmyndir um staðsetningu eldis í framtíðinni.

Til stuðnings friðunar vísar Skipulagsstofnun stundum til líffræðilegra sjónarmiða. Þess vegna hafði Hábrún, tengiliður Halldór Gunnlaugsson, samband við Rorum og óskaði eftir úttekt á tilgangi friðunar og vísindalegum rökum sem lögð voru til grundvallar skipulagstillögunni.

Skipulagsstofnun (Skipulagsstofnun 2022a) vísar gjarnan til þess að friða skuli ákveðin svæði vegna þess að Náttúrufræðistofnun Íslands hafi lagt fram tillögu um að svæðin skuli vera á B-hluta náttúruminjaskrár (Náttúrufræðistofnun Íslands 2020). Hér er einungis um tillögur að ræða sem ekki hafa hlotið þann sess í stjórnsýslunni að friða megi stór landssvæði vegna þeirra. Ekki verður annað séð en að Skipulagsstofnun veiti þessum tillögum of mikið vægi í

RORUM ehf

Sundaborg 1 • 104 Reykjavík • +354 577 3337 • +354 864 7999 • [rorum@rorum.is](mailto:rorum@rorum.is) • [www.rorum.is](http://www.rorum.is)

gerð Strandsvæðisskipulags Vestfjarða (Skipulagsstofnun 2022a, Náttúrufræðistofnun Íslands 2020).

Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands um svæði til að vera á B-hluta náttúruminjaskrár byggjast síðan oft á tilvísunum í a) mikilvæg fuglasvæði á Íslandi, b) válisti, fuglar og c) válisti spendýra (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2016, Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a, b).

Skipulagsstofnun virðist hafa sett þessi svæði skipulagsflokkinn „Umhverfi og náttúra“ (UN) vegna þessa að Náttúrufræðistofnun Íslands setur alla þessa firði, 156,7 km<sup>2</sup> (þar af eru 92% eða 144,2 km<sup>2</sup> sjór) í B-hluta náttúruminjaskrár án nokkur rökstuðnings.

### **Greinargerð**

Fylgst hefur verið með stofnstærð landsela síðan 1980 og stofnstærð metin á hverju ári út frá talningagögnum.

Landsel hefur fækkað verulega frá 1980. Mest var fækkunin milli 1980 og 1990, enda voru þá skotpeningar á landsel. Landsel hélt áfram að fækka fram til 2006, en frá 2011 hefur ekki verið fækkun, en landsel fjölgað á landsvísu frá 2016 til 2018 og aftur frá 2018 til 2020 (Sandra Magdalena Granquist 2021). Eins er það á Vestfjörðum að fækkun hefur ekki orðið frá 2011 til 2020 (Sandra Magdalena Granquist 2021).

Látur, eða selalátur, í merkingunni svæði við ströndina þar sem selir kæpa, sinna kópauppeldi, hafa feldskipti og leita hvíldar, eru á sjö stöðum í þessum fimm fjörðum í innanverðu Ísafjarðardjúpi. Látrin eru í öllum tilfellum, nema einu, yst í fjörðunum (Gunnhildur Ingibjörg Georgsdóttir o.fl. 2018).

Landselslátur eru á Hvítanesi, Ögurnesi, í mynni Mjóafjarðar, Vatnsfjarðarnesi, Vatnsfirði, Reykjanesi, Reykjafirði og við Voga í Ísafirði, sem eru einu látrin sem ekki eru í fjarðarmynni (Gunnhildur Ingibjörg Georgsdóttir o.fl. 2018)

Í rökstuðningi Náttúrufræðistofnunar fyrir að setja þessa firði á B-hluta Náttúruminjaskrár vegna sela er að:

„Tryggja þarf selum vernd í látrum og nærliggjandi grunnsævi þar sem fæðuöflun fer fram. Sett hefur verið upp selaskoðunarsvæði við Hvítanes þar sem umferð fólks sem kemur til að skoða seli er stýrt. Ekki er um vernd að ræða á öðrum svæðum. Verið er að vinna nýtingar- og verndaráætlun fyrir Ísafjarðardjúp.“ (Náttúrufræðistofnun Íslands 2020). Ekki verður séð hvernig stuðlað er að þessum markmiðum með því að setja firði í innanverðu Ísafjarðardjúpi í skipulagsflokkinn UN.

Það er ekki skýrt hvað er meint með nærliggjandi grunnsævi. Firðir innúr Ísafjarðardjúpi eru ekki grunnir miðað við Ísafjarðardjúp og í Ísafjarðardjúpi, t.d. í kringum Æðey, eru meiri grynningar. Mjög aðdjúpt er í þessum fjörðum og því er beltið sem þari vex almennt mjótt. Gera má ráð fyrir að selur sé mest að leita sér ætis í þaraskógunum og þeir eru mestir fyrir utan og við mynni fjarða í Ísafjarðardjúpi. Að friða þessa firði í heild virðist því þjóna litlum tilgangi.

Það sem virðist mest ógna selum er að þeir veiðast sem meðafli í netaveiðum, fyrst og fremst grásleppuveiðum, en netaveiðar verða ekki bannaðar á þessu skipulagssvæði.

Önnur helsta ógnin við landsel í látrum er truflun af völdum ferðamanna (Sandra Magdalena Granquist 2009), en þessi skipulagsflokkur (UN) er talinn auka umferð ferðamanna, sérstaklega kajaka og annarra skemmtibáta. Það er samt svo að umferð róinna skemmtibáta truflar meira en umferð vélbáta (Sandra M. Granquist og Hrefna Sigurjónsdóttir 2014).

Ekkert bendir til að selir hræðist eða forðist tímabundin mannvirki í sjó svo sem fiskeldiskvíar eða þörungarækt (Roycroft og Lewis 2004; Osmond 2013).

Tillaga Náttúrufræðistofnunar um að setja þessi svæði í B-hluta Náttúruminjaskrár er líka rökstudd með fuglalífi í Vigur og Borgarey. Fjöldi æðarfugls (*Somateria mollissima*) hér við land að vetri er talinn vera um 850.000 fuglar (Arnþór Garðarsson 2009). Yfirleitt er fæðan botnlægir hryggleysingjar sem teknir eru á grunnsævi en stundum geta myndast stórir hópar af fuglum í loðnuáti (*Mallotus villosus*) á vorin. Æðarfugli hefur fækkað frá aldamótunum síðustu samkvæmt talningum á vetrarfuglum og er tegundin talin vera í nokkurri hættu á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a). Samkvæmt Skipulagsstofnun skarast útbreiðsla æðarfugls og fiskeldis all víða. Stofnunin telur að við leyfisveitingar sé nauðsynlegt að vakta fuglalíf vegna nálægðar við æðarvörp í þremur eyjum í Ísafjarðardjúpi, þ.e. Vigur (UN 14, SN 26 og 27), Borgarey (UN 16, SN 29 og 30) og Æðey (UN 18, SN 30 og 31). Einnig þarf að vakta fuglalíf í minni Mjóafjarðar (SN 28), en auk þess er æðardúnn nýttur í Önundarfirði (A 8, UN 10, Skipulagsstofnun 2022a, b). Ekki er að finna neina sérstaka ástæðu fyrir því að æðarfugl og fiskeldi geti ekki farið saman. Í sumum tilfellum virðist þó sem hugmyndir Náttúrufræðistofnunar um 1 km breiðan jaðar umhverfis sjófuglabyggðir sé undirrótin (Náttúrufræðistofnun Íslands 2020). Löng hefð er fyrir því á Íslandi að net skuli ekki lögð í sjó nær æðarvarpi en 250 m (skv. reglugerð nr. 252/1996) og virðist eðlilegt að miða við þá fjarlægð fyrir fiskeldi. Æðarfuglar nýta ekki svæði sem eru eins djúpt og fiskeldi.

Lundi (*Fratercula arctica*) er algengasti fugl á Íslandi. Stofninn er metinn um tvær milljónir para (Erpur Snær Hansen o.fl. í undirbúningi). Talið er lunda hafi fækkað undanfarin ár og er tegundin talin vera í bráðri hættu á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a). Lundinn verpur umhverfis landið, oftast í eyjum eða hólum. Lang stærsta lundabyggðin, um 800.000 pör, er í Vestmannaeyjum. Á Vestfjörðum er lundinn einnig algengur í þremur eyjum í Ísafjarðardjúpi og er fiskeldi í grennd við eyjarnar. Skipulagsstofnun telur að við leyfisveitingar sé nauðsynlegt að vakta fuglalíf vegna nálægðar við lundavörp í eyjunum þremur í Ísafjarðardjúpi, þ.e. Vigur (UN 14, SN 26 og 27), Borgarey (UN 16, SN 29 og 30) og Æðey (UN 18, SN 30 og 31, Skipulagsstofnun 2022a, b). Utan varptíma er lundinn úti á rúmsjó en yfirleitt má sjá fljúgandi lunda inn og út eftir Ísafjarðardjúpi á varptíma. Það bendir til þess að helstu fæðusvæði lunda sem verpa þar séu utanvert Ísafjarðardjúp eða enn utar. Lundinn er þó tækifærissinni í fæðuvali og aflar fæðu innanvert í djúpinu ef það stendur til boða (Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson 2004). Oft myndast hópar af lunda grunnt undan lundavörpum á varptíma þar sem fuglarnir virðast vera í hvíld. Þessi svæði eru þó yfirleitt á grynna vatni en fiskeldi og því frekar ólíklegt að eldi trufla fuglana.

Fjöldi teistu (*Cephus grylle*) er á bilinu 10 til 15.000 pör en hefur farið minnkandi að undanförmu og því er tegundin í hættu á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a). Yfirleitt

verpir tegundin dreift en á sumum stöðum má þó tala um teistubýggðir. Sú er raunin bæði í Vigur með um 200 pör og í Æðey með um 500 pör (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2016). Því telur Skipulagsstofnun, vegna leyfisveitinga fyrir fiskeldi, nauðsynlegt að vakta fuglalíf vegna nálægðar við teistuvörp í Vigur (UN 14, SN 26 og 27) og Æðey (UN 18, SN 30 og 31, Skipulagsstofnun 2022a, b). Þessi fuglategund dvelur að mestu leyti á grunnsævi allan ársins hring og því skarast útbreiðsluvæði teistu og fiskeldis yfirleitt ekki.

Stofnstærð straumandar (*Histrionicus histrionicus*) að vetrarlagi við Ísland er talin vera um 14.000 fuglar. Fuglarnir eru oft í litlum hópum og halda sig í fjöruborðinu við klettóttar strendur. Þeir eru ekki innfjarða og ekki undan opnum malarströndum (Arnþór Garðarsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2003 og heimildir þar í). Vetrarfuglatalningar Náttúrufræðistofnunar benda ekki til breytinga á stofnstærð og því er tegundin ekki talin vera í hættu á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a). Veturseta straumanda er ein ástæða þess að Skipulagsstofnun leggur til friðun á Jökulfjörðum (UN 19) sem að hluta til af sömu ástæðu er einnig að finna á B-hluta náttúruminjaskrár (Náttúrufræðistofnun Íslands 2020). Í apríl 2000 fundust úr flugvél 339 straumendur á strandlengjunni frá botni Ísafjarðar að Straumnesi. Flestar (138) voru á milli Staðarhlíðar og Leirufjarðar en einnig fannst talsvert í Grunnavík, við Æðey, í Aðalvík og í utanverðum Veiðileysufirði (Arnþór Garðarsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2003). Gögnin sýna blettótta útbreiðslu straumanda að vetri og tiltaka þrjú svæði innan Jökulfjarða sem mikilvæg fyrir tegundina. Friðun allra Jökulfjarða út frá þessum niðurstöðum virðist þó hæpin. Hvað varðar fiskeldi sérstaklega þá skarast athafnasvæði þess ekki við útbreiðslu straumanda því endurnar eru á grynna vatni en eldið. Þá er ekki vitað til þess að rannsóknir hafi verið gerðar á samspili fiskeldis og útbreiðslu straumanda að vetri.

Ennfremur má telja líklegt að sama gildi fyrir Jökulfirði (UN19), þ.e. fýla- og hvítmáfsbyggðir í Vébjarnarnúpi, og fýlabýggð í Grænuhlíð, muni ekki verða fyrir áhrifum af starfsemi Hábrúnar.

## Niðurstaða

Skipulagsstofnun skiptir landsvæði í innanverðu Ísafjarðardjúpi, sem Náttúrufræðistofnun setti á B-hluta Náttúruminjaskrár vegna sela, upp í þrjú hluta og setur í skipulagsflokkinn Umhverfi og náttúra (UN) með skammstöfunum UN14, UN15 og UN16. Engin önnur ástæða er tilgreind fyrir þessari skipulagstillögu svo ástæðan hlýtur að vera að minnka skaðleg áhrif á selastofninn.

Eins og fram kemur hér á undan skiptir þessi skipulagstillaga í besta falli engu máli varðandi afkomu sela og getur í versta falli haft slæm áhrif með því að auka umferð ferðamanna og sérstaklega umferð á litlum skemmtibátum.

Ekki verður heldur séð að þessi skipulagstillaga muni hafa áhrif varðandi áður nefndar fuglategundir; teistu, lunda og æðarfugl.

Í stað þessarar stórtæku friðunar mætti hugsa sér að takamarka aðgengi að svæðum næst sellátrum, t.d. draga hringi með 150 – 250 m radíus umhverfis látrin og banna umferð þar nema með leyfi.

**Heimildir:**

- Arnpór Garðarsson. 2009. Fjöldi æðarfugls, hávellu, toppandar og stokkandar á grunnsævi að vetri. Bliki 30: 49-54.
- Arnpór Garðarsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2003. Útbreiðsla og fjöldi straumandar á Íslandi að vetrarlagi. Bliki 23: 5-20.
- Erpur Snær Hansen, Kristján Lilliendahl, Þorkell Lindberg Þórarinsson og Arnpór Garðarsson. Í undirbúningi. Lundatal Íslands.
- Gunnhildur Ingibjörg Georgsdóttir, Erlingur Hauksson, Guðmundur Guðmundsson og Ester Rut Unnsteinsdóttir. 2018. Selalátur við strendur Íslands. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 56.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage. 2016. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 55.
- Náttúrufræðistofnun Íslands. 2018a. Válisti, fuglar. Á:  
<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>. Skoðað 9. 9. 2022.
- Náttúrufræðistofnun Íslands. 2020. Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands að svæðum á B-hluta náttúruminjaskrár. Á:  
<https://www.ni.is/is/midlun/naturuminjaskra>. Skoðað 9. 9. 2022.
- Osmond, Andrew W. 2013. Seals and Aquaculture in Iceland Potential for Conflict and Practical Mitigation Measures. University of Akureyri University Centre of the Westfjords. Master of Resource Management: Coastal and Marine Management
- Roycroft, D., T.C. Kelly, L.J. Lewis. 2004. Birds, seals and the suspension culture of mussels in Bantry Bay, a non-seaduck area in Southwest Ireland. Estuarine, Coastal and Shelf Science 61: 703–712.
- Sandra Magdalena Granquist. 2009. TheWild NorthAnnual Report 2009. The behaviour and abundance of harbour seals (*Phoca vitulina*); How do tourists affect the seals? SELASETUR REPORT NO. 0201.
- Sandra Magdalena Granquist. 2021. The Icelandic harbour seal (*Phoca vitulina*): Population estimate in 2020, summary of trends and the current status. HAF- OG VATNARANNSÓKNIR. ISSN 2298-9137. HV 2021-53.
- Sandra Magdalena Granquist og Hrefna Sigurjónsdóttir. 2014. The effect of land based seal watching tourism on the haul-out behaviour of harbour seals (*Phoca vitulina*) in Iceland Sandra. Applied Animal Behaviour Science.
- Skipulagsstofnun. 2022a. <https://www.hafskipulag.is/media/pdf-skjol/Strandsvaedisskipulag-VestfirDIR-greinargerD.pdf>. Skoðað 9. 9. 2022.

Skipulagsstofnun. 2022b. <https://www.hafskipulag.is/media/pdf-skjol/Strandsvaedisskipulag-Vestfirdir-uppdraettir.pdf>. Skoðað 9. 9. 2022.

Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson. 2004. Vettvangsathugun á fuglalífi í Hrótey í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi júlí 2004. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 11-04.



Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Efni: Umsögn um strandsvæðisskipulag Vestfjarða

Háskóla Vestfjarða fagnar framkomnum drögum að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Háskóla Vestfjarða er stofnun á Háskólastigi á Vestfjörðum, sem hefur einbeitt sér að kennslu í strandsvæðastjórnun og í byggðafræði og hafði á sínum tíma komið að vinnu við svokallaða Nýtingaráætlun Arnarfjarðar. Tengjast athugasemdir Háskólaseturs við nýjustu tillögu strandsvæðisskipulags Vestfjarða því aðallega aðferðum og ferlum.

1. Almenn ferli gæti verið meira sýnilegt og skýrt. Endurskoðunarákvæði sem og aðlögunar- og breytingarferli ef óvæntar og meiri háttar breytingar forsenda lægu fyrir er vissulega lýst í lið 7.6., en benda mætti á þann mikilvæga kafla fremst í texta eða undir *Ferlið*, t.d. með því að lengja myndræna framsetningu á ferlinu og bæta við endurskoðunarmöguleika og vísa í lið 7.6.

(<https://www.hafskipulag.is/strandsvaedisskipulag/skipulag-i-vinnslu/strandsvaedisskipulag-vestfjarda/ferlid/> og liður 1.5. í *Tillögu svæðisráðs*)

2. Textamagnið er nokkuð mikið. Tillaga svæðisráðs til kynningar er 55 bls., Umhverfismatsskýrsla er 48 bls. og tvö skjöl um Samráð og greiningu á forsendum eru samanlagt 131 bls. Þá eru bara umfangsmestu gögnin talin. Eðlilega er erfitt að ná utan um þetta mikla magn upplýsinga, sem endurspeglar þá mikla vinnu sem liggur bak við gerð strandsvæðisskipulags.

Þar sem er greinilega nauðsynlegt að hafa fleiri en eitt skjal opið til að skilja samhengið og þar sem ýmsar töflur og gröf eru notuð í fleiri en einum texta, þarf sífellt að skrolla upp til að fullvissa sig um í hvaða texta maður er staddur. Headline væri mjög einföld og gagnleg aðferð til að gera textana lesendavænni.

Á það skal bent að ýmislegt í *Tillögu svæðisráðs til kynningar* verður ekki skilið nema forsendur séu hafðar í huga, en það mætti stórbæta aðgengi að þessum aðaltexta og fyrirbyggja misskilning með því að vísa með skipulegum hætti í hina textanna.

Dæmi 1: Tafla 1.1, bls. 11 (*Helstu niðurstöður umhverfismats*): Framsetningin skýr og einföld. Vægiseinkunnir er þó ekki hægt að skilja nema með tilliti til forsendna, sem er að finna í skýringartexta um umhverfismat, en virðast vanta í *Tillögu svæðisráðs til kynningar*. Þvervísun í umhverfismat væri gagnleg t.d. sú að vægiseinkunnir byggja á forsendum sem er að finna í skýringartexta um umhverfismat bls. 9. Almenn ábending á að tafla 1.1. byggi á umhverfismati, sem er að finna í öðrum texta, uppfyllir örugglega lágmarkskröfur, en er ekki sérlega notendavæn.

Dæmi 2: Samráðskortin. Gögn sem liggja bak við ákvarðanatöku í *Tillögu svæðisnefndar* koma ekki vel fram í texta. T.d. er hvergi minnst á samráðskortin, sem er að

finna í texta Afrakstur samráðs (<https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Samantekt-samradsfundir-samradsvefsja-Vestfirdir.pdf>). Það væri lesendavænna að vísa í þessa forvinnu og væntanlega forsendur ákvarðanatöku á stökum stað í *Tillögunni*.

- Um samráðsferlið er svo aðallega fjallað í kafla 1.5. í *Tillögunni* og eru þar hagaðilarnir upp taldir og þá sem haft var samband við, en ekki hvort og í hvaða umfangi hagaðilarnir tóku þátt í vinnunni. Úr *Tillögunni* er svo vísað í skjalið *Afrakstur samráðs*. Þetta skjal tíundar í fyrsta kafla víðtæka samráðið sem haft hefur verið, en þegir um hvað voru margir sem tóku þátt, t.d. í samráðsvefsjá og á samráðsfundum. Af samráðskortunum að dæma var þátttaka mjög misjöfn milli fjarða.

- Skilgreining og afmörkun á *auðlind*.

Betri skilgreiningu vantar í kafla um nýtingu auðlinda almennt varðandi svæði eða öllu heldur rými og þá sér í lagi með tilliti til vatnssúlu ofan á ákveðnu svæði. Vatnssúlan sjálf getur verið auðlind, hún inniheldur til að mynda súrefni. Sömuleiðis mætti skerpa á skilgreiningu á auðlind varðandi nýtingu sem er hvorki í atvinnuskyni né náttúruvernd: Útsýnið, kyrrð, útivist er oft litið á sem auðlind og væri forvitnilegt að vita hvort strandsvæðisskipulagið deili þeirri sýn. Samráðskortið um nýtingu auðlinda (*Afrakstur samráðs*, bls. 11) bendir til að svo sé ekki, en skilgreining á auðlind er meginforsenda til að skilja tillöguna. Sama er að segja um kafla 7.3 í *Tillögu*, þar sem nýting útsýnis frá landi er greinilega ekki staðbundin nýting.

Það að skilgreining á náttúruauðlindum virðist útiloka auðlindir sem eru hvorki notaðar í atvinnuskyni né falla undir náttúruvernd setur þær á lægri stall en hinar. Matið bak við þessa ákvörðun þarf að koma fram, annars leikur grunur á að um ómeðvitað mat sé að ræða.

- Í kafla 7.3 eru upplýsingar um eftirfylgni skipulagsins og hvernig staðbundin nýting getur átt sér stað á svæðum fyrir almenna nýtingu, en sambærilegt ákvæði um starfsemi á viðkvæmum svæðum er að finna undir lið 7.1. og er orðað miklu loðnara. Eins og bent var á undir fjórða lið, vaknar grunur um að hér liggja til grundvallar ómeðvitað mat, sem þó gegnsýrir allar ákvarðanir. Verra væri ef matið væri ekki ómeðvitað.

- Samspil nýtingar á strandsvæðum og á landi.

Í þessu samhengi mætti skoða kafla 7.4. um samspil nýtingar á strandsvæðum og á landi betur, hvort réttur til nýtingar hafsvæðis er tryggður þó fjárfestingin/fyrirtækið sé aðallega eða jafnvel eingöngu á landi, t.d. réttur til óskerts útsýnis o.fl. (dæmi: hótél sem selur útsýni). Þetta er líka tíundað í kafla 6.1. undir Samspil nýtingar á landi og strandsvæðum, þar sem síðasta málsgrein bendir í raun til þess að útsýnið sé ekki metið sem auðlind ("Jafnframt að nýtingu auðlinda sé beint á svæði sem þegar eru nýtt og tengjast innviðum á landi").

- Óheppilegt er að smala allri ferðaþjónustu í einn flokk, enda ferðaþjónustan mjög mismunandi og stundum útilokar ein grein ferðaþjónustu aðrar greinar. Skemmtiferðaskip eru allt annars eðlis en dagsferðarbátar eða sjóstangaveiði. Það væri ekki óeðlilegt að einhver tegund af ferðaþjónustu væri bönnuð þó önnur tegund væri leyfð.




8. Vistkerfisnálgun (kafla 7.2.). Í kafla 6 um auðlindanýtingu er bent á að skipulagið sé sveigjanlegt og veiti svigrúm fyrir nýsköpun og þróun (bls. 37). Margsinis er bent á vistkerfisnálgun til að taka ákvarðanir um nýtingu sem ekki er tekið tillit til í strandsvæðisskipulagi. Ákvæði í lið 7.2. eru góð og gild, en svæðisráðið í sjálfu sér of veik eining og tannlaus til að tryggja að þeim sé fylgt eftir og til að komið verði á fót heildstæðari umhverfisvöktun lykilibreyta.
9. Er hægt að bæta við öðrum upplýsingum í vefsjána sjálfa, t.d. veiðisvæði eða reglugerðir Fiskistofu um skyndilokarnir, hrygningarstopp o.s.frv. Sumt af þessu er að finna í samráðskortum og öðrum gögnum í skjalinu Afrakstur samráðs. Rannsóknarsvæði eru ekki tilgreind í vefsjá/upprætti, en eru upptaldar í skipulagsákvæðum fyrir einstaka skipulagsreiti. Myndræn framsetning finnst flestum aðgengilegri en mikið textamagn. Þar sem vefsjá/uppráttur liggur fyrir á annað borð grunar fáa að fleiri sambærileg kortagögn sé að finna "falda" í ítagögnum.
10. Í pop-up-gluggum vefsjár gæti verið betra samræmi í framsetningu texta með tilliti til vísun í reglugerðir og lög. Dæmi Dynjandasvæði: Upplýsingartexti er með tilvísun í 61. gr. Náttúruverndarlaga, en sambærilegar vísanir/pop-up gluggar virðast ekki vísa í sambærileg lög og það er ekki hægt að finna út hvort upplýsingum í þessum pop-up gluggum er ætlað að vera tæmandi.
11. Gert er grein fyrir tengslum við leyfisveitendur í kafla 1.3. en í kafla 7.5. eru leyfisveitendur upp taldir. Vægi þeirra og staða gagnvart strandsvæðaskipulagi er óljóst. Annars vegar byggir strandsvæðisskipulagið á núverandi leyfisveitingum og reglum stofnana, hins vegar eiga framtíðar leyfin að útgefast í samræmi við skipulagið. Óljóst er hver er réttþærri ef t.d. reglur um leyfisveitingar breytast innan ákveðinna stofnana, eða ef stofnanir komast að mismunandi niðurstöðum vegna mismunandi túlkunar á t.d. vistkerfisnálgun.

Unnið af starfsmönnum Háskólaseturs,  
Dr. Catherine Chambers, rannsóknastjóra  
Dr. Matthías Kokorsch, fagstjóra meistaranáms í sjávarbyggðafræði  
Dr. Peter Weiss, forstöðumanni

Ísafirði, 14.09.2022

Fyrir hönd Háskólaseturs Vestfjarða,



Peter Weiss  
Forstöðumaður  
weiss@uw.is  
450 3045 • 869 3045

Þorgerður Þorleifsdóttir

## Umsögn Vistum ehf., við Strandsvæðaskipulag Vestfjarða. Ísafjarðardjúp.

### Greinargerð:

Einkahlutafélagið Vistum ehf. (630517-0950) er félag sem vinnur að rannsóknum og þróun á grundvelli sjálfbærni. Að félaginu stendur hópur sérfræðinga og áhugamanna um náttúrulegan vöxt og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.

Stór hluti verkefna félagsins hefur verið á sviði sjávar tengdrar nýsköpunar. Er þar fyrst að nefna rannsóknir á þangi í fjörum við Ísafjarðardjúp og Húnaflóa, þar sem greiningarvinna fór fram á útbreiðslu og magni, auk greiningu á nýtingarmöguleikum á sviði strandbúnaðar og líftækni (Gunnar Steinn Gunnarsson o.fl. 2015a,b, Guðmundur Víðir Helgason o.fl. 2019, Þorleifur Eiríksson o.fl. 2019). Ennfremur hafa farið fram rannsóknir á mögulegri nýtingu á kræklinga-ásætum á sjókvíum, á grundvelli hugmyndafræði hringrásahagkerfisins (Magnús Þór Bjarnason o.fl. 2018). Vistum hefur auk þess stundað rannsóknir á möguleikum á ræktun hörpudisks í Ísafjarðardjúpi, með rannsóknum á lifun og vexti, en hörpudiskur úr Ísafjarðardjúpi er stærri en t.d. hörpudiskur úr Breiðafirði (Magnús Þór Bjarnason o.fl. 2019; 2020). Síðustu verkefni hafa verið rannsóknir á líftæknilegri vinnslu úr rækjuskel í samstarfi við Háskólann á Akureyri (í vinnslu).

Vistum sér mikla möguleika fyrir sjálfbæra ræktun og nýtingu á skelfisk og þörungum í Ísafjarðardjúpi. Hafsvæðið einkennist af næringarríkum sjó og skjólgóðum fjörðum. Það sem Ísafjarðardjúp skortir í undirlendi, það vegur djúpið upp í bláum ökrum.

Fyrstu drög Strandsvæðaskipulags Skipulagsstofnunar og þeirra forsenda sem þar eru lagðir til grundvallar olli Vistum miklum vonbrigðum vegna skorts á vísindalegri nálgun. Í Strandsvæðaskipulaginu er horfið frá forsendunni um afturkræf og óafturkræf umhverfisáhrif og ekki minnst einu orði á afturkræf eða óafturkræf umhverfisáhrif í Umhverfismatsskýrslu, Umhverfismat tillögu svæðisráðs að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Í leiðbeiningaritum Skipulagsstofnunar um Umhverfismat er afturkræfni og óafturkræfni áætlaða hornsteininn að mati á Umhverfisáhrifum. Í stað er kominn órökstudd vistkerfisnálgun.

Megin ástæða tillögu Skipulagsstofnunar fyrir því að setja Hestfjörð, Skötufjörð, Mjóafjörð, Reykjafjörð og Ísafjörð í skipulagsflokkinn „umhverfi og náttúra“ (UN) er vegna látra landsels (*Phoca vitulina*).

Náið hefur verið fylgst með veiðkomu og stofnstærð landsels um áratuga skeið. Töluverð fækkun varð í stofni landsels á árunum 1980 og 1990, enda voru veiðimenn hvattir til að skjóta sel. Hinsvegar hefur landsel fjölgað á landsvísu frá 2016 til 2018 og aftur frá 2018 til 2020 (Sandra Magdalena Granquist 2021). Eins er það á Vestfjörðum að fækkun hefur ekki orðið frá 2011 til 2020 (Sandra Magdalena Granquist 2021).

Látur, eða selalátur, eru á sjö stöðum í þessum fimm fjörðum í innanverðu Ísafjarðardjúpi og eru yst í fjörðunum, fyrir utan Ísafjörð, en þar eru látrín við Vogasker (Gunnhildur Ingibjörg Georgsdóttir o.fl. 2018).

Það sem virðist mest ógna selum er að þeir veiðast sem meðafli í netaveiðum, fyrst og fremst grásleppuveiðum, en netaveiðar verða ekki bannaðar á þessu skipulagssvæði og er það sérstakt þegar verið er leggja til skipulag til verndar sel. Ennfremur má segja að mjög skrítið sé að auka aðgengi fólks að sellátrum í ljósi þess að rannsóknir sýna að önnur helsta ógnin við landsel í látrum er truflun af völdum ferðamanna (Sandra Magdalena Granquist 2009). Þessi skipulagsflokkur (UN) mun eðli samkvæmt auka umferð ferðamanna, sérstaklega kajaka og annarra skemmtibáta, en vitað er að umferð róinna skemmtibáta truflar sel í látrum meira en umferð vélbáta eins og t.d. þjónustubáta fyrir fiskeldi (Sandra M. Granquist og Hrefna Sigurjónsdóttir 2014). Erlendar rannsóknir hafa auk þess sýnt að ekkert bendi til þess að selir hræðist eða forðist tímabundin mannvirki í sjó svo sem fiskeldiskvíar eða þörungaráekt (Roycroft og Lewis 2004; Osmond 2013) og hafi jafnvel nýtt sér slík mannvirki til að fela sig fyrir rándýrum.

Lundi (*Fratercula arctica*) er algengur á Vestfjörðum. Búsvæði lundans er í þremur eyjum í Ísafjarðardjúpi, Vigur (UN 14, SN 26 og 27), Borgarey (UN 16, SN 29 og 30) og Æðey (UN 18, SN 30 og 31, Skipulagsstofnun 2022a, b). Rannsóknir sýna að utan varptíma er lundinn úti á rúmsjó og sem bendir til þess að helstu fæðusvæði lunda séu utanvert Ísafjarðardjúp eða enn utar (Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson 2004).

Teistubýggðir (*Cephus grylle*) eru bæði í Vigur með um 200 pör og í Æðey með um 500 pör (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2016). Þessi fuglategund dvelur að mestu leyti á grunnsævi allan ársins hring og því skarast útbreiðslusvæði teistu og nýting strandsvæða yfirleitt ekki.

## Niðurstaða

Skipulagsstofnun skiptir landsvæði í innanverðu Ísafjarðardjúpi, sem Náttúrufræðistofnun setti á B-hluta Náttúruminjaskrár vegna sela, upp í þrjá hluta og setur í skipulagsflokkinn Umhverfi og náttúra (UN) með skammstöfunum UN14, UN15 og UN16, en ekki er tilgreind önnur ástæða.

Í besta falli skiptir þessi skipulagstillaga engu máli varðandi afkomu sela og getur í versta falli haft slæm áhrif með því að auka umferð ferðamanna og sérstaklega umferð á litlum skemmtibátum.

Skipulagstillagan mun líklegast engin áhrif hafa varðandi áður nefndar fuglategundir; teistu, lunda, straumönd og æðarfugl.

Aðrar lausnir væru betur til þess fallnar til að ná markmiðum skipulagstillögunnar, s.s. takamarka aðgengi að svæðum næst sellátrum.

## Heimildir


- Guðmundur Víðir Helgason, Þorleifur Eiríksson, Magnús Þór Bjarnason, Þorgerður Þorleifsdóttir, Þorleifur Ágústsson, Fiona Provan og Gunnar Steinn Jónsson. 2019. Endurteknar mælingar á uppskeru þangs í Ísafjarðardjúpi. Framvinduskýrsla 3, Lokaskýrsla. RORUM 2019 012.
- Gunnar Steinn Jónsson Guðmundur Víðir Helgason Þorleifur Eiríksson Magnús Þór Bjarnason, Þorleifur Ágústsson og Fiona Provan. 2015a. Mælingar á uppskeru þangs í Ísafjarðardjúpi. Framvinduskýrsla 1. RORUM 2015 004.
- Gunnar Steinn Jónsson Guðmundur Víðir Helgason Þorleifur Eiríksson Magnús Þór Bjarnason Þorleifur Ágústsson og Fiona Provan. 2015b. Fýsileikaönnun á vinnslu þangs úr Ísafjarðardjúpi. RORUM 2015 002.
- Gunnhildur Ingibjörg Georgsdóttir, Erlingur Hauksson, Guðmundur Guðmundsson og Ester Rut Unnsteinsdóttir (2018). Selalátur við strendur Íslands. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 56. Sótt 13 september á [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_56.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf).
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage. 2016. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 55.
- Magnús Þór Bjarnason, Sveinbjörn Hjálmarsson, Þorgerður Þorleifsdóttir, Guðmundur Víðir Helgason, Þorleifur Eiríksson og Þorleifur Ágústsson. 2019. Áframræktun á hörpuðiski í Ísafjarðardjúpi. VISTUM 2019 001.
- Magnús Þór Bjarnason, Sveinbjörn Hjálmarsson, Þorgerður Þorleifsdóttir, Guðmundur Víðir Helgason, Þorleifur Eiríksson og Þorleifur Ágústsson. 2020. Hólfaskiptin búra í Áframræktun á hörpuðiski. . VISTUM 2020 001.
- Magnús Þór Bjarnason, Eva G. Þorvaldsdóttir, Guðmundur Víðir Helgason og Þorleifur Eiríksson. 2018. Nýting á krækling á fiskeldiskvium. Vistum 2018 001
- Osmond, Andrew W. 2013. Seals and Aquaculture in Iceland Potential for Conflict and Practical Mitigation Measures. University of Akureyri University Centre of the Westfjords. Master of Resource Management: Coastal and Marine Management
- Roycroft, D., T.C. Kelly, L.J. Lewis. 2004. Birds, seals and the suspension culture of mussels in Bantry Bay, a non-seaduck area in Southwest Ireland. Estuarine, Coastal and Shelf Science 61: 703–712.



- Sandra Magdalena Granquist. 2021. The Icelandic harbour seal (*Phoca vitulina*): Population estimate in 2020, summary of trends and the current status. HAF- OG VATNARANNSÓKNIR. ISSN 2298-9137. HV 2021-53.
- Sandra Magdalena Granquist og Hrefna Sigurjónsdóttir. 2014. The effect of land based seal watching tourism on the haul-out behaviour of harbour seals (*Phoca vitulina*) in Iceland Sandra. Applied Animal Behaviour Science.
- Skipulagsstofnun. 2022a. <https://www.hafskipulag.is/media/pdf-skjol/Strandsvaedisskipulag-Vestfiridir-greinargerð.pdf>. Skoðað 9. 9. 2022.
- Skipulagsstofnun. 2022b. <https://www.hafskipulag.is/media/pdf-skjol/Strandsvaedisskipulag-Vestfiridir-uppdraettir.pdf>. Skoðað 9. 9. 2022.
- Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson. 2004. Vettvangsathugun á fuglalífi í Hrútey í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi júlí 2004. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 11-04.
- Þorleifur Eiríksson, Guðmundur Víðir Helgason, Magnús Þór Bjarnason, Þorgerður Þorleifsdóttir, Þorleifur Ágústsson, Fiona Provan og Gunnar Steinn Jónsson. 2019. Nýtanlegt þang í Húnaflóa. Áfangaskýrsla 2, Lokaskýrsla. RORUM 2019 011.

## D) Aðrir hagsmunaaðilar

### 3. HAGSMUNA- EÐA FÉLAGASAMTÖK



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík  
[hafskipulag@skipulag.is](mailto:hafskipulag@skipulag.is)



Reykjavík 4. október 2022

SAF – Samtök ferðaþjónustunnar, hér eftir nefnd samtökin, vilja koma með eftirfarandi athugasemdir við Strandsvæðisskipulag á Vest- og Austfjörðum sem birtist á vefsíðu Hafskipulags.

Strandsvæðisskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði á fjörðum og flóum utan staðarmarka sveitarfélaga þar sem sett er fram stefna og ákvarðanir stjórnvalda um framtíðarnýtingu og vernd svæðisins.

Samtökin vilja benda á að þegar það er verið að skipuleggja strandsvæði þá eiga stjórnvöld að fara varlega þegar kemur að því að leyfa nýtingu svæða til starfsemi sem hefur neikvæð áhrif á náttúru og umhverfi, svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, haugsetningu, efnistöku, vegum sem þvera firði, orkuframleiðslu o.fl.

Það þarf að horfa á skipulag svæða til langs tíma og gæta að verndun umhverfis og náttúru, sérstaklega á stöðum eins og í Aðalvík og Jökulfjörðum. Þar vilja samtökin taka fram að það eigi aldrei að leyfa starfsemi sem hefur neikvæð áhrif á umhverfið, þ.m.t upplifun ferðamanna af víðerni og óbyggðum, kyrrð, dýralíf og óspillta náttúru. Í reynd ætti að gera hafsvæði Aðalvíkur og Jökulfjarða að friðlandi líkt og Hornstrandir eru. Í reynd ætti að skoða það alvarlega að gera allt svæðið, hafsvæðið með, að þjóðgarði.

Þegar drögin eru skoðuð vekur það áhyggjur samtakanna hvað nýtingarsvæðin eru mörg á báðum svæðum. Til að mynda á Austfjörðum þá er nánast búið að skipuleggja nýtingarsvæði í hverjum firði. Fimm staðir í Reyðarfirði, þrjár staðir í Fáskrúðsfirði og svo í Stöðvarfirði svo eitthvað sé nefnt. Enn vekur það áhyggjur samtakanna að fiskeldi skuli vera svar við öllu, þegar kemur að atvinnuþróun á Vest- og Austfjörðum. Það vekur svo sérstakar áhyggjur hvað svæðin eru mörg og stór á Vestfjörðum.

Að mati samtakanna ætti að huga að atvinnustarfsemi taki tillit til náttúru, landslags, sögu og menningar með það að markmiði að hafa ekki of neikvæð áhrif á svæðið. Horfa þarf lengra inn í framtíðina þegar kemur að atvinnuþróun.

Þá sakna samtökin þess að svo virðist ekki gert ráð fyrir að það séu ákveðin svæði skipulögð út frá afþreyingu eingöngu þar sem veiðar með stórvirkum veiðarfærum í atvinnuskyni eru útilokaðar.


Þá taka samtökin fram að þau áskilja sér rétt til að koma með frekari umsögn á síðari stigum og eru reiðubúin að taka þátt allri umræðu um mótun stefnunnar

*Virðingarfyllst*

*F.h. Samtaka ferðapjónustunnar*



*Baldur Sigmundsson, lögfræðingur*



*Ágúst Elvar Bjarnason, verkefnastjóri*



Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík  
hafskipulag@skipulag.is

Reykjavík, 15. september 2022

**Efni: Athugasemdir við tillögur að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða og Austfjarða 2022**

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS eða samtökin) hafa tekið til umsagnar tillögur svæðisráða að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða og Austfjarða. Leiðarljós beggja skipulagstillagna eru sögð vera sjálfbær þróun, viðnámsþróttur gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum, lífsgæði og samkeppnishæfni. Í skipulagstillögunum er lögð áhersla á umhverfisvöktun og að ávallt liggi fyrir bestu upplýsingar um stöðu vistkerfa og gæði sjávar á strandsvæðunum, til að tryggja sjálfbæra nýtingu á þeim.

Íslensk sjókvíaeldisfyrirtæki eru starfrækt á Vestfjörðum og Austfjörðum og stunda þar eldi á regnbogasilungi og laxi. Fyrirtækin hafa á undanförunum árum náð umtalsverðum árangri í framleiðslu og skapað ný og fjölbreytt tækifæri og störf á þessum svæðum. Árlegur vöxtur fiskeldis á Íslandi hefur undanfarin ár verið nálægt 40% og framleitt magn nærri fimmfaldast. Spár gera ráð fyrir því að innan nokkurra ára verði útflutningsverðmæti íslensks laxeldis orðið meira en verðmæti íslenskra þorskafurða og að íslenskt fiskeldi geti heildstætt tekið fram úr hefðbundnum sjávarútvegi á næstu tíu árum.<sup>1</sup>

Mikilvægt er að íslensku fiskeldi verði áfram sköpuð bestu mögulegu skilyrði til uppbyggingar og verði þannig áfram sterk og öflug atvinnugrein á Austfjörðum og Vestfjörðum. Til þess er bæði nauðsynlegt og skynsamlegt að yfirvöld marki skýra stefnu um nýtingu og vernd auðlinda á haf- og strandsvæðum. Bæði fiskeldi og sjávarútvegur þurfa að fást við náttúruöflin og hverfular athafnir mannsins á erlendum mörkuðum. Á hvorugu hafa hinar íslensku

<sup>1</sup>[https://www.mbl.is/200milur/frettir/2022/05/10/verdmaeti\\_laxeldis\\_gaeti\\_ordid\\_meira\\_en\\_fi\\_skveida/](https://www.mbl.is/200milur/frettir/2022/05/10/verdmaeti_laxeldis_gaeti_ordid_meira_en_fi_skveida/)



atvinnugreinar stjórn. Því ber að leitast við að draga úr öðrum þeim óvissuþáttum sem hægt er að hafa stjórn á. Skýr stefna um nýtingu strandsvæða til langs tíma er af þeim sökum mjög til bóta, sé hún skynsamleg og til þess fallin að styrkja samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar, án þess að kröfum um sjálfbærni sé fórnað.

Að framangreindu sögðu eru samtökin að mörgu leyti jákvæð gagnvart efni fyrirbyggjandi tillagnanna og þeirri framsetningu sem þar er kynnt. Með tillögunum fæst yfirsýn yfir nýtingu á haf- og strandsvæðum og mikilvæg þróunarsvæði. Samtökin telja þó óhjákvæmilegt að gera nokkrar mikilvægar athugasemdir og tillögur til breytinga:

## **I. Almennar athugasemdir**

### I.I Svigrúm undir tilfærslu eldiskvíá

Að mati samtakanna er nauðsynlegt að útvíkka mörk reita sem skilgreindir eru undir „Staðbunda nýtingu“ fiskeldis til að skapa meira svigrúm undir tilfærslu eldiskvíá.

Undirstrika ber að tilfærsla eldiskvíá er eitt helsta og mikilvægasta úrræðið til þess að draga úr staðbundnum áhrifum fiskeldis og stuðla að sem bestri heildarnýtingu eldissvæða. Til þess getur komið að færa þurfi til eldiskvíar eða breyta afstöðu þeirra með tilliti til straumstefnu og vinda í því skyni að draga úr hættu á smítalagi innan eldissvæðis og dreifingu fisksjúkdóma og lúsar frá eldinu. Aðrar ástæður geta einnig valdið því að þörf er á tilfærslu eldiskvíá, t.d. uppsöfnun lífrænna efna, rekis, þörungablómi, framleiðsluaukning, breytingar í eldistækni o.s.frv. Til að lágmarka staðbundin umhverfisáhrif er því nauðsynlegt að eldisstarfsemi sé tryggð nægjanlegt svigrúm til tilfærslu eldiskvíá. Slíkt er ekki einvörðungu til hagsbóta fyrir umhverfið og fiskeldisfyrirtæki, heldur má ganga út frá því allar aðgerðir sem stuðla að öflugri dreifingu og niðurbroti lífrænna efna hafi í för með sér jákvæð áhrif fyrir ótengda starfsemi sem fer fram í námunda við kvíar.

Undanfarin ár hafa stofnanir sem fara með stjórnsýslu fiskeldis ítrekað vakið athygli á mikilvægi þess að eldissvæði séu nægjanlega rúm. Fyrst má nefna að Skipulagsstofnun og Matvælastofnun hafa í málatilbúnaði sínum fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála byggt á því að mikilvægt sé að til staðar sé svigrúm til að færa kvíar til innan svæða með tilliti til lífræðilegs álags.<sup>2</sup> Í málatilbúnaði sínum vegna stjórnsýslukæru um mat á umhverfisáhrifum eldis í Skutulsfirði lagði Skipulagsstofnun áherslu á að áhrif eldis á botndýralíf séu

<sup>2</sup> Sjá t.d. úrskurð ÚUA í máli nr. 29/2019 (Fiskeldi Austfjarða, Fáskrúðsfirði)





afturkræf við hentugar aðstæður og þegar svæði eru hvíld með því að færa til sjókvíar. Til þess að svo megi verða skipti hins vegar miklu máli „að gott svigrúm sé til þess að færa kvíar inn á ný svæði.“<sup>3</sup>

Í umsögn Umhverfisstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum breyttrar staðsetningar eldissvæða í Patreksfirði kemur fram að þáverandi staðsetning hafi ekki reynst heppileg með tilliti til sjávarhita og sjávarstrauma. Tilfærsla kvía muni auka straumflæði um kvíabyrpingar með jákvæðum áhrifum á uppsöfnun lífrænna efna og súrefnisstyrk. Í umsögn Matvælastofnunar í sama máli kemur fram að með því að snúa kvíabyrpingum þvert á straumstefnu megi draga úr líkum á að smit magnist upp innan stöðvar.<sup>4</sup>

Á þetta er einnig lögð áhersla í nýlegri umsögn Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins vegna breytinga á reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags, en þar segir orðrétt:<sup>5</sup>

„Það er þekkt viðfangsefni fiskeldis að loft getur verið þörf á því að flytja til eldiskvíar. Getur þetta verið af ástæðum sem varða tæknileg atriði sem og breytilegar umhverfisástæður. Má ætla að þetta eigi ekki síst við hér við land þar sem fremur lítilli reynslu, í árum, er til að dreifa af fiskeldi í fjörðum. Á mörgum stöðum kann þannig að koma í ljós að upphaflegar staðsetningar eldiskvía séu ekki eins hentugar og talið var og því sé þörf á því að flytja þær til. Til samanburðar má athuga hvernig bæjarstæði til sveita eru löguð að því að draga úr hættum af skriðum eða flóðum um leið og gætt er að þáttum eins og staðvindum og sólargangi, eftir því sem við á.

Huga verður nægilega að því að fiskeldi verði ekki skorinn of þröngur stakkur um möguleika að þessu leyti. Til hliðsjónar má benda á dæmi erlendis frá. Í Noregi hafa verið gefin út leyfi til staðsetninga á sjókvíum sem nægja mundu til framleiðslu á tþæla 3,7 milljónum tonnnum HLM (heildarlífmassa) á í heildina 1000 staðsetningum. Samanlagður heimilaður heildarlífmassi eldisleyfa er hins vegar einungis um fjórðungur þessa eða um 967.000 tonn HLM sem ræðst af takmarkandi þáttum, einkum lífrænu álagi af laxalús. Það svigrúm sem með þessu er fyrir hendi

<sup>3</sup> Úrskurður umhverfissráðuneytisins í máli nr. 09120125 frá 16. janúar 2011.

<sup>4</sup> [https://www.ust.is/library/Skrar/2018-04-11%20%20C3%81kv%20C3%B6r%20C3%B0un%20Skipulagsstofnunar%20vegna%20tilf%20C3%A6rslu%20eldissv%20C3%A6%20C3%B0a%20%20C3%AD%20Patreksfir%20C3%B0i%20-%20ekki%20h%20C3%A1%20C3%B0%20umhverfismati%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.ust.is/library/Skrar/2018-04-11%20%20C3%81kv%20C3%B6r%20C3%B0un%20Skipulagsstofnunar%20vegna%20tilf%20C3%A6rslu%20eldissv%20C3%A6%20C3%B0a%20%20C3%AD%20Patreksfir%20C3%B0i%20-%20ekki%20h%20C3%A1%20C3%B0%20umhverfismati%20-%20Copy%20(1).pdf)

<sup>5</sup> [https://samradsgatt.island.is/Skrar/\\$Cases/GetAdviceFile/?id=3d18a95b-7f40-ec11-9bab-005056bcce7e](https://samradsgatt.island.is/Skrar/$Cases/GetAdviceFile/?id=3d18a95b-7f40-ec11-9bab-005056bcce7e)



í Noregi er talið jákvætt að því leyti að það tryggir sveigjanleika þannig að bregðast megi hratt við breyttum aðstæðum. Annað dæmi má hafa af fiskeldi í Færeyjum þar sem eldissvæði hafa verið færð til á síðustu 20 árum í því skyni að draga úr líkum af því að sjúkdómar berist með hafstraumum, m.a. í ljósi reynslu af sjúkdómi í eldi sem þar koma upp fyrir um 20 árum síðan.“

Sömu sjónarmiða má einnig sjá stað í leyfisferli fiskeldis. Í starfsleyfum Umhverfisstofnunar er t.a.m. sérstaklega kveðið á um heimild rekstraraðila til að flytja eldiskvíar til á skilgreindu eldissvæði „til að hindra að uppsöfnun fódurleifa hafi áhrif á heilbrigði eldisstofnsins og gæði umhverfis.“ Sama á við ef þörf krefur vegna hvers kyns yfirvofandi hættu fyrir búnað eða eldisfisk. <sup>6</sup> Þetta er enn fremur ítrekað af hálfu Umhverfisstofnunar í leiðbeiningum stofnunarinnar um vöktunaráætlanir fiskeldisstöðva, þar sem segir að tilfærsla kvía geti hjálpað mikið til að draga úr mengunaráhrifum fiskeldis.<sup>7</sup>

Af framantöldum dæmum má ljóst vera að þær stofnanir sem hafa með höndum eftirlit og umsjón með umhverfisáhrifum fiskeldis hafa um langt skeið sammælt um nauðsyn þess að hafa eldissvæði nægjanlega rúm.<sup>8</sup>

## L.II Svigrúm til vaxtar

Samtökin hafa ítrekað vakið máls á mikilvægi þess að gætt sé að umhverfishagsmunum og að fiskeldi byggist upp á sjálfbæran hátt, án þess að óraunhæfar kröfur í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum takmarki um of vaxtarmöguleika og framþróun greinarinnar. Í fyrirliggjandi tillögum er tekið fram að áhugi ríki fyrir auknu fiskeldi á skipulagssvæðunum og fyrirséð sé að nýting þeirra taki mestum breytingum í tengslum við fiskeldi á næstu árum. Segir þar einnig að áskoranir skipulagsgerðarinnar felist meðal annars í því að afmarka ákveðna reiti sem ætlaðir eru til staðbundinnar nýtingar eins og fiskeldis en að veita jafnframt ákveðinn sveigjanleika til breytinga og þróunar með hagsmuni annarrar starfsemi að leiðarljósi.

<sup>6</sup> Sjá t.d. gr. 3.5. í starfsleyfi Arctic Sea Farm hf. í Dýrafirði:  
[https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-igildi/Fiskeldi/Starfsleyfi\\_ASF%20D.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-igildi/Fiskeldi/Starfsleyfi_ASF%20D.pdf)

<sup>7</sup> [https://www.ust.is/library/Skrar/utgefid-efni/Annad/2748\\_Fiskeldiseftirlit\\_A5\\_Bs.pdf](https://www.ust.is/library/Skrar/utgefid-efni/Annad/2748_Fiskeldiseftirlit_A5_Bs.pdf) - Bls. 3

<sup>8</sup> Sjá t.d. eftirfarandi umsagnir Umhverfisstofnunar :  
[https://www.ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-aumhverfisahrifum/Krossanes\\_251113.pdf](https://www.ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-aumhverfisahrifum/Krossanes_251113.pdf);  
[http://umhverfisstofnun.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-aumhverfisahrifum/Brim\\_151203.pdf](http://umhverfisstofnun.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-aumhverfisahrifum/Brim_151203.pdf);  
Sjá einnig umfjöllun meiri hluta atvinnuveganefndar við meðferð frumvarps til breytingarlaga um fiskeldi (Þingskjal 1573 – 647. mál), dags. 9. apríl 2019.



Samtökin taka undir nauðsyn þess að skipulagsstillögurnar gæti að svigrúmi til þróunar annarrar starfsemi en fiskeldis en benda á að ekki er síður mikilvægt að skapa fiskeldi áframhaldandi sveigjanleika til aðlögunar og þróunar. Að mati samtakanna hefur ekki verið gætt nægjanlega vel að þessu mikilvæga atriði í fyrirbyggjandi tillögum og er það raunar staðfest í umhverfismati tillagnanna, þar sem fram kemur að innleiðing skipulagsins muni hafa „óveruleg áhrif á eldi og ræktun.“ Með öðrum orðum skapa skipulagsstillögurnar takmarkaðan grundvöll til frekari þróunar og vaxtar umfram þau áform sem þegar eru uppi.

Hafa verður í huga að þrátt fyrir að fiskeldi hafi þegar fest sig í sessi sem lykilatvinnugrein hér á landi er greinin enn í uppbyggingarfasa. Mikil þróun hefur átt sér stað í allri umgjörð fiskeldis samhliða örum vexti á undanföllum árum. Íslensk eldisfyrirtæki eru sífellt vakandi fyrir nýjum tækifærum í eldi, hvort sem er með breyttum framleiðsluferlum, nýrri tækni eða breyttum staðsetningum. Drifkraftar þróunar eru margir og fjölbreyttir. Aukin samkeppni og þar með krafa um lægri framleiðslukostnað og skilvirkni ýtir undir bættar framleiðsluaðferðir og tæknilausnir á öllum sviðum. Síauknar köfur um sjálfbærar og umhverfisvænar framleiðsluaðferðir knýja á um mótvægisáðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar. Til að mynda eru bundnar vonir við að í framtíðinni verði hægt að ala ófrjóan eða kynlausan lax sem útilokar erfðablöndunaráhættu við villta laxastofna. Þá er sífellt verið að þróa tækni og aðferðir sem bæta fódurnýtingu og draga úr uppsöfnun lífrænna efna. Ör þróun á þessum sviðum getur gert ábyrgum framleiðendum kleift að vaxa með sjálfbærum og umhverfisvænum hætti. Til þess þurfa fyrirtækin þó að búa yfir getu og aðlögunarhæfni til gera viðeigandi breytingar á starfsemi sinni, t.d. með upptöku nýrra svæða.

Einnig er til þess líta að yfirstandandi er heildstæð úttekt á ýmsum sviðum fiskeldis sem er liður í fyrirhugaðri stefnumótun matvælaráðuneytisins í málaflokknum:

- Í fyrsta lagi hefur matvælaráðherra falið Ríkisendurskoðun að ráðast í heildstæða úttekt á stjórnarsýslu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og undirstofnana þess á sviði fiskeldis. Er ætlunin að úttektin nái yfir alla stjórnarsýslu málaflokksins, allt frá undirbúningi löggjafar og setningu afleiddra reglna til eftirlits með starfsemi fyrirtækja í greininni.
- Í öðru lagi hefur matvælaráðherra falið ráðgjafarfyrirtækinu Boston Consulting Group að annast skýrslugerð um stöðu fiskeldis á Íslandi. Í skýrslunni verða greindir framtíðarmöguleikar og áskoranir greinarinnar og er ætlunin að sú vinna muni nýtast við stefnumótun matvælaráðherra. Tekið verður mið af umhverfismálum, verðmætasköpun og regluverki. Til samræmis við stjórnarsáttmála



verður áhersla lögð á að kortleggja tækifæri til sjálfbærs vaxtar greinarinnar með vísindalega þekkingu að leiðarljósi. Höfð verður hliðsjón af samanburðargreiningu við þau lönd sem helst stunda lagareldi.

- Í þriðja lagi hefur matvælaráðherra skipað starfshóp til að skoða smitvarnir og sjúkdóma í fiskeldi. Hópnum hefur m.a. verið falið að yfirfara lög og reglugerðir um laxeldi og framkvæmd á þeim og vinna að tillögum um breytingar ef þörf þykir.

Afurð þessarar vinnu og fyrirhugaðrar stefnumótunar um fiskeldi er óljós á þessu stigi. Að mati samtakanna ætti meginmarkmið slíkrar stefnumótunar að lúta að því hvernig megi greiða leið ábyrgrar uppbyggingar, auka verðmætasköpun í greininni á sjálfbæran hátt og tryggja stöðugleika til framtíðar. Verði það niðurstaðan getur það kallað á að finna þurfi ný uppbyggingarsvæði undir fiskeldi sem bjóða má út skv. lögum nr. 71/2008 og að liðka þurfi fyrir tilfærslu og rýmkun á núverandi eldissvæðum.

Að lokum má benda á að ekki er búið að burðarþols- og áhættumeta öll þau svæði sem ætla má að henti undir fiskeldi í sjó. Þá hafa svæði verið skilgreind sem bannsvæði á grundvelli verndar villtra laxastofna án þess að fyrir liggji formlegt áhættumat skv. lögum um fiskeldi. Það er því ótímabært að segja til um hvort þau bannsvæði endurspegli endanlega ákvörðun eða séu hugsuð sem biðstaða þar til frekar rannsóknir hafa farið fram. Ef stjórnvöld hyggjast nýta þau verðmæti sem sjókvíldi býður upp á væri skynsamlegt að burðarþols- og áhættumeta sem flest svæði þannig að unnt sé að eiga málefnalega og upplýsta umræðu um niðurstöður slíkrar vinnu. Eins geta fyrirliggjandi burðarþols- og áhættumót tekið breytingum samhliða því sem reynsla fæst af eldi á viðkomandi svæðum og nýjar mótvægisáðgerðir koma til sögunnar.

### II.III Skortur á rökstuðningi við mörkun svæða

Samtökin gera almenna athugasemd við takmarkaðan rökstuðning gagnvart mörkun svæða, einkum svæða sem skilgreind eru undir nýtingarflokkana „Umhverfi og náttúra (UN)“ og „Lagnir og vegir (LV)“.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða verða leyfi fyrir framkvæmdum og annarri starfsemi að samræmast gildandi strandsvæðisskipulagi. Því varðar því miklu að við afmörkun nýtingarflokka í strandsvæðisskipulagi sé gætt jafnvægis milli nýtingar- og verndarsjónarmiða svo ná megi þeim markmiðum sem stefnt er að með lögnum, þ.e. að skipulagsáætlanir tryggi „grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu auðlinda haf- og strandsvæða sem byggist á heildarsýn á málefni hafsins, vistkerfisnálgun og vernd náttúru og menningarminja, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.“



Samkvæmt gildandi reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags nr. 220/2020 er gert ráð fyrir því að fiskeldi fari einkum fram á svæðum sem skilgreind eru undir „Staðbundna nýtingu“ þótt um leið sé gert ráð fyrir því að það geti í ákveðnum tilvikum farið fram á svæðum skilgreind undir „Almenna nýtingu“. Efnislega er því gert ráð fyrir því að utan svæða sem hafa sérstaklega verið afmörkuð fyrir fiskeldi verði fiskeldi annað hvort víkjandi að ákveðnu marki eða hreinlega útilokað. Í ljósi þessa verður að lýsa nokkrum áhyggjum af því hve takmarkaður rökstuðningur virðist liggja að baki afmörkun svæða sem útiloka nýtingu undir fiskeldi, einkum á svæðum sem liggja að eða í námunda við eldissvæði. Þetta er einkum umhugsunarvert í ljósi markmiða skipulagsgerðarinnar um ábyrga nýtingu auðlinda.

*a) Mörkun svæða undir Umhverfi og náttúru*

Svæði í nýtingarflokknum „Umhverfi og náttúra“ eru í mörgum tilvikum skilgreind allvíðtækt án þess að mörk þeirra séu sérstaklega rökstudd. Að mati samtakanna þarf að rökstyðja nánar hvers vegna markmiðum skipulagsgerðar um sjálfbæra vistkerfisnálgun og vernd náttúru og menningarminja verði ekki náð með öðrum og vægari hætti, sbr. meðalhófs- og rannsóknarreglur stjórnarsýsluréttar.

Að mati samtakanna á vistkerfisnálgun við skipulagsgerð að fela í sér samþætta nálgun á nýtingu náttúruauðlinda sem miðar jöfnum höndum að skynsamlegri vernd og ábyrgri nýtingu. Ákvarðanir á þessu sviði verða að grundvallast á vísindalegri þekkingu á vistkerfi og umhverfi og taka tillit til ólíkra hagsmuna við nýtingu náttúruauðlinda. Það felur í sér að leggja þarf rækt við rannsóknir, upplýsingaöflun og úrvinnslu ýmissa gagna sem tengjast umhverfi, vistkerfi og nýtingarmöguleikum viðkomandi svæðis. Í kjölfarið geta skapast forsendur til ráðast í áætlanir um skipulega vernd, t.d. með afmörkun verndarsvæða í strandsvæðisskipulagi eða skipulagsskilmálum. Fyrirliggjandi tillögur að strandsvæðisskipulagi bera þessi ekki merki í öllum tilvikum að afmörkun svæða byggji á heildstæðri nálgun og því hvetja samtökin til þess að gætt verði meira hófs við skilgreiningu svæða undir „Umhverfi og náttúra“.

Þá vekur jafnframt athygli að mörkun svæða í nýtingarflokknum „Umhverfi og náttúra“ er í sumum tilvikum rökstudd með vísan til þess að Náttúrufræðistofnun hafi lagt til að viðkomandi svæði fari á B- eða C-hluta náttúruminjaskrár. Tillaga að þingsályktun um B-hluta náttúruminjaskrár hefur hins vegar ekki verið lögð fram á Alþingi síðan núgildandi lög um náttúruvernd tóku gildi árið 2015 og því hefur engin lögformleg ákvörðun verið tekin um verndargildi viðkomandi svæða. Um þessar mundir vinnur Umhverfisstofnun að undirbúningi kynningar- og samráðsferlis á tillögum





Náttúrufræðistofnunar og mun að því loknu skila umsögn um framkomnar athugasemdir til ráðherra. Stefnt er að því að ráðherra muni í kjölfarið leggja fram formlega þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár til samþykktar á yfirstandandi löggjafarþingi 2022–2023.<sup>9</sup>

Að svo stöddu er því með öllu óráðið hvaða svæði verða hluti af samþykktri náttúruminjaskrá og hvernig afmörkun þeirra verður háttað. Þangað til það verður ljóst telja samtökin ótímabært að grundvalla afmörkun svæða í strandsvæðisskipulagi á óstaðfestum tillögum Náttúrufræðistofnunar. Fremur ætti að leggja mat á hvort forsendur séu til að heimila atvinnustarfsemi á viðkomandi svæðum og þá eftir þörfum með skilyrðum sem taka mið af verndarþörf og verndargildi viðkomandi svæða.

Að lokum má benda á eldisfyrirtæki eru mörg hver byrjuð að vinna að rafvæðingu fódurpramma í formi landtengingar eða með notkun á rafhlöðum. Mikilvægt er að gætt verði að því að skilgreining svæða undir „Umhverfi og náttúru“ í strandsvæðisskipulagi standi ekki landtengingu fódurpramma með rafstrengjum úr landi fyrir þrifum.

*a) Mörk svæða undir raforku- og fjarskiptastrengi (lagnir og vegir)*

Raforku- og fjarskiptastrengir liggja víða í sjó á skipulagssvæðinu. Taka má undir mikilvægi þess að í strandsvæðisskipulagi séu skilgreind svæði sem tryggja öryggi slíkra strengja og koma í veg fyrir röskun á virkni þeirra. Hins vegar telja samtökin skorta skýringar á því hvers vegna svæði undir raforku- og fjarskiptastrengi eru skilgreind jafn rúm og raun ber vitni, á kostnað aðliggjandi nýtingar.

Í fyrirbyggjandi tillögum er vísað til þess að samkvæmt lögum um fjarskipti sé kveðið á um aðgæslu sjófarenda þar sem fjarskiptastrengir liggja í sjó og að bannað sé að veiða með veiðarfærum sem fest eru í botn eða dregin eftir honum á beltum sem nær 402 metra (míluþjórðung) hvoru megin við strenginn.<sup>10</sup> Virðist sem þessi viðmiðun ráði mestu um mörkun svæða undir raforku- og fjarskiptastrengi, þó dæmi séu um stærri svæði.

Af þessu tilefni vilja samtökin leggja áherslu á að samkvæmt orðanna hljóðan tekur núgildandi 86. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022 ekki til annars en veiðarfæra sem fest eru við botn eða dregin eftir botni og skipa sem leggjast við akkeri. Ákvæðið á þar af leiðandi ekki við um aðrar festingar, þ.m.t. botnfestingar eldiskvíá. Það er fastmótuð lögskýring að sérstök rök þurfa að

<sup>9</sup> <https://www.althingi.is/altext/152/s/0573.html>

<sup>10</sup> Nú 86. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022.





koma til svo að vikið sé frá skýringu samkvæmt orðanna hljóðan og engin slík rök eru sett fram í tillögunum.

Leggja verður áherslu á að það er ólíku saman að jafna þegar rætt er um hættu sem raforku- og fjarskiptastrengjum stafar af annars vegar veiðarfærum og akkerisfestingum skipa og hins vegar botnfestingum eldiskvía. Áður en eldiskvíar eru staðsettar í sjó fer fram ítarleg greining á umhverfisaðstæðum, s.s. veðurálagi, botngerð og straumum á eldisstað. Á grundvelli þessara rannsókna er eldisstöðin hönnuð og botnfestingar staðsettar. Frá mælingu og endanlegri staðsetningu botnfestinga skeikar alla jafna ekki meira en 10 m, sem má fyrst og fremst rekja til skekkjumarka GPS-kerfa á sjó. Útsetningarskýrsla er gerð eftir að eldiskvíar hafa verið staðsettar í sjó þar sem m.a. er staðfest að botnfestingar séu skv. teikningum og íhlutir réttir. Frá útsetningu hreyfast botnfestingar lítið sem ekkert og þá fremur í átt að að miðju sjókvía. Raforku- og fjarskiptastrengjum stafar því lítil sem engin hættu af nálægð við botnfestingar sjókvía. Engir verndarhagsmunir eru því fólgnir í því gagnvart sjókvíaeldi að marka slíkum strengjum 800+ metra breið helgunarsvæði.

Til hliðsjónar má benda á að í nýjum fjarskiptalögum nr. 70/2022 er að finna heimild til að veita undanþágu frá banni við veiðum nærri fjarskiptastrengjum ef um er að ræða veiðarfæri sem ekki eru talin líkleg til að raska öryggi fjarskiptastrengja á viðkomandi svæði að teknu tilliti til aðstæðna, sbr. 5. ml. 4. mgr. 86. gr. laganna.

## II. Athugasemdir við einstök svæði:

### II.I Tillaga að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða – Jökulfirðir (UN19)

Samtökin telja ótímabært að taka ákvörðun um skilgreiningu Jökulfjarða undir nýtingarflokkinn *Umhverfi og náttúra (UN19)*. Þess í stað leggja samtökin til að gerð strandsvæðisskipulags fyrir Jökulfirði verði frestað með vísan til 2. mgr. 13. gr. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða, sbr. og ákvæði I til bráðabirgða. Í athugasemdum við fyrrnefnda ákvæðið í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 88/2018 segir orðrétt: <sup>11</sup>

„Ef svæðisráð telur að á tilteknu svæði sé til staðar óvissa um atriði sem geta haft veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins getur svæðisráð frestað skipulagi þess svæðis, sbr. 2. mgr. Dæmi um atriði sem geta valdið óvissu um framkvæmd skipulags er ef mikilvægar upplýsingar skortir um strandsvæðið.“

<sup>11</sup> <https://www.althingi.is/altext/148/s/0607.html>:



Af hálfu SFS er byggt á því að eftirfarandi mikilvægar upplýsingar skorti um atriði sem haft geta veruleg áhrif á framtíð svæðisins:

- Ekki hefur verið lagt mat á hæfi Jökulfjarða til nýtingar undir fiskeldi með tilliti til burðarþols eða áhættumats erfðablöndunar.
- Ekki hefur verið lagt mat á önnur vænt umhverfisáhrif fiskeldis í Jökulfjörðum og hvernig þau megi lágmarka eftir fremsta megni, t.d. með staðarvali og/eða sértækum leyfiskröfum.
- Ekki hefur verið lagt mat á möguleg byggðaleg áhrif fiskeldis í Jökulfjörðum.
- Ekki hefur verið lagt mat á vænta tekjuöflun ríkis- og sveitarfélaga af fiskeldi í Jökulfjörðum.

Framangreindar upplýsingar verður að telja nauðsynlega forsendu þess að undirbyggja vísindalega og samfélagslega nálgun og tryggja upplýsta og málefnalega umræðu um framtíð Jökulfjarða. Ljóst má telja að sveitarfélög og íbúar við Ísafjarðardjúp eiga ríkra hagsmuna að gæta bæði af verndun náttúru og uppbyggingu á fiskeldi í Jökulfjörðum og því er sérstaklega mikilvægt að ákvörðun um framtíðarnýtingu svæðisins verði ekki tekin í flýti heldur að undangenginni ítarlegri vistfræðilegri skoðun og samráði við hagaðila.

Rétt er að leggja áherslu á að í framangreindu felst engin fyrirfram tilætlan um að Jökulfirðir eða tiltekin svæði innan Jökulfjarða verði skilgreind undir staðbundna nýtingu fyrir fiskeldi. Þá er það jafnframt afstaða samtakanna að óháð niðurstöðu burðarþols og áhættumats verði ávallt að taka viðtækt tillit til sérstöðu svæðisins og ferðaþjónustu sem þar hefur byggst upp.

\* \* \*

Að mati samtakanna eiga stjórnvöld að ýta undir og stuðla að áframhaldandi uppbyggingu og framþróun í fiskeldi í sem mestri sátt við umhverfi og samfélag. Tækifæri til ábyrgrar uppbyggingar eru sannarlega til staðar en forsenda þess að unnt sé að nýta þau þegar á reynir er háð því að stjórnsýslulegt umhverfi greinarinnar standi þróun hennar ekki fyrir þrifum. Á það jöfnum höndum við um lagalega og skipulagslega umgjörð greinarinnar.

Með vísan til alls framangreinds er farið þess á leit við svæðisráð Austfjarða og Vestfjarða að stutt verði við áframhaldandi ábyrga uppbyggingu fiskeldis með því að **annars vegar** rýmka og fjölga svæðum sem skilgreind eru undir staðbundna nýtingu fiskeldis og **hins vegar að** rýmka og fjölga svæðum sem skilgreind eru undir almenna nýtingu. Það er jafnframt mat samtakanna að um



breytingar sé að ræða sem kalli á að auglýsa þurfi tillögurnar að nýju, sbr. 3. ml. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum, gerist þess þörf.

Virðingarfyllt,  
f.h. SFS



---

Sigurgeir Bárðarson



## Athugasemd frá Hafskipulagi

**Til** : hafskipulag - SLS <hafskipulag@skipulag.is>  
**Frá** : no-reply@eplica.is <no-reply@eplica.is>  
**Heiti** : Athugasemd frá Hafskipulagi  
**Málsnúmer** : 201902032  
**Málsaðili** : Skipulagsstofnun  
**Skráð dags** : 15.09.2022 16:14:45  
**Höfundur** : no-reply@eplica.is <no-reply@eplica.is>

Netfang: silfurgun@silfurgun.is

Skjal sem gert er athugasemd við: Tillaga að Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða 2022

Fyrirspurn:

Skelrækt, samtök fyrirtækja í skelrækt, hefur nýlega borist upplýsingar um framangreinda tillögu að Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða 2022.

Þar m.a. hefur okkur verið tjáð að fram komi eftirfarandi setning:

“Til þess að viðhalda náttúrulegum aðstæðum er ekki gert ráð fyrir starfsemi á svæðinu sem hefur neikvæð áhrif á náttúru og umhverfi þess, svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, haugsetningu, efnistöku, vegum sem þvera firði eða orkuframleiðslu.”

Í þessu sambandi bendir Skelrækt á að ræktun skeldýra er afar vistvæn framleiðsla á heilnæmum sjávarafurðum og hægt er að koma henni fyrir þannig að hún valdi lítilli sem engri sjónrænni mengun né annarri mengun. Skeldýr eru ekki fóðruð með aðfluttu tilbúnu fóðri og veldur engum óafturkræfum áhrifum þar sem hægt er að fjarlægja allan búnað vegna ræktunarinnar. Þá gefur ræktun skeldýra möguleika á mikilli vistvænni tækniþróun, uppbyggingu atvinnuvega og atvinnusköpun á strandsvæðum hringinn í kringum landið.

Þar sem örstutt er síðan Skelrækt fékk framangreindar upplýsingar óska samtökin eftir ráðrúmi til að kynna sér betur framangreinda tillögu að Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða 2022 og tækifæri til að kynna skeldýrarækt betur í því samhengi sem hér um ræðir áður en Vestfjarðarstofa leggur fram framangreinda tillögu sína.

Fyrir hönd stjórnar Skelræktar

Júlíus B. Kristinsson, stjórnarmaður í Skelrækt

-----

Sent af vef hafskipulags - [www.hafskipulag.is](http://www.hafskipulag.is)



**VITAFÉLAGIÐ**  
Íslensk strændmenning

## Umsögn um strandsvæðaskipulag Vestfjarða og Austfjarða

Lestur skýrslu Skipulagsstofnunar frá 6. júlí 2022 um strandsvæðaskipulag Vestfjarða og Austfjarða vekur margar spurningar. Fræðimenn fjalla þar um mikilvægi margra þátta er varða atvinnusköpun, náttúruleif og verndun og er allt gott um það að segja. Það vekur hins vegar athygli að lítið er fjallað um neikvæða þætti er komið hafa fram í tengslum við rekstur fiskeldis í sjó á Vestfjörðum og Austfjörðum. Kemur fyrst í hugann grein eftir Jón Kaldal í Fréttablaðinu 5. ágúst 2021, bls. 10 um að Matvælastofnun hafi birt á vef sínum tölur fyrir afföll í sjókvíaeldi fyrstu sex mánuði ársins. Tölurnar eru ógnvænlegar. Frá janúar til júní drápust rúmlega 1,3 milljónir eldislaxa. Það eru 17 sinnum fleiri laxar en samanlagður fjöldi villta íslenska laxastofnsins. Þessi skelfilegi dauði er þó ekki það eina sem plagar þennan iðnað því um helmingur eldislaxa í sjókvíunum er ýmist vanskapaður, nær ekki fullum þroska vegna streitu eða er heyrnarlaus. Sjókvíaeldi á laxi hefur líka í för með sér hörmungar og dauða utan netapokanna. Sníkjudýr og sjúkdómar streyma óhindrað í gegnum netamöskvana með ömurlegum afleiðingum. Botndýralíf þurrkast út undir kvíunum því þar safnast þykkt lag af úrgangi og rotnandi fóðri. Í þessu setlagi safnast svo upp leifar af lyfjum og eitri sem notað er við framleiðsluna og í sumum tilfellum líka kopar sem fyrirtækin nota til að húða netmöskvana sem ásetuvörn gagnvart gróðri og skeldýrum. Kopar eyðist ekki af sjálfu sér í náttúrunni heldur hleðst upp í umhverfinu með miklum skaða fyrir lífríkið. Hér við land hafa bæði Arnarlax og Arctic Sea Farm orðið uppvís að því að nota koparhúðuð net í sjókvíum þrátt fyrir að það sé brot á starfsleyfi þeirra. Erfðablöndun við sleppifisk úr eldi er svo sérlega hættuleg villtum laxi sem hefur aðlagast umhverfi sínu og aðstæðum með mörg þúsund ára náttúruvali. DNA úr eldisdýri getur kollvarpað þeirri þróunarsögu og þar með getu villta laxins til að lifa af í heimi sem er þegar orðinn honum fjandsamlegur vegna loftslagsbreytinga.

Jón Kaldal segir svo í grein í Fréttablaðinu 13. mars 2022, bls. 8: Eldislax á að stóru leyti ömurlegt líf í sjókvíunum. Um og yfir 20 prósent eldisdýranna þola ekki þá vist sem þeim er búin og drepast ýmist vegna lúsasmits eða vetrarsára. Þetta er óásættanleg aðferð við matvælaframleiðslu. Það er mikilvægt fyrir neytendur að geta sniðgengið þessa vöru og sent framleiðendum hennar þannig skýr skilaboð.

Í Kjarnanum 1. desember 2021 er grein eftir Arnar Þór Ingólfsson. Þar segir að Matvælastofnun hafi fengið sendar undirskriftir um 50 íbúa á Stöðvarfirði sem mótmæla því að Fiskeldi Austfjarða fái útgefið rekstrarleyfi fyrir 7000 tonna laxeldi í firðinum. Íbúar séu efins um að mörg störf verði til á Stöðvarfirði vegna eldisins.

Í Morgunblaðinu þann 18. júlí 2022-Fiskeldi er grein eftir Tómas Arnar Þorláksson um að íbúar Seyðisfjarðar og gestir listahátíðarinnar Lunga hafi mótmælt fyrirhuguðu sjókvíaeldi þar. Fiskeldi í firðinum geti komið til með að ógna bæði Farice-1 sæstrengnum sem liggur úr Seyðisfirði og siglingaleiðum skipa um fjörðinn.

Á Norðurlöndum er reynsla af fiskeldi orðin áratuga gömul og mótmæli gegn fiskeldi verða þar stöðugt háværari. Það sem í fyrstu virtist saklaus atvinnugrein er í raun mjög mengandi á allt lífríki sjávar, hamlar fólki í að stunda aðra atvinnu sem byggir á veiði, sjósókn svo sem skemmtisiglingum á litlum bátum og skútum.

Því hafa mótmæli íbúa, sérstaklega þeirra sem búa við strendur landanna orðið sífelld háværari.

Þurfum við að gera sömu mistökin?

Ónefnt er einnig mikil sjónmengun bæði frá sjó og landi sem er af sjókvíum.

Þær greinar sem vitnað er í í þessari umsögn Vitafélagsins-Íslensk strandmenning til segja hug félagsmanna til fiskeldis í sjó.

Fyrir hönd Vitafélagsins- Íslensk strandmenning

Gunnhildur Hrólfsdóttir, ritari





Skipulagsstofnun,  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Efni:

Sjónarmið Æðarræktarfélags Íslands vegna strandsvæðaskipulags fyrir Austfirði og Vestfirði

Á aðalfundum Æðarræktarfélags Íslands undanfarin ár hafa félagsmenn lýst áhyggjum sínum af mögulegum áhrifum nýtingar strandsvæða, þ. á m. til sjókvíaeldis, kalkþörungavinnslu og þangskurðar, á vöxt og viðgang stofns æðarfugls við Ísland. Telur félagið að það sé grundvallarforsenda fyrir veitingu leyfa til nýtingar strandsvæða að viðunandi rannsóknir liggi fyrir á núverandi ástandi á vistkerfi æðarfugls og brýn nauðsyn sé á vöktun á áhrifum núverandi starfsemi og þeirrar starfsemi sem fyrirhuguð er.

Æðarrækt er stunduð á hátt á 400 jörðum við strendur landsins og er æðarvarp umfangsmikið á Vestfjörðum og Austfjörðum. Æðarræktarfélagið hefur í samvinnu við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins unnið að uppfærðu gagnvirku korti af öllum æðarvörpum landsins. Kortið er tilbúið og aðgengilegt á eftirfarandi vefslóð:

<https://www.map.is/aedur/>

Æðarfugl er ein af þeim fuglategundum sem teljast til ábyrgðartegunda Íslendinga. Æðarfugl er á Evrópuválista og er flokkaður í nokkurri hættu á heimslista (VU), en síðast þegar Æðarræktarfélag Íslands sendi umsögn um strandsvæðaskipulag Vestfjarða og Austfjarða var æðarfugl aðeins skilgreindur í yfirvofandi hættu á heimslista. Samkvæmt heimildum er vetrarstofn við Ísland metinn um 800 þúsund fuglar og eru það að langmestu leyti íslenskir varpfuglar. Í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar er samfelld aukning æðarfugla (um 150%) frá því um 1960 til aldamóta en eftir það er snörp fækkun. Á viðmiðunartíma fyrir válistamat (1987 – 2014) bendir vetrarvísitala til um 33% fækkunar æðarfugls hér við land eða 1,48 % á ári.

Æðarræktarfélag Íslands leggur áherslu á eftirfarandi sjónarmið varðandi þá efnispætti sem nefndir eru í forsendum fyrir mótun strandsvæðaskipulags:

### 1. Umfang æðarvarps

Mikilvægt er að hafa í huga að æðarfugl heldur sig árið um kring innan strandsvæðis landsins eins og það er skilgreint í lögum nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða. Við skipulag þarf að taka tillit til allra þeirra svæða þar sem æðarfugl heldur sig. Á vef Náttúrufræðistofnunar segir að þrenns konar mikilvæg svæði komi til álita fyrir æðarfugl, þ.e. varpsvæði, vetrarstöðvar og fjaðrafellistöðvar og skarist flest þeirra. Auk þess geti æðarfuglar hópast tímabundið á sömu staði ár eftir ár þar sem gnótt er fæðu, jafnvel tugþúsundum saman.þ.e. bæði vetrarstöðva og þar sem hann er nýttur til hlunninda í sjálfum æðarvörpunum.

Það er því þýðingarmikið að strandsvæðaskipulag greini í fyrsta lagi öll þau svæði þar sem fuglinn heldur sig og þau kortlögð. Í öðru lagi að þar séu kortlögð ekki einungis friðlýst æðarvörp og þau æðarvörp sem sérstaklega eru skráð sem hlunnindi jarða samkvæmt fasteignaskrá heldur öll æðarvörp. Eins og fyrr segir þá hefur Æðarræktarfélag Íslands unnið að gagnagrunni um öll æðarvörp landsins í samvinnu við RML. Grundvallarforsenda er að æðarfuglinn njóti verndar þar sem hann heldur sig hverju sinni á strandsvæðinu og því þarf að kortleggja svæðið með tilliti til þess.

### 2. Rannsóknir á búsvæðum æðarfugls

Grundvallarforsendur fyrir strandsvæðaskipulagi er þekking á lífsháttum æðarfugls og ástandi vistkerfis sem hann lifir í. Eins og tekið er fram í lýsingu fyrir strandsvæðaskipulagið er m.a. tilgangurinn með því að afla upplýsinga um núverandi stöðu á svæðunum. Rannsóknirnar eru enn þýðingarmeiri í ljósi þeirrar umtalsverðu fækkunar sem hefur orðið í stofni Æðarfuglsins, ekki einungis á heimsvísu heldur einnig hér við land þar sem fuglinn hefur notið mestrar lagalegrar verndar. Það má benda á að talið er að stofn æðarfugls við strendur Noregs hefur dregist saman um 80% á síðustu 40 árum. Hvað veldur er erfitt að segja til um þar sem skortur er á rannsóknum til að byggja á.

### 3. Starfsemi sem hefur áhrif á búsvæði æðarfugls

Strandsvæðisskipulag leggur grunn að leyfisveitingum fyrir framkvæmdum og annarri starfsemi á því svæði sem skipulagið tekur til. Starfsemi á búsvæðum æðarfugls getur haft áhrif á vöxt og viðgang æðarfuglsins. Til þess að hægt sé að meta hvort og/eða að hvaða marki slík áhrif séu fyrir hendi þá þurfa að liggja fyrir rannsóknir á núverandi stöðu búsvæðisins. Það er þó ljóst að á nokkrum svæðum er starfsemi nú þegar hafin á viðkvæmum svæðum án þess að nokkuð slíkt mat liggja fyrir. Æðarræktarfélag Íslands hefur ályktað sérstaklega um möguleg áhrif sjókvíaldis

sem og nýtingar sjávargróðurs.<sup>1</sup> Í ályktunum félagsins er talið að brýn nauðsyn sé á því að rannsaka og vakta áhrif sjókvíældisstöðva og stækkunar þeirra á lífríki sjávar (t.d. sem leiðir af notkun lyfja/eiturefna í kvíum og setmyndunar vegna úrgangs) og þar með beina og óbeina hættu fyrir vöxt og viðkomu æðarfugls. Sama gildir um vinnslu sjávargróðurs, t.d. þangskurð, en í sjávargróðrinum finnur æðarfuglinn æti og skjól. Jafnframt má sem dæmi nefna möguleg áhrif kalkþörungavinnslu, olíumengunar og öflunar sjávarfangs á grunnslóðum, t.d. hrognkelsaveiðar.

Það þarf að fara hægt í að leyfa frekari starfsemi á búsvæðum æðarfugls fyrr en ástand strandsvæða hefur verið metið og þar með lagðar forsendur fyrir því hvaða starfsemi samræmist verndarhagsmunum.

Benda má á þá staðreynd að engar frekari rannsóknir hafa verið gerðar á því lífríki sem Æðarfuglinn er hluti af og reiðir sig á til lífsbjargar frá því að Æðarræktarfélag Íslands sendi síðast inn umsögn um strandsvæðaskipulag Vestfjarða og Austfjarða árið 2020 og benti á brýna nauðsyn þess. Með frekari rannsóknum væri hægt að nýta þær niðurstöður til viðmiðunar um hvort og þá hvaða áhrif einstakir þættir skipulagsins hefðu á stofn Æðarfugls við Íslandsstrendur.

Það er sérstaklega mikilvægt að stuðla að sem mestri vernd Æðarfuglsins við Íslandsstrendur þar sem hann er nú þegar kominn í nokkra hættu á heimsvísu.

15. september 2022.

f.h. stjórnar Æðarræktarfélags Íslands,  
Magnús Helgi Jónasson, stjórnarmaður


[www.icelandeider.is](http://www.icelandeider.is)  
[info@icelandeider.is](mailto:info@icelandeider.is)

---

<sup>1</sup> Í þessu sambandi má benda á skýrslu NINA (Norsk institutt for naturforskning) sem ber heitið *Effekter av forstyrrelser på fugl og paddedyr fra akvakulturanlegg i sjø – en litteraturlstudie* frá 2015. [www.nina.no](http://www.nina.no) Í skýrslunni er bent á skort á rannsóknum á áhrifum sjókvíældis á fugla og dýr í Noregi.

## D) Aðrir hagsmunaaðilar

### 4. LANDEIGENDUR



## Athugasemd frá Hafskipulagi

**Til** : hafskipulag - SLS <hafskipulag@skipulag.is>  
**Frá** : no-reply@eplica.is <no-reply@eplica.is>  
**Heiti** : Athugasemd frá Hafskipulagi  
**Málsnúmer** : 201902032  
**Málsaðili** : Skipulagsstofnun  
**Skráð dags** : 14.09.2022 20:01:48  
**Höfundur** : no-reply@eplica.is <no-reply@eplica.is>

Nafn: Felicity Aston and Gisli Jonsson, Netfang: vigur@vigurisland.com

Skjal sem gert er athugasemd við: Strandsvæðisskipulag Vestfjaða 2022

Fyrirspurn:

Since January 2020, my husband and I have been the owners and year-round residents of Vigur, the island in Ísafjarðardjúp, close to Súðavík.

Vigur is a large eider colony where eiderdown is harvested in the traditional way each year, preserving this heritage. It is also a refuge for a dense array of rare and threatened birdlife, including Puffins, Arctic Terns, migrating waders and a unique Black Guillemot 'super-colony'. Vigur has been identified by Náttúrufræðistofnun Íslands as an internationally important seabird habitat. It is also a significant regional tourist attraction receiving 10,000+ visitors a year pre-covid who come to see the spectacular wildlife as well as the historically important structures on the island. These include the early timber Viktoríuhús and Iceland's only heritage windmill (both of which are owned and protected by Þjóðminjasafn Íslands as part of the Historic Buildings Collection) and Iceland's oldest seaworthy boat which is a rare and precious example of a Nordic clinker boat, a traditional form of boatbuilding inscribed in 2021 on the Representative List of the Intangible Cultural Heritage of Humanity by UNESCO. Vigur is therefore a site of precious environmental, historical and cultural heritage for the nation as well as internationally.

SN27 Þarna er eldi þegar hafið og höfum við fengið reynslu af upplifun ferðamanna í Vigur í sumar af veru eldis í fyrðinum og hefur það þegar haft neikvæð áhrif á upplifun okkar gesta sem koma hingað til að sjá dýralíf og einstaka náttúru en þessi upplifun hefur spillst og fyrirtæki sem hafa komið með fólk til okkar eru þegar farin að leita að öðrum betri kostum fyrir farþega sína. Tekjutap í sumar er erfitt að mæla en við búumst við að einhvað verði um afbókanir næsta sumar af þessum völdum og setjum við spurningamerki við hvernig þetta verður bætt. Við erum spurð daglega af okkar viðskiptavinum hvernig það fái staðist að fiskeldisleyfi séu veitt í svona mikilli nálægð við náttúruperluna Vigur. Þess má geta að fiskeldið er það fyrsta sem fólk sér þegar það kemur í land og gengur upp bryggjuna hjá okkur, og er í bakgrunni við myndatökur af sellátri sem hefur verið að sækja í sig veðrið síðustu ár eftir umtalsverða aukna verndun nærsvæðis selanna.

SN26:

Þetta svæðu er allt of nálægt Lundabyggðinni á Borg í Vigur þar sem ferðamenn og heimamenn njóta flugs lunda í þúsundatali yfir sumarið auk þess sem eldi á þessu svæði er mjög áberandi á siglingu okkar gesta til Vigur.

SN23:

Þetta svæði kemur til með að lengja umtalsvert siglingu í fyrir okkar gesti á leið í Vigur sem eykur kostnað og mengun. auk þess að vera í mikilli nálægð við siglingaleiðina og skerðir upplifun okkar ferðamanna.

SN25:

Þetta svæði verður mjög áberandi frá bæjarstæðinu í Vigur þar sem bærinn snýr í suður auk þess sem mataraðstaða snýr í suðvestur aftur er það neikvæð upplifun okkar gesta.

Vill ég benda á að upplifun gesta er söluvara okkar hér í Vigur og neikvæð upplifun veldur því að rekstrargrundvöllur á eyjuni getur mjög auðveldlega brostið á stuttum tíma. Ástæða komu skemtiferðaskipa til Ísafjarðar og nærumhverfis er upplifun farðega þessara skipa og það þarf ekki mikið að breytast til þess að skipin ákveði að koma ekki á Vestfyrði enda mikil samkeppni um þau bendi ég á Grænland, Norður Noreg og Svalbarða í þessu samhengi en við erum í beinni samkeppni við þessi lönd um gesti farðegaskipa.

Varðandi áhrif eldis á lífríki í djúpinu er ljóst að það er verulegt þegar um er að ræða tugþúsunda tonna eldi í þröngum fyrði, það sem snýr beint að okkur er fyrst og fremst hugsanleg neikvæð áhrif á Æðarfugl en ekki er vitað hvaða áhrif þungmálmar hafa á fuglinn til lengri tíma (ásetuvarnir) fuglin er mjög langlífur og étur mikið af krækling sem vitað er að tekur í sig þungmálma. Þarna þarf náttúran og aldagamall búskapur sem hér er stundaður að njóta vafanns.

Við setjum mikið spurningamerki við hraða uppbyggingar fiskeldis í Djúpinu og takmarkaðar rannsóknir, of litlu fé er varið í frumathuganir og of lítið er vitað um ástand svæðisins eins og það er núna. Þess má geta að ábúendur í Vigur hafa staðið fyrir talningum á fuglum í 2 sumur en eldri talningar eru takmarkaðar.

Lundabyggðin í Vigur er feikna sterk, ein af fáum byggðum á landinu sem hafa ekki orðið fyrir áföllum undanfarin ár og samkvæmt Náttúrustoðu suðurland er ástæðan að Lundinn sækir í rækju í Djúpinu auk sandsílis og fleiri smáfiska. Ábúendur í Vigur hafa friðað lundann fyrir allri veiði síðan 2019.

Vitað er að lúsalyf sem notuð eru í fiskeldi hafa áhrif á rækjustofna og þar með á Lundann í Vigur en lundinn í villtri náttúru er einn af okkar aðal aðdráttarafli.

Teista verpir í miklu magni í eyjunni en hann hefur á landsvísu átt undir högg að sækja og er svo komið að Teistubbyggðin í Vigur er sú stærsta á landinu óvíst er hvaða áhrif eldi hefur á fuglinn en sökum þess hve stór hluti Teistustofns landsins er í Vigur er óábyrgt að fara hratt í breytingar á lífríkinu í Djúpinu af þessum sökum.

Hnúfubakur hefur snúið aftur í Djúpið og er ekki óalgengt að sjá 15-20 dýr á góðum degi. Þessi hvalagengd hefur skapað grundvöll fyrir fjölbreyttar hvalaskoðunarferðir og mikill vöxtur er í þeirri grein, mikið af þeim farðegum sem eru í hvalaskoðun koma við í Vigur og eru mikilvæg tekjustof hjá okkur. Hnúfubakurinn er að sækja í Djúprækjuna og setjum við fyrirvara við þessi miklu eldisáform og að of litlar ransóknir hafa verið gerðar á áhrifum eldis af þessari stærðargráðu á rækjustofna.

Fyrir starfsemi okkar hér í Vigur er ljóst að skipulag eldissvæða í svo mikilli nánd við eyjuna eru verulega neikvæð að öllu leiti bæði á náttúru og möguleika okkar til tekjuöflunar sem er grundvöllur ábúðar hér í Vigur.

Sá sem skrifar er eigandi og ábúandi í Vigur í Ísafjarðardjúpi þar sem við stundum ábyrga ferðapjónustu, dúntekju og virka náttúruvernd.  
Gísli Jónsson, Vigur 15.9.2022

-----

Sent af vef hafskipulags - [www.hafskipulag.is](http://www.hafskipulag.is)

## Mótmæli við strandsvæðisskipulag SN33

Til : hafskipulag - SLS <hafskipulag@skipulag.is>  
Frá : gunnarhauks@internet.is <gunnarhauks@internet.is>  
Heiti : Mótmæli við strandsvæðisskipulag SN33  
Málsnúmer : 201902032  
Málsaðili : Skipulagsstofnun  
Skráð dags : 15.09.2022 21:51:51  
Höfundur : gunnarhauks@internet.is <gunnarhauks@internet.is>

## Mótmæli við strandsvæðisskipulag Vestfjarða Svæðis SN33

Ég undirritaður, eigandi jarðarinnar Sandeyrar Snæfjallströnd í Ísafjarðarbæ, vil hér mótmæla harðlega legu svæðisins SN 33 í Ísafjardjúpi undan Snæfjallaströnd.

Svæðið er fyrir það fyrsta inná landi jarðarinnar sem nær 115m út frá stórstraumsfjöru.

Svæðið er til þess fallið að rýra gæði jarðarinnar verulega til útivistar og ferðaþjónustu.

Svæði SN33 er til þess fallið að hindra veruleg aðkomu að jörðinn frá sjó.

Svæði SN 33 liggur yfir legufærum mínum sem ég hef haft í sjó til aðkomu að jörðinni.

Svæði SN33 er til þess fallið að eyðileggja upplifun göngufólks á svæðinu um lítt snortið landsvæði Ísafjarðarbæjar að óþörfu.

Svæði SN 33 lýsir hroka Svæðisráðs að troða þessu uppí landsteina inná annarra manna lönd án þess að gera nokkura tilraun til að hafa frumkvæði að því að kynna þetta beint landeigendum.

Svæðið SN 33 liggur á hafsvæði sem við fjölskyldan höfum stundað til útivistar og veiða undanfarin ár og verður nú eyðilagt. þessu mótmæli ég.

Ég hef leitast eftir upplýsingum hjá Skipulagi ríkisins en ekki fengið.

Ég mótmæli því harðlega að erlendum auðfyrirtækjum sé ætlað þetta svæði og fá að ganga svo freklega á rétt minn og eigur í mínu eigin landi.

Ég óska eftir því að Svæðisráð kynni mér nákvæmleg svæðið og hvers vegna það er svo freklega staðsett þarna, til að ég geti betur áttað mig á umfangi og réttindum þeirra sem þarna er ætlað að hafa umráð. Að kynningu lokinni áskil ég mér rétt til frekari mótmæla.

Kveðja Gunnar Hauksson

Sími 897 3698

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7B  
Reykjavík

## Athugasemdir við Strandsvæðaskipulag Vestfjarða 2022

Undirritaður hefur frá Nóvember 2021 farið ýtarlega yfir mál tengdum fyrirhuguðum aðgerðum fiskeldisfyrirtækja í Patreksfirði. Lagðar hafa verið fram alls 4 stjórnsýslukærur gegn starfsleyfum og ákvörðunum Skipulagsstofnunar. Eiga þessar kærur mikið erindi inni allar ákvarðanir tengdar því strandsvæðiskipulagi sem hér um ræðir, og má segja að þær gefi skýran tón í samskiptum fyrirtækjanna og stjórnsýslu á svæðinu við landeigendur.

Undirritaður er landeigandi í Örlygshöfn, og hefur þarðauki komið mikið að landkynningarmálum m.a. fyrir Vestfirði í vinnu sinni við alþjóðlegar auglýsingaherferðir og markaðsstarf síðustu ár. Afstaða í þessu máli er enganvegin tengd eigin hagsmunum, heldur fyrst og frest framtíðarhagsmunum svæðisins, náttúrunnar og réttlátri og löglegri málsmeðferð.

Þær áætlanir að gefa eftir eldissvæði fyrir utan Örlygshöfn og Tálkna í Patreksfirði er einföld afhending á allri ýmind fjarðarins undir sannarlega mengandi iðnað. Gríðarlegt högg er hér verið að vinna á allri tilveru á svæðinu og um grófa afturför er hér um að ræða í sambandi við tækifæri svæðisins. Eins og í öllum ákvörðunum Skipulagsstofnunar og úrskurðum ÚUA tengdum þessu máli þá er hvergi litið til þessa þáttar og hann ekki á nokkurn hátt varinn - þrátt fyrir að lög um umhverfismat segi skýrt að svo þurfi að vera. Þetta endurtekur sig síðan í strandsvæðiskipulaginu þar sem einungis er minnst á hvort eitthvað sé sjáanlegt frá þéttbýli Patreksfjarðarkaupstaðs. Eins og kærugögn þau sem vísað er í sýna greinilega frammá, þá eru mest eknu útsýnisstaðir fjarðarins sunnanmeginn í firðinum, og er öll upplifun ferðamanna og heimamanna hér einfaldlega endurskilgreind og lögð í rúst. Hér er einungis verið að velta fyrir sér hvort kvíastæði sjáist útum gluggann hjá þeim sem búa í Patreksfjarðarkaupstað sem hefur ekkert með ásýndaráhrif fyrir Patreksfjörð að gera í samanburði við verndaða náttúru við Örlygshöfn. Er hér bent á að skoða skuli sérstaklega þennan þátt í þeim kærugögnum sem undirritaður lagði fram, og hlekkir neðst í skjalinu vísa í.

Við afgreiðslu á skipulagi þessu verður að líta til þess að alvarlegar stjórnsýslukærur lyggja inni gegn breytingu á rekstrar og starfsleyfum fyrirtækisins Artic Sea Farm fyrir utan Örlyghöfn. Lyggur það einfaldlega fyrir að hér er verið að úthluta nýju eldissvæði, og samkvæmt hinum nýju fiskeldislögum sem sú framkvæmd heyrir sannarlega undir- er sú framkvæmd ólögleg. Af sömu ástæðum eru nýútgefin rekstrar- og starfsleyfi Arnarlax við Tálkna, einnig ólögleg.

Undirritaður hefur í afskiptum sínum af vinnubrögðum stjórnsýslu og aðferðarfræði fiskeldisfyrirtækja í Patreksfirði tengdum nýjum kvíastæðum við Örlyghöfn og Tálkna, orðið uppvísa af vægast sagt ótrúlegum vinnubrögðum og viðbrögðum. Opinberar stofnanir og framkvæmdaaðilar hafa einfaldlega skautað framhjá öllum stórum matskylduþáttum framkvæmda- gengið gróflega gegn gildandi umhverfismati og einfaldlega geta ekki svarað fyrir ákvarðanir sínar eða stutt þær viðhlítandi rannsóknnum.

Hér er einfaldlega verið að skilgreina Patreksfjörð í heild sem iðnaðarsvæði og hvergi leitast við að minnka þau áhrif á nokkurn hátt !

Undirritaðaður leggur enn og aftur mikla áherslu á að þeir sem hafa með málið að gera, kynni sér stjórnsýslukærur 180/2021, 41/2022 , 80/2022 og 90/2022 sem eru á borði ÚUA. Mun undirritaður gera ráð fyrir því að öllum þeim sem ákvarðanir taka tengdu strandsvæðaskipulagi þessu séu fyllilega meðvitaðir um aðal þætti málgagnanna við ákvarðannatöku og geta svarað fyrir þá þætti muni til þess koma.

Virðingarfyllt

Ragnar Marino Thorlacius

Boston, Massachusetts

14. September 2022

Hlekkir á valin málgögn sem er beintengd máli þessu og sýna á einfaldan og myndarænan hátt málsástæður

Útdráttur úr stjórnslukæru 180/2022

[https://www.dropbox.com/s/oc6joq2lbu70t0v/  
Athugasemdir\\_k%C3%A6randu%20\\_seinni%20hluti.pdf?dl=0](https://www.dropbox.com/s/oc6joq2lbu70t0v/Athugasemdir_k%C3%A6randu%20_seinni%20hluti.pdf?dl=0)

Athugasemdir við rekstrar / starfsleyfaútgáfu Artic Sea Farm

[https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-i-gildi/Fiskeldi/  
03\\_Athugasemdir\\_starfsleyfi\\_ASF.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-i-gildi/Fiskeldi/03_Athugasemdir_starfsleyfi_ASF.pdf)

Svar kæranda í máli 41/2022 vegna notkunnar ásætuvana ásamt útskýringamyndum

[https://www.dropbox.com/s/h8fpja00u37tsiq/Svar\\_til\\_UUA19jun.pdf?dl=0](https://www.dropbox.com/s/h8fpja00u37tsiq/Svar_til_UUA19jun.pdf?dl=0)



## RE: Strandsvæðaskipulag Vestfjarða

**Til** : hafskipulag - SLS <hafskipulag@skipulag.is>  
**Frá** : Pétur G. Thorsteinsson <petur.thorsteinsson@utn.is>  
**CC** : Ingibjörg Kjartansdóttir <ingibjorg.kjartansdottir@mosmennt.is>  
**Heiti** : RE: Strandsvæðaskipulag Vestfjarða  
**Málsnúmer** : 201902032  
**Málsaðili** : Skipulagsstofnun  
**Skráð dags** : 19.09.2022 14:55:53  
**Höfundur** : Pétur G. Thorsteinsson <petur.thorsteinsson@utn.is>  
**Viðhengi** [image001.png](#)

Góðan dag,

Eigendur strandjarðarinnar Unaðsdals vilja vera með í þessu erindi eigenda Ármúla og Melgraseyrar og taka undir efni þess.

*Kær kveðja / Best regards / Meilleures salutations*

*Pétur Thorsteinsson, LL.M.*

[pgt@mfa.is](mailto:pgt@mfa.is) | +354 859 5555

Raudararstig 25 | 105 Reykjavík



---

**From:** Pétur G. Thorsteinsson  
**Sent:** fimmtudagur, 15. september 2022 16:44  
**To:** 'hafskipulag@skipulag.is'  
**Subject:** Strandsvæðaskipulag Vestfjarða

Hjálagt fylgja aths við umrædd skipulagsdrög.

Vinsl staðfestið móttöku.

*Kær kveðja / Best regards / Meilleures salutations*

***Pétur Thorsteinsson, LL.M.***

[peturgt@gmail.com](mailto:peturgt@gmail.com) | +354 859 5555

Manatun 5 #701 | 105 Reykjavík



Skipulagsstofnun,  
Borgartúni 7b,  
105 Reykjavík  
[hafskipulag@skipulag.is](mailto:hafskipulag@skipulag.is)

Efni: Athugasemdir við tillögu að strandsvæðaskipulagi Vestfjarða 2022 sem auglýst var 15.6.2022.

Athugasemdir þessar eru settar fram f.h. eigenda strandjarðanna

- Ármúli (I og II) í Strandabyggð og
- Melgraseyri í Strandabyggð

Ármúli á land að sjó í austanverðu Ísafjarðardjúpi frá ósum Selár í suðri og til ósa nyrstu kvíslar Mórillu í norðri. Ætla má að strandlengjan sé amk. 8 km. Melgraseyri liggur sunnan Ármúla.

Landeigendur vilja leyfa sér að koma með eftirfarandi ábendingar vegna áformaðs strandsvæðaskipulags fyrir Vestfirði.

#### 1. Fiskeldi

Mikilvægt er í allri skipulagsvinnunni að gengið sé út frá því að engin mengandi starfsemi verði heimiluð í Ísafjarðardjúpi. Með mengandi starfsemi er átt við starfsemi sem hefur skaðleg áhrif á umhverfið, hvort sem það er vegna úrgangs eða áhrifa á lífríki t.d. með því að spilla náttúrlegum fiskistofnum eða stofnun annarra sjávardýra eins og rækju. Hér er ekki síst átt við úrgang frá fiskeldi í opnum sjókvíum, bæði sem eldisdýrin losa sjálf og fóður, sem ekki er étið af þeim. Þá er einnig átt við leifar af lyfjum sem fiskeldisiðnaðurinn notar gegn laxalús og annarri óværu í eldisdýrunum. Loks er átt við hættu fyrir náttúrlega fiskistofna vegna slyssleppinga, en bæði lax og silungur ganga í ár Ármúla, Selá og Mórillu.

#### 2. Námuvinnsla

Allt bendir til þess að námuvinnsla eða efnistaka á sjávarbotni leiði af sér bæði mengandi starfsemi og hættu fyrir lífríkið. Landeigendur telja að koma eigi í veg fyrir allt nám kalkþörungum í Ísafjarðardjúpi og að strandsvæðaskipulag eigi að vera á þann veg að skuldbindingar Íslands samkvæmt alþjóðasamningum eða svæðisbundnum fjölþjóðasamningum eigi að vera virt í hvívetna. Sjá nánar viðauka.

#### 3. Varúðarreglur

Hvatt er til þess að haft sé að leiðarljósi í skipulaginu að allur vafi skuli vera metinn náttúrunni í hag og ætti að láta varúðarreglu náttúruverndarlaga ráða för. Telja verður mikilvægt að allt skipulag miði að því að vernda fugla á svæðinu og búsvæði þeirra og aðgengi að æti. Leggja ætti áherslu á að virða allar ákvarðanir um verndarsvæði fugla og allar alþjóðlegar skuldbindingar þar um. Einnig er rétt að leggja eigi áherslu á að vernda leirur og dýralíf sem þarf þrífst og að engin starfsemi verði leyfð á svæðum þar sem ætla má að leirum og dýraríki þar gæti verið spillt. Hér er sérstaklega vísað til hinna víðáttumiklu leira sem eru í Kaldalóni. Á svæðinu eru mikilvægar uppeldisstöðvar fisktegunda sem geta verið í hættu.

#### 4. Skortur á rannsóknum

Ljóst er að engar rannsóknir hafa enn verið gerðar á þessu svæði um áhrif á lífríkið, hvort heldur sjávardýra eða fuglalíf, og megi því ekki gera ráð fyrir sjókvíaeldi eða námuvinnslu í skipulaginu fyrir en að þeim loknum. Þarna er um að ræða mikið magns sjávarfugls, m.a. æðarfugls, sjóbleikju, lax, kola, rækju o.fl.

#### 5. Verndarsvæði

Í skipulagstillögunni eru svæði sem eru á B-hluta náttúruminjaskrár undanþegin nýtingarsvæðum að mestu, m.a. Aðalvík, Jökulfirðir, Ísafjörður (innst í djúpinu) og nær öll strandlengjan frá Ísafirði norður að Vigur. Það skýtur skökku við að strandlengjan frá Melgraseyri að Æðey er ekki komin á náttúruminjaskrá (utan Æðeyjar sjálfrar og Kaldalóns), vegna þess að lífríkið þar er ekki síður mikilvægt. Mikilvægast er að stórir hópar æðarfugls halda sig á svæðinu, en þar eru selir einnig. Þetta mál er nú í skoðun hjá Náttúrufræðistofnun og má ætla að þetta svæði fari einnig á náttúruminjaskrá. Landeigendur telja eðlilegt að verndarsvæðið nái a.m.k. 500m frá ystu strandlengju Melgraseyrar að Æðey, dregið í beinni línu. Landeigendur vilja því sérstaklega mótmæla því að nýtingarhólf, hvort heldur fyrir fiskeldi eða námuvinnslu, séu sett innan þeirra marka sem Hafrannsóknarstofnun miðar við, sem er lína dregin frá Æðey að Ögurvík.

#### 6. Umhverfismat

Landeigendur telja að umhverfismatið sem liggur fyrir sé ófullnægjandi að stórum hluta. Því er mótmælt að (1) að eldi og efnistaka hafi óveruleg áhrif á auðlindir, umhverfi, náttúru eða strandsjó þegar engar slíkar rannsóknir liggja fyrir og (2) að starfsemin hafi jákvæð áhrif á atvinnu svæðisins á meðan skortur er á vinnuafli og lítið sem ekkert situr eftir í landinu af fiskeldi í sjó, auk þess sem engin auðlindagjöld renna til ríkis eða sveitarfélaga og ekki er tryggt að rekstraraðilar borgi eða leggi tryggingar fyrir hreinsun eftir reksturinn. Ekki er heldur sýnt fram á jákvæð áhrif á innviði, heilbrigði eða öryggi í matsskýrslu. Ekkert tillit er tekið til slæmrar reynslu af sjókvíaldi hingað til hvað varðar sleppingar, mengun og fiskdauða.

#### 7. Ferðamennska


Sýnt þykir að sjókvíaldi og námuvinnsla mun hafa neikvæð sjónræn áhrif og draga verulega úr aðdráttarafli svæðisins sem ferðamannastaðar, en ásókn ferðamann er þegar mikil og fer vaxandi.

#### 8. Niðurstaða

Þær tillögur sem gerðar eru í skipulagsáætlun varðandi fiskeldi og námutöku annað hvort standast ekki þau markmið sem þar eru sett fram eða nægilegar rannsóknir liggja ekki fyrir svo hægt sé að taka ákvörðun. Sumt er villandi, t.d. segir bls. 36 að fyrir liggji samfélagssáttmáli sveitarfélaga á Vestfjörðum um fiskeldi, en í þeim sáttmála er hvergi talað um fiskeldi í sjó eða að meginforsendan sé að auðlindagjöld renni til sveitarfélaganna, sem þau gera ekki.

Landeigendur leggja gegn því að vinnsluhólf fyrir fiskeldi eða námuvinnslu verði hluti af strandsvæðaskipulagi Vestfjarða undan jörðum þeirra, eins og nánar er tilgreint að ofan.

15. sept. 2022



Pétur Thorsteinsson

Einn landeigenda að Ármúla, Strandabyggð

s. 859 5555 / peturtg@gmail.com

Sjá viðauka bls. 3

## Viðauki varðandi kalkþörungavinnslu og sjókvíaelði

Að neðan eru nokkrar ábendingar varðandi fyrirhugaða kalkþörungavinnslu og sjókvíaelði í Djúpinu.

Í fyrsta lagi eru kalkþörungar hægvoxta og liggur fyrir að það hefur tekið allt að 10.000 ár að mynda þau lög kalkþörungna við Kaldalón og Æðey, sem áformuð efnistaka beinist að. Af þessu leiðir að allt nám á slíku efni er óafturkræft.

Í öðru lagi liggur fyrir að Ísland er aðili að svonefndum OSPAR samningi (Oslo Paris Conventions) frá 1992, ásamt viðauka við hann frá 1998. Um er að ræða samning 15 landa, auk Evrópusambandsins um samvinnu til verndar sjónum og lífríki í honum á norð-austur Atlantshafi. Samkvæmt samningnum ber ríkjum sem aðild eiga að honum skylda til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vernda lífríki sjávar gegn áhrifum af starfsemi af mannavöldum. Sérstaklega er tekið fram í 1. grein samningsins að skyldan taki meðal annars til þess að vernda vistkerfi sjávarins. Þetta er svo útlistað nánar í viðaukanum frá 1998. Þar segir meðal annars að samningsaðilar skuli: „a. take the necessary measures to protect and conserve the ecosystems and the biological diversity of the maritime area, and to restore, where practicable, marine areas which have been adversely affected ... " Af þessu leiðir að kalkþörungar njóta sérstakrar verndar, sem gera enn ríkari kröfur til vandaðs mats á áhrifum fyrirhugaðrar efnistöku.

Í þriðja lagi liggur fyrir að kalkþörungar eru nú samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar á lista OSPAR yfir tegundir og búsvæði í hættu og talið að þeim stafi mest hættu af efnistöku, eins og þeirri sem leitað er nú leyfis fyrir, og veiðum með botnvörpu eða veiðarfæri sem hafa sambærileg áhrif á sjávarbotninn.

Í fjórða lagi mun fyrirhugað efnisnám fara fram á grunnsvæi, ekki meira en 20 metra dýpi. Grunnsævið fram undan Kaldalóni og Selá er framhald af leirum sem þar eru og hluti af vistkerfum sem þar er að finna. Af því sem unnt er að ráða af kortum mun lang mest af hinu fyrirhugaða efnisnámi fara fram á 5 til 15 metra dýpi.

Í fimmta lagi er viðurkennt að mögulegar gagnráðstafanir sem eiga að flýta endurnýjun svæða þar sem efnistaka hefur farið fram eða draga úr þeim náttúruspjöllum, sem verða við efnistöku, hafa aldrei verið reyndar áður, a.m.k. ekki við sömu aðstæður og hér eru og alls ekki í sama umfangi. Árangur af þeim er algerlega óviss. Það er þess vegna ekki unnt að gera ráð fyrir þeim sem mótvægisáðgerðum.

Í sjötta lagi er Kaldalón á náttúruminjaskrá. Þau náttúrverðmæti, sem um ræðir eru tilgreind svo: „323. Kaldalón ... (1) Undirlendi, fjörur og grunnsævi sunnan og austan Lónseyrar og Jökulholts. (2) Fjölbreytt og mikilfenglegt landslag. Ýmsar berggerðir, jökulgarðar, óshólmar, leirur og surtabandur. Fjölskrúðugur gróður og dýralíf." Framangreind afmörkun felur í sér að allur fjörðurinn, sem nefndur er Kaldalón er á náttúrumynjaskrá og reyndar gott betur.

Í sjöunda lagi eru Kaldalón og Snæfjallaströnd á náttúrverndaráætlun 2009-2013. Sú áætlun tekur til þessara staða sem „Plöntusvæða“.

Í áttunda lagi kveða lög um náttúrvernd nr. 60/2013 á um sérstaka vernd svæða, sem eru á náttúruminjaskrá umfram það sem náttúran ella nýtur. Í ákvörðun um að setja svæði á náttúruminjaskrá felst, að því skuli veitt tiltekin vernd, sbr. 15. tl. 5. gr. laga nr. 60/2013.

Í níunda lagi skal tilgreint að sú lágmarksvernd, sem náttúrunni er veitt samkvæmt lögum nr. 60/2013, er þessi: „7. gr. Meginsjónarmið við ákvarðanatöku. Við setningu stjórnvaldsfyrirmæla og töku ákvarðana sem áhrif hafa á náttúruna skulu stjórnvöld taka mið af þeim meginreglum og

sjónarmiðum sem fram koma í 8. - 11. gr. Þetta gildir einnig um stefnumótum og áætlanagerð stjórnvalda og félaga í eigu hins opinbera. 8. gr. Vísindalegur grundvöllur ákvarðanatöku. Ákvarðanir stjórnvalda sem varða náttúruna skulu eins og kostur er byggjast á vísindalegri þekkingu á verndarstöðu og stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og vistkerfa og jarðfræði landsins. Þá skal tekið mið af því hver áhrif ákvörðunarinnar muni verða á þessa þætti .... 9. gr. Varúðarregla. Þegar tekin er ákvörðun á grundvelli laga þessara, án þess að fyrir liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum. Ef hættu er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúrspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim."

Í tíunda lagi skal þess getið að Æðey er á skrá yfir mikilvæg fuglasvæði, en þar er talið vera stærsta æðavarp á Íslandi, um 4.000 pör, auk þess sem mikil lundabyggð hefur verið í eyjunni, um 7.800 pör svo og um 500 pör af teistu. Í skýrslu kemur fram að fuglar þessir, einkum æðarfuglinn sæki æti á grunnsævi þar sem efnisnámið er fyrirhugað. Hið sama á við um ýmsa sjávarfiska.



## Sæstrengur í Arnarfirði

**Til** : hafskipulag - SLS <hafskipulag@skipulag.is>;Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>;Jón Ágúst Jónsson <Jon.A.Jonsson@skipulag.is>

**Frá** : sigurdurjh@internet.is <sigurdurjh@internet.is>

**Heiti** : Sæstrengur í Arnarfirði

**Málsnúmer** : 201902032

**Málsaðili** : Skipulagsstofnun

**Skráð dags** : 20.06.2022 06:51:10

**Höfundur** : sigurdurjh@internet.is <sigurdurjh@internet.is>

**Viðhengi** [Strenglögn í Arnarfirði - aðalskipulagsbreyting og strandsvæðaskipulag.pdf](#)

Vegna:

Jarðstrengur milli Mjólkár og Bíldudals og sæstrengur yfir Arnarfjörð - umsagnarbeiðni – 2021040046

Ósk um óverulega breytingu á Aðalskipulagi vegna strenglagna í Arnarfirði - 2022030014

Strandsvæðisskipulag Vestfjarða 2022. Tillaga svæðisráðs til kynningar

Undirritaður gerir hér með athugasemdir við athugasemdir við vinnulag og upplýsingagjöf, vegna strenglagningar úr Mjólká á Bíldudal. Athugasemdirnar snúa að vinnslu á aðalskipulagsbreytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar sem og þann hluta af Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða, sem snýr að umræddi strenglögn yfir Arnarfjörð.


1. Í fyrst lagi eru gerðar athugasemdir við það að Landsnet hafi ekki gert valkostagreiningu í viðkomandi máli. Eðlilegast hefði verið að fyrirtækið setti fram nokkra möguleika sem koma vel til greina við strenglögnina og lagt þá rök fyrir því vali sem fyrirtækið gerir tillögu um.
2. Í öðru lagi eru gerðar athugasemdir við lítið samráð við landeigendur. Amk í tilfelli landeiganda Auðkúlu, sem er/var ætlaður staður fyrir landtöku við norðanverðann fjörðinn, hefur samráðið verið í mýflugumynd.
3. Í þriðja lagi er gerð athugasemd við það að í gögnum málsins er beinlínis gert lítið úr rækjuveiðum í Arnarfirði og mikilvægi þess svæðis sem um ræðir, til slíkra nota.
4. Þá er í fjórða lagi gerðar athugasemdir við orðalag og upplýsingar í þeim gögnum sem bárust þeim sem taka ákvarðanir í málinu. Orðalag sem er í hrópandi mótsögn við þau kort sem fylgja málinu og staðhæfingar um vegalengdir sem eru hreinlega rangar.

Frekari útlistun á þessum athugasemdum koma fram í meðfylgjandi viðhengi.

Virðingarfyllst  
Sigurður Hreinsson  
Kt.150571-4729  
s. 865 6442


## Valkostagreining.

Í öllum gögnum Landsnets, sem unnin eru af verkfræðiskrifstofunni Verkís, er aðeins kynnt ein möguleg leið fyrir rafstreng milli Mjólkár og Bildudals. Og er í upphafi kynnt til sögunnar með meðfylgjandi korti.



Mynd: Fyrirhuguð lagnaleið m.t.t. svæða sem njóta verndar.

Á kortið vantar reyndar mikilvægar upplýsingar um fleiri sæstrengi í firðinum, en ljósleiðarastrengur liggur á tveimur stöðum yfir fjörðinn. Þær upplýsingar skila sér aldrei í breytingartillögunni að aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar en má þó finna í gögnum vegna Strandsvæðaskipulags Vestfjarða, eftir ábendingu um það sem kom fram á fundi á Ísafirði 23. mars sl.



Það kort má sjá hér á undan, með smá viðbót. Inn á það hefur verið teiknað í gulum lit núverandi ljósleiðara. Í rauðum lit er tillaga Landsnets um jarð- og sæstreng milli Mjólkár og Bíldudals. Þá bætti ég jafnframt inn á kortið þremur öðrum möguleikum um lagnaleið, sem ég tel að hafi minni áhrif á aðra nýtingu fjarðarins og væru sennilega álíka góðir kostir og sá sem Landsnet kynnti, jafnvel betri. Græn lína sem væri samsíða núverandi ljósleiðara frá Tjaldanesi til Bíldudals. Blá lína sem væri samsíða ljósleiðaranum sem liggur frá Tjaldanesi um Langanes og þaðan áfram til Bíldudals. Og svo fjólublá lína sem væri jarðstrengur úr Mjólkár fram á Langanes og þaðan sæstrengur til Bíldudals.

Í tillögu Landsnets er á engan hátt tekið tillit til þeirrar nýtingar sem fyrir er á firðinum og snýr að rækjuveiðum. Gengið er út frá því í gögnum vegna Strandsvæðaskipulags Vestfjarða, að við hvern sæstreng, hvort heldur sem hann er fjarskiptastrengur eða til raforkuflutnings, verði öryggissvæði í kringum þá 402. metra í hvora átt, samtals 804.m. Það þýðir að fyrir hvern 1.km af sæstreng verði til öryggissvæði sem er 0,8. km<sup>2</sup>.

Tillaga Landsnets gerir ráð fyrir hátt í 12.km löngum sæstreng sem leiðir til þess að rúmir **9. km<sup>2</sup>** verða öryggissvæði eða ónýttast með öðrum hætti til rækjuveiða, ma. vegna plássleysis milli öryggissvæða.

Væri hinsvegar valið að leggja strenginn samsíða þeim sæstrengjum sem eru þar fyrir og í jaðri öryggissvæða þeirra, má minka verulega það svæði sem ónýttist sem toglóð.

- Þannig væri tillagan sem er í grænum lit, 7,64.km \* 0,4.km = 3,1. km<sup>2</sup>.
- Bláa tillagan gæfi þessa niðurstöðu, 8,28.km \* 0,4.km = 3,31. km<sup>2</sup>.
- Og fjólubláa tillagan gæfi lang minnstu skerðingar á toglóð, 4,15.km \* 0,4.km = 1,66. km<sup>2</sup>.


Það hlýtur að vera lágmarkskrafa að Landsnet komi með góð og gild rök fyrir þeirri lagnaleið sem þeir leggja til og gefi greinargóða skýringu á því hvers vegna er valin sú leið yfir fjörðinn sem hefur lang alvarlegust áhrif á nýtingu svæðisins til rækjuveiða.

## Samráð við landeigendur.

Í upphaflegu tillögum Landsnet og þeim gögnum sem fóru inn í vinnu við Strandsvæðaskipulag á Vestfjörðum er alltaf talað um að strengurinn fari út í sjó við norðanverðan Arnarfjörð, í landi Auðkúlu, nefnt Auðkúlubót í gögnum.

Nú skal það ekki fullyrt að ekki hafi verið haft samráð við eigendur annara jarða við þessa vinnu, en í tilfalli Auðkúlu hafði Landsnet aldrei frumkvæmi af samráði.


Í Auðkúlubót er frá náttúrunnar hendi mjög gott skipalægi, enda er fyrir því áratuga löng hefð



Mynd 4.3 Strengleið frá þjóðvegi að landtöku við Auðkúlubót, norðan fjarðar, (breið rauð lína, kafli 11).



að bátar liggi fyrir legufærum á bótinni. Þarna er skjólgott í flestum ríkjandi vindáttum, öðrum en SV áttum. Fjaran góð til landtöku og botninn frammi á bótinni gripgóður fyrir legufæri. Það er því ekki að undra að bátar liggi oft í legufærum á Kúlubótinni og í gegnum tíðina hefur á stundum verið allnokkuð af bátum þarna í fjörunni og frammi í legufærum.



Hefði Landsnet haft samband við aðaleiganda jarðarinnar Auðkúlu, hefðu þessar staðreyndir verið settar fram og þá jafnframt verið alveg ljóst að af hálfu landeiganda kom aldrei til greina að heimila landtöku á sæstreng á þessum stað. Þegar borin eru saman þessu tvö kortabrot hér að ofan, þar sem það vinstra er úr Standsvæðaskipulagi Vestfjarða og kortabrotið hægra megin sýnir landamerki Tjaldanes, Auðkúlu og Hrafnseyrar, má sjá að landtaka á sæstreng á þessu svæði mun útiloka algerlega notkun legufæra við Auðkúlu. Enda verður að teljast ósennilegt annað en að 402.m öryggissvæði til beggja hliða frá sæstreng eigi við alla leið upp í fjöru, því varla getur verið að allt í einu 115.m frá stórstraumsfjöru teljist óhætt að legufæri séu í örfárra metra fjarlægð frá háspennustreng.

Undirritaður sendi um umsögn við umsagnarbeiðni Landsnet – 2021040046 : „Jarðstrengur milli Mjólkár og Bíldudals og sæstrengur yfir Arnarfjörð“, þann 26. apríl 2021. Í umsögninni var vakin athygli á þessu samráðsleysi og að sæstrengur ætti ekki samleið með legufærum. Jafnframt var vakin athygli landeiganda á þessum fyrirætlunum, sem í framhaldi af því hefur samband við verkefnisstjóra verkefnisins hjá Landsnet

og greinir frá áhyggjum sínum af hugmyndinni. Fyrst eftir það símtal virðist vera farið að tala um Hrafnseyrarhús í tillögunni að aðalskipulagsbreytingunni og með því landtakan komin austur fyrir Hrafnseyrará.

Tilfærsla á landtökunni í austurátt er reyndar þvert á hugmyndir landeiganda sem og rækjusjómannna,

því þessir aðilar hafa alltaf talað fyrir því að landtakan færist vestar, nær þeim stöðum sem þegar er landtaka á fjarskiptastrengjum og gerir þennan nýja sæstreng styttri og þar af leiðandi með minna öryggissvæði. Eins og sjá má hér að ofan á síðustu myndinni, þarf landtakan að færast upp. 750.m austur



fyrir landamerki Auðkúlu og Hrafnseyrar til þess að koma í veg fyrir að öryggissvæðið við sæstrenginn skerði með neinum hætti hefðarrétt landeiganda Auðkúlu til að geyma báta í legufærum við jörð sína. Sú 750.m færsla á landtökunni lengir sæstrenginn um amk. 500.m og eykur skerðingu á veiðisvæði rækjusjómannanna sem því nemur.

Þá vekur það jafnfram eftirtekt, að við vinnu Skipulagsstofnunar um ákvörðun um matsskyldu á verkefninu, sér stofnunin ekki tilefni til að leita viðbragða hjá landeiganda Auðkúlu vegna málsins, sem hagsmunaaðila, þrátt fyrir innsenda athugasemd sem vakti einmitt máls miklum áhrifum af framkvæmdinni fyrir viðkomandi.

## **Rækjuveiðar í 84 ár.**

Á heimasíðu Hafrannsóknarstofnunar má sjá eftirfarandi lýsingu á Arnarfirði, sem er mjög gott að bera saman við það orðalag sem notað er af framkvæmdaraðila.

<https://www.hafogvatn.is/is/rannsoknir/fjarðarannsoknir/vestfirðir/arnarfjordur>

„Arnarfjörður er einn af syðri fjörðunum vestan til á Vestfjörðum, norðan við Patreksfjörð og Tálknafjörð og opnast til norðvesturs. Hann er mikill fjörður um 9 km á breidd í fjarðarkjaftinum milli Kópanes og Sléttanes en mjókkar er innar dregur og er um 7 km á breidd rétt utan við Bíldudal. Aðalfjörðurinn klofnar við Langanes og heldur hluti hans áfram til austurs endar í Borgarfirði og Dynjandisvogi. Sunnan við Langanes heita Suðurfirðir. Þar liggur fjörðurinn til suðurs og endar í svokölluðum Suðurfjörðum. Þeir eru fjórir, Fossfjörður, Reykjafjörður, Trostansfjörður sem allir eru stuttir og Geirþjófsfjörður sem er nyrstur og lengstur en örmjór. Auk þess er Bíldudalsvogur yst vestan megin en við hann stendur Bíldudalur. Frá fjarðarmynni inn að Langanesi eru um 25 km en þaðan inn í Borgarfjörð um 16 km. Frá Langanesi inn í botn á Geirþjófsfirði eru einnig um 16 km. Alls er því Arnarfjörður um 40 km langur frá fjarðarmynni í botn. Heildarflatarmál fjarðarins með innfjörðum eru um 285 km<sup>2</sup>

Í Arnarfirði er svokallaður þröskuldur eða grunn í fjarðarmynninu sem er grynnra en fjörðurinn þar fyrir innan. Dýpi í fjarðarmynninu er um 50 m en skammt þar inn af er dýpi um 100 m. Fjörðurinn er nokkuð jafndjúpur um 90-100 m á dýpt en þó liggja fjórir hryggir 20 til 40 m háir þvert á fjörðinn (sjá nánar kafla um botnlögun og botnkort). Mesta dýpi er um 110 m og meira en 100 m dýpi mælist innan við alla hryggina.

### **Botn**

Arnarfjörður er mjög sérstakur fjörður á íslenskan mælikvarða þar sem hann er einn af örfáum þröskuldsfjörðum sem finnast á Íslandi. Mynni hans er mun grynnra en innri hlutinn og nokkrir botnhryggir liggja þvert á fjörðinn alla leið inn í Borgarfjörð


### **Botnskort**

Á korti Arnarfjarðar má sjá að fjörðurinn er tiltölulega grunnur í mynni hans, þar sem er svokallaður þröskuldur eða grunn með dýpi kringum 50 m. Innan við mynnið er talsvert dýpra svæði þar sem mesta dýpi er rúmlega 100 metrar. Á milli Hvestu sunnan megin og Baulhúsaskriða norðan megin er annar þröskuldur þar sem dýpi er 60-70 m. Þar innan við er djúp sem nær alla leið inn í Suðurfirðina þar sem mesta dýpi er ríflega 100 m. Fyrir mynni innri hluta Arnarfjarðar, þar sem hann heldur áfram til austurs, er enn einn þröskuldur með dýpi 70 til 80 m en þar innan við er djúp langt inn eftir firði þar sem mesta dýpi

er rúmlega 100 m. Enn innar í þessum anga Arnarfjarðar eru tveir hryggir með allmiklu dýpi á milli þeirra og einnig innan við þann innri. Þegar nálgast botn fjarðarins fer að grynna þar sem heitir Borgarfjörður og Dynjandisvogur.“

Tilvitnun líkur.

Út úr þessum texta má lesa þann almenna skilning á skiptingu Arnarfjarðar í svæði, og ef við heimfærum það yfir á kort þá er skiptingin nokkurn vegin í þessa veru eins og sjá má á kortinu hér fyrir neðan.




Sá hluti fjarðarins sem er dregið utan um með brúnum lit, telst vera Arnarfjörður. Fjólublái liturinn er dreginn utan um svokallaða Suðurfirði. Utan um Borgarfjörð og Dynjandisvog er dregið með gulum lit. Og svo endar fjörðurinn að sunnanverði í svokölluðum Suðurfjörðum, sem eru Fossfjörður, Reykjafjörður, Trostnansfjörður og Geirþjórsfjörður, sem eru merktir með grænum lit á kortinu hér að ofan.

Í verkefnalýsingunni sem er dagsett 8. apríl 2021. má á bls. 23. og 24. sjá eftirfarandi texta, sem og myndirnar þar fyrir neðan

„Rækja hefur verið veidd í Arnarfirði frá því á fjórða áratug síðustu aldar. Ársafli rækju hefur verið 100 til 850 tonn, mestur fyrir síðustu aldamót en síðan þá hefur rækjustofninum hrakað. Veiðibann var sett fiskveiðiárin 2004/2005 og 2017/2018. Árið 2020 voru fimm rækjubátar við veiðar í Arnarfirði. Í tímans rás hefur dreifing veiðanna um fjörðinn verið breytileg og í takt við ástand rækjustofns fjarðarins hverju




sinni. Síðan árið 2009 hefur rækjuafli verið fenginn í innsta hluta Arnarfjarðar og síðustu tvö ár eingöngu í Borgarfirði, sjá Mynd 4.9.“



Mynd 4.9 Dreifing rækjuafla í Arnarfirði.<sup>27</sup>

Þessi kort sýna svo ekki verðu um villst, að lang mest rækjuveiði síðustu tvo áratugi hefur verið framan til við Langanesið, inn á Suðurfirðina að sunnanverðu og inn að Skeleyri í Arnarfirðinum norðan Langanes. Litla sem enga veiði má greina á þessum kortum inni á sjálfum Borgarfirðinum.


Eftirfarandi kort má finna á áður nefndri vefsíðu Hafrannsóknarstofnunar.



2. mynd. Rækjuafli í Arnarfirði í rannsóknnum og veiðum frá 1990 til 2009.




Þá má jafnframt sjá kort hér fyrir neðan, á sama stað á áður nefndri heimasíðu Hafrannsóknarstofnunar.




3. mynd. Útbreiðsla rækjutoga veiðibáta (veiðisvæði) frá 2008-2013.

Og ef áður nefndar upplýsingar eru teknar saman og settar fram á korti, má áætla að mikilvægasta svæðið rækjusjómannanna í Arnarfirði sé svæðið innan gulu línunnar á kortinu hér fyrir neðan, svæði sem er að hámarki um 80. km<sup>2</sup> að stærð.



Af þessu svæði er þegar búið að taka um 12,5. km<sup>2</sup> í öryggissvæði fyrir sæstrengi og umtalsvert svæði fyrir staðbundna nýtingu, fiskeldi og kalkþörunganam. Líklega er því nýtanlegt svæði til rækjuveiða á þessu

mikilvægasta veiðisvæði í Arnarfirði ekki meira en 60. km<sup>2</sup>. En það sést kanski betur á næstu mynd, þar sem búið er að fella saman í eitt kort, þrjár myndir.



Aftarlega verkefnafrýðingu Landsnets, dagsett 8 apríl 2021, má finna eftirfarandi töflu á bls 34. Gul áherslulitun á texta er gert af undirrituðum.



LANDSNET

Gerð og eiginleikar áhrifa	
Landnotkun og önnur nýting	<p>Önnur nýting við og í næstu nálægð við framkvæmdasvæðið felst m.a. í rækjuveiði, rækjurannsóknunum, vinnslu á kalkþörungaseti, fiskeldi, túnrækt og æðarvarpi.</p> <p>Gera þarf grein fyrir strengleiðum jarð- og sæstrengs á skipulagi og taka þarf tillit til legu þeirra við síðari framkvæmdir á svæðinu.</p> <p>Lagning sæstrengsins verður í öruggri fjarlægð frá eldissvæðum Arnarlax við Haganes og Tjaldanes og mun því ekki skarast við botnfestingar eldiskvía.</p> <p>Sæstrengurinn verður lagður á botninn utan við efnistökusvæði Íslenska kalkþörungafélagsins við Langanes. Þar er klöpp eða harður botn, en ekkert kalkþörungaset. Því er ólíklegt að lagning strengsins muni hafa áhrif á vinnslu kalkþörungasetts.</p> <p>Einnig er ólíklegt að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á rækjurannsóknir Hafrannsóknastofnunar í Borgarfirði.</p> <p>Sæstrengurinn mun liggja um hefðbundin rækjumíð í Arnarfirði. Við veiðar á þessu svæði hefur í gegnum tíðina þurft að taka tillit til strengja sem lagðir hafa verið þar á sjávarbotninn, sbr. sjókort Landhelgisgæsu Íslands.<sup>39</sup> Ekki verður breyting á því með tilkomu strengsins sem nú er fyrirhugað að leggja yfir Arnarfjörð.</p>

	<p><b>Mótvægisaðgerðir:</b> Huga þarf að samræmingu lagningar sæstrengs við <b>rækjuveiðar</b> í Borgarfirði. Velja þarf tímasetningu framkvæmdaáfangar jarðstrengs innan árs m.t.t. <b>túnræktar</b> og <b>æðarvarps</b>. Leitast verður við að halda truflun á <b>umferð</b> í lágmarki þar sem þvera þarf vegi eða unnið er utan í vegstæði, í samráði við Vegagerðina.</p>
Ásýnd	Með því að halda raski í lágmarki og með vönduðum

Og töflunni líkur á bls. 35, með þessum dálkum.



LANDSNET

Gerð og eiginleikar áhrifa	
Hversu afturkræf er framkvæmdin?	Framkvæmdin er metin <b>afturkræf</b> að langmestu leyti. Gróa mun yfir skurðsár jarðstrengs þannig að þau hverfa að mestu leyti á nokkrum árum. Hægt verður að taka sæstrenginn upp af sjávarbotninum sem hann liggur á.
Leggjast áhrif framkvæmdarinnar með áhrifum annarra framkvæmda á svæðinu og magna þau upp?	Áhrif framkvæmdarinnar leggjast ekki með áhrifum annarra framkvæmda á sama svæði.

Tafla 5.3 Áhrif framkvæmdar.

Vill ég vekja hér athygli á nokkrum atriðum í þessum töflum.

Tiltekið er í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu að leitað hafi verið viðbragða hjá Arnarlax og Íslenska kalkþörungafélagið vegna strenglagnarinnar þrátt fyrir að gætt hafi verið þess að strengurinn verði utan við athafnasvæði þeirra fyrirtækja.

Það sama er tiltekið um Artic Fish, þrátt fyrir að strenglöggnin hafi með engu móti neikvæð áhrif á starfsemi þess fyrirtækis.

Ólíkt því sem leitast er við gagnvart öðrum fyrirtækjum virðist lítið sem ekkert tillit vera tekið til hagsmuna rækjusjómannanna og Skipulagsstofnum virðist ekki hafa lagt sig mikið eftir því að leita viðbragða hjá þeim eða beina framkvæmdaraðila inn á þá braut að minka áhrif framkvæmdanna á veiðisvæði rækju.

Gera má ráð fyrir að um 15% skerðing verði á mikilvægasta veiðisvæði rækju í Arnarfirði vegna þessarar framkvæmdar einnar. Og leggist þar af leiðandi með áhrifum af öðrum framkvæmdum á sama svæði, aðrir sæstrengir, kalkþörunganáms og eldismannvirkja, þvert á það sem tafla í skýrslu Landsnets gefur sterklega til kynna. Af þessu 80. km svæði sem telja má sem mikilvægasta veiðisvæði rækju í Arnarfirði, stefnir að óbreyttu í að 36% þess svæðið verði ráðstafað til annara nota.

### Villandi orðalag og rangar upplýsingar.

Því miður hefur borið dálítið á því að upplýsingar í málinu hafa verið ýmist villandi eða hreinlega rangar. Að sjálfsögðu á það ekki við allt það sem fram kemur, en hægt er að benda á allnokkur atriði sem dæmi.

Hvaðan svosem orðalagið um rækjuveiðar Arnarfirði er komin í skýrslu Landsnets dagsett 8 apríl 2021, er ljóst að það er verulega villandi og alls ekki í samræmi við þau kort sem lýsa veiðum í firðinum. Orðalagið í gögnunum um rækjuveiðar á svæðinu gerir lítið úr atvinnugreininni og gefur ranglega til kynna að litlar sem engar veiðar hafi verið á því svæði þar sem þessi nýi strengur kemur til með að liggja um.

Sama má segja um eftirfarandi orðalag úr töflu á bls 34. „Mótvægisáðgerðir: Huga þarf að samræmingu lagningar sæstrengs við rækjuveiðar í Borgarfirði.“

Þá má í kafla 3.3 í skýrslunni „Áhrifaþættir og helstu einkenni áhrifa“, lesa eftirfarandi:

#### Sæstrengur

Sæstrengur verður lagður ofan á botn fjarðar og hefur helst áhrif á:

- Lífríki á sjávarbotni
- Nýtingu á hafsvæði

#### 3.3.1 Mótvægisáðgerðir

Mótvægisáðgerðir eru áðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif.

Mótvægisáðgerðir sem eiga við framkvæmdir við strenglöggn í Arnarfirði:

Til að koma í veg fyrir áhrif:

- Hnika streng frá verndar- og viðkvæmum svæðum auk fornminja þar sem það er mögulegt. Þetta á einnig við um aðra nýtingu.

Til að draga úr áhrifum:

Landsnet virðist ekki gera neina tilraun til mótvægisáðgerða til að draga úr áhrifum framkvæmdanna á rækjuveiðar í Arnarfirði. Raunar virðist fyrirtækið vera tilbúið til að auka verulega áhrifin á rækjuveiðar, með tilfærslu á landtöku sæstrengsins í austur og er því vandséð er með hvaða hætti Landsnet telur sig hafa uppfyllt fögur fyrirheit um mótvægisáðgerðir vegna nýtingu hafsvæða.

Í breytingartillögunni að aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar sem fór fyrir fund bæjarstjórnar 5 maí sl, má greina á uppdrætti að búið er að færa landtökuna á sæstrengnum við norðanverðan Arnarfjörð austur fyrir landamerki jarðanna Auðkúlu og HrafNSEYRAR, og þannig inn á land síðarnefndu jarðarinnar. Uppdrátturinn er hinsvegar í hlutfallinu 1:50.000 og staðsetningin því alls ekki nákvæm. Jafnframt er ekkert tiltekið í texta um fjarlægð rafstrengs frá landamerkjum. Undirritaður sat á þeim tíma í bæjarstjórn og lýsti áhyggjum sínum yfir því við aðra bæjarfulltrúa, um að nálægð strengsins við landamerki myndi takmarka mjög möguleika til að nota legufæri framan við jörðina Auðkúlu, með eftirfarandi rökum.

- Afar ósennilegt er að sú regla muni gilda að innan netalaga (út að 115.m frá stórstraumsfjöru) muni teljast óhætt að nota legufæri sem væru í allt niður í 5.m fjarlægð frá sæstreng.
- Hefðbundin staðsetning á legufærum á Auðkúlubót um er 100-150 m. frá landi. Þegar þannig stendur af veðri, að vindur er af SV, er heppilegra að legufærin séu nær hærri tölunni, til að viðkomandi bátur sé ekki það nærri landi að vera þar sem aldan er byrjuð að brotna.
- Því getur ekki verið nóg að færa landtöku sæstrengsins inn á aðra jörð ef ekki er tiltekin lágmarks fjarlægð frá landamerkjum.



Af þessu tilefni sendi starfsmaður Verkís eftirfarandi póst sem komið var á framfæri við bæjarfulltrúa.

**From:** Erla Bryndís Kristjánsdóttir <ebk@verkis.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 5. maí 2022 16:00  
**To:** Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is>; Helga Þuríður Magnúsdóttir <helgathuridur@isafjordur.is>  
**Cc:** Axel Rodriguez Överby <axelov@isafjordur.is>  
**Subject:** RE: Landsnet - Ósk um breytingu á Aðalskipulagi vegna strenglagna í Arnarfirði

Hér kemur tillaga að viðbótum við bókun bæjarstjórnar:

*Skipulagssvæði strandsvæðisskipulags er utan við netlög og ná skipulagsákvæði sem þar eru sett því ekki til jarða innan Ísafjarðarbæjar. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar nær til alls lands sveitarfélagsins og afmarkast til sjávar af netlögum, þ.e. að 115 m utan við stórstraumsfjöruborð. Innan marka aðalskipulagsins skal helgunarsvæði jarðstrengsins vera 10 m (5 m til hvorrar hliðar) í samræmi við viðmið Landsnets. Sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs er falið að bæta inn í aðalskipulagsbreytinguna ákvæðum um 10 m helgunarsvæði strengsins, áður en tillagan er send til Skipulagsstofnunar.*

Þetta ætti að skýra málið, þ.e. að 400 m helgunarsvæði í landi Auðkúlu mun ekki koma til nema bæjarstjórn ákveði það. Skipulagsvaldið er hjá sveitarfélaginu.

Kv. Erla Bryndís

Það er mat undirritaðs að í póstinum séu verulega villandi upplýsingar og taka með engum hætti á þeim rökum sem undirritaður hafði sett fram. 10 metra helgunarsvæði á við um niðurgrafna jarðstrengi.

Á þessum tiltekna fundi var samþykkt að fresta afgreiðslu málsins.

Málið var tekið aftur fyrir á bæjarstjórnarfundi sem haldinn var þann 2. júní sl. Fyrir þeim fundi lá frammi nýtt minnisblað frá sama starfsmanni Verkís, þar sem reynt var að skýra málið eitthvað frekar. Í niðurlagi minnisblaðsins má sjá eftirfarandi texta:

### Helgunarsvæði háspennustrengja

Samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2008 skal af öryggisástæðum skilgreina lágmarksfjarlægðir raflína til annarra mannvirkja. Áhrifasvæði jarðstrengs miðast við öryggissvæði, en ekki er um formlegt helgunarsvæði að ræða. Öryggissvæðið tekur mið af skurðbreidd strengs og innan þess eru allar framkvæmdir bannaðar. Utan við öryggissvæðið er svokallað athafnasvæði til hvorrar hliðar þar sem nauðsynlegar framkvæmdir eru heimilar í nánú samráði við Landsnet. Viðmið Landsnets fyrir helgunarsvæði 66 kV jarðstrengs er 10 m, þ.e. 3 m öryggissvæði og 3,5 m athafnasvæði til hvorrar hliðar. Landsnet hefur ekki sett viðmið um helgunarsvæði fyrir sæstrengi.

Við gerð strandssvæðisskipulagsins hefur verið til umræðu að helgunarsvæði allra sæstrengja verði 400 m, þ.e. 200 m til hvorrar hliðar frá miðlínu strengs. Byggir sú tillaga á ákvæðum fjarskiptalaga, en þau lög taka ekki til háspennulína.

Landsnet telur að til álita komi að miða helgunarsvæði sæstrengja við sömu breidd og gildir um fjarskiptastrengi, einkum þar sem dýpi er það mikið að búast má við hættu vegna veiðarfæra.

Gulmerkti textinn hér fyrir ofan er hreinlega rangur, því í gögnum fyrir Strandsvæðaskipulag kemur eftirfarandi fram á bls 25.

„Í lögum um fjarskipti nr. 81/2003 er kveðið á um aðgæslu sjófarenda þar sem fjarskiptastrengir liggja í sjó. Bannað er að veiða með veiðarfærum sem fest eru í botn eða dregin eftir honum á belti sem nær 402

metra út frá streng til beggja hliða. Skipum er einnig bannað að leggjast við akkeri á sama belti. Því er mikilvægt að í strandsvæðisskipulagi séu skilgreind svæði sem tryggja öryggi raforkuog fjarskiptastrengja og koma í veg fyrir röskun á virkni þeirra.“

Og einnig má sjá eftirfarandi:

### **Leggja strengs skv. aðalskipulagi, hönnun lagnaleiðar og leyfisveitingar**

Í aðalskipulagsbreytingunni er sett 10 m helgunarsvæði um strenginn, þ.e. 5 m til hvorrar hliðar hans, í samræmi við viðmið Landsnets. Helgunarsvæði þetta gildir fyrir alla strengleiðina innan marka sveitarfélagsins, þ.e. að 115 m línu utan við stórstraumsfjöruborð. **Komi í ljós að gera þurfi ráð fyrir stærra helgunarsvæði fyrir sæstrenginn, mun það verða útfært í aðalskipulagi í samráði við sveitarfélagið.**

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að strengurinn muni liggja að Hrafnseyrarhúsum og þaðan í sæstreng til Vesturbyggðar. Strengleiðin er sýnd á sveitarfélagsupprætti aðalskipulagsins en hann er í mælikvarða 1:50.000. Nákvæmni skipulagsins miðast við mælikvarða uppráttar og er lega strengsins því ekki ákvörðum með nákvæmum hætti. Við hönnun strengsins verður nákvæm lega hans ákvörðum í samráði við landeigendur á svæðinu en svigrúm er til þess að færa hann austar á Hrafnseyrinni. **Tryggt verður að mögulegt helgunarsvæði strengsins nái ekki til aðliggjandi jarða nema samþykki landeigenda liggja fyrir.**

Þegar hönnun strengsins liggur fyrir mun Landsnet sækja um framkvæmdaleyfi til sveitarfélagsins auk annarra tilskilinna leyfa, þ.m.t. leyfi landeigenda. Leyfisveitandi getur bundið framkvæmdaleyfi skilyrðum skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Undirritaður telur að gulmerktu setningarnar hér fyrir ofan, sé hreinlega í mótsögn hvor við aðra, ef ekki er tryggt fyrir framkvæmdarleyfisveitingu, að fjarlægð landtöku sæstrengs frá landamerkjum sé slík að 402m öryggissvæði til hvorrar hliða hafi engin áhrif á nýtingu aðliggjandi jarðar.

Aðalskipulagsbreytingin var svo samþykkt á bæjarstjórnarfundinum sem haldinn var þann 2. júní sl. Og hefur væntanlega verið sent á Skipulagsstofnun til staðfestingar.

